



HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN ÁRSSKÝRSLA 2018



ÞORBJÖRG ÁGÚSTSDÓTTIR
JARÐEÐLISFRÆÐINGUR

**AD STUNDA ÍÞRÓTTIR GERIR OKKUR BETRI Í HVERJU SEM ER.
ÞESS VEGNA STYÐJUM VIÐ ÞÆR ALLAR!**



ÍSLENSK
GETSPÁ Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands,
Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.



Stjórn HSK 2018

**Formaður:**

Guðriður Aadnegard
Formaður frá 2010. Var ritari frá 2001–2010. Sat í varastjórn frá 2000–2001.

**Gjaldkeri:**

Guðmundur Jónasson
Gjaldkeri frá 2014. Sat í varastjórn frá 2012–2014.

**Ritari:**

Anný Ingimarsdóttir
Ritari frá 2016. Sat í varastjórn frá 2011–2016.

**Varaformaður:**

Helgi S. Haraldsson
Varaformaður frá 2016. Var ritari stjórnar frá 2015–2016.

**Meðstjórnandi:**

Baldur Gauti Tryggvason
Meðstjórnandi frá 2017. Sat í varastjórn frá 2016–2017.

**Varamenn:**

Gestur Einarsson
Varamaður frá 2014.

**Olga Bjarnadóttir**

Varamaður frá 2016.

**Jón Þróstur Jóhannesson**

Varamaður frá 2018.

**Framkvæmdastjóri:**

Engilbert Olgeirsson
Framkvæmdastjóri frá 1991.

Ársskýrsla 2018

Umsjón með útgáfu: Engilbert Olgeirsson.
Prófarfarklestur: Anný Ingimarsdóttir, Baldur Gauti Tryggvason, Engilbert Olgeirsson, Fanney Ólafsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Lísa Thomsen, Olga Bjarnadóttir og Örn Guðnason.

Hönnun og umbrot: Guðmundur Karl Sigurdósson.

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Myndir: Engilbert Olgeirsson og forystufólk í félögum, nefndum og ráðum HSK.

Upplag: 200 eintök.

Myndir á forsiðu eru frá Unglingandsmóttinu 2018 í Þorlákshöfn.



Anný Ingimarsdóttir hampar Perlubikararnum.

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar:

- 4 Ávarp formanns
- 6 Ársreikningur
- 10 Verkefnasjóðsreikningur
Framlög úr héraði
- 11 Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2018
- 12 Íþróttamaður og íþróttakona HSK kosin í fyrsta sinn
- 14 Sérverðlaun veitt á héraðsþingi
- 15 Guðmundur Kr. Jónsson kosinn heiðursformaður HSK
Gullmerki HSK veitt árið 2018
Þakkir til þeirra sem styrktu starfseminu HSK frétir í héraðsfréttamiðlum Heimasíða HSK
Ársskýrslan í lit og birt á vef HSK
Annað kynningarstarf

Fundur, þing og námskeið:

- 16 96. héraðsþing HSK
- 17 Vorfundur UMFÍ
Sambandsráðsfundur UMFÍ
Stjórnarfundir HSK
Formannafundur ÍSí
Formannafundur HSK
Þing sérsambanda
- 18 Kynningarfundur vegna persónuverndar-löggjafar
Kynnisferð til Danmerkur

Samstarfsverkefni:

- 18 Heildarstigatafla HSK
- 20 Félagsmiðstöðin Sel
Felixskýrslu þarf að skila árlega
Útgáfu heimildarmyndar um landsmót UMFÍ fagnað
HSK mót í greinum sem ekki eru starfandi nefndir hjá HSK
Getraunir - skemmtilegur leikur
- 21 Metár í lottóinu
Hreyfivika UMFÍ á Suðurlandi
Tveir vinnustaðir unnu til verðlauna í verkefninu Hjólað í vinnuna
HSK sigraði í keppinni um Perlubikarinn

Ýmsar upplýsingar:

- 22 Lög HSK
- 23 Aðildarfélög og formenn félaga um áramót 2018
- 24 Gull- og silfurmerki HSK
Fjöldi iðkenda eftir greinum
- 25 Stærð félaga og tekjur af lottói og getraunanúmer félaga
- 26 Íþróttaiðkendar aðildarfélaga HSK
- 27 Íþróttamaður HSK frá upphafi
- 28 Matmenn HSK
Sleifarhafar HSK
- 29 Fréttapunktur frá ÍSí
- 31 Fréttapunktur frá UMFÍ
- 33 Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ
Umhverfissjóður UMFÍ
Umf. Ásahrepps vikið úr HSK

Skýrslur nefnda skipaðar af stjórn:

- 34 Kjörnefnd HSK
Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK
Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts UMFÍ 2018
- 35 Unglingalandsmótsnefnd HSK
- 36 Landsmót með nýju sniði á Sauðárkróki
- 37 Ungmennaráð HSK
Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi 2020

Skýrslur nefnda og ráða:

- 38 Nefndarskipan og stjórnir sérráða HSK 2018
- 39 Almenningsíþróttanefnd
Badmintonnefnd
Blaknefnd
- 40 Borðtennisnefnd
Briðsnefnd
Frjálsíþróttaráð
- 42 Glimuráð
- 44 Íþróttanefnd fatlaðra
- 45 Skáknefnd
Starfsíþróttanefnd
Sundnefnd
- 46 Sögu- og minjanefnd

Skýrslur aðildarfélaga:

- 48 Akstursíþróttafélag Hreppakappa
Golfklúbbur Ásatúns
Golfklúbburinn Dalbúi

- 49 Golfklúbburinn Flúðir
- Golfklúbbur Hellu
- 50 Golfklúbbur Hveragerðis
- Golfklúbbur Kjóbjergs
- 51 Golfklúbbur Selfoss
- Golfklúbburinn Tuðdi
- 52 Golfklúbburinn Úthlið
- Golfklúbbur Þorlákshafnar
- 53 Golfklúbbur Öndverðarness
- Hestamannafélagið Geysir
- 54 Hestamannafélagið Logi
- Hestamannafélagið Sleipnir
- 55 Hestamannafélagið Smári
- Hestamannafélagið Trausti
- 56 Íþróttafélagið Dímon
- Íþróttafélagið Garpur
- Íþróttafélagið Gnýr
- 57 Íþróttafélagið Hamar
- 58 Íþróttafélagið Milan
- 59 Íþróttafélagið Mimir
- Íþróttafélagið Suðri
- Knattspyrnufélag Árborgar
- 60 Knattspyrnufélag Rangæinga
- Knattspyrnufélagið Ægir
- 61 Körfuknattleiksfélag Selfoss
- Lyffingafélagið Hengill
- 62 Skotfélagið Skyttur
- Skotiþróttafélag Suðurlands
- Torfærklúbbur Suðurlands
- UBH
- 63 Umf. Biskupstungna
- Umf. Dagsbrún
- Umf. Eyfellingur
- 64 Umf. Eyrarbakka
- Umf. Framtiðin
- Umf. Gnúperja
- Umf. Hekla
- 65 Umf. Hrunamanna
- 66 Umf. Hvöt
- Umf. Ingólfur
- Umf. Laugdæla
- 67 Umf. Merihvoll
- Umf. Selfoss
- 68 Umf. Skeiðamanna
- Umf. Stokkseyrar
- Umf. Trausti
- 69 Umf. Þjótandi
- Umf. Þór

Skýrsla stjórnar:

Ávarp formanns HSK

Enn á ný höldum við félagar í HSK héraðsþing. Eins og áður, hefur verið mikið að gera og íþróttafólk okkar farið um víðan völl og unnið stóra sigra og smáa. Það hefur ekki farið fram hjá okkur Skarphéðinsmönnum að miklar breytingar hafa orðið á íslensku samfélagi á þeim rúmlega 100 árum sem HSK hefur starfað. Við getum verið viss um að samfélagið mun áfram taka breytingum og í því felast spennandi tækifæri og áskoranir. Breytingarnar hafa haft og munu hafa áhrif á starfsemi og umhverfi ungmenna- og íþróttafélaga, óháð frumkvæði þeirra sjálfra eða utanaðkomandi aðstæðna. Því er afar mikilvægt að greina þarfnar og koma til móts við óskir iðkenda, félagsmanna og samfélagsins.

Þegar við veltum þessum breytingum fyrir okkur er mikilvægt að virða fyrir sér það sem er að gerast í samfélaginu, ekki aðeins í ungmennafélagshreyfingunni heldur allt í kringum okkur, hérlandis sem erlendis. Hvað framtíðin ber í skauti sér er óljóst eða hvernig starfsemi ungmenna- og íþróttafélaga muni þróast. Framundan í okkar starfi er að rýna í aðstæðurnar, skoðað þarfnar og vinna saman að því að móta áherslur og nýjungar sem auðvelda okkur að taka ákvarðanir varðandi næstu skref, okkur öllum til heilla.

Hver er ávinningurinn, eftir hverju er að sækjast?

Hreyfing er öllum mikilvæg en þó sérstaklega unglungum og börnum. Dagleg hreyfing er nauðsynleg athöfn sem ýtir undir eðlilegan þroska, vöxt og andlega vellíðan.

Íþrótt- og tómstundastarf skipar afar stóran sess í lífi okkar í nútímasamfélagi. Hvers konar félagsstarf er þýðingarmikill þáttur í lífi einstaklinga og það á sérstaklega við um börn og unglunga. Þessir aðilar þurfa á jafningjahópi að halda og þeir sækjast eftir að tilheyra hópi sem hefur áhrif á þroska þeirra og andlega vellíðan. Öll vitum við að unglingar eyða miklum tíma með jafnöldrum sínum fyrir utan veggj skólanna. Margir þeirra taka þátt í frístundastarfi til að geta verið með vinum sínum eða til að stofna til nýrra tengsla. Sem betur fer stendur unglungum fjölmargir möguleikar til boða í samfélaginu, hvort sem um íþróttir eða eitthvað annað frístundastarf er að ræða.

Á Suðurlandi er boðið upp á ýmiss konar afþreyingu fyrir börn og ungmenni og getur skipt sköpum fyrir einstaklinginn að valmöguleikar séu fjölbreyttir þannig að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Flestir geta verið sammála um að íþrótt- og tómstundastarf hefur mikið forvarngildi og styrkir einstaklinginn og alla umgjörð í sambandi við samskipti meðal jafningja. Ýmsar rannsóknir sýna fram á að það skiptir verulega miklu máli hvernig tómstundir unglingar taka þátt í. Þegar rétt er á málum haldið eykur skipulagt félags- og tómstundastarf mannaud og þar með efnahagslega velferð. Gæta verður þess að starfið sé í umsjón ábyrgra aðila og öll vinna á sérfræðilegum grunni til að hafa þroskandi áhrif á ungmenni og lífni þeirra. Þegar unnið er í skipulögðu félags- og tómstundastarf unglunga og barna þurfum við að átta okkur á þeim þáttum sem móta starfið. Þar ber fyrst að nefna að miklar þjóðfélagsbreytingar hafa orðið undanfarið ár og áratugi og með þeim breytingum hafa unglingsárin verið túlkun sem sjálfstætt æviskeið. Einnig hefur vel skipulagt tómstundastarf fyrir börn og unglunga áunnið sér fast sæti í nútímapjóðfélagi vegna þess upplidslega gildis sem talið er að það hafi. Síðast en



Guðrður og Ragnar Sigurðsson formaður framkvæmdanefndar ULM 2018 voru kát á héraðsþinginu í Þorlákshöfn.

ekki síst dregur tómstunda- og íþróttastarf til sín börn og unglunga vegna þess hve mikið skemmtanagildi það hefur og gerir þeim kleift að taka þátt í starfi sem þau hafa áhuga á og velja að stunda. Starfið þarf að hafa upplidslegt gildi og stuðla að hreyfingu og bætri andlegri líðan og heilsu.

Rannsóknir sýna að ungmenni sem taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi, hafa meiri sjálfsvirðingu, líður betur, ná betri námsárangri og hafa jákvæðari líkamsmynd en aðrir jafnaldrar. Að taka þátt í starfinu er talið draga úr ýmiss konar áhættuþegðun, neyslu á áfengi, neyslu tóbaks eða annarra vímuefna. Að ógleymsdu því að með þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi aukast líkur á jákvæðum áhrifum á vináttutengsl, á að eignast nýja vini og auka félagsfærni. Í íþróttastarfi læra einstaklingar að tileinka sér og fara eftir ákveðnum reglum og leikskipulagi. Með þátttöku kynnast börn og ungt fólk gildum samfélagsins, læra sjálfsaga, heiðarleika og vinnusemi sem hjálpar þeim að takast á við lífið.

Allir jafnir?

Í framhaldinu af þessum vangaveltum er vert er að velta fyrir sér spurningunni um það hvort öll börn og ungmenni sitji við sama borð varðandi þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Hvað með börn af erlendu bergi sem og börn efnaminni foreldra?

Fram hefur komið að börn af erlendu bergi og börn innflytjenda hafa ekki sömu tækifæri til þátttöku og fyrir því geta verið margar ástæður. Þessi börn hafa oft mörgum skyldum að gegna í fjölskyldunni vegna erlendra siða og menningar sem hefur þau áhrif að þau hafa minni tíma en íslenskir jafnaldrar til að sinna tómstunda- og félagsstarfi. Einnig geta hefur og venjur heimalandsins spilað þar inn í. Oft hafa þessi börn mikið heimanám og bera töluverða ábyrgð, t.d. gæslu yngri systkina vegna mikils vinnuálags foreldra. Tungumálið getur einnig haft töluverð áhrif en mikilvægt er að innflytjendur nái tökum á íslensku til að þeir geti blandast og aðlagast íslensku samfélagi. Rjúfa þarf félagslega einangrun fólks af erlendum uppruna og skapa aðstæður fyrir það til að

komast í tengsl við aðra einstaklinga og samlanda svo að hægt sé að stofna til félagslegra tengsla. Sýnt hefur verið fram á að þátttaka getur verið lykkillinn að því að þessir einstaklingar geti notið sín í leik og starfi.

Árið 2015 lagði Ríkisstjórnin þingsályktunartillögu fyrir Alþingi vegna áhyggja opinberra aðila af því að börn innflytjenda tækju ekki nógu mikinn þátt í tómstundastarfi. Stefna átti að því að auka „þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi sem og öðru tómstundastarfi og draga úr brotthvarfi þeirra úr slíku starfi“. Stofna átti starfshóp sem átti að vinna að aukinni þátttöku innflytjendabarna í tómstundum til að virkja þau og auka vellíðan þeirra. Hvernig til hefur tekist, þarf hver og einn að svara fyrir sig. UMFÍ samstarfi við ÍSÍ og KSÍ hefur unnið að verkefni sem hefur það markmið að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Útbúið hefur verið upplýsingaefni, bæði á rafrænu og útprentuðu formi, fyrir foreldra barna og ungmenna af erlendum uppruna með upplýsingum um íþróttahreyfinguna. Rannsóknir sýna að börn af erlendum uppruna eru helmingi ólíklegri til að stunda íþróttir með félagi en íslensk börn og gagnvart því þurfum við að vera á varðbergi.

Það er staðreynd að fjárhagsstaða foreldra hefur áhrif á þátttöku íslenskra unglunga í íþróttum. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Ársæls Más Arnarssonar, prófessors við Háskóla Íslands frá árinu 2017 kemur fram að brottfall úr íþróttum er meira hjá þeim sem telja fjárhagsstöðu foreldra slæma en hinna sem telja hana góða. Alþjóðlegur samanburður er Íslandi ekki í hag að þessu leyti og eru visbendingar um að hér sé kostnaður við íþróttaiðkun barna meiri og fari hækkandi. Því er mikilvægt að brugðist verði við og að við stöndum betur að verki.

Við hljótum flest að vera sammála um að gefa börnum jöfn tækifæri óháð efnahag heimila. Ég dreg í efa að það sé þannig í dag, kostnaður við íþróttaiðkun barna er það hárt að öll börn hafa ekki jöfn tækifæri og við því verður að bregðast.

Unglingalandsmót

Nú í ár héldum við HSK-félagar Unglingalandsmót í samvinnu við Sveitarfélagið Ölfus og UMFÍ. Þátttaka barna og ungmenna á Unglingalandsmóti UMFÍ um verslunarmannahelgina er löngu orðinn fastur liður hjá mörgum fjölskyldum. Unglingalandsmót UMFÍ er vímulaus fjölskylduhátið þar sem börn og ungmenni á aldrinum 11–18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum en samhliða keppninni er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Í ár tóku um 1.200 keppendur þátt. Boðið var upp á meiri fjölbreytni en nokkru sinni áður. Eftir Unglingalandsmót á Egilsstöðum 2018 kom í ljós að þátttakendur á Unglingalandsmóti vildu meiri fjölbreytni og nýjungar á mótunum og var því kalli svarað með því að bjóða upp á keppni í dorgveiði og sandkastalagerð í Þorlákshöfn. Flestar greinar sem boðið var upp á voru til þess fallnar að vinir og vinkonur gátu keppt saman sem lið og er það eitt að því sem gerir þessi mót jafn frábæra skemmtun og raun ber vitni. Mótið var afar stórt í sniðum en hægt var að skrá sig til keppni í 29 greinum. Kraftmikil ungmenni reyndu fyrir sér í ýmsu greinum og vilðu ekki fyrir sér að prófa greinar sem þau hafa jafnvel ekki tekið þátt í áður. Veðrið var aðeins að hrella okkur á föstudeginum en varð síðan ágætt miðað við hvernig viðraði í sumar, og voru mótshaldarar afar þakklátir fyrir að ekki rigndi og blés mikið á landsmótsgesti. Mótshaldarar eru sammála um að mótið hafi í alla staði tekist vel. Keppendur og mótsgestir voru til fyrirmyndar. Frábær stemning var hjá fjölskyldum á tjaldstæðum, keppnissvæði og gótur bæjarins hreinir og snyrtilegar alla mótshelgina. Þátttakendur stóðu sig með þryði og voru til fyrirmyndar hvarvetna innan sem utan vallar. Mótin halda áfram að vaxa og sanna gildi sitt sem glæsilegar fjölskyldu- og íþróttahátiðir með þátttöku þúsunda barna og ungmenna ásamt fjölskyldum sínum sem taka þátt í fjölbreyttri dagskrá. Næsta Unglingalandsmót fer fram á Höfn í Hornafirði 1.–4. ágúst 2019 og hvet ég sunnlensk ungmenni til þess að fjölmenna þangað og taka þátt í frábæri vímuefnalausri skemmtun.

Fundur og þing

Eins og áður sóttu fulltrúar HSK hefðbundna fundi sem haldnir voru á vegum UMFÍ og ÍSÍ á liðnu starfsári sem og aðra viðburði á þeirra vegum.

Vorfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn á Sauðárkróki, dagana 4.–5. maí. Á fundinum fóru Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, og Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móta UMFÍ, yfir Landsmótið sem var á Sauðárkróki í sumar og Unglingalandsmótið í Þorlákshöfn. Fram kom í máli þeirra að stefnt var að miklum breytingum á Landsmótinu frá því sem áður hefur verið. Það var nú opið öllum 18 ára og eldri sem hafa gaman af því að hreyfa sig. Ekki var gerð krafa um að þátttakendur færu skráðir í ungmennafélag eða yfir höfuð í íþróttafélag. Nýtt fyrirkomulag gerði það að verkum að mótið var opið vínahópum, fjölskyldum, íþróttafólki og fólki sem hefur gaman af því að hreyfa sig. Á Landsmótinu á Sauðárkróki var slegið saman tveimur mótum, Landsmótinu og Landsmóti UMFÍ 50+. Í máli Ómars kom fram að í mótinu felast miklir möguleikar. Dagskráin var einstaklega fjölbreytt, stutt tímahólf fyrir hvern grein og auðvelt fyrir hvern þátttakandi að búa til sína eigin dagskrá. Á laugardeginum fóru vorfundargestir um Sauðárkrók, skoðuðu bæinn, mótssvæðið og tjaldstæðin ofan við bæinn.

Árlegur formannafundur ÍSÍ var haldinn föstudaginn 16. nóvember í Laugardalshöllinni.



Engilbert Olgeirsson og Guðríður Aadnegard á sambandsráðsfundi UMFÍ á Ísafirði.

Formaður og framkvæmdastjóri HSK sóttu fundinn. Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ setti fundinn og ræddi þau verkefni sem á borði hreyfingarinnar hafa verið undanfarið ár, ýmsar áskoranir í starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar og þróun og framtíð í skipulagsmálum íþróttar.

Skýrslu stjórnar flutti, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ fór yfir fjárhagslegar upplýsingar. Fyrir fundinum lágu þrjú mál til kynningar og umræðu. Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ fór yfir stöðu mála varðandi #églika, Anna Þórdís Rafnsdóttir stjórnendaráðgjafi frá Advania fór yfir skyldur og verkefni íþróttahreyfingarinnar vegna nýrra laga um persónuvernd (GDPR) og Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ ræddi ýmis mál er varða starfsemi íþróttafélaga og lagaumhverfi hreyfingarinnar. Nokkrar umræður urðu á fundinum, meðal annars um þjóðarleikvanga, aðstöðumál sambandsaðila og skyldur sambandsaðila svo fátt eitt sé talið.

Að loknum fundi bauð ÍSÍ fundargestum til kvöldverðar í Café Easy.

Formaður og framkvæmdastjóri HSK sóttu sambandsráðsfund UMFÍ sem haldinn var á Ísafirði laugardaginn 20. október 2018. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, fór fyrir stöðu ungmennabúða og Landsmótið. Einnig fjallaði hún um framtíðarskipulag og tækifæri íþróttahreyfingarinnar. Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ, fór sömuleiðis yfir helstu þætti er tengjast Landsmótinu sem fram fór á Sauðárkróki í sumar. Formaður og framkvæmdastjóri HSK sóttu fund/ráðstefnu sem ÍSÍ boðaði til, um miðjan nóvember sl., í tengslum við samþykkt síðasta Íþróttáþingis þar sem fjallað var um íþróttahéruðin. Fram hafði komið að það væri tímabært að fara yfir lög um íþróttahéruð, hlutverk þeirra, þjónustu, stærð og fleira. Miklar og málefnalegar umræður spunnust en fundurinn var haldinn með þjóðfundarsniði og var vel skipulagður. Verður gaman að skoða og velta fyrir sér helstu niðurstöðum fundarinnar þegar þær verða birtar. HSK tók á árinu þátt í evrópsku samstarfsverkefni sem styrkt var af Erasmus+ áætlun Evrópu unga fólksins. Verkefnið fólst m.a. í heimsóknum og samvinnu ungmennafélaga í Árborg og Árósum í Danmörku. Meginmarkmið verkefnisins er að fá nýjar hugmyndir og aðferðir til að vinna með ungu fólki í

íþróttum, m.a. til að draga úr brottfalli og finna leiðir til að fá fleiri börn til að stunda íþróttir. Einnig að bæta gæði í starfi og gera það skilvirkara, ásamt því að byggja brýr milli sambærilegra stofnana í Árósum og Árborg til frekari samskipta og aukinnar þekkingar. Hópur HSK félaga gerðu sér glaðan dag á Geysi um miðjan nóvember sl. en þá kom út heimildarmynd um sögu Landsmóta UMFÍ á sambandssvæði okkar. Lesa má nánar um útgáfuteitið í ársskýrslunni.

Ýmis verkefni

Samkvæmt venju tóku HSK félagar þátt í fjölmörgum verkefnum á vegum UMFÍ og ÍSÍ og má lesa nánar um þau verkefni í ársskýrslunni.

Lokaorð

Við getum verið sammála um að það sé bjart framundan í íþróttastarfi á Íslandi. Sífellt er unnið að því að bæta umgjörð starfsins.

Á þingi okkar í Þorlákshöfn, 2018, var samþykkt tillaga er varðaði umboðsmann iðkenda eða sambærilegt embætti til að hugsa um hag íþróttafólks, þarfir þeirra, réttindi o.fl. HSK-félagar fagna því sérstaklega að frumvarp um samskiptaráðgjafa í íþróttar- og æskulýðsstarfi sé í mótun. Ný íþróttastefna er sömuleiðis í mótun og þegar hefur verið lagt fram frumvarp um endurgreiðslu virðisaukaskatts til félagasamtaka og á vafalítið eftir að efla starfsemi og bæta aðstöðu og umgjörð starfsins.

Við búum svo vel á okkar sambandssvæði að hafa á að skipa, afar duglegu stjórnarfélagi í félögunum, vel menntuðum þjálfurum, áhugasömum foreldrum og frábærum iðkendum. Þessi frábæri hópur auðveldar okkur í HSK að halda úti öflugum íþróttar- og tólmundastarfi og færur við öllum hjartans þakkir fyrir ómetanlegan stuðning við starfsemi okkar.

Fjölmargir m.a. sveitarfélögin og fyrirtæki á sambandssvæðinu leggja okkur lið og án þeirra væri óvinnandi vegur að halda úti jafn kröftugu starfi og raun ber vitni og fyrir það ber að þakka.


Að lokum þakka ég öllum þeim fjölmörgu einstaklingum sem hafa komið að starfi HSK og lagt okkur lið með einum eða öðrum hætti á liðnu ári, lagt hönd á plóg og veitt ómetanlega aðstoð. Stjórnarmönnum, framkvæmdarstjóra og sjálfboðaliðum færi ég þakkir fyrir góð og vel unnin störf, árangursríkt og skemmtilegt samstarf.


Guðríður Aadnegard, formaður HSK

Ársreikningur HSK 2018

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn fyrir árið 2018. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2018 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2018. Undirritaðir fyrir hönd Héraðssambandsins Skarphéðins, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2018 með undirskrift sinni.

Selfossi, 14. febrúar 2019,



Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK


Engilbert Ólgeirsson, framkvæmdastjóri HSK

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga, höfum farið yfir fylgiskjöl og tölvuútskrift, efnahags- og rekstrarreikning fyrir árið 2018. Við sjáum ekki ástæðu til athugasemda og teljum reikninginn réttan.

Selfossi, 14. febrúar 2019,


Brynja Hjálmtýsdóttir


Bergur Guðmundsson

Rekstrarreikningur HSK 2018

	Skýr.	Rauntölur 2018	Áætlun 2018	Rauntölur 2017
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og styrkir	1	34.484.829	30.085.000	33.158.063
Tekjur af mótum	2	14.860.215	16.570.000	6.524.400
Auglýsingatekjur	3	425.000	550.000	595.000
Aðrar tekjur	4	4.721.208	4.875.000	4.392.801
Rekstrartekjur alls		54.491.252	52.080.000	44.670.264
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	5	11.197.800	10.848.000	10.489.783
Fundir og þing	6	673.134	463.500	995.358
Áhöld og tæki	7	0	300.000	0
Þátttaka í mótum	8	0	0	0
Kostnaður v/mótahalds	9	14.319.824	15.987.500	5.908.360
Rekstur mannvirkja	10	500.000	500.000	500.000
Rekstur skrifstofu	11	913.793	740.000	703.045
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	12	1.323.176	1.020.000	585.941
Önnur gjöld	13	26.550.996	22.648.000	24.961.938
Rekstrargjöld alls		55.478.723	52.507.000	44.144.425
Hagnaður án fjármagnsliða		-987.471	-427.000	525.839
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur		453.308	650.000	705.606
Vaxtagjöld		0	0	0
Þjónustugjöld		-139.233	-80.000	-105.985
Fjármagnstekjuskattur		-99.715	-143.000	-128.224
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld alls		214.360	427.000	471.397
Hagnaður (tap) tímabilsins		-773.111	0	997.236

Efnahagsreikningur HSK 31. desember 2018

	2018	2017
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Varanlegir rekstrarfjármunir (50% eignarhlutur í Selinu)	6.400.785	5.992.465
Fastafjármunir alls	6.400.785	5.992.465
VELTUFJÁRMUNIR		
Viðskiptakröfur	45.982	0
Handbært fé	12.196.574	13.015.730
Veltufjármunir alls	12.242.556	13.015.730
Eignir samtals	18.643.341	19.008.195
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		
EIGIÐ FÉ		
Óráðstafað eigið fé	19.415.667	18.010.111
Tekjuafgangur ársins	-773.111	997.236
Eigið fé alls	18.642.556	19.007.347
LANGTÍMASKULDIR	0	0
SKAMMTÍMASKULDIR		
Ógr. launatengd gjöld	785	
Viðskiptaskuldir	0	848
Skammtímaskuldir alls	785	848
Skuldir og eigið fé samtals	18.643.341	19.008.195

Skýringar á rekstarreikningi HSK	Rauntölur 2018	Áætlun 2018	Rauntölur 2017
1. Framlög og styrkir			
Útbreiðslustyrkur ÍSí	2.329.340	2.030.000	2.307.896
Lottó	29.989.087	25.900.000	28.767.749
Getraunir	692.322	655.000	621.698
Framlag frá sveitarfélögum	1.474.080	1.500.000	1.460.720
Framlög og styrkir alls	34.484.829	30.085.000	33.158.063
2. Tekjur af mótum			
Þátttökugjöld	254.900	220.000	215.900
Landsmótshald	14.605.315	16.350.000	6.308.500
Tekjur af mótum alls	14.860.215	16.570.000	6.524.400
3. Auglýsingatekjur			
Útgáfa	175.000	250.000	270.000
Heimasíða	250.000	250.000	250.000
Aðrar auglýsingatekjur	0	50.000	75.000
Auglýsingatekjur alls	425.000	550.000	595.000
4. Aðrar tekjur			
Skattar aðildarfélag	3.038.525	2.925.000	3.220.400
HSK þing	315.000	300.000	265.000
Leigutekjur v/skrifstofu	80.000	0	0
Tekjur v/Unglingalandsmóts	462.000	900.000	532.000
Heimildarmynd um landsmót	628.000	500.000	
Aðrar tekjur	197.683	250.000	375.401
Aðrar tekjur alls	4.721.208	4.875.000	4.392.801
5. Laun og verktakagreiðslur			
Laun starfsmanna	7.622.646	7.250.000	7.185.928
Tryggingagjald	675.237	650.000	615.769
Lífeyrissjóður	907.247	878.000	793.886
Laun alls	9.205.130	8.778.000	8.595.583
Bifreiða- og aðrir styrkir			
Bifreiðastyrkir starfsmanna	1.337.270	1.385.000	1.368.000
Dagpeningar	655.400	685.000	526.200
Bifreiða- og aðrir styrkir alls	1.992.670	2.070.000	1.894.200
Laun og verktakagreiðslur alls	11.197.800	10.848.000	10.489.783
6. Fundir og þing			
Stjórnarfundir	227.885	200.000	49.041
Þing ÍSí			0
Þing UMFÍ			704.582
Þing HSK	276.772	250.000	233.645
Nefndafundir HSK	64.552	13.500	8.090
Sambandsráðsfundur UMFÍ	90.460		
Formannafundur HSK	13.465		
Fundir og þing alls	673.134	463.500	995.358

	Rauntölur 2018	Áætlun 2018	Rauntölur 2017
7. Áhöld og tæki			
Skrifstofuáhöld	0	0	0
Önnur áhöld	0	300.000	0
Áhöld og tæki alls	0	300.000	0
9. Kostnaður v/mótahalds			
Verðlaunapeningar	134.335	130.000	132.085
Húsa- eða vallarleiga	0	10.000	0
Annar kostnaður vegna mótahalds	45.227	10.000	0
Landsmótshald	9.954.780	11.225.000	986.243
Landsmótshald, hlutdeild félaga	3.720.428	4.100.000	4.257.806
Landsmótshald, hlutdeild Verkefnasjóðs	465.054	512.500	532.226
Kostnaður v/mótahalds alls	14.319.824	15.987.500	5.908.360
10. Rekstur mannvirkja			
Selið	500.000	500.000	500.000
Rekstur mannvirkja alls	500.000	500.000	500.000
11. Rekstur skrifstofu			
Sími	176.339	240.000	232.653
Ritföng	17.013	25.000	16.446
Prentun	32.209	35.000	27.889
Póstkostnaður	29.072	15.000	15.615
Kaffikostnaður og risna	5.505	15.000	17.267
Tölvukostnaður	193.173	170.000	158.142
Annar skrifstofukostnaður	460.482	240.000	235.033
Rekstur skrifstofu alls	913.793	740.000	703.045
12. Kynning, fræðsla og útbreiðsla			
Útgáfa ársskýrslu	304.600	330.000	329.400
Heimasíða	128.261	190.000	186.541
Heimildarmynd um landsmót	890.315	500.000	0
Kynnisferð á Danska landsmótið			70.000
Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	1.323.176	1.020.000	585.941
13. Önnur gjöld			
Lottógreiðslur til félaga	21.121.477	18.640.000	20.686.161
Unglingalandsmótsþátttaka	1.958.113	1.400.000	1.397.474
Þátttaka á landsmóti 50+	0	0	
Verkefnasjóður HSK	3.275.818	2.438.000	2.714.252
Ýmis kostnaður	195.588	170.000	164.051
Afskriftir	0	0	0
Önnur gjöld alls	26.550.996	22.648.000	24.961.938

Verkefnasjóður HSK

Rekstrarreikningur 2018

31/12/18

Tekjur:

Framlag HSK samkvæmt reglugerð	kr.	2.805.142
Tekjur vegna vanskila félaga	kr.	470.676
Vaxtatekjur	kr.	61.000
Ósóttir styrkir frá 2018	kr.	120.000
Hlutdeild í hagnaði Unglingalandsmóts	kr.	465.054
Tekjur alls:		<u>3.921.872</u>

Gjöld:

Styrkir 2018, úthlutun sjóðsstjórnar	kr.	3.327.500
Fjármagnstekjuskattur	kr.	13.420
Gjöld alls:		<u>3.340.920</u>

Rekstarhagnaður (tap) ársins

580.952

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir

Í sjóði 31.12.2018	kr.	4.644.076
--------------------	-----	-----------

Eignir alls:

4.644.076

Skuldir og eigið fé :

Eigið fé frá fyrra ári	kr.	3.838.124
Rekstrarhagnaður ársins	kr.	580.952
Ógreiddir styrkir um áramót	kr.	225.000
Skuld aðalsjóðs HSK	kr.	

Skuldir og eigið fé alls:

4.644.076

Framlög sveitarfélaga og héraðsnefnda 2018

Bein fjárframlög sveitarfélaga og héraðsnefnda til HSK hafa haldist nánast óbreytt að krónutölu undanfarin ár og ekki fylgt verðlagsþróun eða íbúafjölgun.

Héraðsnefndir:	Íbúar*	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Héraðsnefnd Árnesinga	17.374	280 kr. á íbúa	1.064.000	61,24 kr.

Héraðsnefnd Rangæinga hætti árið 2011 að veita styrki sem þessa á árinu, en benti sambandinu að sækja um framlag beint til sveitarfélaga í sýslunni og hefur það verið gert síðan.

Sveitarfélög:	Íbúar	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Rangárþing eystra	1.798	280 kr. á íbúa	179.800	100,00 kr.
Rangárþing ytra	1.610	280 kr. á íbúa	160.000	99,37 kr.
Ásahreppur	247	280 kr. á íbúa	70.280	284,53 kr.

*Íbúafjöldinn er samkvæmt tölum frá Hagstofunni 1. janúar 2018.

Greiðsla alls úr héraði 2018: 1.474.080

Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2018

Verkefnasjóður HSK úthlutar úr sjóðnum tvisvar á ári. Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. apríl eða 1. október. Í reglugerð um sjóðinn segir m.a. „Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf á sambandsvæðri Héraðssambandsins Skarphéðins. Sjóðurinn veitir ekki styrki til mannvirkjagerðar. Að öðru leyti fer úthlutun úr sjóðnum eftir mati stjórnar sjóðsins.“

Við úthlutun tók sjóðsstjórn m.a. mið af eftirtöldum forsendum:

Val í landslið	40.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara, erlendis	30.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara og dómara, innanlands, en þó að hámarki	10.000 kr. á einstakling
Nýjungar í starfi/útbreiðsluverkefni	35.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Námskeiðahald, 50% af útlögðum kostnaði, en þó að hámarki	40.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Afrestsstyrkur, þar með talið landsliðsval (þarf að hafa verið valin/n í A-landslið)	120.000 kr. á einstakling

Þessi viðmið eru í engu bindandi gagnvart áframhaldandi úthlutun, enda verður sjóðsstjórn að taka mið af fjölda umsókna og fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

Í 9. grein reglugerðar sjóðsins segir: „Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki úr sjóðnum vegna framúrskarandi árangurs einstaklinga og liða, án þess að umsókn hafi borist.“ Sjóðsstjórn ákvað að veita Handknattleiksdeild Umf. Selfoss 250.000 kr. afrestsstyrk vegna þátttöku félagsins í Evrópukeppni. Karlalið félagsins stóð sig frábærlega og komst í þriðju umferð keppinnar. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að á árinu 2019 verði veittir styrkir til félaga og deilda sem bjóða upp á fræðslu í íþróttasálfræði, sem hefur það að markmiði að bæta árangur einstaklinga og liða.

Fyrri úthlutun ársins:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
FFimleikadeild umf Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, sex þátttakendur	60.000
Fimleikadeild umf Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, 16 þátttakendur	160.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, átta þátttakendur	80.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Landsliðsval, sjö einstaklingar	280.000
Íþróttafélagið Hamar	Landsliðsval, tveir einstaklingar	80.000
Júðódeild Umf. Selfoss	Landsliðsval, fjórir einstaklingar og einn afrestsstyrkur	280.000
Júðódeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið erlendis, einn þátttakandi	30.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Dómaranámskeið innanlands, 28 þátttakendur	280.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, þrjú þátttakendur	30.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, tveir þátttakendur	20.000
Umf. Þór, körfuknattleiksdeild	Landsliðsval, einn einstaklingur	40.000
Ungmennafélag Selfoss	Námskeiðahald, skyndihjálp, tvö námskeið	80.000
Ungmennafélag Selfoss	Námskeiðahald, þjálfararáðstefna 2018	40.000
Ungmennafélag Selfoss	Ólympíuveggur Selfyssinga	40.000
	Samtals	1.530.000

Seinni úthlutun ársins:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Námskeiðahald	12.500
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Landsliðsval, einn einstaklingur	40.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Afrestsstyrkur, einn einstaklingur	120.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Landsliðsval, tveir einstaklingar	80.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Þórs	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Golfklúbbur Selfoss	Landsliðsval, einn einstaklingur	40.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, tveir þátttakendur	20.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið erlendis, einn þátttakandi	30.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Afrestsstyrkur karlaliðs vegna þátttöku í Evrópukeppni	250.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Afrestsstyrkur, sex einstaklingar	560.000
Júðódeild Umf. Selfoss	Landsliðsval, einn einstaklingur	40.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Landsliðsval, fimm einstaklingar	200.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Sunddeild Íþr.f. Hamars	Námskeiðahald	25.000
Taekwondodeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið erlendis, einn þátttakandi	30.000
Taekwondodeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið erlendis, tveir þátttakendur	60.000
Taekwondodeild Umf. Selfoss	Landsliðsval, einn einstaklingur	40.000
Umf. Hekla	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Umf. Hekla	Landsliðsval, einn einstaklingur	40.000
Umf. Hrunamanna	Landsliðsval, þrjú einstaklingar	120.000
Umf. Þjótandi	Nýnging í starfi, útivistarverkefni félagsins	40.000
	Samtals	1.797.500

Íþróttakarlar og íþróttakona HSK kosin í fyrsta sinn

Reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK var breytt á héraðsþingi 2018. Framvegis verða íþróttakarlar og íþróttakona HSK valin úr röðum þeirra sem tilnefndir eru í einstökum greinum. Valnefndin valdi **Dagnýju Maríu Pétursdóttur** sem íþróttakonu HSK 2018 og **Elvar Örn Jónsson** sem íþróttakarlar HSK 2018. Á þessari opnu má sjá það íþróttafólk sem tilnefnt var í kjörinu.



Taekwondo

Íþróttakona HSK 2018

Dagný María Pétursdóttir, Umf. Selfoss

Dagný María vann til gullverðlauna á Norðurlandamótinu 2018 og vann einnig til gullverðlauna á Nurtzi Open í Finnlandi. Hún er ein af sterkustu keppendum í kvennaflokki á Íslandi og á nóg eftir, við hlökkum til að fylgjast með henni á komandi árum.

Blak

Ragnheiður Eiríksdóttir, Hamri

Hún er leikmaður Hamars í Hveragerði og einn af lykilmonnum A-liðs Hamars. Ragnheiður er reynslubolti í blakinu og hefur verið að styrkja sig sem leikmaður ár frá ári bæði í varnar- og sóknarleik. Ragnheiður hampaði HSK titli með Hamri 2018 auk þátttöku í Íslandsmóti.



Frjálsíþróttir og

Íþróttir fatlaðra

Gudrún Hulda Sigurjónsdóttir, Suðra

Hún sigraði Íslandsmót fatlaðra í kúluvarpi bæði utan- og innanhúss og kringlukasti utanhúss auk þess sem hún keppti á fjölda annara móta með góðum árangri. Hún setti tvö Íslandsmet í sleggjukasti á árinu en hún hefur í gegnum tíðina verið iðin við að bæta Íslandsmet.



Hún keppti á tveimur mótum á eigin vegum á erlendum grundu, Opna ítalska móti fatlaðra þar sem hún lenti í 3. sæti og Opna þýska meistaramóti fatlaðra þar sem hún sigraði. Hápunktur ársins varð þó þegar hún keppti á EM fatlaðra í frjálsum íþróttum í Berlín þar sem hún endaði í 7. sæti í kúluvarpi. Á móti var hún fyrirliði Íslenska hópsins og stóð sig með sóma í því hlutverki.

Golf

Heiðrún Anna Hlynsdóttir, GOS

Heiðrún stóð sig mjög vel á árinu þrátt fyrir ungan aldur, hún náði 7. sætinu á fyrsta móti ársins á Eimskipsmótaröðinni á Akranesi, hún tók 11 sætið í 2 móti, Heiðrún náði 19 sætinu í Íslandsmóti í Vestmannaeyjum sem dugði henni í 20 sæti í heildar stigakeppni í Eimskipsmótaröðinni, Heiðrún vann einnig stigakeppni í Íslandsbankamóti í sínum flokki 17 - 18 ára kvk flokkinn og svo var hún valin til að spila fyrir Íslands hönd í Em stúlknaðsliða sem fór fram í Svíþjóð.



Glima

Jana Lind Ellertsdóttir, Garpi

Jana Lind er 19 ára gömul og hefur stundað glímu af kappi undanfarin ár. Árið 2018 náði hún sínum besta árangri á keppnisvellið frá upphafi. Jana Lind sigraði bæði opin flokk kvenna og -60 kg flokk á Bikarglímu Íslands, unglingsflokk og opin flokk á meistaramóta röð GLÍ, hún hafnaði í öðru sæti á Íslandsglímunni auk þess að hljóta fegurðarglímuverðlaun kvenna. Jana Lind sigraði glímuna um Bergþóruskjöldinn í þriðja sinn ásamt því að sigra Fjórðungsglímu Suðurlands. Jana Lind var valin í landslið Íslands sem fór til þátttöku á EM í keltneskum fangbrögðum sem haldið var í Englandi. Jana Lind sinnir jafnframt þjálfun yngri iðkenda hjá UMFL og öðru starfi sem viðkemur íþróttinni af miklum myndarbrag.



Handknattleikur

Perla Ruth Albertsdóttir, Umf. Selfoss

Perla Ruth er lykilleikmaður í liði Selfoss sem leikur í Ólisdeildinni. Náði liðið sínum besta árangri í vor þegar liðið endaði í 6. sæti. Hefur hún tekið þátt í öllum landsliðsverkefnum ársins og stimplað sig inn sem lykilleikmaður í landsliðinu.



Hestaíþróttir

Katrín Eva Grétarsdóttir, Hestamannafélaginu Háfeta

Katrín er búin að standa sig mjög vel á árinu. Hún er mjög metnaðarfull og leggur sig 100% fram í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún stundar núna nám við Háskólann á Hólum í hestafræðum. Katrín komst inn á Landsmót með tvo hesta, annan í A flokk fullorðinna og hinn í ungmennaflokk. Hún var í úrslitum á Reykjavíkurmestaramóti, Íslandsmóti, Suðurlandsmóti, Gæðingakeppni Sleipnis á Selfossi, og hún vann A flokk 2 á Metamóti hjá Spretti.



Knattspyrna

Magdalena Anna Reimus, Umf. Selfoss

Magdalena Anna var lykilleikmaður í Pepsi-deildar liði Selfoss sem endaði í 6. sæti og var í lok árs valin í æfingahóp A landsliðs kvenna.



Körfuknattleikur

Helga Sóley Heiðarsdóttir, Hamri

Tímabilið 2017-2018 var Helga Sóley að taka sín fyrstu skref í meistaraflokki. Hún varð strax lykilleikmaður í meistaraflokk Hamars sem spilaði í 1. deild. Á vordögum ársins 2018 var Helga Sóley valin í u16 ára landslið Íslands. Hún spilaði með íslenska landsliðinu á Norðurlandamóti í Helsinki og Evrópumóti í Serbíu. Helga Sóley var í stóru hlutverki í íslenska landsliðinu þetta ár og var til að mynda byrjunarliðsmaður í öllum leikjum liðsins. Haustið 2018 hóf Helga Sóley þátttöku í körfuknattleikskademíu FSU og spilar með stúlknaðflokki undir merkjum FSU.



Mótókross

Gyða Dögg Heiðarsdóttir, Umf. Selfoss

Gyða varð Íslandsmeistari í opnum kvennaflokki í mótókrossi og vann átta moto af tíu á árinu, einnig má geta þess að þetta er í þriðja skiptið á ferlinum sem hún vinnur þann flokk. Einnig tók hún þátt í Íslandsmeistaramóti í enduroakstri og var það frumraun hennar í enduro. Hún vann þar þrjár af fjórum umferðum og endaði þar með sem Íslandsmeistari í kvennaflokki. Á lokahófi MSÍ var hún valin akstursíþróttakona ársins 2018.



Skotiþróttir

Helga Jóhannsdóttir, Skotiþróttafélagi Suðurlands

Helga stóð sig vel á árinu og tók þátt í meistaraflokki fjórum sinnum á árinu. Einnig keppti hún á Scandinavian open í Danmörku og á Evrópumeistaramóti í Austurríki og náði finum árangri þar. Hún er hæst á styrkleikalista STÍ í skeet kvenna.





Handknattleikur

Íþróttakarlar HSK 2018

Elvar Örn Jónsson, Umf. Selfoss

Elvar Örn er lykilleikmaður í toppliði Selfoss í Olísdeildinni en liðið hefur náð sínum besta árangri í deildarkeppni á árinu, leikið í undanúrslitum Íslandsmeistaráttsins og tekið þátt í Evrópukeppni. Elvar Örn hefur á árinu stimplað sig inn sem byrjunarliðsmaður hjá íslenska landsliðinu ásamt því að hafa verið valinn besti leikmaður Olísdeildarinnar á síðustu leiktíð.

Akstursíþróttir

Atli Jamil Ásgeirsson, Torfærufélagið Suðurlands

Atli Jamil ekur bílum Thunderbolt í flokki sérútbúinna. Hann tók þátt í öllum sex umferðum Íslandsmeistaráttsins í torfæru og var í harðri baráttu um titilinn en endaði í öðru sæti í því móti. Atli tók þátt í Norður-Evrópu-meistaráttnu sem var haldið að þessu sinni á Egilsstöðum og sigraði með glæsibrag og hlaut titilinn NEZ meistari 2018. Einnig keppti Atli í Bandaríkjunum þar sem honum gekk ótrúlega vel og lenti í 2. sæti.



Blak

Hilmar Sigurjónsson, Hamri

Hilmar leikur með liði Hamars í Hveragerði. Hilmar er afar sterkur alhlíða leikmaður. Hilmar á að baki fjölmarga landsliðsleiki, þrjá bikarmeistaráttila, fjóra Íslandsmeistaráttila og fimm deildameistaráttila í efstu deild auk HSK titla.



Frjálsíþróttir

Kristinn Þór Kristinsson, Umf. Selfoss

Kristinn Þór er besti millivegalengdahlupari landsins og á fast sæti í landsliði Íslands. Hann varð Íslandsmeistari í 800m hlaupi utanhúss, 3.000m hlaupi innanhúss og bikarmeistari í 1.500m hlaupi innanhúss. Kristinn Þór keppti með landsliðinu á Smáþjóðameistaráttnu í Liechtenstein og stóð sig vel. Kristinn Þór er burðarás í keppnisliði HSK í frjálsum íþróttum og er yngri iðkendum góð fyrirmynd.



Golf

Andri Már Óskarsson, GHR

Andri Már stóð sig mjög vel á golfmótum ársins, í fyrsta Eimskipsmótnu sem var haldið á Leynisvellingum á Akranesi lenti Andri í 3. sæti, hann tók 9. sætið í næsta móti sem fór fram í Mosfellsbæ, Andri lenti í 4. sæti á Íslandsmótnu í holukeppni eftir hörkuleik um bronsið. Andri tók 23. sætið í Íslandsmótnu sem fór fram í Vestmannaeyjum og tók svo 7. sætið í síðasta Eimskipsmótnu sem skilaði honum í 5. sæti í heildar stigakeppninni í Eimskipsmótaröðinni.



Glima

Jón Gunnþór Þorsteinsson, Umf. Þjótanda

Jón er 20 ára og hefur stundað glímuna frá barnæsku. Jón lenti í 2.-3. sæti í unglingsflokkum en 5. sæti í karlaflokkum á meistararmótaröð GLÍ. Jón Gunnþór keppti í sinni annari Íslandsglímu á árinu og hafnaði þar í 4. sæti. Innan héraðs sigraði Jón unglingsflokk héraðsmótsins auk þess að hafna í öðru sæti á bæði Skjaldarglímu Skarphéðins og Fjórungsglímu Suðurlands. Jón Gunnþór sinnir þjálfun yngri iðkenda hjá Umf. Þjótanda auk annars glímustarfs með stakri þryði.



Hestaíþróttir

Sigurður Sigurðarson, Hestamannafélaginu Geysi

Hann er búinn að standa sig mjög vel á árinu og tekið þátt í mörgum mótum með góðum árangri. Sigurður tók þátt í meistaradeildinni og var í fyrsta sæti í 100 metra skeiði ásamt því að taka þátt í öðrum greinum með góðum árangri. Hann var í fyrsta sæti á Suðurlandsmóti í tölta, hann var í fyrsta sæti í tölta T 3 á íþróttamóti Harðar og einnig á Metamóti. Hann náði góðum árangri á Landsmóti hestamanna 2018.



Íþróttir fatlaðra

Bjarni Friðrik Ófeigsson, Suðra

Bjarni hefur æft og keppt í boccia og golfi. Hann tók þátt í Íslandsmóti ÍF í boccia og varð í 2. sæti í liðakeppni í 2. deild og annar í einstaklingskeppni í boccia í 4. deild. Bjarni Friðrik hefur æft golf og í Héraðsmóti fatlaðra í golfi sl. sumar sigraði hann í karlaflokkum. Bjarni Friðrik hefur verið þjálfari hjá Suðra í boccia í vetur ásamt því að æfa sjálfur og keppa í greininni. Hann er góður liðsmaður, mikill keppnismaður og til fyrirmyndar innan og utan vallar.



Júdó

Egill Blöndal, Umf. Selfoss

Egill hefur lagt gríðarlega hart að sér á æfingum og í keppnum. Hann er fastamaður í íslenska landsliðinu í 90.kg flokki. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna hér og erlendis. Hann er í 115. sæti á heimslista alþjóðlega júdósambandsins, efstur Íslendinga. Egill er núverandi Íslandsmeistari í 90 kg. Egill stefnir á Ólympíuleikana í Tokyo 2020.



Knattspyrna

Guðmundur Axel Hilmarsson, Umf. Selfoss

Guðmundur Axel var valinn efnilegasti leikmaður meistara-flokks karla ásamt því að vera valinn besti leikmaður síðasta tímabils. Guðmundur lék stórt hlutverk í liðinu á síðasta ári þrátt fyrir ungan aldur.



Körfuknattleikur

Halldór Garðar Hermannsson, Umf. Þór

Halldór hefur leikið með meistaraflokkum Þórs frá unga aldri en Halldór hefur verið sterkur leikmaður í yngri flokkum Þórs og í unglingslandsliðum KKÍ. Hann er lykilleikmaður í meistaraflokkum Þórs og hefur leikið vel í vörn og sókn liðsins. Halldór var valinn leikmaður 8. umferðar í Domino's deildinni í nóvember. Halldór er reynslumikill leikmaður þrátt fyrir ungan aldur en hann hefur verið í öllum yngri landsliðum KKÍ og leikið á Norðurlandamótum og Evrópumótum.



Skotíþróttir

Hákon Þór Svavarsson, Skotíþróttafélagi Suðurlands

Hákon varð annar í bikarkeppni STÍ og keppti á fjórum mótum erlendis á Möltu, Arizona, Austurríki og á Heimsmeistaráttnu í Chang won í Suður Kóreu. Í Kóreu skoraði hann 119 stig af 125 mögulegum sem kom honum í 37. sæti. Hann er í 59. sæti á styrkleikalista Evrópu og í 71. sæti heimslistans.



Taekwondo

Þorsteinn Ragnar Guðnason, Umf. Selfoss

Þorsteinn Ragnar átti mjög gott ár, komst í landsliðið í fornum og var valinn til að keppa fyrir Íslands hönd á HM í fornum. Hann var í verðlaunaseti á flestum mótum sem hann keppti á árið 2018.



Sérverðlaun veitt á héraðsþingi

Stigahæsta félag

Unglingabíkar HSK

Foreldrarstarfsbikar HSK

Öðlingur ársins

Umf. Selfoss

Umf. Þjótandi

Umf. Hrunamanna

Marteinn Sigurgeirsson, Umf. Selfoss

Unglingabikar HSK 2018

Eftir sameiningu ungmennafélaganna í Flóanum, í Umf. Þjótandi, hefur verið öflugt unglingsstarf í félaginu. Á það ekki aðeins við um íþróttastarf, þar sem að virk þátttaka hefur verið í æfingum sem félagið býður uppá og ekki síður í þátttöku á mótum. Hefur þá bæði verið um að ræða í keppni fyrir félagið sjálft undir eigin merkjum og í sameiginlegum liðum, undir merkjum HSK, t.d. í frjálsíþróttum. Öflugustu greinar félagsins hafa verið frjálsíþróttir og glíma. En fyrir utan íþróttalíf hafa unglingar í félaginu verið virkir í öðru starfi og snemma byrja þeir að taka þátt í félagsmálum félagsins, taka sæti í stjórnnum og nefndum. Hafa unglingsarnir því öðlast víðtæka reynslu við skipulagningu og undirbúning ymissa viðburða á vegum þess, s.s. þorablóts, 17. júní hátíðahalda ofl.

Foreldrarstarfsbikar HSK 2018

Öflugt íþróttastarf er innan Umf. Hrunamanna sem er deildaskipt með fimm deildir, blak, frjálsíþróttir, knattspyrnu, körfubolta og fimleika. Þó hefur verið erfitt að halda úti fimleikum vegna skorts á þjálfurum. Gott samstarf hefur verið hjá félaginu við félögin í nágrennasveitarfélögunum og verið boðið uppá sameiginlegar æfingar og ýmsa aðra viðburði. Foreldrar iðkenda hafa verið duglegir að taka þátt í starfinu og fylgja börnum og unglungum á mót og aðra viðburði. Það skiptir miklu máli fyrir allt íþrótt- og tómsundastarf að foreldrar séu duglegir að taka þátt og vera með börnum sínum hvort heldur er heima fyrir eða fylgja þeim á æfingar og mót. Þannig finna börnin fyrir áhuga foreldra sinna og enn ánægjulegra verður fyrir vikið að stunda starfið.

Öðlingur ársins 2018

Öðlingur ársins er Marteinn Sigurgeirsson. Marteinn ólst upp á Selfossi og tók þátt í stofnun knattspyrnufélags um 1960 þegar starfsemi Umf. Selfoss var í lágmarki og unglingsstarf nær ekkert. Nokkrum árum síðar var knattspyrnudeild félagsins endurvakin og Marteinn kosinn formaður hennar og gegndi því embætti frá 1964 – 1966. Marteinn tók að sér þjálfun 5. flokks karla og kom þeim í undanúrslit. Marteinn keppti í meistara flokki karla í knattspyrnu, en þá var keppt í fyrsta sinn í 3. deild og hann var meðal liðsmanna sem komu liðinu upp í 2. deild 1966.

Marteinn tók snemma þátt í frjálsum íþróttum, aðallega millivegalengdahlupum. Hann keppti á héraðsmótum, t.d. á Þjórsártúni, Hlíðarendakoti og Laugarvatni, tók einnig þátt í landsmótum UMFÍ á Laugarvatni 1965 og Eišum 1968 og náði að landa stigum fyrir HSK. Árið 1970 var hann valinn í landslið Íslands í 3000 metra hindrunarhlaupi í Evrópubíkarkeppni og sama ár tókst honum að slá 15 ára gamalt HSK met Hafsteins Sveinssonar í 1.500m hlaupi. Segir þá ekki meira af hlaupum í nær hálfa öld þar til hann skráði sig í 100m hlaup í Hveragerði 2017 á landsmóti 50 ára og eldri og náði þar gulli í sínum aldursflokki.

Árið 1963 eignaðist Marteinn kvikmyndatökuvél og tók myndir sem tengdust mest íþróttum og ferðalögum. Þetta ár var farið með börn og unglunga



Ungir iðkendar út Þjótanda á héraðsleikum HSK 2018.



Marteinn Sigurgeirsson, öðlingur ársins.

til Sauðárkróks og Húsavíkur og keppt í sundi og knattspyrnu. Þetta þótti mikið ferðalag í sínum tíma. Einnig var siglt með meistara flokki í knattspyrnu til Færeyja þar sem keppt var á nokkrum stöðum. Þetta var kvikmyndað í bak og fyrir svo og héraðsmót, landsmót o.fl. Síðar eignaðist hann betri tæki og tók hann að sér að gera heimildamyndir, t.d. um sögu Selfoss, Hestamannafélagið Sleipni, sögu knattspyrnunnar á Selfossi og menningarlíf á Selfossi. Þetta efni gat Marteinn nýtt þegar hann tók að sér að gera sögu landsmóta UMFÍ á Suðurlandi fyrir HSK.

Einnig gerði hann myndir um sögu landsmóta UMFÍ sem synd var á 100 ára afmæli UMFÍ og nokkru síðar um Þorstein Einarsson íþróttafulltrúa ríkisins.

Af og til hefur Marteinn sýnt myndbrot frá liðinni tíð við ýmis tækifæri og hefur um árabíl komið austur fyrir fjall og rifjað upp atburði í lífandi myndum hjá félagsstarfi aldræða í Grænumörk á Selfossi.

Marteinn er vel að því kominn að vera valinn öðlingur ársins hjá HSK fyrir þátttöku sína í félagsstarfi og íþróttum og ekki síst fyrir að varðveita söguna með kvikmyndagerð sinni.

Guðmundur Kr. Jónsson kosinn heiðursformaður HSK

Guðmundur Kr. Jónsson á Selfossi var kosinn heiðursformaður HSK á héraðsþingi HSK 2018.

Í greinargerð með tillögu sem lögð var fram á þinginu sagði m.a.:

„Guðmundur Kr. varð snemma mjög öflugur félagsmálamaður og tók virkan þátt í starfi Umf. Selfoss og var m.a. formaður frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss árin 1968- 1979 og síðar gegndi hann stöðu vallarstjóra og framkvæmdastjóra félagsins. Hann hefur verið formaður Umf. Selfoss frá 2014.

Hann var kosinn formaður HSK árið 1981 og hélt um stjórnartaumana í átta ár með miklum myndarskap. Hann tók þá sæti í aðalstjórn ÍSÍ og sat í aðalstjórn í tvö ár.

Guðmundur Kr. tekur enn virkan þátt í störfum sambandsins. Hann er t.a.m. mjög eftirsóttur sem þulur á frjálsíþróttamót HSK enda röggssamur og vel til forystu fallinn.

Í bókinni HSK í 100 ár segir um störf Guðmundar: „Það er á engann hallað þótt hann sé talinn einn af dugmestu og starfsömustu foringjum Héraðssambandsins Skarphéðins.“



Guðmundur Kr. er vel að því kominn að vera kosinn Heiðursformaður HSK. Hann er sá þriðji í röðinni sem kosinn er heiðursformaður HSK. Sigurður Greipsson var kosinn á þingi sambandsins árið 1966 og Jóhannes Sigmundsson var kosinn á héraðsþingi árið 2011.“



Guðríður formaður sæmdu Árna gullmerkinu.

Gullmerki HSK veitt árið 2018

Á héraðsþinginu í Þorlákshöfn 2018 var veitt eitt gullmerki HSK. Líkt og í síðustu ársskýrslum HSK er birt greinargerð um þá sem hljóta gullmerki og silfurmerki HSK.

Gullmerki: Árni Þorgilsson

Árni Þorgilsson hefur um áratugaskeið tekið virkan þátt í störfum HSK.

Árni fór snemma að taka þátt í félagsmálum, en hann var kjörinn formaður Umf. Baldurs í Hvolhreppi árið 1989 og gegndi svo öðrum stjórnarstörfum hjá félaginu til 1995.

Árni var kjörinn í varastjórn HSK árið 1993 og tók svo við formannsembættinu hjá sambandinu árið

1995 og stóð við stjórnvölinn í átta ár til ársins 2003. Árni hefur verið formaður hússtjórnar Selsins, sem fulltrúi HSK, frá árinu 2002.

Hann hefur á seinni árum tekið virkan þátt í störfum Golfklúbbs Hellu, en hann var kosinn í varastjórn félagsins 2006 og átti svo sæti í aðalstjórn félagsins í nokkur ár, allt til ársins 2014.

Í 100 ára sögu HSK er Árna svo lýst, „Árni var vinsæll formaður, þótti traustur og ábyggilegur, stundvís og vildi hafa góða reglu á hlutumum. Stöðugt boðinn og búinn að leggja lið og tók meira að segja þátt í alls konar íþróttakeppnum ef það vantaði mann í liðið. Hann er glaðlyndur hæglatismaður og á erfitt með að afþakka störf að góðum mállefnum.“

Pakkir til þeirra sem styrktu starfsemina

Stjórn Héraðssambandsins þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu Skarphéðinn á árinu með einum eða öðrum hætti. Hér er átt við styrki í formi beinna fjárframlaga, niðurfellingu á húsaleigu, mikla sjálfböðavinnu, kaup á verðlaunapeningum og bikurum, gefnar veitingar o.fl. Þessi stuðningur er Skarphéðni ómetanlegur og verður seint fullþakkaður.

HSK fréttir í héraðsfréttamiðlum

Í nóvember 2017 gerðu forsvarsmenn HSK og Dagskrárinnar samkomulag um að héraðsblaðið myndi birta fréttir úr starfi HSK. Síðan þá hafa vikulega verið birtar fjöldamargar greinar á síðum blaðsins.

Undanfarin ár hefur einnig mikið af fréttum frá HSK birst á sunnlenska fréttavefnum sunnlenska.is og þá hefur útvarpsstöðin Suðurland FM fjallað talsvert um íþróttir og starfsemi HSK.

Heimasíða HSK

Árið 2015 var útliti síðunnar breytt, en heimasíðan er einnig hönnuð fyrir spjaldtölvur og síma. Það var fyrirtækið Kubbar ehf. sem hannaði síðuna og sér það um tæknilega aðstoð við viðhald hennar. Dvalarheimilið Ás í Hveragerði hefur mörg undanfarin ár tekið þátt í kostnaði síðunnar. Er forráðamönnum Áss þakkaður stuðningurinn við að halda úti öflugum fréttavef fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn. Félögum og deildum er bent á að senda upplýsingar um viðburði sem framundan eru á hsk@hsk.is og verður þeirra þá getið í viðburðadagatali. Slóðin á síðuna er www.hsk.is.



Ársskýrslan í lit og birt á vef HSK

Fyrsta prentaða ársskýrsla sambandsins kom út á héraðsþingi árið 1966. Skýrslurnar hafa síðan ýmist verið prentaðar eða ljósritaðar. Undanfarin ár hefur ársskýrslan verið prentuð og áhersla lögð á að hafa mikið af myndum úr starfinu. Ársskýrslan er nú í þriðja sinn prentuð í lit, en mörg ár þar á undan voru bara kápusíður prentaðar í lit, en innsíður í svarthvítu.

Í ársskýrslum HSK er mikill sögulegur fróðleikur um íþrótt- og ungmennafélagsstarf í héraði. Nefndir og sérráð HSK og aðildarfélög senda Skarphéðni yfirlit yfir störf liðins árs og stjórn HSK gerir grein fyrir starfinu á árinu. Skýrslan í ár var gefin út í 200 eintökum og var hún send til aðildarfélaga HSK, nefndarformanna HSK, sveitarstjórna í Árnes- og Rangárvallasyslu, ÍSÍ og UMFÍ, auk þess sem allir fulltrúar og gestir á héraðsþinginu fengu eintak.

Þinggerð var unnin af riturum þingsins og var send út með tölvupósti og sett á heimasíðu HSK. Úrslit héraðsmóta voru send út með tölvupósti og þau voru einnig birt á heimasíðu HSK.

Annað kynningarstarf

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa kynnt starfsemi HSK á nokkrum aðalfundum aðildarfélaga og sérráða HSK og einnig á nefndarfundum hjá HSK. Þá eru fréttir frá HSK sendar með tölvupósti til fjölda aðila einu sinni í viku.

Fundir, þing og ráðstefnur:

96. héraðsþing HSK

96. héraðsþing HSK var haldið á Þorlákshöfn 10. mars 2018. Guðriður Aadnegard, formaður HSK, setti þingið kl. 9:30 og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings. Formaður minntist látinna félagasem fallið hafa frá síðan á síðasta HSK þingi. Þeir eru: Már Sigurðsson, Rúnar Guðjónsson, Kjartan Grétar Magnússon, Þorsteinn Ragnarsson, Jóhannes Sigmundsson og Böðvar Pálsson. Tónlistaratriði, Hildur Björk, Nataniel Ísar og Emilía Hugrún, nemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga skipa saxófóntríó fluttu þau tvö lög. Þingforsetar voru kjörnir, þær Jóhanna M. Hjartardóttir og Sigríður Lára Ásbergadóttir og þingritarar þau Sigþrúður Harðardóttir og Jón Páll Kristófersson.

Gestir þingsins voru þau: Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ, Örn Guðnason varaformaður UMFÍ, Björn B. Jónsson, fyrrverandi formaður HSK, Árni Þorgilsson, fyrrverandi formaður HSK Einar Magnússon, fyrrverandi formaður HSK, Guðmundur Kr. Jónsson, fyrrverandi formaður HSK, Gísli Páll Pálsson, fyrrverandi formaður HSK, Alda Pálsdóttir, eiginkona Gísla Páls, Gunnsteinn R. Ómarsson bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss og Jón Páll Kristófersson formaður bæjarráðs Sveitarfélagsins Ölfuss.

Þingforseti bað um leyfi til að vika frá boðaðri dagskrá sem var samþykkt. Guðriður formaður kynnti tillögu stjórnar HSK að Guðmundur Kr. Jónsson Umf. Selfoss yrði gerður að heiðursformanni HSK. Tillagan samþykkt með lófataki. Guðmundur þakkaði heiðurinn, hrærður og glaður. Hann lýsti því yfir að ungmennafélagshreyfingin sé hans hreyfing, HSK sé hans staður og verði þar til yfir lýkur.

Skýrsla stjórnar

Guðriður Aadnegard, formaður HSK flutti skýrslu stjórnar, fór hún yfir það fjölbreytta starf sem hefur farið fram á sambandsvæði HSK á síðasta ári. Guðriður gerði svokallaða #meetoo byltingu að umtalsefni, þar sem risið var upp á vettvangi félagasamtaka, starfsstétta og hópa um allan heim gegn kynbundnu/kynferðislegu ofbeldi gegn konum og börnum. Konur í íþróttum voru þar engin undantekning. Íþróttahreyfingin hefur þegar brugðist við þessu og fyrir hönd HSK hefur Guðriður skrifað undir ályktun sambandsþings UMFÍ að standa vörð um heilbriggt starfsumhverfi innan íþróttahreyfingarinnar. Sagði hún frá breyttu fyrirkomilag á landsmóti sem haldið verður á Sauðarkróki nk. sumar. Guðriður gerði að umtalsefni mikilvægi þess að halda æfingagjöldum í lámarki til að öll börn og ungmenni hafi jafna möguleika að stunda íþróttir. Þá þakkaði hún þeim sveitarfélögum sem standa þétt við bakið á sínum íþróttaiðkendum. Einnig þakkaði hún það ómetalega starf sem sjálfboðaliðar inna af hendi og þau fyrirtæki sem stadna vörð um íþróttu og æskulýðsstarf. Guðriður veitti Árna Þorgilssyni fyrrverandi formanni HSK gullmerki HSK.

Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK gerði grein fyrir reikningum ársins 2017. Sem fyrr er fjárhagsstaðan góð og eins og fyrri ár er stærsti tekjulíðurinn lottótækur. Einnig gekk Landsmót 50+ í Hveragerði mjög vel og talsverðar tekjur af því. Tekjur og gjöld voru í nokkuð föstum skorðum milli ára.

Umræður um skýrslu stjórnar fóru fram, Engilbert Ogeirsson framkvæmdastjóri HSK tók til máls. Hann óskaði Guðmundi Kr. og Árna til hamingju með heiðursviðurkenningarnar. Hann minntist líka Jóhannesar í Syðra-Langholti. Hann hvatti félagsmenn að sækja í ferðasjóð HSK, þá ræddi hann



Kjörréttarfundur héraðsþings að störfum, í nefndinni voru Anný Ingimarsdóttir, Hulda Karlsdóttir og Gissur Jónsson.

um skil á FELIX skýrslu og vankanta sem hafa komið upp eftir að nýtt kerfi var tekið upp. Einnig minnti hann á að aðildafélögum HSK ber að skila inn skýrslu um aðalfund til stjórnar sambandsins. Að lokum kynnti hann verk sem er í gangi við að skanna inn myndasafn héraðssambandsins og féлага innan þess. Myndirnar verða varðveittar á Héraðsskjalasafni Árnesinga til frambúðar.

Undir liðnum ávörp gesta tóku til máls, Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ flutti kveðju frá stjórn sambandsins og kynnti sjálfan sig og aðkomu að íþróttamálum. Hann þakkaði fyrir góða ársskýrslu, þingboð til fyrirmyndar, góða fjárhagsstöðu og gott utenumhald um fjármálin. Þá tók hann undir með Guðriði varðandi #meetoo byltinguna og hlutverk/ábyrgð íþróttahreyfingarinnar í þeim málaflokki.

Að lokum heiðraði hann tvo félagasem heiðursmerkjum ÍSÍ: Fanney Ólafsdóttir Umf. Þjótanda hlaut silfurmerki ÍSÍ og Örn Guðnason varaformaður UMFÍ hlaut gullmerki sambandsins. Örn Guðnason varaformaður UMFÍ: Hann gerði #meetoo byltinguna einnig að umtalsefni og mikilvægt að útrýma kynbundnu ofbeldi úr íþróttahreyfingunni. Örn sagði frá því helsta sem er á döfinni innan UMFÍ. Örn afhenti þeim Jóhönnu Margréti Hjartardóttur Umf. Þór Þorlákshöfn, Þorbjörgu Vilhjálmsdóttur, íþróttafélaginu Suðra og Árna Þór Hilmarsyni Umf. Hrunamanna starfsmerki UMFÍ. Þá hlaut Jón M. Ívarsson Umf. Þjótanda gullmerki UMFÍ fyrir óeingjarnar starf í þágu íþróttu- og félagsstarfa á sambandsvæði HSK. Gísli Páll Pálsson fyrrum formaður HSK: Hann hrósaði stjórnarmönnum fyrir glæsilegan ársreikning en ekki síður glæsilegt starf á vettvangi íþróttanna á árinu 2017, einkum glæsilegt landsmót 50+. Gunnsteinn Ómarsson: Bauð gesti velkomna til Þorlákshafnar og óskaði þingfulltrúum góðs og árangursríks þings. Minntist hann á Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður í Þorlákshöfn næsta sumar. Guðmundur Kr. Jónsson nýkjörinn heiðursformaður HSK: Hann þakkaði góða ársskýrslu og gott starf. Hann þakkaði Engilbert sérstaklega fyrir hans störf í þágu sambandsins. Eins og fyrri ræðumenn minntist hann á #meetoo byltinguna og mikilvægt hlutverk íþróttahreyfingarinnar í þessu sambandi.

Ástþór Jón Tryggvason úr ungmennaráði UMFÍ flutti kynningu á landsmótunum sem fara fram á vegum Ungmennafélags Íslands nk. sumar.

Kjörréttarfundur voru borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða 43 kjörréttum skilað, 17 félög skiluðu

í þessum hluta ársskýrslunnar verður greint frá nokkrum af þeim þingum, fundum og ráðstefnum sem HSK hefur staðið fyrir eða forystan hefur sótt. Listinn er ekki tæmandi.

ekki kjörréttum. Alls var skilað kjörréttum fyrir 94 þingfulltrúa. Einnig voru ársreikningar bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða. Formaður kjörréttarnefndar bar upp tillögur að nefndarskipan og greind frá formönnum nefnda: Fjárhagsnefnd: Ásta Laufey Sigurðardóttir, form. Íþr.f. Dímonar, allsherjarnefnd: Dýrfinna Sigurjónsdóttir, Umf. Selfoss, laga- og reglugerðarnefnd: Formaður Jóhanna Hlökkversdóttir, form. Íþr.f. Garps og form. Umf. Merkihvols, íþróttarnefnd: Formaður Guðmunda Ólafsdóttir, form. Umf. Þjótanda og form. Frjálsíþróttaráðs HSK. Formaður HSK gerði grein fyrir tillögum frá stjórn. Tillögur um formenn nefnda og tillögur formanns í nefndir var samþykkt samhljóða.

Sleifarkeppnin hefur verið haldin frá 1966. Var það Rut Stefánsdóttir sem sá um keppnina í ár. Sigurvegari sleifarkeppinnar var Svanur Bjarnason Golfklúbbs Selfoss.

Hádegisverður var síðan í boði sveitarfélagsins Ölfuss. Guðriður formaður færði Ragnarí M. Sigurðssyni íþróttu- og æskulýðsfulltrúa Ölfuss þakklætisvott frá HSK fyrir veittan stuðning með aðstöðu og mat fyrir þinggesti. Nefndarstörf gengu vel fyrir sig og stóðu í rúma klukkustund. Að loknum nefndarstörfum og afgreiðslu tillagna þingsins, var gengið til kosninga. Tillögur að nefndar- og stjórnarskipan HSK árið 2017 voru samþykktar samhljóða.

Veittar voru viðurkenningar íþróttamönnum hverrar greinar. Íþróttamaður HSK 2017 var Egill Blöndal júlóðamaður úr Umf. Selfoss. Öðlingur ársins var Kjartan Kjartansson Íþr.f. Hamrí. Einnig voru veittar viðurkenningar: unglingsbikar HSK: Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss, foreldrarstarfsbikar HSK: Fimleikadeild Umf. Hamars og stigahæsta félagið: Ungmennafélag Selfoss. Í kaffihléinu var tilkynnt um matmann þingsins og var það Guðmundur Jónasson Umf. Heklu.

Nokkrir aðilar tóku til máls undir liðnum önnur mál: Guðmunda Ólafsdóttir kynnti gögn sem til eru á Héraðsskjalasafni Árnesinga sem tilheyra ungmennafélagshreyfingunni. Einar Magnússon starfsmaður á Héraðsskjalasafninu á Skógum hvetur Rangæinga til að koma gögnum í vörslu safnsins. Einar tekur undir það sem fram hefur komið að félög fyrir austan ættu að skoða sameiningar vegna smæðar félaganna. Örn Guðnason varaformaður UMFÍ minnti á það að ungmennafélagshreyfingin nýtur góðs af tekjum af lottói og getraunum og hvetur fólk til að taka þátt í þessum leikjum. Jón M. Ívarsson talaði um hve mikil samstaða ríkti á þinginu umfram það sem stundum hefur verið. Hann hvatti áfram til ungmennafélagsstarfs og ítrekaði hve mikið það gefur að taka þátt í starfi sem þessu. Guðmundur Kr. þakkaði ráfrarandi stjórn og óskaði nýrri til hamingju. Ræddi lítillega um fjármál. Jákvætt að lækka skattinn sem félögin greiða, meira megi setja í Verkefnasjóðinn og hvatti fólk til að sækja um. Ræddi einnig um styttingu þings og breytta tíma í þessu samhengi. Þakkaði að lokum gott þing og óskaði fólki góðrar heimferðar.

Guðriður Aadnegard formaður HSK þakkaði traustið og bauð nýtt fólk velkomið til starfa í stjórn. Hvatti til þátttöku á landsmótunum. Að lokum þakkaði hún þingfulltrúum og starfsmönnum fyrir þeirra hlut í þinginu. Hún óskaði fólki góðrar heimferðar um leið og hún sleit 96. þingi HSK kl. 16:15.

Anný Ingimarsdóttir, ritari HSK

Vorfundur UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn á Sauðárkróki dagana 4. – 5. maí 2018. Á vorfundinn mættu fulltrúar sambandsaðila UMFÍ ásamt starfsfólki. Á föstudeginum kynntu þau Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ og Ómar Bragi Stefánsson framkvæmdastjóri móta UMFÍ mótahald sumarsins, þ.e. landsmótið á Sauðárkróki og Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn.

Á laugardeginum fóru vorfundargestir um Sauðárkrók, skoðuðu bæinn, Landsmótssvæðið og tjaldstæðin ofan við bæinn.

Fulltrúar HSK á fundinum voru Guðríður Aadnegard formaður HSK og Guðrún Tryggvadóttir, sumarstarfsmaður HSK og formaður unglíngalandsmótsnefndar HSK vegna þátttöku HSK á Unglingalandsmótinu 2018.

Sambandsráðfundir UMFÍ

Tveir sambandsráðfundir UMFÍ voru haldnir á árinu 2018. Guðríður Aadnegard formaður HSK var fulltrúi HSK á sambandsráðsfundi sem haldinn var í Garðabæ 13. janúar 2018. Eina málið á dagskrá var um fjöllum um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ.

Guðríður Aadnegard formaður HSK og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri voru fulltrúar HSK á Sambandsráðsfundi UMFÍ sem haldinn var á Ísafirði 20. október 2018.

Í setningarræðu fundarins ræddi Haukur F. Valtýsson formaður UMFÍ m.a um mótahald UMFÍ, forvarnir, lýðheilsu og #meetoo byltinguna. Veitt voru hvatningarverðlaun UMFÍ og þau hlaut UMSK fyrir nýsköpun og nýjungar í starfi á undanförunum árum.

Ársreikningur UMFÍ var samþykktur samhljóða á fundinum, en fjárhagur UMFÍ er traustur og varð um 11 milljón króna hagnaður af starfsemi á síðasta ári.

Nokkrar tillögur voru lagðar fram og samþykktar á fundinum, þar á meðal tillaga frá HSK um fjármögnun landsmótsalds UMFÍ. Þá var samþykkt tillaga sem heimilast stjórn UMFÍ að kanna möguleika á að selja núverandi skrifstofuhúsnæði UMFÍ, fáist viðunandi verð fyrir.



Fundarfólk á sambandsráðsfundi UMFÍ á Ísafirði.

Fram kom á fundinum að næsta þing UMFÍ verður haldið á Laugabakka í Miðfirði dagana 13. – 14. október 2019.

Formannafundur ÍSÍ

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn 16. nóvember 2018 í Laugardalshöllinni. Ríflega 100 manns sóttu fundinn. Fulltrúar HSK á fundinum voru Guðríður Aadnegard formaður og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri.

Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ setti fundinn og ávarpaði fundargesti. Hann ræddi þau verkefni sem á borði hreyfingarinnar hafa verið undanfarið ár, ýmsar áskoranir í starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar og þróun og framtíð í skipulagsmálum íþróttar.

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ flutti skýrslu stjórnar og Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ fór yfir fjárhagslegar upplýsingar. Framkvæmdastjórn lagði þrjú mál fyrir Formannafund til kynningar

og umræðu. Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ fór yfir stöðu mála varðandi #églika, Anna Þórdís Rafnsdóttir stjórnendaráðgjafi frá Advania fór yfir skyldur og verkefni íþróttahreyfingarinnar vegna nýrra laga um persónuvernd (GDPR) og Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ ræddi ýmis mál er varða starfsemi íþróttafélaga og lagaumhverfi hreyfingarinnar.

Góðar umræður urðu á fundinum, meðal annars um þjóðarleikvanga, aðstöðumál sambandsaðila, skyldur sambandsaðila og fleiri hagsmunamál er brunnu á fundargestum.

Að loknum fundi bauð ÍSÍ fundargestum til kvöldverðar í Café Easy.

Formannafundur HSK

Um 30 manns mættu á formannafund HSK sem haldinn var í Selinu á Selfossi 20. nóvember 2018. Formenn og framkvæmdastjórnar aðildarfélaga HSK, stjórn HSK og formenn nefnda og sérráða HSK voru boðaðir á fundinn.

Guðríður Aadnegard formaður setti fundinn og í framhaldinu sagði Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri frá uppgjöri Unglingalandsmóts 2018 og útgáfu á heimildarmynd um landsmót UMFÍ á sambandssvæðinu.

Því næst voru haldin fjögur mjög góð erindi um ákveðin málefni. Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ sagði frá aðgerðum hreyfingarinnar varðandi #metoo. Elías Atlason starfsmaður ÍSÍ fjallaði um ný persónuverndarlög og til hvers væri ætlast af félögum og deildum.

Valdimar Gunnarsson framkvæmdastjóri UMSK sagði frá þeim styrkjum sem UMSK hefur fengið að undanförunu og nefndi þá styrktarsjóði sem hreyfingin getur sótt í. Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ hafði framsögu um mótahald UMFÍ og hvert skal stefna í þeim efnum.

Í lok fundar þakkaði fundarstjóri gestum fundarins fyrir fróðleg og góð erindi. Fundarfólk virtist vera mjög ánægt með fundinn. Þess má geta að formannafundur HSK var síðast haldinn árið 2003.

Þing sérsambanda

Fulltrúar frá Héraðssambandinu Skarphéðni sátu fjölmörg þing sérsambanda á árinu. Sambandið á fulltrúa í stjórnnum nokkurra sérsambanda. Jason Ívarsson úr Umf. Þjótanda er formaður Blaksambandsins. Ólafur Oddur Sigurðsson,

Stjórnarfundir HSK

Stjórn HSK fundaði sjö sinnum á milli héraðsþinga og hér að neðan eru upplýsingar um dagsetningar stjórnarfundar og mætingar stjórnarmanna. Stjórnarfundirnir voru haldnir í Selinu á Selfossi. Formaður, gjaldkeri og ritari voru kosnir í framkvæmdastjórn á fundi stjórnar þann 9. apríl. Guðmundur Kr. Jónsson heiðursformaður HSK mætti á fyrsta fund stjórnar eftir héraðsþing. Framkvæmdastjórnin fundaði tvisvar á starfsárinu. Fundargerðir stjórnar eru á www.hsk.is.

Mætingar á stjórnarfundum HSK 9. apríl 2018 – 12. febrúar 2019

	9/4	4/6	30/8	4/10	20/11	15/1	12/2
Guðríður	x	x	x	x	x	x	x
Guðmundur		x	x	x	x	x	x
Helgi	x	x	x	x	x	x	
Anný	x	x		x			
Baldur Gauti Gestur	x	x		x	x		
Olga	x		x		x	x	
Jón Þröstur	x				x		
Engilbert	x	x	x	x	x	x	x

Mætingar á framkvæmdastjórnarfundum HSK

	2/5	30/10
Guðríður	x	x
Anný	x	x
Guðmundur	x	x
Engilbert	x	x

glímukappi úr Umf. Laugdæla, sem verið hefur formaður Glímusambandsins undanfarin ár, gaf ekki kost á sér til endurkjörs á þingi GLÍ í febrúar 2018.

Kynningarfundur vegna persónuverndarlöggjafar

Ný persónuverndarlöggjöf (GDPR) hefur tekið gildi á Íslandi. Með tilkomu hennar eru lagðar nýjar skyldur og kröfur á félagasamtök og fyrirtæki og er íþróttahreyfingin ekki þar undanskilin.

ÍSÍ stóð fyrir kynningarfundum um þetta málefni í Selinu á Selfossi 21. ágúst 2018. Markmiðið með þessum kynningarfundum var að fara yfir það helsta sem þarf að huga að með tilkomu nýja persónuverndalaga og að gera íþróttahéruðum og aðildarfélögum tilbúin til búa til sýna vinnsluskrá og verkefni tengd henni.

Kynnisferð til Danmerkur

Um miðjan október 2018 fór fimmtán manna hópur frá Umf. Selfoss, HSK, UMFÍ, Golfklúbbi Selfoss og Sveitarfélaginu Árborg í heimsókn til Aarhus í Danmörku. Heimsóknin var liður í evrópsku samstarfsverkefni þar sem löndin heimsækja hvort annað.

Meginmarkmið verkefnisins er að fá nýjar hugmyndir og aðferðir til að vinna með ungu fólki í íþróttum, m.a. til að draga úr brottfalli og fá fleiri börn til að stunda íþróttir. Einnig að bæta gæði í starfi og gera það skilvirkara, ásamt því að byggja brýr milli sambærilegra stofnana í Aarhus og Árborg (Selfossi) til frekari samskipta og aukinnar þekkingar.

Stífdagskrá var allaferðinameðfjöldi fyrirlestra um ýmislegt er tengist starfi DGI Østjylland (sambærilegt HSK) og aðildarfélagi þess. Íþróttamannvirki og stofnanir voru heimsóttar og fulltrúar íþróttageina fengu kynningar hjá sambærilegum félögum í



Þátttakendur í kynnisferð til Danmerkur.

Aarhus. Engilbert Olgeirsson var fulltrúi HSK í ferðinni til Danmerkur.

Seinni liður verkefnisins var svo á dagskrá í lok nóvember 2018, en þá komu Danirnir í heimsókn á Selfoss. Þeir fengu kynningu á störfum HSK, Umf.


Selfoss, Sveitarfélagsins Árborgar og íþróttakademía FSu. Þá fóru þátttakendur í heimsókn til UMFÍ og ÍSÍ, auk þess að fara í skoðunarferð um Suðurland.

Allur kostnaður vegna verkefnisins var greiddur með Erasmus+ styrk frá Evrópu unga fólksins.

Heildarstigatafla HSK 2018

Umf. Selfoss sigraði í heildarstigakeppni HSK fyrir árið 2018, líkt og í fyrra. Selfoss hlaut 154,5 stig, Dímon varð í öðru sæti með 153 stig og Hekla varð í þriðja sæti með 114 stig.

Roð félaga 2018	Badminton, héraðsmót	Badminton, unglingsmót	Blak, héraðsmót karla	Blak, héraðsmót kvenna	Blak, héraðsmót drengja	Blak, héraðsmót stúlkna	Blak, hraðmót karla	Blak, hraðmót kvenna	Borðtennis, héraðsmót	Bridds, vímenningur	Bridds, sveitakeppni	Frjálsíþróttir, héraðsmót innanh.	Frjálsíþróttir, unglingsmót innanh.	Frjálsíþróttir, aldursflokkamót innanh.	Frjálsíþróttir, héraðsmót utanh.	Frjálsíþróttir, unglingsmót utanh.	Frjálsíþróttir, aldursflokkamót utanh.	Glima, héraðsmót stúlkna	Glima, héraðsmót drengja	Glima, héraðsmót karla	Glima, héraðsmót kvenna	Íþróttir fatlaðra, héraðsmót	Judo, héraðsmót 11 - 14 ára	Skák, héraðsmót 16 ára og yngri	Skák, sveitakeppni	Starfsíþróttir, héraðsmót	Sund, aldursflokkamót	Sund, unglingsmót	Sund, héraðsmót	Taekwondo, héraðsmót 13 ára og eldri	Taekwondo, héraðsmót 12 ára og yngri	stig samtals
1. Umf. Selfoss									7	10		10	10	10	10	10							10	9	8,5	10	10	10	10	10	10	154,5
2. Íþr.f. Dímon	8	8	6	4,5	9	9	6	5	10	7,5			3	6	4	4	4	10	10		8				6	8	8		9			153
3. Umf. Hekla			4,5	10	10		5	9	7,5			8	7	7	5	8									7	10			7	9		114
4. Íþr.f. Hamar	10	10	9	10		10	7																			9	9	9				83
5. Umf. Þjótandi												9	9	8	9	8	5	9	9	10						7						83
6. Íþr.f. Garpur								8				7	6	5	5,5		7	8		9	9					8,5						73
7. Umf. Þór	9	9										8	5	4	8	9	6							10								68
8. Umf. Hrunamanna			10	8			9	5				2	9	5,5	7	9																64,5
9. Umf. Laugdæla			7	7			8	9				4	3			3	7			10												58
10. Íþr.f. Suðri																						10							8	8		26
11. Umf. Biskupstungna												7		3	6				8													24
12. Umf. Eyrarbakka										9																						9
12. Íþr.f. Gnýr																						9										9
14. Umf. Gnúpverja																									8							8
15. Umf. Hvöt										6																						6
16. Golfkl. Flúðir										4,5																						4,5
16. Golfkl. Hveragerðis										4,5																						4,5



TAKK FYRIR

frábært Unglingalandsmót
í Þorlákshöfn í sumar!

ÖLFUS

- hamingjan er hér

olfus.is

Samstarfsverkefni:

Félagsmiðstöðin Sel 2018

Á síðasta ári sátu í húsnefnd Selsins eftirtaldir aðilar og skiptu þannig með sér verkum:

Árni Þorgilsson frá HSK formaður
Hjördís Leósdóttir frá KS gjaldkeri
Kristín Dagbjartsdóttir frá SSK ritari

Aðalfundur Selsins var haldinn 26. febrúar 2018 í Selinu. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, en stjórnarmenn ræða saman í síma ef og þegar ástæða þykir til. Framkvæmdastjóri HSK hefur séð um útleigu á salnum, hvort sem það er fyrir aðstöðu til lengri tíma eða litla kvöldfundi og skráir auk þess alla fundi sem eignaraðilarnir nota salinn til fundarhalds eða námskeiða. Mikil aukning hefur orðið á útleigu salarins og má kannski heimfæra það á miklar framkvæmdir innanhúss síðustu ár. Framkvæmdir innanhúss á árinu voru þær að skipt var um ljós á salerni og borð og stólar voru keypt til að hafa í anddyri. Kvenfélögin innan SSK hafa skipst á um að sjá um allsherjarþrif á eldhúsinu einu sinni á ári og halda áhaldaskrá yfir alla innanstokksmuni í eldhúsinu.

Að lokum vill húsnefnd Selsins þakka öllum notendum þess samstarfið sem og öðrum er komið hafa að rekstri þess og aðhlyningu á síðastliðnu ári.

Árni Þorgilsson

Felixskýrslu þarf að skila árlega

Samkvæmt 8. grein í lögum ÍSÍ skulu allir sambandsaðilar, íþróttafélög, íþróttahéruð og sérsambönd skila skýrslu inn eigi síðar en 15. apríl ár hvert.



„Fyrir 15. apríl árlega skulu sambandsaðilar ÍSÍ senda framkvæmdastjórn ÍSÍ starfskýrslur síðasta árs í tölvuskrá samkvæmt forriti sem ÍSÍ leggur til ásamt félag- og iðkendatali síðasta starfsárs. Aðili, sem ekki skilar skýrslum í tæka tíð missir rétt til þátttöku í íþróttþingi, svo og í opinberum íþróttamótum þar til skýrslum hefur verið skilað eða samið við framkvæmdastjórn um stuttan frest til þess. Við beiðingu þessarar greinar skal leitast við að refsingu sé beitt gagnvart þeim aðila, deild, félagi eða sambandi sem ábyrgð bera á því að skýrslu er ekki skilað.“

Í starfskýrslum eru upplýsingar um félagsmenn,



Guðmundur Kr. Jónsson heiðurformaður HSK og stjórnaði samkomunni og Guðrjúður Aadnegard formaður HSK afhenti fyrsta diskinn til þeirra sem unnið hafa að verkefninu. Þau eru Marteinn Sigurgeirsson, Kristinn Bárðarson, nefndarmaður í minjanefnd knattspyrnudeildar UMF. Selfoss, nefndarfolk í sögu- og minjanefnd HSK, þau Kjartan Lárusson, Þorgeir Vigfússon og Lísa Thomsen og Jón M. Ívarsson sagfræðingur.

Útgáfu heimildarmyndar um landsmót UMFÍ fagnað

Héraðssambandið Skarphéðinn ákvað nokkru eftir landsmótið á Selfossi 2013 að gera heimildarmynd um Landsmót UMFÍ sem haldin hafa verið á sambandsvæði HSK. Þau eru Haukadalur 1940, Hveragerði 1949, Þingvellir 1957, Laugarvatn 1965 og 1994 og Selfoss 1978 og 2013.

Marteinn Sigurgeirsson kvikmyndagerðarmaður frá Selfossi hefur nú lokið við gerð myndarinnar. Í myndinni er lögð áhersla á að spegla tíðarandann og þær miklu breytingar sem hafa orðið. Einnig þá miklu sjálfböðavinnu sem og þann mikla félagsanda sem einkennir mótin. Rætt er við fjölda keppenda

og sjálfböðaliða. Þá er fjallað um fjölbreytt lista- og menningarlíf sem tengist þróttmiklu íþróttastarfi.

Útgáfu heimildarmyndarinnar var fagnað á Hótel Geysi í Haukadal 17. nóvember 2018 og þangað mættu rúmlega 50 manns. Hluti myndarinnar var sýndur og gestir nutu veitinga sem voru í boði Hótel Geysis. Það fór vel á því að fagna þessum tímamótum í Haukadal, en á þeim stað voru landsmótin endurvakin árið 1940.

Heimildarmyndin hefur verið fjölfölduð á DVD mynddiska og býst fólki að kaupa mynddiskinn. Diskurinn verður til sölu á skrifstofu HSK og á Sunnlenska bókaaffinu á Selfossi.

iðkendur eftir íþróttagreinum, stjórnarmenn og lykiltölur úr ársreikningi. Haldið er utan um þessar upplýsingar fyrir hvert ár, þannig að hægt er að vinna tölfraði úr þessum gögnum og gera samanburð milli ára. Upplýsingarnar eru m.a. mælikvarði á stærð og þróun íþróttagreina og héraða og hefur áhrif á fulltrúafjölda á þingum innan sérsambanda. Þess vegna er afar mikilvægt að senda frá sér áreiðanlegar upplýsingar til að byggja á. Ítarlegar leiðbeiningar um starfskýrsluferlið eru á heimasíðu ÍSÍ.

Starfskýrslan skiptist í þrennt: Félagatal (félagar og iðkendur).

Ársreikning fyrir síðastliðað ári.

Nýjustu upplýsingar um stjórnarsetu í félaginu og deildum þess.

Öll aðildarfélög HSK sendu inn felixskýrslu á árinu. Níu þeirra skiluðu ekki fyrir 15. apríl 2018.

Getraunir – skemmtilegur leikur

Íslenskar getraunir er fyrirtæki í eigu íþróttahreyfingarinnar. Reksturinn skiptist á milli tveggja leikja, annarsvegar er sala á getraunaseðlum þar sem hægt er að tippa á 13 rétta á Enska getraunaseðilinn sem er á laugardögum og svo

HSK mót í greinum sem ekki hafa starfandi nefndir hjá HSK



HSK-mót fyrir 11 ára og yngri í júdó

Þann 8. desember 2018 var HSK-mót fyrir 11 ára og yngri í júdó haldið í Sandvíkursalnum á Selfossi og sá judódeild UMF. Selfoss um framkvæmd mótsins. Keppt var í aldursfloknum og var keppendum einnig skipt í þyngdarflokka. Margir keppendur voru að keppa á sínu fyrsta móti og stóðu sig allir með mikilli þryði. Æfingar hjá judódeild UMF. Selfoss eru komnar á fullt eftir áramót og enn eru laus pláss á öll námskeið hjá deildinni. Myndir frá mótinu eru á www.hsk.is.



HSK mótið í taekwondo

HSK mótið í taekwondo var haldið í Íþróttahúsinu Baulu við Sunnulækjarskóla 9. desember 2018. Keppt var í þremur greinum á mótinu, í formi, bardaga og þrautabraut. Mótið fór mjög vel fram og kepptu keppendur frá fjórum aðildarfélögum HSK á mótinu. Flestir voru frá Selfossi, en einnig frá Heklu, Dímon og Suðra. Gaman var að sjá keppendur frá Suðra, en þetta mun vera í fyrsta skipti að keppendur frá félagi fatlaðra á Suðurlandi taka þátt í taekwondomóti sambandsins. Úrslit og myndir frá mótinu eru á www.hsk.is.

Evrópska getraunaseðilinn sem er á miðvikudögum og sunnudögum. Auk þess rekur fyrirtækið Lengjuna og Lengjan beint en þar er hægt að típpa á úrslit einstakra íþróttakapleikja. Alla leikina má finna á vefnum undir 1X2.is eða á næsta sölustað.



Pétur Hrafn Sigurðsson.

Litla gula hænna

Þar sem fyrirtækið er í eigu íþróttahreyfingarinnar er markmið þess að skila öllum hagnaði til hreyfingarinnar. Úthlutunarreglur á hagnaði til íþróttafélaganna eru frekar einfaldar og má segja að þær taki mið af sögunni um Litlu gulu hænuna. Þau félög sem taka þátt í að selja getraunaseðla og kynna getraunanúmerið sitt, fá meira í sinn hlut en þau sem það gera ekki.



Allir geta verið með

Íslenskar getraunir hafa útbúið sölukerfi sem er til staðar fyrir þau íþróttafélög sem vilja taka að sér sölu á getraunaseðlum. Kerfið er á netinu og afar einfalt í notkun. Auðvelt er að selja getraunaseðla í gegn um kerfið og enn einfaldara er að halda utanum úrslit og útborganir vinninga þar sem það er allt sjálfvirk t dag. Þau félög sem áhuga hafa á að taka upp getraunastarf fá alla aðstoð til þess hjá starfsmönnum Getspár/Getrauna. Það er alls ekki nauðsynlegt að hafa þekkingu á getraunum. Miklu heldur að hafa áhuga á félagsstarfi og hafa gaman. Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður og hægt er að hafa samband með tölvupósti til phs@getspa.is.

Pétur Hrafn Sigurðsson,
deildarstjóri Getraunaeildar

Metár í lottóinu í ár

Alls voru heildarlottóteklar inn á HSK svæðið árið 2018 kr. 29.989.087 og hafa aldrei verið meiri. Tekjuaukningin er m.a. vegna aukagreiðslu frá UMFÍ, sem kom til vegna góðrar rekstrarafkomu Getspár. Til samanburðar voru lottóteklar árið 2017 kr. 28.767.749, 2016 kr. 26.423.014, 2015 kr. 22.500.290, árið 2014 kr. 23.017.220, árið 2013 kr. 19.830.402, árið 2012 kr. 19.163.011, árið 2011 kr. 15.480.189, árið 2010 kr. 14.942.890 og árið 2009 kr. 12.790.362.



Lottóteklar HSK koma bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, en heildarsamtökin greiða lottóid út samkvæmt ákveðnum reglum sem samþykktar hafa verið á þingum samtakanna. Framlag ÍSÍ árið 2018 var kr. 11.972.794 og frá UMFÍ kr. 18.016.293.

Samkvæmt reglugerð um lottóúthlutun HSK rennur 8% í Verkefnasjóð HSK, 20% til HSK og 72% til aðildarfélaga og sérráða.

Skipting milli félaga og ráða:

A. 25% eftir fjölda mættra fulltrúa á HSK þingi.

B. 15% eftir fjölda félaga, 16 ára og eldri. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í.

Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkendaátölum.

C. 60% eftir fjölda félaga 7 til 15 ára. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í.



HSK vann svokallaðan perlubikar, en fjöldi fólks tók þátt í þessari fjáröflun.

Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkendaátölum.

Forsendur fyrir skiptingu milli félaganna:

a) Starfi félag og sérráð ekki samkvæmt lögum HSK kemur það ekki til greina við úthlutun. Félag og sérráð skal halda aðalfund ár hvert og skila starfsskýrslu fyrir síðastliðið starfsár, sbr. 13. gr. laga HSK. Ef misbrestur verður á þessu rennur lottóúthlutun félagsins í Verkefnasjóð HSK.

b) Vegna reglu 2A, þarf fulltrúi að vera mættur við afgreiðslu kjörbréfa og sitja meirihluta þingtímans til að teljast hafa mætt á HSK þing.

c) Fjórir úthlutunardagar verða á hverju ári: 1. maí, 1. ágúst, 1. nóvember og 31. desember. Á hverjum úthlutunardegi verður öllu því lottófé úthlutað sem borist hefur frá síðustu úthlutun.

Mikilvægt er að allir félagsmenn í hreyfingunni standi vörð um þessa gjöfulu tekjulind hreyfingarinnar, sem þarf að takast á við aukna samkeppni, m.a. frá erlendum leikjum á netinu.

Sunnlendingar eru hvattir til að taka þátt í lottóinu í hverri viku og styðja um leið starf ungmennafélags- og íþróttahreyfingarinnar, auk Öryrkjambandalagsins. Hægt er að kaupa áskrift á www.lotto.is.

Hreyfivika UMFÍ á Suðurlandi

Það var víða mikil og skemmtileg dagskrá í Hreyfiviku UMFÍ á Suðurlandi dagana 28 maí – 3. júní 2018. Viðburðirnir voru margir og fjölbreyttir og fundu flestir sem tóku þátt eitthvað við sitt hæfi. Það er einmitt markmið Hreyfiviku UMFÍ að fólk finni sína uppáhalds hreyfingu og stundi hana reglulega.

Þetta er sjöunda árið sem UMFÍ stendur fyrir Hreyfivikunni en það eru boðberar hreyfingar víða um land sem smita gleðina út frá sér og hrífa þátttakendur með sér. Boðberarnir eru drifkrafturinn og hafa gríðarlega jákvæð áhrif á aðra. Án þeirra væri Hreyfivikan ekki til.

Heilsuefandi samfélag í Bláskógarbyggð tók þátt í vikunni í ár af fullum krafti og bauð upp á viðburði víða í sveitarfélaginu með aðstoð dyggra boðbera. Þar á meðal var fjallahjóliferð á Laugarvatni en í henni veitti Smári Stefánsson grunnfræðslu um fjallahjólataekni. Sjómannafélag Laugarvatns bauð upp á bátsferðir þar sem þátttakendur fengu að taka í árar og njóta blíðunnar á vatninu.

Ungmennafélagið Framtíðin bauð upp á glæsilega dagskrá alla dagana í Hreyfivikunni og fjölbreytnin var mikil. Allt frá ruslatínsu yfir í haf jóga á ströndinni með gong slökun. Einnig var fjölbreytt dagskrá á Kirkjubæjarklaustri, Hvolsvelli, Hellu, Flúðum og fleiri stöðum.

Þau eru líka mörg sem hafa áhuga á ljósmyndun úti í náttúrunni. Það getur verið vandi. Ívar Sæland ljósmyndari leysti úr vanda þeirra en hann bauð upp á ljósmyndagöngu og kenndi áhugasömum grunntækni við ljósmyndun úti við. Viðburðurinn var frábær og sýnir og sannar að það rúmast allt í Hreyfiviku UMFÍ. Ívar sameinaði líka það sem Hreyfivikan gengur út á, að gera hreyfingu skemmtilega svo fólk njóti hennar. Ívar bætti hér gagnseminni við enda má búast við að þátttakendur gangi nú út um allar koppagrunDIR með myndavélina á lofti og njóti útverunnar um leið.

Tveir vinnustaðir unnu til verðlauna í verkefninu Hjólað í vinnuna 2018

Tveir vinnustaðir á sambandssvæði HSK unnu til verðlauna í verkefninu Hjólað í vinnuna 2018. Íþróttamiðstöðin í Reykholti varð í fyrsta sæti í flokki vinnustaða með 3 – 9 starfsmenn og Efnalaug Suðurlands varð í þriðja sæti.

Alls voru 353 vinnustaðir sem skráðu 791 lið til leiks með 4.243 liðsmenn og 263 lið skráðu sig til leiks í kílómetrakeppnina. Alls voru hjólaðir 254.603 km eða 190,14 hringir í kringum landið.

Ferðamáti var í 84,5% á hjóli, 7,6% gangandi, 5% strætó/gengið, 0,7% hlaup, 0,3% samferða/gengið, 0,2% strætó/hjólað og annað 0,1%.

Nánari upplýsingar um keppnina er hægt að nálgast á www.hjoladivinnuna.is.

HSK sigraði í keppninni um Perlubikarinn

Héradssambandið Skarphéðinn sigraði í keppninni um Perlubikarinn sem Kraftur stóð fyrir í sumar. Þar voru íþróttahéruð, íþróttafélög, sveitar- og bæjarfélög hvött til að etja kappi í perlu armbanda í þágu Krafts.

HSK hafði vinninginn en Sunnlendingar peruðu 2.308 armbönd á fjórum tímum í Sunnulaekjarskóla þann 20. júní 2018. Í öðru sæti urðu Akureyringar, sem peruðu 2.302 armbönd og íþróttafélagið Breiðablik varð í þriðja sæti.

Kraftur stóð fyrir keppninni Perlubikarinn í sumar þar sem íþróttafélög, sveita- og bæjarfélög voru hvött til að etja kappi í perlu armbanda í þágu félagsins. Viðburðir voru víðsvegar um land. Alls tóku ellefu íþróttafélög/héruð og sveitafélög þátt í keppninni.

Yfir 18.000 armbönd voru peruð í Perlubikarunum og eru þau öll seld til styrktar Krafti, stuðningsfélagi ungs fólk sem greinst hefur með krabbamein og rennur allur ágóði armbandanna til Krafts.

Armbönd til styrktar Krafti er hægt að kaupa á vefsíðu félagsins www.kraftur.org.

Ýmsar upplýsingar:

Lög Héraðssambandsins Skarphéðins

1. gr.

Sambandið heitir Héraðssambandið Skarphéðinn, skammstafað HSK.

2. gr.

Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt 3. grein sambandslaga UMFÍ og 4. grein laga ÍSÍ.

3. gr.

Sambandssvæðið er Árnes- og Rangárvallasýslur.

4. gr.

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við lög og stefnuskrá HSK, UMFÍ og ÍSÍ.

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, félagskrá og hverjir skipi stjórn þess. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki héraðsþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta héraðsþings.

5. gr.

Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmat að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSK, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

6. gr.

Aðildarfélögum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.

Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfsskýrslu á forriti sem ÍSÍ og UMFÍ leggur til. Félögum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvörum.

Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfallingu félaga samkvæmt þessari grein. Óski félag sem fellt hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.

7. gr.

Héraðsþing skal háð fyrir lok mars ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflaga með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem stjórn leggur fyrir héraðsþing skulu send til aðildarfélaga og sérráða með minnst viku fyrirvara.

Hvert félag tilnefnir fulltrúa á héraðsþing þannig að fyrir 1–200 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, frá 201–400 tvo fulltrúa, frá 401–700 þrjú fulltrúa, 701–1000 fjóra fulltrúa o.s.frv. Fulltrúafjöldi félaga miðast við félagatal síðastliðins starfsárs. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert.

8. gr.

Héraðsþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og semur fjárhagsáætlun næsta árs. Það kys fimm í stjórn: formann, ritara, gjaldkera, varaformann og einn meðstjórnandi. Héraðsþing kys þrjú menn í varastjórn og tvo endurskoðendur. Heimilt er að kjósa starfsnefndir til að annast ýmis mál sem héraðsþing og stjórn kann að fela þeim. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ. Heimilt er stjórn að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að kalla saman aukabætur ef hún telur þess þörf, en það er skylt ef þriðjungur aðildarfélaga óskar þess. Aukabætur skal skipað á sama hátt og næsta héraðsþing á undan og miðast fulltrúafjöldi hvers félags við það félagatal þeirra sem gilti á næsta reglulega héraðsþingi á undan. Til aukabætur skal boðað bréflaga með a.m.k. viku fyrirvara. Helstu fundarefna skal getið í fundarboði.

Á aukabætur má ekki gera laga- né leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn eða meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hafi sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hafi að eigin dómi orðið óstarfhæf.

10. gr.

Stjórn sambandsins ásamt formönnum aðildarfélaga, sérráða og nefnda er heimilt að koma saman til formannafundar ef stjórn og/eða aðildarfélög sjá ástæðu til. Ákvarðanir formannafundar eru bindandi fyrir stjórn og framkvæmdastjórn, enda brjóti þær ekki í bága við ákvarðanir héraðsþings.

11. gr.

Stjórn sambandsins er heimilt að stofna sérráð ef tvö eða fleiri félög hafa sömu íþróttgrein á stefnuskrá sinni. Ef meirihluti þeirra aðildarfélaga sem iðka viðkomandi grein óska þess skal stjórn HSK skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun sérráðs. Stjórn HSK boðar aðildarfélögin til stofnfundar sérráða. Stjórn sambandsins og viðkomandi sérsamband skulu staðfesta lög og lagabreytingar. Stofnun sérráða verður að fá staðfestingu héraðsþings HSK.

Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar HSK fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSK. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 27. – 29. grein laga ÍSÍ.

12. gr.

Heiðursformann Héraðssambandsins Skarphéðins má héraðsþing kjósa ef tveir þriðju af mættum þingfulltrúum eru samþykki því. Heiðursformaður HSK skal hafa rétt til að sitja fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Hafi hann þar málfrelsi og tillögurétt. Heiðursformaður HSK kemur fram fyrir hönd HSK við tækifæri sem formaður og stjórn kunna að fela honum.

13. gr.

Stjórn sambandsins annast framkvæmdir þeirra mála sem héraðsþing hefur samþykkt að framkvæma skuli. Hún staðfestir lög aðildarfélaga og fylgist með því að starfsemi þeirra fari fram samkvæmt gildandi lögum. Hún safnar skýrslum félaganna og sendir þær ásamt sambandsskatti til sambandsstjórnar UMFÍ og til stjórnar ÍSÍ. Hún innheimtir það fé, sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóðinn og fer með hann samkvæmt fjárhagsáætlun er héraðsþing hefur samið. Skylt er stjórninni að leggja fram á héraðsþingi glöggan reikning yfir tekjur og gjöld sambandsins og skal í sameiningu ábyrgjast sjóðinn. Endurskoðun skal lokið fyrir héraðsþing. Reikningsárið er almanaksárið.

Þá hefur stjórn eftirlit með störfum ungmennafélaga á sambandssvæðinu og einstakra nefnda, er starfa á vegum sambandsins, ennfremur á stjórnin að stuðla að þátttöku fólks í starfi aðildarfélaganna. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund meira en heilt ár frá tilsettum tíma skal stjórnin, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Félag telst ekki starfandi ef það heldur ekki aðalfund og skilar ekki starfsskýrslum ár hvert. Stjórnin semur skýrslu um störf sín og leggur hana fram ritaða á héraðsþingi, þannig að hún geti verið aðgengileg öllum er þingið sækja.

14. gr.

Stjórn fær endurgreiddan kostnað er hún kann að verða fyrir vegna starfa í þágu sambandsins. Dvalarkostnaður fulltrúa á héraðsþingi skal greiðast af viðkomandi félögum.

15. gr.

Hætti sambandið störfum skal af sjóði þess og öðrum skuldlausum eignum mynda sjóð, er beri nafn Skarphéðins og ávaxtist í viðskiptabanka sambandsins undir umsjá héraðsnefnda Árnes- og Rangárvallasýslu. Verði nýtt ungmennasamband stofnað á sambandssvæðinu innan 20 ára, rennur sjóðurinn óskertur til þess. Að þeim tíma liðnum skal nota sjóðinn til styrktar ungmenna- og íþróttafélögum á sambandssvæðinu. Gjörðabækur og önnur skjöl sambandsins skal afhenda héraðsskjalasöfnum Árnes- og Rangárvallasýslu til varðveislu. Verðlaunagripri og aðra minjagripri sambandsins skal afhenda héraðsbyggðasöfnum á sambandssvæðinu til varðveislu.

16. gr.

Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi. Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn tveimur vikum fyrir þingið. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til lagabreytinga. Í öðrum málum ræður afl atkvæða úrslitum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi eldri lög sambandsins.

(Síðast breytt á héraðsþingi 2017)

Aðildarfélagin og formenn félaga um áramót 2018

Akstursíþróttafélög:

Akstursíþróttafélag Hreppakappa
Torfærklúbbur Suðurlands

Sigurjón Snær Jónsson
Helga Katrín Stefánsdóttir

Berghyl, Hrunamannahreppi
Marbakkabraut 15, Kópavogi

Golfklúbbbar:

Golfklúbbur Ásatúns
Golfklúbbur Dalbúi
Golfklúbburinn Flúðir
Golfklúbburinn Geysir
Golfklúbbur Hellu
Golfklúbbur Hveragerðis
Golfklúbbur Kiðjabergs
Golfklúbbur Selfoss
Golfklúbburinn Tuddi
Golfklúbburinn Úthlíð
Golfklúbbur Þorlákshafnar
Golfklúbburinn Þverá
Golfklúbbur Öndverðarness

Sigurjón Harðarson
Bryndís Scheving
Árni Tómasson
Pálmi Hlökkversson
Óskar Pálsson
Össur Emil Friðgeirsson
Þórhalli Einarsson
Ástfríður M. Sigurðardóttir
Bjarni Magnússon
Þorsteinn Sverrisson
Guðmundur Baldursson
Viðir Jóhannsson
Knútur G. Hauksson

Rjúpnasölum 14, Kópavogi
Bæjargili 109, Garðabæ
Hraunbraut 20, Kópavogi
Breiðvangi 5, Hafnarfirði
Öldugerði 20, Hvolsvelli
Valsheiði 24, Hveragerði
Brúnastöðum 73, Reykjavík
Fagurgerði 10, Selfossi
Móbergi 2, Hafnarfirði
Melbæ 15, Reykjavík
Lýsubergi 16, Þorlákshöfn
Helliðshólum, Fljótshlíð
Álftamýri 63, Reykjavík

Hestamannafélög:

Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Háfeti
Hestamannafélagið Ljúfur
Hestamannafélagið Logi
Hestamannafélagið Sleipnir
Hestamannafélagið Smári
Hestamannafélagið Trausti

Ólafur Þórisson
Anna Linda Gunnarsdóttir
Hafþór Þorvaldsson
Freydís Örlýgsdóttir
Magnús Ólason
Hulda Hrönn Stefánsdóttir
Guðmundur Birkir Þorkelsson

Miðkoti, V-Landeyjum
Básahrauni 6, Þorlákshöfn
Dalsbrún 17, Hveragerði
Bjarkarbraut 20, Reykholti
Grenigrund 7, Selfossi
Hrepphólum, Hrunamannahreppi
Fossahvarfi 5, Kópavogi

Íþróttafélög:

Íþróttafélagið Dímon
Íþróttafélagið Garpur
Íþróttafélagið Gnýr
Íþróttafélagið Hamar
Íþróttafélagið Milan
Íþróttafélagið Mímir
Íþróttafélagið Suðri

Arnheiður Dögg Einarsdóttir
Jóhanna Hlökkversdóttir
María K. Jacobsen
Hallgrímur Óskarsson
Birgir Örn Harðarson
Orri Bjarnason
Þórdís Bjarnadóttir

Guðnastöðum, Landeyjum
Hellum, Landsveit
Undirhlíð 1, Sólheimum
Lækjarhvamm, Ölfusi
Grænuvöllum 6, Selfossi
Heimavist ML, Laugarvatni
Gauksrima 10, Selfossi

Karatefélag:

Karatefélag Suðurlands

Kristján Lárusson

Kambahrauni 57, Hveragerði

Knattspyrnufélög:

Knattspyrnufélag Árborgar
Knattspyrnufélag Rangæinga
Knattspyrnufélagið Ægir

Hafþór Theodorsson
Jón Þorberg Steindórsson
Guðbjartur Örn Einarsson

Gerplustræti 33, Mosfellsbæ
Minni-Völlum, Landsveit
Lyngbergi 15, Þorlákshöfn

Körfuknattleiksfélag:

Körfuknattleiksfélag Selfoss

Gylfi Þorkelsson

Dverghólum 3, Selfossi

Lyftingafélag:

Lyftingafélagið Hengill

Einar Alexander Haraldsson

Arnarheiði 13b, Hveragerði.

Skotfélag:

Skotíþróttafélag Suðurlands
Skotfélagið Skyttur

Ólafur Árni Másson
Magnús Ragnarsson

Brandshúsum 3, Flóahreppi
Gilsbakka 31, Hvolsvelli

Ungmennafélög:

U.B.H.
Umf. Biskupstungna
Umf. Dagsbrún
Umf. Eyfellingur
Umf. Eyrarbakka
Umf. Framtíðin
Umf. Gnúpverja
Umf. Hekla
Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
Umf. Merkiðhvoll
Umf. Selfoss
Umf. Skeiðamanna
Umf. Stokkseyrar
Umf. Trausti
Umf. Þjótandi
Umf. Þór
Umf. Þórsmörk

Guðmann Óskar Magnússon
Oddur Bjarni Bjarnason
Konráð Helgi Haraldsson
Ármann Fannar Magnússon
Helga Böðvardsdóttir
Lilja Guðnadóttir
Jón Hákonarson
Guðmundur Jónasson
Jóhanna Briet Helgadóttir
Guðrún Ása Kristleifsdóttir
Þróstur Guðnason
Daníel Pálsson
Jóhanna Hlökkversdóttir
Viktor S. Pálsson
Lára Jónsdóttir
Ólafur Már Ólafsson
Bjarki Freyr Sigurjónsson
Guðmunda Ólafsdóttir
Hjörtur Sigurður Ragnarsson
Árni Sigurpálsson

Njálsgarði 14, Hvolsvelli
Brautarhóli, Biskupstungum
Öldubakka 3, Hvolsvelli
Hrútafelli, Eyjafjöllum
Hvammi, Eyrarbakka
Hrauk, Þykkvabæ
Ásum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Bolöldu 3, Hellu
Suðurhofi 5, Flúðum
Hraunbraut 10, Borg í Grímsnesi
Varghóli, Holtum
Hjálmsstöðum, Laugardal
Hellum, Landsveit
Grafhólum 18, Selfossi
Blesastöðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Ólafsvöllum 9, Stokkseyri
Efstu-Grund, V-Eyjafjöllum
Fögruhellu 2, Selfossi
Eyjahraun 11, Þorlákshöfn
Neðri-Þverá, Fljótshlíð

Gull og silfurmerki HSK

Gull- og silfurmerki voru fyrst veitt á 100 ára afmælisári sambandsins og nú hafa 15 einstaklingar hlotið gullmerki HSK og 11 hafa fengið silfurmerki sambandsins.

Eftirtalin hafa hlotið gullmerki HSK:

Hafsteinn Þorvaldsson	Selfossi	2010
Jóhannes Sigmundsson	Syðra-Langholti	2010
Karl Gunnlaugsson	Varmalæk	2010
Valgerður Auðunsdóttir	Húsatóftum	2010
Jón M. Ívarsson	Frá Vorsabæjarhóli	2010
Guðmundur Kr. Jónsson	Selfossi	2011
Haraldur Júlíusson	Frá Akurey	2012
Lísa Thomsen	Búrfelli	2012
Þorgeir Vigfússon	Efri-Brúnavöllum	2012
Markús Ívarsson	Vorsabæjarhóli	2013
Þórir Haraldsson	Selfossi	2014
Kjartan Lárusson	Feney	2015
Svanur Ingvarsson	Selfossi	2016
Jón Jónsson	Hellu	2017
Árni Þorgilsson	Hvolsvelli	2018

Eftirtalin hafa hlotið silfurmerki HSK:

Kristinn Guðnason	Þverlæk	2010
Olga Bjarnadóttir	Selfossi	2011
Helgi S. Haraldsson	Selfossi	2011
Ragnar Sigurðsson	Þorlákshöfn	2012
Helgi Kjartansson	Reykholti	2014
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir	Selfossi	2014
Benóný Jónsson	Hvolsvelli	2015
Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Selfossi	2016
Puríður Ingvarsdóttir	Selfossi	2016
Ingvar Garðarsson	Selfossi	2017
Ólafur Guðmundsson	Selfossi	2017

Fjöldi iðkenda eftir greinum

Hér að neðan er samtölulisti yfir iðkendur hjá aðildarfélögum HSK í einstökum íþróttgreinum sérsambanda og sérgreina, samkvæmt starfskýrslum ÍSÍ og UMFÍ fyrir árið 2017, samkvæmt upplýsingum úr felixskýrslum sem var skilað 2018. Einnig eru birtar tölur síðustu ára.

<u>Íþróttagrein</u>	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>	<u>2014</u>	<u>2015</u>	<u>2016</u>	<u>2017</u>
Golf	1905	2152	2843	2642	2867	2960	2981	2921	3163	3018
Hestaíþróttir	1838	1932	1964	2014	2044	2044	2070	2078	2016	2077
Almenningsíþróttir	493	551	1252	1240	1210	1308	1857	1879	1909	1862
Knattspyrna	1430	1441	1340	1167	1177	1418	1456	1337	1481	1379
Fimleikar	822	807	859	1032	735	1155	1262	1193	1056	973
Körfuknattleikur	804	868	716	716	720	861	821	874	797	828
Frjálsar íþróttir	708	763	633	639	647	692	764	961	978	644
Sund	102	115	116	194	235	244	229	187	189	475
Handknattleikur	454	457	426	355	454	521	565	511	549	253
Skotfimi	131	131	77	135	187	186	313	248	242	253
Blak	239	224	221	185	228	224	235	280	137	238
Glíma	182	201	178	149	167	182	179	163	188	193
Motocross	131	131	151	151	131	140	104	114	151	152
Badminton	166	148	135	117	130	131	137	160	73	143
Kraftlyftingar	25	26	38	34	94	73	92	71	71	71
Íþróttir fatlaðra	115	103	104	111	108	89	76	86	86	69
Leiklist	102	93	103	93	104	98	73	73	66	66
Borðtennis	106	100	97	67	60	59	66	59	44	58
Akstursíþróttir				9	16	20	26	31	49	50
Júdo	73	79	55	83	55	55	55	55	171	44
Taekwondo	87	100	134	115	180	144	137	127	150	43
Lyftingar							26	41	25	36
Bridds	37	37	37	32	31	30	30	30	30	29
Karate					11	11		9	8	9
Bogfimi										6
Skógrækt	5	5	5	5	5	5	5	5		
Þríþraut				9	9					
Hnefaleikar			13	13						
Skák	7	7	5							
SAMTALS	9955	10464	11497	11307	11605	12650	13559	13493	13629	12969

Stærð félaga, tekjur af lottói og getraunanúmer

Öll félög innan hreyfingarinnar verða árlega að skila starfsskýrslu á www.felix.is, með upplýsingum um félagsmenn, iðkendur, stjórn og lykiltölur úr reikningum. Samkvæmt innsendum starfsskýrslum aðildarfélaga þá fjölgaði félagsmönnum um 1.000 á milli ára og eru nú 21.319, sem er 4,82% fjölgun. Íbúum á sambandsvæðinu fjölgaði um 1.017 milli ára, sem er 5,08% fjölgun og eru nú 21.029 talsins í sveitarfélögunum 11 í Árnes- og Rangárvallasýslum. Tölurnar hér að neðan eru samkvæmt innsendum starfsskýrslum árið 2018.

Aðildarfélag og sérráð	félagsmenn			tekjur af lottói	getrauna-númer
	15 ára -	16 ára +	alls		
Frjálsíþróttaráð HSK				660.925	
Glimuráð HSK				171.452	
Akstursíþr.f. Hreppakappa	0	12	12	59.209	
Golfkl. Ásatúns	0	374	374	87.337	830
Golfkl. Dalbúi	0	71	71	11.992	813
Golfkl. Flúðir	7	258	265	200.414	814
Golfkl. Geysi	14	45	59	117.026	
Golfkl. Hellu	8	97	105	94.269	852
Golfkl. Hveragerðis	12	305	317	145.962	812
Golfkl. Kiðjabergs	19	388	407	156.362	797
Golfkl. Selfoss	42	423	465	346.472	808
Golfkl. Tuddi	15	24	39	51.874	
Golfkl. Úthlíð	1	107	108	25.462	845
Golfkl. Þorlákshafnar	20	301	321	220.024	796
Golfkl. Þverá	1	62	63	19.183	867
Golfkl. Öndverðarness	24	487	511	203.390	798
Hestamannaf. Geysir	167	497	664	578.973	856
Hestamannaf. Háfeti	9	72	81	19.108	
Hestamannaf. Ljúfur	25	111	136	31.496	816
Hestamannaf. Logi	28	176	204	143.847	
Hestamannaf. Sleipnir	96	468	564	408.200	
Hestamannaf. Smári	59	268	327	283.967	
Hestamannaf. Trausti	7	125	132	34.888	842
Íþróttaf. Dímon	237	444	681	1.002.400	859
Íþróttaf. Garpur	39	274	313	215.023	855
Íþróttaf. Gnýr	0	49	49	68.884	
Íþróttaf. Hamar	418	1628	2046	2.171.537	810
Íþróttaf. Milan	0	50	50	64.301	
Íþróttaf. Mímir	0	140	140	75.759	843
Íþróttaf. Suðri	11	124	135	105.814	827
Karatef. Suðurlands	0	10	10	1.058	
Knattsp.f. Árborg	15	219	234	43.094	811
Knattsp.f. Rangæinga	249	502	751	480.245	866
Knattsp.f. Ægir	91	554	645	440.632	822
Körfuknattl.f. Selfoss	141	219	360	422.844	831
Lyftingaf. Hengill	1	35	36	4.584	
Skotf. Skyttur	1	92	93	73.466	795
Skotíþr.félag Suðurlands	0	277	277	108.351	
Torfærskl. Suðurlands	0	96	96	75.759	
UBH	0	187	187	87.726	860
Umf. Biskupstungna	93	249	342	301.215	803
Umf. Dagsbrún	0	165	165	84.161	865
Umf. Eyfellingur	1	76	77	74.486	863
Umf. Eyrarbakka	0	47	47	8.403	820
Umf. Framtíðin	16	58	74	72.757	
Umf. Gnúpverja	40	364	404	209.550	802
Umf. Hekla	188	451	639	635.236	851
Umf. Hrunamanna	109	273	382	514.849	801
Umf. Hvöt	6	140	146	105.218	809
Umf. Ingólfur	0	107	107	52.468	850
Umf. Laugdæla	70	134	204	397.573	840
Umf. Merkihvoll	0	56	56	8.658	854
Umf. Selfoss	1650	3583	5233	7.249.653	800
Umf. Skeiðamanna	8	272	280	56.190	799
Umf. Stokkseyrar	103	326	429	370.989	825
Umf. Trausti	0	89	89	71.940	862
Umf. Þjótandi	81	227	308	332.449	
Umf. Þór	237	711	948	1.028.785	815
Umf. Þórsmörk	0	61	61	33.588	861
Samtals	4.359	16.960	21.319	21.121.477	

Íþróttaiðkendur aðildarfélaga HSK

Eitt af áreigum verkefnum félaga er að skila starfsskýrslu þar sem merkt er við iðkendur í hinum ýmsu greinum. Hér að neðan eru upplýsingar úr innsendum starfsskýrslum félaga fyrir árið 2017, sem skilað var á árinu 2018.

Aðildarfélög HSK	Konur		Karlar		Bæði kyn		Alls
	-15 ára/16 ára	-15 ára/16 ára	-15 ára/16 ára+	-15 ára/16 ára+	-15 ára/16 ára+	-15 ára/16 ára+	
Akstursíþr.f. Hreppakappa	0	0	0	12	0	12	12
Golfkl. Ásatúns	0	58	0	316	0	374	374
Golfkl. Dalbúi	0	27	0	44	0	71	71
Golfkl. Flúðir	1	106	6	152	7	258	265
Golfkl. Geysir	6	11	8	34	14	45	59
Golfkl. Hellu	2	29	6	58	8	87	95
Golfkl. Hveragerðis	5	120	7	185	12	305	317
Golfkl. Kiðjabergrs	7	143	12	245	19	388	407
Golfkl. Tuddi	6	7	9	17	15	24	39
Golfkl. Selfoss	7	132	28	253	35	385	420
Golfkl. Úthlíð	0	35	1	40	1	75	76
Golfkl. Þorlákshafnar	7	90	13	211	20	301	321
Golfkl. Þverá	0	23	1	39	1	62	63
Golfkl. Öndverðarness	5	217	19	270	24	487	511
Hestamannaf. Geysir	97	219	69	274	166	493	659
Hestamannaf. Háfeti	7	24	1	42	8	66	74
Hestamannaf. Ljúfur	17	38	8	72	25	110	135
Hestamannaf. Logi	12	67	15	96	27	163	190
Hestamannaf. Sleipnir	55	206	41	262	96	468	564
Hestamannaf. Smári	29	124	29	142	58	266	324
Hestamannaf. Trausti	4	56	3	68	7	124	131
Íþróttaf. Dímon	247	11	217	10	464	21	485
Íþróttaf. Garpur	19	83	17	114	36	197	233
Íþróttaf. Gnýr	0	43	0	45	0	88	88
Íþróttaf. Hamar	330	832	345	721	675	1553	2228
Íþróttaf. Mílan	0	0	0	49	0	49	49
Íþróttaf. Mímir	0	0	0	0	0	0	0
Íþróttaf. Suðri	2	17	3	22	5	39	44
Karatef. Suðurlands	0	0	0	9	0	9	9
Knattsp.f. Árborgar	0	0	0	77	0	77	77
Knattsp.f. Rangæinga	60	3	101	24	161	27	188
Knattsp.f. Ægir	1	53	7	105	8	158	166
Körfuknattleiks f. Selfoss	8	10	40	38	48	48	96
Lyftingaf. Hengill	0	21	1	14	1	35	36
Skotfélagið Skyttur	0	2	1	92	1	94	95
Skotíþróttafélag Suðurlands	0	4	0	160	0	164	164
Torfærulúbbur Suðurlands	0	0	0	31	0	31	31
UBH	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Biskupstungna	69	30	75	28	144	58	202
Umf. Dagsbrún	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Eyfellingur	0	5	0	5	0	10	10
Umf. Eyrarbakka	0	12	0	34	0	46	46
Umf. Framtíðin	1	6	1	0	2	6	8
Umf. Gnúpverja	17	21	27	136	44	157	201
Umf. Hekla	91	204	78	217	169	421	590
Umf. Hrunamanna	65	85	62	152	127	237	364
Umf. Hvöt	1	8	1	61	2	69	71
Umf. Ingólfur	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Laugdæla	95	14	81	29	176	43	219
Umf. Merkihvoll	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Selfoss	586	107	628	158	1214	265	1479
Umf. Skeiðamanna	2	3	0	7	2	10	12
Umf. Stokkseyrar	71	40	31	125	102	165	267
Umf. Trausti	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Þjótandi	23	13	40	24	63	37	100
Umf. Þór	57	50	49	148	106	198	304
Umf. Þórsmörk	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	2012	3409	2081	5467	4093	8876	12969

Íþróttamaður HSK frá upphafi

Hér má sjá yfirlit um þá sem voru kjörnir íþróttamenn HSK frá 1964 – 2017. Frá og með árinu 2018 mun HSK verðlauna bæði íþróttakarli og íþróttakonu HSK.

Ár	Íþróttamaður	Félag	Íþróttagrein
1964	Karl Stefánsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1965	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1966	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1967	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1968	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1969	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1970	Þuríður Jónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1971	Jón H. Sigurðsson	Umf. Biskupstungna	frjálsíþróttir
1972	Sigurður Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1973	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1974	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1975	Elínborg Gunnarsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1976	Katrín Vilhjálmisdóttir	Umf. Eyrarbakka	frjálsíþróttir
1977	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1978	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1979	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1980	Kári Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1981	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1982	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1983	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1984	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1985	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1986	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1987	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1988	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1989	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1990	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1991	Einar Gunnar Sigurðsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
1992	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1993	Einar Öder Magnússon	Íþr.d. Sleipnis	hestaíþróttir
1994	Ingólfur Snorrason	Umf. Selfoss	karate
1995	Arnar Freyr Ólafsson	Umf. Þór	sund
1996	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1997	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1998	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1999	Olil Amble	Hestamannafél. Sleipni	hestaíþróttir
2000	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2001	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2002	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2003	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2004	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2005	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2006	Olil Amble	Hestamannafél. Sleipni	hestaíþróttir
2007	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2008	Katrín Ösp Jónasdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2009	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2010	Ragnar Jóhannsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2011	Fjóla Signý Hannesdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2012	Hrafnhildur Hanna Prastardóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2013	Guðmunda Brynja Óladóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2014	Dagný Brynjarsdóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2015	Ragnar Á Nathanaelsson	Umf. Þór	körfuknattleikur
2016	Margrét Lúðvígsdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2017	Egill Blöndal	Umf. Selfoss	júdo

Matmenn HSK

Matmaður HSK hefur verið valinn á héraðsþingum HSK frá árinu 1966. Það er sá sem ber titilinn sem velur eftirmann sinn og fær sá er valinn er það hlutverk að þakka matráðsfolki fyrir veitingar á þinginu. Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK og formaður Umf. Heklu var valinn matmaður héraðsþingsins í Þorlákshöfn.

Ár	Matmaður HSK	Þingstaður	Ár	Matmaður HSK	Þingstaður
1966	Stefán Jasonarson	Njálshúð	1967	Féll niður	Flúðir
1968	Hreinn Erlendsson	Borg	1969-70	Féll niður	Skarphéðinshús
1971	Sigurður Geirdal	Hvoll	1972	Hörður Óskarsson	Árnes
1973	Hreinn Erlendsson	Laugaland	1974	Guðmundur Guðmundsson	Aratunga
1975	Klemenz Erlingsson	Gunnarshólmi	1976	Pétur Pétursson	Borg
1977	Björn Gíslason	Hella	1978	Jón Ólafsson	Tryggvaskáli
1979	Gunnar Kristjánsson	Hvoll	1980	Féll niður	Laugarvatn
1981	Helgi Stefánsson	Njálshúð	1982	Kjartan Lárusson	Þjórsárver
1983	Soffía Rósa Gestsdóttir	Gunnarshólmi	1984	Jón M. Ívarsson	Árnes
1985	Einar H. Haraldsson	Heimaland	1986	Þráinn Þorvaldsson	Selfoss
1987	Kári Rafn Sigurjónsson	Laugaland	1988	Halldóra Gunnarsdóttir	Félagslundur
1989	Sigurjón Karlsson	Hvoll	1990	Valgerður Auðunsdóttir	Hveragerði
1991	Elínborg Gunnarsdóttir	Skógar	1992	Þórir Haraldsson	Laugarvatn
1993	Þuríður Jónsdóttir	Njálshúð	1994	Jón Jónsson	Aratunga
1995	Jens Pétur Jóhannsson	Hella	1996	Hafsteinn Eyvindsson	Þingborg
1997	Þórunn D. Oddsdóttir	Gunnarshólmi	1998	Guðmundur Kr. Jónsson	Þorlákshöfn
1999	Páll Eggertsson	Laugaland	2000	Helga Fjöla Guðnadóttir	Borg
2001	Jón Andrússon	Hvoll	2002	Ólafur Elí Magnússon	Flúðir
2003	Sigurður Jónsson	Þjórsárver	2004	Guðmundur Viðarsson	Þykkvibær
2005	Markús Ívarsson	Selfoss	2006	Þróstur Guðnason	Hveragerði
2007	Bolli Gunnarsson	Laugaland	2008	Kristinn Guðnason	Þorlákshöfn
2009	Hallur Halldórsson	Hvolsvöllur	2010	Þór Ólafur Hammer	Þingborg
2011	Helgi S. Haraldsson	Hella	2012	Anný Ingimarsdóttir	Brautarholt
2013	Guðríður Aadnegard	Aratunga	2014	Lárus Ingi Friðfinnsson	Borg
2015	Sæmundur Steingrímsson	Flúðir	2016	Gestur Einarsson	Selfoss
2017	Guðmundur Pálsson	Hveragerði	2018	Guðmundur Jónasson	Þorlákshöfn

Sleifarhafar HSK

Sleifarkeppni HSK var fyrst haldin árið 1966 í vesturferð HSK. Árið eftir var hún haldin í landgræðsluferð HSK og árin 1968 og 1971 á kvöldvöku HSK. Frá árinu 1972 hefur keppnin verið haldin á héraðsþingum sambandsins. Keppt er í 3–4 óhefðbundnum greinum, þar sem léttleikinn er í fyrirrúmi. Svanur Bjarnason, Golfklúbbi Selfoss vann sleifarkeppnina 2018.

Ár	Sleifarhafi	staður	Ár	Sleifarhafi	staður
1966	Hafsteinn Þorvaldsson	Kaldalón	1994	Þorgeir Vigfússon	Aratunga
1967	Böðvar Pálsson	Hvítárnes	1995	Kristinn Guðnason	Hella
1968	Hafsteinn Þorvaldsson	Borg	1996	Hrafnhildur Guðmundsdóttir	Þingborg
1969-70	Engin keppni		1997	Emil Gunnlaugsson	Gunnarshólmi
1971	Hjörtur Jóhannsson	Borg	1998	Sigríður Heiðmundsdóttir	Þorlákshöfn
1972	Hafsteinn Þorvaldsson	Árnes	1999	Ragnar Sigurðsson	Laugaland
1973	Jóhannes Sigmundsson	Laugaland	2000	Sigríður Ósk Sigurðardóttir	Borg
1974	Hafsteinn Þorvaldsson	Aratunga	2001	Jón H. Sigurmundsson	Hvoll
1975	Karl Gunnlaugsson	Gunnarshólmi	2002	Kári Jónsson	Flúðir
1976	Rúnar Guðjónsson	Borg	2003	Guðmundur Jóhannesson	Þjórsárver
1977	Jóhannes Sigmundsson	Hella	2004	Páll Arnar Erlingsson	Þykkvibær
1978-81	Engin keppni		2005	Helga Guðrún Guðjónsdóttir	Selfoss
1982	Rúnar Guðjónsson	Þjórsárver	2006	Þór Ólafur Ólafsson	Hveragerði
1983	Sigurður Eggertsson	Gunnarshólmi	2007	Sigurgeir L. Ingólfsson	Laugaland
1984	Magnús Óskarsson	Árnes	2008	Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir	Þorlákshöfn
1985	Guðmundur Adolfsson	Heimaland	2009	Guðni Árnason	Hvolsvöllur
1986	Jón M. Ívarsson	Selfoss	2010	Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir	Þingborg
1987	Markús Ívarsson	Laugaland	2011	Steinunn E. Þorsteinsdóttir	Hella
1988	Unnur Stefánsdóttir	Félagslundur	2012	Björg Halldórsdóttir	Brautarholt
1989	Valgerður Auðunsdóttir	Hvolsvöllur	2013	Þróstur Guðnason	Aratunga
1990	Þuríður Jónsdóttir	Hveragerði	2014	Ólafur Elí Magnússon	Borg
1991	Kjartan Lárusson	Skógar	2015	Sigbrúður Harðardóttir	Flúðir
1992	Hjálmur Sigurðsson	Laugarvatn	2016	Gylfi Þorkelsson	Selfoss
1993	Gunnar Sverrisson	Njálshúð	2017	Rut Stefánsdóttir	Hveragerði
			2018	Svanur Bjarnason	Þorlákshöfn

Fréttapunktur frá ÍSÍ 2018



Formannafundur 2018

Formannafundur ÍSÍ var haldinn þann 16. nóvember í Laugardalshöllinni. Auk hefðbundinnar dagskrár fundarins lagði framkvæmdastjórn ÍSÍ þrjú mál fyrir fundinn; #églika, persónuvernd (GDPR) og ýmis mál er varða starfsemi íþróttafélaga og lagaumhverfi hreyfingarinnar. Góðar umræður urðu á fundinum, meðal annars um þjóðarleikvanga, aðstöðumál sambandsaðila, skyldur sambandsaðila og fleiri hagsmunamál er brunnu á fundargestum.

Framtíðarskipulag íþróttamála

Á 73. Íþróttþingi ÍSÍ vorið 2017 var samþykkt að fela framkvæmdastjórn ÍSÍ að vinna að ráðstefnu um framtíðarskipulag íþróttamála með aðkomu ÍSÍ, UMFÍ, Samtökum íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneyti. ÍSÍ stóð fyrir slíkri ráðstefnu þann 16. nóvember 2018 í Laugardalshöll og til hennar var boðið stjórnnum og starfsfólki ÍSÍ og UMFÍ, fulltrúum frá sambandsaðilum ÍSÍ, ásamt Íþróttanefnd ríkisins, fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Félagi íþrótt-, æskulýðs- og tólmstundafulltrúa. Fundarformið var blanda af þjóðfundi og borgarafundi. Fundarstjóri var Gunnar Jónatansson. Fundurinn tókst afar vel og var almenn ánægja með fyrirkomulagið. Framkvæmdastjórn ÍSÍ mun vinna frekar með afurðir fundarins í aðdraganda Íþróttþings ÍSÍ í maí 2019.

Heiðurshöll ÍSÍ

Á hófi Íþróttamanns ársins 2018, þann 29. desember, var Hreinn Halldórsson kúluvarpari útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ. Hreinn er átjándi einstaklingurinn sem ÍSÍ útnefnir í höllina. Heiðurshöll ÍSÍ er á vefsíðu ÍSÍ og þar má finna umfjöllun um hvern og einn einstakling.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2018 voru 127 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísu hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna.

Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ og hafa sérsamböndin fengið árlegt framlag síðan. Sem fyrr er lögð áhersla á að vinna að því að hvert sérsamband fái til framtíðar framlag til að standa undir nauðsynlegri þjónustu við sambandsaðila með rekstri eigin skrifstofu. Styrkurinn fyrir árið 2018 var 95 m.kr.

Úthlutun styrkja úr Afrekssjóði ÍSÍ

Í júlí 2016 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um stórukið fé til Afrekssjóðs ÍSÍ. Framlagið mun hækka í áföngum úr 100 m.kr. í 400 m.kr. fram til ársins 2019 og er því um fjórföldun að ræða. Samningurinn er afar mikilvægur fyrir íþróttastarf í landinu enda um byltingu fyrir afreksíþróttir að ræða.

Miklar breytingar áttu sér stað hjá Afrekssjóði ÍSÍ á árinu 2018. Að loknu Íþróttþingi ÍSÍ 2017 var samþykkt ný reglugerð fyrir sjóðinn og hefur allt ferli í kringum styrkveitingar, kröfur og eftirfylgni tekið breytingum frá fyrri árum. Heilt yfir má segja að breytingarnar hafi gengið vel og fulltrúar sérsambanda ÍSÍ hafa tekið nýju vinnulagi fagnandi og farið í mikla vinnu við að skipuleggja enn frekar afreksstarf sérsambanda og unnið að því að uppfylla



Fanney Ólafsdóttir hlaut silfurmerki ÍSÍ og Örn Guðnason gullmerki ÍSÍ á héraðsþingi HSK 2018. Það var Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ sem afhenti þeim merkin.

þær kröfur sem nýtt umhverfi afreksíþróttar felur í sér.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ festi ákveðinn ramma fyrir styrkveitingar sem kynntur var fyrir sérsamböndum og fól í sér upplýsingar um áherslur sjóðsstjórnar vegna ársins 2018. Samhliða því staðfesti stjórn sjóðsins flokkun sérsambanda í afreksflokka, en slíkt er ein forsenda þeirra möguleika sem hvert sérsamband hefur gagnvart úthlutunum og stillir jafnframt af þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi sérsambanda.

Verkaskipting á milli stjórna Afrekssjóðs ÍSÍ og stjórna Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ hefur einnig tekið breytingum samhliða nýju fyrirkomulagi og hafa breytingarnar tekist vel. Með breytingunum hafa aðilar í stjórnsviðsins tekið að sér að vera í reglulegum samskiptum við sérsambönd og sett sig betur inni það starf sem á sér stað innan þeirra. Heilt yfir má segja að aukin samskipti, upplýsingastreymi og stefnumótun hafi einkennt þetta ár og var það ein af áherslum þeirra breytinga sem gerðar voru á Afrekssjóði ÍSÍ og afreksstarfi ÍSÍ og sérsambanda.

Heildarúthlutun ársins 2018 til sérsambanda ÍSÍ er kr. 349.300.000. Er það um 100 m.kr. hækkun frá árinu 2017, en endanlegar tölur vegna ársins 2017 voru 249.116.258. Á vefsíðu ÍSÍ og Afrekssjóðs ÍSÍ má sjá hvernig styrkveitingar skiptast á milli sérsambanda ÍSÍ. Þá hefur Afrekssjóður ÍSÍ gefið út skýrslu vegna ársins 2018 þar sem má finna fróðleik um starfsemi sjóðsins og áherslur.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2018 sendi ÍSÍ þátttakendur í tvö ólympísk verkefni.

Vetrarólympíuleikarnir í Pyeong Chang í Suður-Kóreu fóru fram 9.-25. febrúar. Ísland átti fimm keppendur á leikunum, í alpagreinum og skíðagöngu.

Ólympíuleikar ungmenna í Buenos Aires í Argentínu fóru fram 6.-18. október. Ísland átti níu keppendur á leikunum, í fimleikum, frjálsíþróttum, golfi og sundi. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir sigraði í 200m hlaupi og er það í fyrsta sinn sem að íslenskur keppandi vinnur til gullverðlauna á leikum á vegum Alþjóðaólympíunefndarinnar.

Íþróttaslysasjóður

Iðkendum og keppendum innan vébanda ÍSÍ geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækniskostnaðar og kostnaðar vegna sjúkrahjúfunar vegna slysa sem þeir verða

fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Hlutfall endurgreiðslu er nú 80%.

Felix - Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix er miðlægt tölvakerfi ÍSÍ og UMFÍ og heldur utan um íþróttar iðkendur á Íslandi og skráningu á aðalstjórnnum félaga og deilda ásamt þjálfurum þeirra. Íþróttafélög innan ÍSÍ og UMFÍ hafa beinan aðgang inn í kerfið í gegnum helstu vafra á markaðnum. Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaus og nýttist það til að halda utan um daglega skráningu þátttakenda í íþróttastarfinu. Einnig er hægt að skrá og halda utan um námskeið og greiðslu á þau úr kerfinu sem og að senda greiðslur vegna félagsgjalda. Skila þarf starfsskýrslum árlega til ÍSÍ í gegnum Felix.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSÍ, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Forvarnardagurinn 2018 var haldinn þann 3. október.

Þróun og fræðsla

ÍSÍ hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttarátttöku. Efnið má nálgast á vefsíðunni og í útprentuðum bæklingum á skrifstofunni. Á vefsíðunni er einnig að finna efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlanir við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

ÍSÍ stóð fyrir mörgum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á árinu, meðal annars um snemmbæra afreksþjálfun barna og um tilgang íþróttamælinga. Einnig var ÍSÍ í samstarfi við aðra um fræðsluviðburði, svo sem ÍBR í tengslum við Reykjavíkurléikana (RIG) og HÍ og HR.

Vertu með!

ÍSÍ og UMFÍ hafa unnið saman að því að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi, bæði með útgáfu á bæklingi og úthlutun fimm styrkja til íþróttahéraða og íþróttafélaga til að standa fyrir verkefnum sem hvetja börn af erlendum uppruna til þátttöku í íþróttastarfi.

Bæklingurinn er gefinn út á sex tungumálum, þ.e. á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháísku og filippseysku og markhópur efnisins eru foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna. Í bæklingnum er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþróttta- og ungmennafélaga landsins. Efnid má finna á vefsíðum ÍSÍ og UMFÍ.

Sýnum karakter

ÍSÍ og UMFÍ standa saman að verkefninu Sýnum karakter. Verkefnið er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og unglingum. Mikilvægi þjálfarans er sett í fókus og einblínt með nýstárlegum hætti á þann jákvæða ávinning sem hlýst af íþróttaiðkun umfram þann líkamlega, s.s. áhugahvöt, félagsfærni, sjálfstraust, einbeitingu, leiðtogaþæfni og markmiðasetningu. Heimasiða verkefnisins er www.synumkarakter.is, einnig má finna upplýsingar um verkefnið á fésbókarsíðu þess undir Sýnum karakter. Þann 2. nóvember 2018 var haldin ráðstefnan Sýnum karakter – Jákvæð íþróttamening. Áherslan á ráðstefnunni var á félagslegar og sálrænar hliðar íþróttta og rætt var um leiðir til að byggja upp jákvæða menningu í íþróttastarfinu. Fyrirlesarar voru sjö talsins, bæði innlendir og erlendir. Uppselt var á ráðstefnuna en fyrirlestrana má sjá á Vimeo-síðu ÍSÍ.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Fyrirmyndarfélög og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru í dag ríflega hundrað. Mörg félaganna eru stór deildaskipt félög og segja má að um þriðjungur íþróttaiðkenda iðki íþróttir innan fyrirmyndarfélaga ÍSÍ.

Á íþróttþingi ÍSÍ árið 2015 var samþykkt tillaga þess efnis að íþróttahéruð geta nú sótt um viðurkenningu til ÍSÍ fyrir fyrirmyndarstarf. Til að hljóta viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ þarf að uppfylla ákveðnar kröfur til nokkurra aðalþátta í starfsemi íþróttahéraðsins.

Tvö íþróttahéruð hafa hlotið viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ, þ.e. Ungmennasamband Eyjafjarðar (2017) og Ungmennasamband Skagafjarðar (2018).

Almenningsíþróttir

Lífshlaupið fór fram í ellefta sinn 31. janúar - 20. febrúar. Þátttakendur voru um 16.000 að þessu sinni á 505 vinnustöðum í 1.628 liðum. Skráðir voru 166.284 hreyfidagar og 12.978.038 hreyfiminútur.

Hjólalöð í vinnuna fór fram í sextánda sinn 2. - 22. maí. Þátttakendur voru 4.243 talsins. Verkefnið hefur frá upphafi staðið myndarlega að því að efla hreyfingu og starfsanda á vinnustöðum ásamt því að stuðla að virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfissvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Fjöldi fólks hjólar nú til og frá vinnu allt árið um kring. Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ fór fram þann 2. júní um allt land. Um 10.000 þátttakendur voru í hlaupinu á 80 stöðum hér á landi og erlendis.

Göngum í skólann fór fram 5. september - 10. október. 75 skólar tóku þátt að þessu sinni og var það metþáttaka. Göngum í skólann er frábært verkefni fyrir grunnskóla til þess að bæta umferðaröryggi við skólana. Um leið og skólar hvetja nemendur til þess að ganga til og frá skóla þá minnkar umferðarþunginn við skóla.

Íþróttavika Evrópu fór fram 23. - 30. september og hófst með #BeActive deginum sem haldin var í Laugardalnum þar sem hinar ýmsu íþróttgreinar og hreyfing var til kynningar og prufu. Markmið íþróttavikunnar er að kynna íþróttir og hreyfingu fyrir almenningi í Evrópu og er hún ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sérstök



Starfsfólk ÍSÍ 2018.

áhersla er lögð á að höfða til grasrótarinnar og að hvetja Evrópubúa til að sameinast undir slagorðinu #BeActive með það að markmiði að fá sem flesta til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi. Ýmis íþróttafélög buðu upp á fría prufutíma í Íþróttavíkinni. Þetta var í þriðja sinn sem Íþróttavíkan er haldin hér á landi en það var fyrst gert árið 2015.

Heilsuefning eldri aldurshópa

Eitt af áhersluatriðmi Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ er íþróttastarf og hreyfing eldri borgara. Hjá ÍSÍ er að störfum nefnd um íþróttir 60+. Markmiðið með nefndinni er að efla íþróttastarf eldri borgara, vinna að fræðslumálum og standa fyrir átaksverkefnum eftir atvikum. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að hreyfing bætir líkamlega og andlega líðan. Fólk sem hreyfir sig reglulega dregur ekki aðeins úr líkunum á ýmsum langvinnum sjúkdómum, s.s. hjarta- og æðasjúkdómum, krabbameini, sykursýki, stoðkerfisvanda og offitu heldur stóreykur það líkurnar á að lifa lengur sjálfstæðu, heilbrigðu og hamingjuríku lífi.

Lyfjaeftirlit Íslands

Í júní fór fram stofnfundur Lyfjaeftirlits Íslands, séreignarstofnunar ÍSÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Með tilkomu Lyfjaeftirlits Íslands fluttist lyfjaeftirlit úr höndum ÍSÍ yfir á stofnunina. Lyfjaeftirlit Íslands skipuleggur og framkvæmir lyfjaeftirlit á Íslandi, og birtir og kynir bannlista um efni þau sem óheimil er að nota í íþróttum. Lyfjaeftirlit Íslands stendur fyrir fræðslu og forvörnum gegn lyfjamisnotkun og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi í tengslum við baráttuna gegn lyfjamisnotkun í íþróttum. Stofnuninni er ætlað að hvetja til rannsókna sem tengjast starfi þess og markmiðum, vekja athygli á málaflokknum og taka þátt í umræðum um hann. Þetta mikilvæga skref gerir lyfjaeftirlit á Íslandi sjálfstætt, í samræmi við ályktanir Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC) og Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar (WADA).

Norræna skólahlaupið breyttist í Ólympíuhlaup ÍSÍ

Norræna skólahlaupið hefur farið fram í grunnskólum landsins óslitið frá árinu 1984 og lengstan hluta þess tíma verið í umsjón ÍSÍ. Á síðustu árum hefur Ísland verið eina þátttökupjóðin á Norðurlöndunum og nafn hlaupsins því ekki endurspeglað verkefnið. ÍSÍ ákvað því að breyta nafni hlaupsins og varð Ólympíuhlaup ÍSÍ ofan á. Verkefnið hefur nú fengið

nýtt merki og viðurkenningaskjölin skarta nýju útliti. Þátttaka íslenskra grunnskólanemenda hefur verið mjög góð og almenn í gegnum árin en hefur náð nýjum hæðum á undanförunum árum. Með Ólympíuhlaupi ÍSÍ er eins og áður leitast við að hvetja nemendur skólanna til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan.

Ólympíuhlaup ÍSÍ 2018 var sett í Hraunvallaskóla í Hafnarfirði þann 6. september. Um 800 nemendur skólans tóku þátt í setningu hlaupsins og gátu valið um að hlaupa 2,5 km, 5 km eða 10 km. Hlaupið er styrkt af verkefninu Íþróttavika Evrópu. Þrjú skólar sem luku hlaupinu fyrir 1. október voru dregnir út og fengu í verðlaun 100.000 króna inneign í Altis.

Siðareglur ÍSÍ

Í kjölfar #églika frásagna íþróttakvenna snemma á árinu 2018 var ákveðið að endurskoða siðareglur ÍSÍ, líkt og flest annað fræðsluefni ÍSÍ. Bryndís Valsdóttir siðfræðingur aðstoðaði ÍSÍ við endurskoðun á reglunum og haft var samráð við umboðsmann barna við gerð reglnanna. Siðareglurnar má finna á vefsíðu ÍSÍ undir Fræðsla.

Jafnréttismál

Innan íþróttahreyfingarinnar er mikilvægt að jafnréttis í sem viðustum skilningi sé gætt. ÍSÍ hefur nú í samstarfi við Jafnréttisstofu útbúið annars vegar „Leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana“ og hins vegar „Jafnréttisáætlun fyrir íþróttafélög“. Jafnréttisáætlunina er öllum sambandsaðilum og íþróttafélögum innan ÍSÍ heimilt að nota, íþróttastarfinu til heilla og framfara. Skjölin má finna á vefsíðu ÍSÍ undir Fræðsla.

Heimsóknir til ÍSÍ

Á hverju ári fær ÍSÍ fjölmargar heimsóknir frá ýmsum alþjóðasamtökum á vettvangi íþróttta. Áhugi erlendra aðila á starfi og skipulagi íþróttahreyfingarinnar á Íslandi hefur stóraukist á síðustu árum, í kjölfar góðs árangurs íslensks afreksíþróttafólks á alþjóðamótum.

Betra félag

ÍSÍ og UMFÍ standa saman að myndböndum í tengslum við verkefni sem kallast *Betra félag*. Á vefsíðu ÍSÍ má finna ýmsar upplýsingar er varða skipulagslega þætti íþróttafélags, sérsambands og héraðssambands, t.d. stofnun íþróttafélags, hlutverk stjórna, samskipti við fjölmiðla, hvernig á að skrifa fréttatilkynningu, halda blaðamannafund, gátlisti o.fl. Eitt það mikilvægasta við skipulag íþróttafélags, sérsambands og héraðssambands er að skrásetja söguna og vita hver tilgangur og hlutverk þeirra er.

Fréttapunktur frá UMFÍ 2018



LANDSMÓTIÐ Á SAUÐÁRKROKI OG LANDSMÓT UMFÍ 50+

Landsmótið var haldið í fyrsta sinn með gjörbreyttu sniði á Sauðárkróki 12. – 15. júlí. Samhliða mótinu fór fram Landsmót UMFÍ 50+ í áttunda sinn og Meistaramót í frjálsum íþróttum. Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) var mótshaldari ásamt sveitarfélaginu Skagafirði. Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ og framkvæmdastjóri móta UMFÍ, hélt sem fyrr um alla þræði Landsmótsins.

Landsmótið hófst fimmtudaginn 12. júlí og var það sett með pomp og prakt daginn eftir. Veðrið var ekki með besta móti við setninguna og rigndi nokkuð. Það létu Landsmótsgestir ekki á sig fá og fjölmenntu við setninguna. Þrýðilegt veður var svo alla helgina. Á Landsmótinu var boðið upp á keppni í um 40 greinum og fjölda viðburða, fyrirlestra um ýmsar hliðar lýðheilsu, tónleika og margt fleira. Fjölmargar nýjungar voru á Landsmótinu en keppt var m.a. í blaki og biathloni, sem er blanda af hlaupum og skotfimi og í ætt við skíðaskotfimi sem keppt er í á Vetrarólympíuleikum.

Á Landsmótinu voru tvær stórar kvöldskemmtanir laugardagskvöldið 14. júlí. Sú fyrri var veislu- og skemmtikvöld fyrir þátttakendur á Landsmóti UMFÍ 50+ í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Þar var slegið upp veislu úr skagfirsku hráefni og hélt síðan Geirmundur Valtýsson sveiflukóngur uppi fjörinu fram að miðnætti. Eftir það tók diskókóngurinn Páll Óskar Hjálmtýsson við og hélt hann stuðinu við langt inn í nóttina.

Landsmótið þótti takast mjög vel og náðust þau markmið sem sett voru með mótinu. Stjórn UMFÍ hefur ákveðið að halda ekki Landsmót á fjögurra til fimm ára fresti eins og tíðkast hefur heldur á tveggja ára fresti og verður samkvæmt því næsta Landsmót haldið sumarið 2020.

UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ Í ÞORLÁKSHÖFN

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina 2018, dagana 2.-5. ágúst. Þetta var 21. unglingsmót UMFÍ sem haldið hefur verið frá árinu 1992. Mótshaldarar voru Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) og Sveitarfélagið Ölfus.

Veðrið lék ekki beint við mótsgesti á fyrsta degi mótsins og var afráðið að fresta setningu þess fram á laugardag. Hugrekki þarf til slíks en ákvörðunin reyndist rétt því að setningin fór fram degi síðar á brakandi blíðu.

Rétt eins og á Landsmótinu var talsvert um nýjungar á Unglingalandsmótinu í Þorlákshöfn. Þar var byggður upp strandblakvöllur, keppt í dorgveiði, strandhandbolta og sandkastalagerð auk kökuskreytingarkeppni sem keppt var í í fyrsta sinn á Egilsstöðum ári fyrr.

Við slit Unglingalandsmótsins var tilkynnt að UMSB hlyti Fyrirmyndarbikar UMFÍ. Fyrirmyndarbikarinn hlýtur sá sambandsaðili UMFÍ sem hefur sýnt framkomu til fyrirmyndar jafn innan sem utan keppni. Meðal annars er horf til inngöngu keppnisliða og stuðningsfólks við setningu Unglingalandsmóts UMFÍ, framkoma liðsfélaga og fylgdarliðs, háttvísi öll og stemning fjölskyldna á tjaldsvæðinu.

HREYFIVIKA UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 28 maí – 3. júní. Um 165 boðberar stóðu fyrir um 380 viðburðum á 55 þéttbýlisstöðum víða um land. Áætlað er að þátttakendur að þessu sinni hafi verið 38.000 talsins.



Örn Guðnason varaformaður UMFÍ afhenti Jóni M Ívarssyni gullmerki UMFÍ á héraðsþingi HSK 2018.

Þetta var sjötta árið sem UMFÍ tók þátt í verkefninu. Hreyfivikan er hluti af evrópskri lýðheilsuherferð sem heitir Now We Move.

UMFÍ tók upp á þeirri nýbreytni að búa til Hreyfingó í tilefni af vikunni og var því dreift um allt land. Hreyfingóíð samanstendur af tólf hreyfitengdum verkefnum sem má framkvæma hvar og hvenær sem er.

UNGMENNA- OG TÓMSTUNDABÚÐIR UMFÍ

Aðsókn í Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ að Laugum í Sælingsdal hafa stóruaukist. Miðað við bókaðar dvalir stefnir í að 2.100 nemendur verði þar fram að vori. Þetta er metfjöldi í búðunum. Nemendur frá mörgum nýjum skólum hafa bæst við, sem skýrir fjölgunina.

Að öllu óbreyttu mun starfsemi Ungmennabúðanna flytjast yfir á Laugarvatn á næsta skólaári. Ástæðan er sú að samningur UMFÍ við sveitarfélagið Dalabyggð um búðirnar rennur út í lok maí. Að auki eru byggingarnar á Laugum, sem eru í söluferli, komnar til ára sinna og þarfnast mikils viðhalds. Mjög hentugt húsnæði er hins vegar í gamla íþróttakennaraháskólanum á Laugarvatni og stutt að fara í íþróttahús og aðra aðstöðu.

VERTU MED

Haustið 2018 kom út bæklingur sem hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Markhópur efnisins er foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna. Í bæklingnum er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga. Bæklingurinn er gefinn út á sex tungumálum, þ.e. á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháisku og filippseysku. Efnid er samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ.

ÍSÍ og UMFÍ fóru samhliða þessu af stað með tilraunaverkefni þar sem fimm félög/íþróttahéruð fengu styrki til þess að vinna að aukinni þátttöku barna af erlendum uppruna í sinni heimabyggð. Í framhaldinu verða niðurstöðurnar nýttar til að finna fleiri leiðir til þess að auka þátttökuna og vekja athygli á málaflokknum.

VORFUNDUR UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn á Sauðárkróki helgina 4. – 5. maí 2018. Á fundinum mættu fulltrúar sambandsaðila UMFÍ og starfsfólks. Fyrirkomulag Landsmótsins var kynnt á fundinum. Á laugardegnum fóru fundargestir um Sauðárkrók, skoðuðu bæinn, Landsmótsvæðið og tjaldsæðin ofan við bæinn.

SAMBANDSRÁÐSFUNDIR UMFÍ 2018

veir sambandsráðsfundir UMFÍ voru haldnir á árinu 2018. Sá fyrri var haldinn í Golfklúbba Kópavogs og Garðabæjar í janúar. Eina málið á dagskrá var umfjöllun um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ. Á fundinum fór Þórir Haraldsson yfir forsögu þess að íþróttabandalög óska eftir inngöngu að UMFÍ og lýsti nokkrum sviðsmyndum verði af inngöngu þeirra. Ályktun fundarinnar var sú að fela stjórn UMFÍ að halda vinnu við aðild íþróttabandalaga að UMFÍ og skuli hún fara fram fyrir sambandsþing UMFÍ árið 2019.

Í lok fundar lagði Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, fram drög að ályktun í tengslum við #MeToo-byltinguna en fjöldi íþróttakvenna hafði nokkru áður stigið fram og greint frá kynbundnu ofbeldi gegn sér innan íþróttahreyfingarinnar. Ályktunin hljóðar svo: „Við, stjórnendur og forsvarsmenn í ungmennafélagshreyfingunni, munum bregðast við og leggja okkar af mörkum í baráttunni gegn hvers kyns ofbeldi innan ungmennafélagshreyfingarinnar.“ Hinn sambandsráðsfundurinn fór fram á Ísafirði 20. október. Á fundinum voru hefðbundin fundarstörf. Auk þess var rætt um nýju persónuverndarlögin sem þá höfðu þegar tekið gildi. Góður andi var á fundinum. Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, sagði mikla þörf fyrir sjálfbodaliða í hreyfingunni og þurfi að hlúa að þeim sem gefi sig í að starfa sem sjálfbodaliðar, hvort sem þeir haldi utan um ýmis gögn, starfi á keppnissvæðum, stýri unglingsstarfi eða í stjórnun. Á fundinum fjallaði Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, jafnframt um framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar.

UNGMENNARÁÐ OG UNGMENNARÁÐSTEFNA

Í ungmennaráði UMFÍ eru tíu ungmenni víða að frá landinu. Formaður þess til tveggja ára er Kolbrún

Lára Kjartansdóttir fyrir hönd USVH. Ungmennaráðið fundar einu sinni í mánuði yfir skólaárið en nýtir samfélagsmiðla og aðra tækni til skrafs og ráðagerða. Ýmis verkefni koma á borð ráðsins, bæði almennt innan æskulýðsmála á Íslandi og í tengslum við verkefni UMFÍ. Helstu verkefni ungmennaráðsins hafa verið ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði, sem haldin hefur verið árlega í níu ár, og Umræðupartý UMFÍ.

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði fór fram á hótél Borealis, Efri-Brú í Grímsnesi, dagana 21. – 23. mars 2018. Þetta var í niunda skiptið sem ráðstefnan var haldin. Yfirskrift ráðstefnunnar nú var *Okkar skoðun skiptir máli!*

Með ráðstefnunum Ungt fólk og lýðræði er ávallt lögð áhersla á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi. Ráðstefnurnar eru ætlaðar ungu fólki á aldrinum 16 - 25 ára og skipuleggur Ungmennaráð UMFÍ hana. Ráðstefnan hefur verið haldin árlega frá árinu 2009 og hefur því fest sig í sessi á meðal mikilvægustu viðburða fyrir ungt fólk á Íslandi.

Ályktun frá Ungmennaráðstefnunni

- Ungmennum á Íslandi finnast vegir landsins vera í niðurniðslu. Bæta þarf samgöngur um allt land og veita sveitarfélögum heimild til að laga vegi sem heyra undir Vegagerðina. Samgöngubætur má fjármagna með komugjöldum á erlenda ferðamenn, þar sem þeir eru orðnir stór hluti þeirra sem nota vegakerfi landsins.

- Kvíði og þunglyndi hefur aukist mikið í röðum ungmenna á grunnskóla- og framhaldsskólal aldri. Styttning framhaldsskóla úr fjórum árum í þrjú og minni tími nemenda til að sinna félagsstörfum er að stórum hluta orsakavaldur að mati ungmenna.

- Festa þarf í lög að í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins verði starfandi sálfræðingar. Einnig vantar betri forvarnir í geð-heilbrigðismálum og gætu starfandi skólasálfræðingar séð um þá fræðslu.

UMRÆÐUPARTÝ UMFÍ

Haustið 2016 hlaut UMFÍ styrk frá Evrópu unga fólksins (EUF) til að standa fyrir fundum ungs fólks og ráðamanna innan ungmennafélagsshreyfingarinnar. Markmið verkefnisins var að fá fólk saman, bæði þá sem stýra og stjórna innan ungmennafélagsshreyfingarinnar og ungt fólk sem starfið er hugsað fyrir. UMFÍ hvetur sambandsaðila til að kalla ungmenni oftar að borðinu þegar ákvarðanir, sem snerta ungt fólk, eru teknar. Einnig að auka áhrif ungs fólks í stjórnun og ráðum.

FORVARNARDAGURINN

Forvarnadagurinn er haldinn árlega að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við UMFÍ, Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Blaðamannafundur í tengslum við forvarnadaginn var haldinn í Réttarholtsskóla mánudaginn 1. október. Þar voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, og Alma D. Möller landlæknir auk fulltrúa frá ÍSÍ, Skátunum og UMFÍ. Á forvarnadeginum sjálfum heimsótti Guðni nemendur við Menntaskólann í Hamrahlíð og grunnskóla Grindavíkur og ræddi hann við þá um forvarnir.

SKINFAXI OG ÚTGÁFUMÁL UMFÍ

Fjögur tölublöð komu út af Skinfaxa, tímariti UMFÍ, árið 2018. Efni Skinfaxa hefur í meiri mæli snúist um ýmis ráð til stjórnenda í hreyfingunni og fréttir af góðum verkum hjá einstökum félögum. Í aðdraganda stóra viðburða fá þeir sérstaklega mikið rými.



Landsmótið var haldið á Sauðárkróki með nýju sniði og án stigakeppni.



Starfsfólk UMFÍ 2018.

Skinfaxi er sendur til áskrifenda og stjórnar og stjórnenda innan UMFÍ um allt land er er auk þess dreift í sundlaugar og íþróttamiðstöðvar auk þess sem blöðin eru fánleg á bensinstöðvum.

Einnig er hægt að lesa Skinfaxa á PDF-formi á vef UMFÍ. Slóðin er: <https://www.umfi.is/utgafa/skinfaxi/>

FRÉTTABRÉF UMFÍ

UMFÍ sendi út fréttabréf að jafnaði á tveggja vikna fresti. Á póstlista eru sambandsaðilar UMFÍ, formenn, framkvæmdastjórnar, fjölmiðlafólk og hagsmunaaðilar. Í fréttabréfinu eru sagðar fréttir af UMFÍ, viðburðum, gagnlegum ráðstefnum fram undan og bent á góð ráð. UMFÍ sendir auk þess sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra fréttabréf um sérstök mál ef svo ber undir. Fréttabréfsformið hefur jafnframt verið nýtt á Unglingalandsmótum UMFÍ, Landsmótum UMFÍ 50+ og Landsmótinu. Í aðdraganda móta hafa þátttakendur fengið upplýsingabréf um viðburði.

Hægt er að skrá sig fyrir fréttabréfinu á www.umfi.is is eða með því að senda línu á umfi@umfi.is.

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Framkvæmdastjóri UMFÍ er Auður Inga Þorsteinsdóttir. Starfsmaður UMFÍ og

framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ er Ómar Bragi Stefánsson og er hann búsettur á Sauðárkróki. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn. Þar er líka aðstaða til fundarhalds sem ýmsar nefndir nýta sér. Í þjónustumiðstöðinni er líka skrifstofa Æskulýðsvettvangsins auk Landssambands eldri borgara, Fræðsla og forvarnir (FRÆ) og Æskulýðsvettvangurinn (ÆV).

SAKAVOTTORÐ

Sambandsaðilar og aðildarfélög þeirra geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og leitað eftir aðgangi að sakavottorðum þeirra sem sækja um störf hjá viðkomandi félagi. Æ fleiri aðildarfélög hafa nýtt sér þennan möguleika. Sakavottorð er fyrir þá dóma og brot á viðlögum sem viðkomandi hefur hlotið hjá dómstólum og öðrum yfirvöldum. Samkvæmt æskulýðslögum er óheimilt að ráða einstaklinga til starfa með börnum og ungmennum sem hafa hlotið refsidóma vegna ofbeldisbrota, ávana- og fíkniefnabrota eða kynferðisbrota. Heimildin, sem aðildarfélög sambandsaðila UMFÍ veita, gefur rétt til að sækja gögn vegna ofbeldisbrota 3-5 ártur í tímann. Engin tímamörk eru hins vegar vegna kynferðisbrota.

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Á árinu 2018 var úthlutað tvisvar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmennafélagshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, félagsmálum og félagsstarfi. Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðurinn úthlutar styrkjum tvisvar á ári og er umsóknarfrestur 1. apríl og 1. október ár hvert. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkti 196 verkefni árið 2018, samtals að upphæð 16.214.250 kr. Af því fengu 34 verkefni á sambandsvæði HSK styrk samtals að upphæð 2.019.750 kr.

Hér má sjá þau verkefni innan HSK sem hlutu styrk:

Fimleikadeild Selfoss	Dómaranámskeið	150.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið 1A	45.000
Fimleikadeild Selfoss	Móttökunámskeið 1	60.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaranámskeið 1A	7.500
Fimleikadeild Selfoss	Fræðsludagur	42.500
Fimleikadeild Selfoss	Fyrirlestur um hugarþjálfun	50.000
Fimleikadeild Selfoss	Þjálfaramenntun Danmörku	100.000
Fimleikadeild Selfoss	Fyrirlestur/fræðsla – Markmiðssetning	40.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Þjálfaramenntun í Danmörku	100.000
Frjálsíþróttaráð HSK	Frjálsíþróttaskóli UMFÍ	150.000
Golfklúbbur Selfoss	Endurmenntun/þjálfun golfkennara	50.000
Golfklúbburinn Dalbúi	Kynning og fræðsla fyrir börn og unglunga	100.000
Handkn.deild Selfoss	Þjálfaranámskeið HSÍ 3. stig	30.000
Handkn.deild Selfoss	Námskeið/fræðsla – Íþróttasálfræði	75.000
HSK	Skönnun og merking myndasafns HSK	125.000
Júdódeild Selfoss	Þjálfaramenntun	12.000
Júdódeild Selfoss	Þjálfaranámskeið Budo Nord	50.000
Knattsp.deild Selfoss	Þjálfaranámskeið KSÍ 3	12.500
Knattspyrnud. Selfoss	UEFA Youth Elite þjálfaramenntun	50.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið UEFA youth elite	50.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið KSÍ 1	7.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaraskóli KSÍ	10.750
Knattspyrnudeild Selfoss	Markvarðaskóli KSÍ 3	17.500
Knattspyrnudeild Selfoss	Námskeið - markmiðasetning yngri iðkenda	75.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Námskeið/fyrirlestur um sálræna aðstoð iðkenda	75.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið KSÍ 1, 2 og 3	32.500
Knattspyrnufél. Ægir	Námskeið – Einn fyrir alla, allir fyrir einn	75.000
Knattspyrnufél. Ægir	Fræðslu- og upplýsingavefur fyrir iðkendur/foreldra	75.000
Knattspyrnufél. Ægir	Komdu og vertu með	50.000
Sunddeild Hamars	Fræðsla/fyrirlestur – Markmiðssetning	35.000
Sunddeild Selfoss	Norræn ráðstefna um ungbarnasund	17.500
Taekw.deild Selfoss	Námsferðar þjálfara til Danmerkur	50.000
Taekw.deild Selfoss	Námskeið - Next Level Camp í Svíþjóð	50.000
Umf. Biskupstungna	Efnisgreining eldri árganga Litla-Bergþórs	150.000

Umhverfissjóður UMFÍ

Umhverfissjóður UMFÍ, sem er Minningarsjóður um Pálma Gíslason fyrirverandi formann UMFÍ, úthlutaði 300.000 kr. til fimm verkefna á árinu 2018.

Verkefni innan HSK sem hlutu styrk:

Golfklúbburinn Dalbúi	Gróðursetning skjólbelta	50.000
-----------------------	--------------------------	--------

Umf. Ásahrepps vikið úr HSK

Á fundi stjórnar HSK þann 9. janúar 2018, var ákveðið að víkja Umf. Ásahrepps úr HSK með vísan í lög sambandsins.

Í 6. grein laga HSK er kveðið á um skyldur félaga sem eru í hreyfingunni.

“Aðildarfélögum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.

Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfskýrslu á forriti sem ÍSÍ og UMFÍ leggur til. Félögum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvör.

Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfallingu félaga samkvæmt þessari grein.

Óski félag sem fellt hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.”

Á fundi stjórnar HSK 16. janúar 2017 var ákveðið að senda þeim félögum sem uppfylla ekki ákvæði 6. greinar laga Héraðssambandsins Skarphéðins formlega aðvör. Það var gert með bréfi til Umf. Ásahrepps 19. janúar 2017.

Stjórn félagsins var beðin um að ganga frá sínum skuldbindum fyrir 1. mars 2017. Þá var tekið fram að ef ekkert yrði að gert myndi félaginu verða vikið úr sambandinu um næstu áramót, þ.e. 31. desember 2017. Engin svör bárust frá félaginu fyrir tilskilinn frest.



Stjórn HSK þakkar Umf. Ásahrepps samstarfið á liðnum áratugum. Félaginu er velkomið að sækja um aðild að nýju, ef aðstæður breytast og vilji er til þess hjá félagsmönnum.

Nefndir skipaðar af stjórn:

Kjörnefnd

Árlega skipar stjórn HSK kjörnefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu að stjórnarskipan HSK og nefndarskipan í 17 starfsnefndir sambandsins.

Eftirtaldir skipuðu kjörnefnd: Olga Bjarnadóttir, formaður, varastjórn HSK, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Gestur Einarsson, varastjórn HSK, Valgerður Auðunsdóttir, Umf. Skeiðamanna og Jóhannes Óli Kjartansson, Umf. Selfoss.

Á héraðsþingi 2018 lagði nefndin fram tillögur sínar til afgreiðslu þingsins og voru þær samþykktar samhljóða. Stjórnarskipan má sjá fremst í ársskýrslunni og hér aftar í skýrslunni er greint frá nefndarskipan 2018.

Brynja Hjálmtýsdóttir og Bergur Guðmundsson voru kjörin skoðunarmenn reikninga sambandsins.

Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK

Frá árinu 2007 hefur sérstök valnefnd kosið íþróttamann HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru frá nefndum og ráðum HSK.

Á héraðsþingi HSK árið 2018 var ákveðið að breyta reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK og fékk nefndin það hlutverk að velja íþróttakonu HSK og íþróttakar HSK.

Fundur í valnefndinni var haldinn 25. febrúar 2019 í Selinu á Selfossi og eftirtaldir mættu:

Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Ragnar Sigurðsson, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss og fyrrverandi varaformaður HSK, Þórir Haraldsson, Umf. Selfoss, Anný Ingimarsdóttir, ritari HSK, í fjarveru Ólaf Arnar Oddssonar íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Rangárbæings eystra og Gestur Einarsson varastjórn HSK.

Valnefndin hefur stuðst við eftirfarandi þætti í vali sínu á íþróttamanni HSK:

1. Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvisu.
2. Íþróttamaður HSK þarf að hafa náð 16 ára aldri.
3. Staða greinarinnar.

Val á íþróttakarli og íþróttakonu HSK 2018:

11 konur voru tilnefndar til kjörs á íþróttakonu HSK 2018 og 12 karlar voru tilnefndir í kjöri á íþróttakarli HSK. Eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir greinargerðir sem fylgdu tilnefningunum komst nefndin að þeirri einróma niðurstöðu að sæmdarheitið íþróttakona HSK árið 2018 hlýti taekwondokonan Dagný María Pétursdóttir úr Umf. Selfoss og sæmdarheitið íþróttakar HSK 2018 hlýti handknattleiksmaðurinn Elvar Örn Jónsson úr Umf. Selfoss.

Framkvæmdarnefnd Unglingalandsmóts UMFÍ í Þorlákshöfn 2018

HSK hélt 21. Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn dagana 3.–5. ágúst 2018. Undirbúningur mótsins var í höndum framkvæmdarnefndar sem í sátu Ragnar M. Sigurðsson, Guðríður Aadnegard, Anna Júlíusdóttir, Helgi Haraldsson, Hólmfríður Fjóra Smáradóttir, Guðbjörg Heimisdóttir, Örn Guðnason, Ómar Bragi Stefánsson, Engilbert Olgeirsson, Garðar Geirfinnsson, Jakob Unnar Sigurðarson, Sandra Dís Jóhannsdóttir, Anna Margrét Smáradóttir auk þess sem margir starfsmenn Sveitarfélagsins Ölfuss komu að vinnu nefndarinnar með einum eða öðrum hætti. Í upphafi var Gunnsteinn Ómarsson, fyrrverandi bæjarstjóri, formaður nefndarinnar en við breytingar í kjölfar bæjarstjórnarkosninga hvarf hann á braut og tók Ragnar M. Sigurðsson við starfi formanns auk Grétars Inga Erlendssonar sem kom inn í nefndina sem fulltrúi bæjarstjórnar Ölfuss.



Framkvæmdarnefnd ULM 2018 í Þorlákshöfn ásamt starfsmönnum á lokafundi nefndarinnar.

Að þessu leyti má segja að allur loka undirbúningur mótsins hafi verið sérstakur þar sem skipt var um hest í miðri á. En allt gekk þetta vel fyrir sig og menn þjoppuðu sér saman um að gera vel.

Framan af var framkvæmdarstjóri mótsins Ómar Bragi Stefánsson við vinnu við undirbúning Landsmótsins á Sauðárkróki og af þeim sökum reyndi enn meira á nefndarmenn en Ómar kom tvíefldur til leiks eftir mótið á Sauðárkróki.

Garðar Geirfinnsson var ráðinn sem verkefnastjóri mótsins og hóf hann störf fljótlega á árinu.

Fjármögnun mótsins gekk ágætlega þar sem nefndarmenn voru duglegir að safna auglýsingum, lógóum og styrktarlínum. Helst vantaði að ná fleiri stórum styrktaraðilum að mótinu en gera þarf átak í að fá styrktaraðila til lengri tíma til að styrkja mótið. Helstu styrktaraðilar mótsins voru Eimskip, Landsbankinn, Vífilfell, MS og SS. Auk þess var fjöldinn allur af fyrirtækjum og einstaklingum á HSK-svæðinu sem styrktu mótið með einum eða öðrum hætti og kunnum við þeim bestu þakkar fyrir þeirra framlag.

Keppt var í 22 greinum og voru keppendur alls 1288. Það er alltaf mikilvægt að vera búinn að biðja um gott veður á mótum sem þessum, því það

auðveldar alla framkvæmd mótsins og gerir keppni og dvöl á mótsstaðnum ánægjulegri. Framan af vikunni var veðurútlit gott og þegar keppendur fóru að mæta á svæðið var einmunabliða. En skjótt skipast verður ú lofti og á föstudeginum var komið slagveðurs rigning og öll framkvæmd varð erfiðari en ella. Af þeim sökum þurfti að fresta mótssetningu og einnig var strandhandboltamótinu frestað og hluta af strandblakskeppninni. En á laugardagsmorgni var komin rjómabliða og hélst blíðan sem eftir lifði móts. Allir voru fljótir að gleyma slæma veðrinu. Fjölmennustu keppnisgreinarnar eins og oft áður voru knattspyrna með 684 keppendur, körfuknattleikur með 470 keppendur og frjálsar íþróttir með 465 keppendur. Í öðrum greinum var frábær þátttaka og fór hún fram úr björtustu vonum. Um 224 keppendur voru í strandhandbolta og 100 keppendur í sandkastalagerð en þessar greinar voru nýjar af nálinni á Unglingalandsmóti. Kókuskreytingakeppnin var mjög vinsæl en þar voru keppendur 221, auk þess var vel mætt til keppni í öðrum greinum.

Mótshaldið naut góðs af þeirri frábæru uppbyggingu íþróttamannvirkja sem verið hefur í



Um 400 sjálfboðaliðar störfuðu á Unglingalandsmótinu í Þorlákshöfn.



Made in sveitin sigraði í strandblaki.

Þorlákshöfn á undanförunum árum. Öll aðstaða er í göngufæri og er tjaldstæðið sem Sveitarfélagið setti mikla vinnu í að gera sem best úr garði, í göngufæri frá mótssvæðinu. Framkvæmdanefndin átti mjög gott samstarf við Sveitarfélagið Ölfus og starfsmenn þess og var ekkert verkefni óleysanlegt. Sjálfboðaliðar komu að undirbúningi mótsins og á mótinu sjálfu og var þeirra vinna til fyrirmyndar og eiga þeir þakkir skildar fyrir sitt framlag.

Framkvæmd Unglingalandsmóts UMFÍ í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina 2018 var mjög viðamikilið verkefni. Að því kom stór hópur af frábæru fólki sem allir skiluðu sínu með miklum sóma. Þetta var 21. Unglingalandsmót UMFÍ og er mikil reynsla og þekking sem starfsmenn UMFÍ búa yfir. Ég tel að það sé ekki á neinn hallað þó að minnst sé á störf framkvæmdarstjóra mótsins Ómar Braga Stefánssonar. Öll hans reynsla og annarra starfsmanna UMFÍ auðveldaði mjög alla framkvæmd mótsins. Rétt er að þakka öllum sem sátu í framkvæmdarnefndinni fyrir þeirra störf og starfsmönnum mótsins þeim Ómari Braga Stefánssyni, Garðari Geirfinnssyni og Engilberti Olgeirssyni en þeir eiga sérstakar þakkir skildar fyrir frábært starf.

Sérgreinastjórum öllum er þakkað fyrir sérstaklega gott starf og samstarf, mikla ósérhlífni og afar vel unnin störf sem og öllum þeim fjölda sjálfboðaliða sem lögðu fram ómetanlega vinnu við að gera mótið sem glæsilegast.

Ragnar Sigurðsson

Unglingalandsmótsnefnd HSK

Þátttaka HSK á 21. Unglingalandsmóti UMFÍ í Þorlákshöfn.

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Guðrún Tryggvadóttir, Umf. Selfoss, formaður, María Óladóttir, Umf. Selfoss, Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu, Kristín Sigfúsdóttir, Íþr.fél. Garpi og Hafdís Hafsteinsdóttir, Umf. Gnúpverja.

Unglingalandsmótið fór fram í Þorlákshöfn í ár. Undirbúningur HSK fyrir unglingalandsmót var hefðbundinn. Nefndin hittist einu sinni til að skipta með sér verkum og skipuleggja starfið.

Eins og undanfarin ár mætti nefndin á mánudegi fyrir mót í Selö til að afhenda keppendum HSK treyjur. Ekki var hægt eins og undanfarin ár að hafa skilaboð um afhendinguna inni í skráningarkerfinu og því gekk illa að koma skilaboðum til krakkanna að við yrðum í Selinu þennan dag. Allt var gert sem hægt

var sett fréttatilkynning í Dagskrána, inn á heimasíðu HSK og heimasíðu Umf. Selfoss og reynt að dreifa þessum boðum. Þetta varð til þess að margar peysur fóru í Þorlákshöfn og mikil tími fór í að redda krökkum peysum. Jóhann í Jako er alltaf til í að redda okkur, pantaði fleiri peysur svo allir gátu fengið peysur sem það vildu.

Að vanda var góð þátttaka HSK-keppenda í skrúðgöngu á setningarathöfn mótsins og allir gengu inn í bláum jökkum merktum HSK og Arion banka, en bankinn styrkti þátttöku HSK á mótinu með myndarlegum hætti eins og undanfarin ár. Glæsilegur hópur HSK krakka vakti verðskuldaða athygli. 2017 smíðaði Brói tunnugrill sem hann gaf HSK. Fyrir Þorlákshöfn var hann búinn að smíða fánastöng sem við komum fyrir á tjaldevæðinu og flögguðum við HSK fána meðan á mótinu stóð. Er honum þakkað kærlega fyrir þessar gjafir. Við erum þá komin með allt nema tjaldevæðinu ekki var búið að fjárfesta í tjaldevæðinu eins og stefnt hafði verið að. Tjaldevæðinu hjá Seglagerðinni Ægi.

Ekki var tjaldevæðinu of lítið í ár og aðstaðan góð.

Um 330 krakkar af sambandsvæði HSK kepptu í Þorlákshöfn í sumar. Keppendur, starfsmenn og mótsgestir létu ekki mikla rigingu slá sig út af



Jónas Grétarsson í langstökki.



Rúnar Hjálmarsson við mælingar í spjótkesti.

laginu á fyrsta keppnisdegi, enda var veðrið gott hina dagana. Mótið fór vel fram innan vallar sem utan.

Fjölmönnum í sumar á Höfn í Hornafirði og undirbúum okkur fyrir Selfoss 2020.

Guðrún Tryggvadóttir

Unglingalandsmótsmeistarar

af sambandsvæði HSK:

Bogfimi

Katrín Ölversdóttir Selfossi varð landsmótsmeistari í bogfimi í opnum flokki 11- 14 ára. Valgerður Einarisdóttir Gnúp. vann lokaðan flokk 15-18 ára.

Fimleikalíf

Sveitir frá HSK urðu í fjórum efstu sætunum og lið sem kallaði sig THE Jacksons vann með 50 stig. Í sigurliðinu voru þær Karólína Jóhannsdóttir, Hildur Maja Guðmundsdóttir, Embla Dís Gunnarsdóttir, Guðrún Ásta Ægisdóttir, Auður Helga Halldórsdóttir, Bryndís Einarisdóttir, Linda Björg Sigurðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir og Katrín Ósk Prastardóttir.

Frjálsíþróttir

Keppendur frá HSK unnu fjölda greina á mótinu og settu eitt HSK-met.

11 ára

Kristófer Árni Jónsson sigraði í 60m hlaupi á 9,09 sek, í 600m hlaupi á 2:01,85 mín og í þrístökki þar stökk hann 8,15 m. Freyja Stefánsdóttir sigraði í 60m á 9,08 sek og einnig í 600m hlaupi á 1:53,08 mín., sem er HSK-met í 11 ára flokki. Freyja, Katrín, Þórhildur Lilja og Jóhanna Ýr í Bananasveitinni sigruðu 4x100 m boðhlaupi á 63,05 sek.

12 ára

Veigar Þór Víðisson sigraði í fjórum greinum hann stökk 1,41 m í hástökki, kastaði kúlunni 8,14 m, stökk 4,28 m í langstökki og kastaði spjótinu 24,66 m. Álfrún Diljá Kristínardóttir kastaði kúlunni lengst eða 9,40 m.

13 ára

Í flokki 13 ára piltar sigraði Tómas Þorsteinsson 80m grind á 13,45 sek, Rúrik Nikolai Bragin kastaði lengst spjótinu 37,53 m. Þeir félagar ásamt Elíasi Karli og Einari Breka sigruðu 4x100m boðhlaup í sveitinni „Matur er góður“ á 54,62 sek. Í flokki stúlkna sigraði Eva Stefánsdóttir 100m á 13,87 sek, Karólína Helga Jóhannsdóttir sigraði 80m grind á 14,32 sek og hástökk er hún fór yfir 1,41 m. Briet Anna Heiðarsdóttir sigraði kúlurvarp með 9,76 m og Auður Helga Halldórsdóttir sigraði spjótkest með 29,55 m.

Selfoss Huppur sigruðu 4x100 boðlaup á 57,39 sek, sveitina skipuðu Eva, Karólína Helga, Hildur Maja og Guðrún Ásta.

14 ára

Sebastian Þór Bjarnason 14 ára sigraði í sex greinum, í 100m hlaupi á 12,79 sek, 80m grind á 12,09 sek, langstökki með 5,55 m, þristökki með 11,51 m, í kúluvarpi með 11,76 m og í spjótkesti með 40,39m. Brynjar Logi Sölvason sigraði í hástökk, stökk 1,56 m. Sæþór, Goði Gnýr, Haukur og Sebastian Þór sigruðu í 4x100 m boðhlaupi í sveitinni „The A Team“ á 49,50 sek. Guðný Vala Björgvinsdóttir vann tvær greinar, þristökk er hún stökk 9,69 m og spjótkest með 28,41 m.

15 ára

Í flokki 15 ára sigraði Unnsteinn Reynisson í hástökki fór yfir 1,65 m. Ólafur Magni Jónsson sigraði í kúluvarpi með 11,87 m og Jens Johnny Khorchai sigraði í spjótkesti með 42,84 m. Sindri Freyr Seim Sigurðsson vann fjórar greinar, hljóp 100 m á 12,33 sek, 100m grind á 15,10 sek, stökk 6,00 m í langstökki og 11,84 m í þristökki. Sindri Freyr, Unnsteinn, Bergur Ingi og Birnir Vagn sigruðu í 4x100 boðhlaupi á 49,25 sek. Sveitin hét „Litlir hvítir bananar“. Birta Sigurborg Úlfarsdóttir sigraði 800m í flokki 15 ára á tímanum 2:39,52 mín., Eva María Baldursdóttir sigraði í hástökki með því að fara yfir 1,62 m og þristökk 10,67 m. Þær stóllur voru með í boðhlaupssveitinni Fjarkarnir sem sigraði 4x100 á 51,39 sek.

16–17 ára

Dagur Fannar Einarsson kom fyrstur í mark í 110 m grindahlaupi, hljóp á 16,44 sek. Viktor Karl Halldórsson kastaði spjóti lengst 48,74 m. Dagur Fannar Einarsson og Hákon Birkir Grétarsson hlupu í sameiginlegri boðhlaupssveit „Black Mamba“ í 4x100 boðhlaupi sem sigraði á 44,92 sek.

Marta María Bozovic Siljudóttir vann langstökk með 4,86 m, Sólveig Þóra Þorsteinsdóttir sigraði þristökk með 10,50 m og Hildur Helga Einarisdóttir sigraði kúluvarp með 12,47 m og spjótkest með 41,39 m.

18 ára

Stefán Narfi Bjarnasson sigraði í 100m hlaupi á 12,36 sek, langstökki með 6,04 m, kastaði kúlnunni 11,96 m og spjótinu 48,89 m. Ýmir Atlason sigraði 110m grindahlaupi á 18,71 sek.

Glíma

Fróði Larsen Bentsson varð meistari í flokki drengja 11–12 ára og Ólafur Magni Jónsson vann í flokki 15–16 ára.

Golf

Heiðar Snær Bjarnason vann í flokki 14–15 ára á 78 höggum og Pétur Sigurdór Pálsson sigraði 16–18 ára flokkinn á 81 höggi.

Hestaíþróttir

Elin Þórdís Pálsdóttir vann töltkeppnina í barnaflokki á Öperu frá Austurkoti með 6,39 í einkunn.

Kökuskreytingar

Inga Rós Sveinsdóttir sigraði í kökuskreytingum í flokki 15–18 ára.

Motocross

Ólafur Magni Jónsson sigraði í MX flokki unglinga með 75 stig.

Skák

Ísold Eglu Guðjónsdóttir varð ULM meistari í skák í flokki 15–18 ára.

Stafsetning

Ísold Eglu Guðjónsdóttir sigraði í flokki 15–18 ára



Frá setningarahöfn Unglingalandsmótsins í Þorlákshöfn.



Dætur Þorlákshafnar kepptu í körfubolta.



Ingibjörg Helga Guðmundsdóttir landsmótsmeistari í pönnukökubakstri.

Strandblak

Lið af sambandsvæði HSK sem kallaði sig Made in sveitin sigraði í flokki 17–18 ára stráka. Í liðinu voru Stefán Narfi Bjarnason, Ýmir Atlason og Brynjar Jón Brynjarsson.

Strandhandbolti

Made in sveitin sigraði í flokki 17–18 ára stráka í strandhandbolti. Í liðinu voru Stefán Narfi Bjarnason, Ýmir Atlason, Sæþór Atlason, Sebastian Þór Bjarnason, Brynjar Jón Brynjarsson, Dagur Fannar Einarsson, Unnsteinn Reynisson og Elvar Einarsson.

Sund

Þrír titlar unnust í flokki 15–18 ára. Ýmir Atlason vann 100 m bringusund á 1:38,38 mín og Ísold Eglu Guðjónsdóttir vann 100 bringu á 1:44,21 mín. og 100 m skriðsund á 1:29,84 mín.

Upplestur

Keppendur HSK unnu alla flokka í upplestri. Helga Sóley Ásgeirsdóttir vann í flokki 11–12 ára, Elín Karlsdóttir vann 13–14 ára flokkinn og Guðný Salvör Hannesdóttir vann í flokki 15–18 ára.

Landsmót með nýju sniði á Sauðárkróki

Landsmót UMFÍ fór fram á Sauðárkróki dagana 12.–15. júlí 2018. Mótið var með nýju sniði og var öllum frjálst að skrá sig til leiks. Landsmót UMFÍ 50+ var haldið sem hluti af landsmótinu. Í raun var um nýtt mót að ræða, þó nafnið hafi verið látið halda sér. Samhliða mótinu fór fram MÍ í frjálsum. Nú var engin stigakeppni milli sambandsaðila og ljóst er að það dróg verulega úr áhuga keppnisfólks af sambandsvæði HSK.

24 keppendur af sambandsvæði HSK tóku þátt og unnu til verðlauna í frjálsíþróttum, bogfimi, götuhjólreiðum, metabolic, ólympískum lyftingum, pönnukökubakstri, ringó, strandblaki, sundi og þrautabratu.

Hér er getið um sigurvegara í einstökum greinum.

Frjálsíþróttir

Fjórir keppendur af sambandsvæðinu tóku þátt og unnu allir til verðlauna. Yngvi Karl Jónsson vann 100 m hlaup á 14,07 sek. í flokki 55–59 ára.

Bogfimi

Keppt var á 12 m., 120 cm skífa, sveigbogi án sigtis. Jana Lind Ellertsdóttir sigraði með 95 stig.

Götuhjólreiðar 65km

Guðbjörg Rós Haraldsdóttir sigraði í flokki 60 ára og eldri á tímanum 2:38,54 klst.

Pönnukökubakstur

Í flokki 50 ára og eldri sigraði Ingibjörg Helga Guðmundsdóttir.

Ringó

Sveit HSK sigraði, í sveitinni voru Markús Ívarsson, Ólafur Elí Magnússon, Jón M Ívarsson, Ásta Laufey Sigurðardóttir og Yngvi Karl Jónsson.

Strandblak

Í flokki 30–40 ára urðu í fyrsta sæti María Carmen Magnúsdóttir og Rúnar Gunnarsson.

Sund

Tómas Jónsson sigraði í 50m bringu á 1:07,66 mín og 100m bringu á 2:24:96 mín í flokki 80–89 ára.

Ungmennaráð HSK

Ungmennaráð HSK var stofnað árið 2016. Á fundi stjórnar HSK í nóvember 2017 voru eftirtaldir kjörnir í Ungmennaráð HSK: Axel Örn Sæmundsson Umf. Þór, Daði Geir Samúelsson Umf. Hrunamanna, Dagný Rós Stefánsdóttir, lþr.f. Garpi, Harpa Svansdóttir, Umf. Selfoss, Jana Lind Ellertsdóttir, Glímuráði HSK, Sóley Kristjánsdóttir, lþr.f. Garpi.

Ungmennaráð fundaði ekki á árinu.

Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi 2020

Stjórn HSK hefur skipað framkvæmdanefnd fyrir unglíngalandsmót UMFÍ sem haldið verður um verslunarmannahelgina 2020 á Selfossi. Nefndin hefur haldið einn fund og skipt með sér verkum. Á fundinum var farið yfir umsókn um mótið, kynntar niðurstöður könnunar sem ungmennaráð Árborgar lét gera meðal ungs fólks á aldrinum 14 – 16 ára í Árborg varðandi mögulegar keppnisgreinar og farið yfir undirbúning og verkaskiptingu við framkvæmd undanfarinna móta. Nefndin stefnir að því að keppnisgreinar liggi fyrir í maímánuði 2019 og



Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ með nýju nefndarfólki í framkvæmdanefnd landsmóta hjá HSK á fyrsta fundi ULM 2020 nefndar, þeim Jakobi Burgel Ingvarssyni, Ragnheiði Högnadóttur og Gissuri Jónssyni.

kynningarstarf fyrir mótið hefjist á Unglingalandsmóti UMFÍ á Höfn í Hornafirði í sumar.

Nefndina skipa:

Þórir Haraldsson, fyrrv. formaður ULM nefndar 2012 sem er formaður nefndarinnar, Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss sem er ritari nefndarinnar, Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK sem er gjaldkeri nefndarinnar, Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Helgi S. Haraldsson, varaformaður HSK, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Jakob

Burgel Ingvarsson, ungmennaráði Árborgar, Ragnheiður Högnadóttir, fulltrúi UMFÍ og Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar. Varamaður er Veigar Atli Magnússon, ungmennaráði Árborgar

Eftirtaldir starfa með nefndinni og eru boðaðir á fundi: Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri Unglingalandsmóts, Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi Árborgar.

Heimildarmynd um landsmót til sölu

Heimildarmynd um landsmót UMFÍ sem haldin hafa verið á sambandssvæði HSK er til sölu á skrifstofu HSK.

DVD mynddiskurinn kostar 3.000 kr.

Hægt er að panta mynddisk í síma 482 1189 eða á netfanginu hsk@hsk.is. Sendum hvert á land sem er.

Mótin sem fjallað er um eru Haukadalur 1940, Hveragerði 1949, Þingvellir 1957, Laugarvatn 1965 og 1994 og Selfoss 1978 og 2013.

Í myndinni er lögð áhersla á að spegla tíðarandann og þær miklu breytingar sem hafa orðið. Einnig þá miklu sjálfböðavinnu sem og þann mikla félagsanda sem einkennir mótin. Rætt er við fjölda keppenda og sjálfböðaliða. Þá er fjallað um fjölbreytt lista- og menningarlíf sem tengist þróttmiklu íþróttastarfi.



Nefndarskipan og stjórnir sérráða HSK 2018

Yfirlit um skipan nefnda sem kosnar voru á héraðsþingi HSK 2018 og stjórnir sérráða HSK sem kosnar voru á aðalfundum ráðanna 2018:

Almenningsíþróttanefnd

Formaður: Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna
Magnús Jóhannsson, Umf. Selfoss
Kjartan P. Guðmundsson, Umf. Hvöt
Varamaður: Ingibjörg Jóhannesdóttir, Umf. Selfoss

Badmintonnefnd

Formaður: Sæmundur Steingrímsson, Umf. Þór
Friðrik Sigurbjörnsson, Íþróttafélaginu Hamri
Karen Sæmundsdóttir, Umf. Þór
Varamaður: Axel Örn Sæmundsson, Umf. Þór

Blaknefnd

Formaður: Össur Björnsson, Íþróttafélaginu Dímon
María Rósa Einarsdóttir, Íþróttafélaginu Dímon
Freyja Þorkelsdóttir, Umf. Hrunamanna
Varamaður: Harpa Dóra Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri

Borðtennisnefnd

Formaður: Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon
Guðni Sighvatsson, Umf. Laugdæla
Gunnar Þorgilsson, Umf. Heklu
Varamaður: Reynir Björgvinsson, Íþróttafélaginu Dímon

Briddsnefnd

Formaður: Garðar Garðarsson, Umf. Selfoss
Ómar Olgeirsson, Íþróttafélaginu Garpi
Kristján Hálfðanarson, Íþróttafélaginu Dímon
Varamaður: Sveinn Þór Gunnarsson, Umf. Gnúpverja

Fimleikanefnd

Formaður: Anna Lind Friðriksdóttir, Umf. Selfoss
Unnar Freyr Bjarnason, Umf. Selfoss
Kolbrún Marín Wolfram, Íþróttafélaginu Hamri
Varamaður: Kristín Lára Hauksdóttir, Íþróttafélaginu Hamri

Stjórn Frjálsíþróttaráðs

Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir, Umf. Þjótanda,
Bryndís Eva Óskarsdóttir, Umf. Þjótanda
Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss
Sigurður Kristinn Guðbjörnsson, Umf. Heklu
Tinna Björnsdóttir, Umf. Selfoss.

Stjórn Glimuráðs

Formaður: Stefán Geirsson, Umf. Þjótanda
Gjaldkeri: Guðni Sighvatsson, Umf. Laugdæla
Ritari/varaf.: Guðrún Inga Helgadóttir, Umf. Þjótanda
Varamenn: Jana Lind Ellertsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi
Jón Gunnþór Þorsteinsson, Umf. Þjótanda

Golfnefnd

Formaður: Guðmundur Bergsson, Golfklúbbi Selfoss
Jón Sveinberg Birgisson, Golfklúbbi Selfoss
Sigríður Gunnarsdóttir, Golfklúbbi Selfoss
Varamaður: Helgi Guðmundsson, Golfklúbbum Flúðum

Handknattleiksnefnd

Formaður: Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Umf. Selfoss
Atli Kristinsson, ÍF Mílan
Örn Þrastarson, ÍF Mílan
Varamaður: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss

Hestaíþróttanefnd

Formaður: Sigmar Ólafsson, Hestamannafélaginu Sleipni
Halldóra S. Jónsdóttir, Hestamannafélaginu Sleipni
Lovísa H. Ragnarsdóttir, Hestamannafélaginu Geysi
Varamaður: Ísleifur Jónasson, Hestamannafélaginu Geysi

Íþróttanefnd eldri félagsmanna

Formaður: Tómas Jónsson, Umf. Selfoss
Markús Ívarsson, Umf. Samhygð
Jón Smári Lárusson, Íþróttafélaginu Dímon
Varamaður: Ásberg Lárentínusson, Umf. Þór

Íþróttanefnd fatlaðra

Formaður: Þorbjörg Vilhjálmsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra
Guðrún Jónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra
Valgeir Backman, Íþróttafélaginu Gný
Varamaður: Hulda Sigurjónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra

Knattspyrnuefnd

Formaður: Gestur Einarsson, Umf. Gnúpverja
Haþþór Theodórsson, Knattspyrnufélagi Árborgar
Jón Þorberg Steinsdórsen, Knattspyrnufélagi Rangæinga
Varamaður: Þorsteinn Theodór Ragnarson, Íþróttafélaginu Hamri

Körfuknattleiksnefnd

Formaður: Lárus Ingi Friðfinnsson, Íþróttafélaginu Hamri
Árni Þór Hilmarrson, Umf. Hrunamanna
Þorsteinn Darri Sigurgeirsson, Umf. Heklu
Varamaður: Víðir Óskarsson, Körfuknattleiksfélagi Selfoss

Skáknefnd

Formaður: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss
Björgvin Helgason, Umf. Heklu
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu
Varamaður: Úlfhéðinn Sigurmundsson, Umf. Gnúpverja

Starfsíþróttanefnd

Formaður: Fanney Ólafsdóttir, formaður, Umf. Þjótanda
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu
Kolbrún Júlíusdóttir, Umf. Þjótanda
Varamaður: Sigurgeir Ingólfsson, Umf. Eyfellingi

Sundnefnd

Formaður: Vilhelmina S. Smáradóttir, Umf. Selfoss
Guðmundur Pálsson, Umf. Selfoss
Charlotte Clausen, Íþr.f. Hamar

Sögu- og minjanefnd

Formaður: Þorgeir Vigfússon, Umf. Skeiðamanna
Lísa Thomsen, Umf. Hvöt
Þorgeir Vigfússon, Umf. Skeiðamanna
Varamaður: Ólafur Elí Magnússon, Íþróttaf. Dímon

Yfirlit um störf nefnda og ráða HSK:

Upplýsingar um íþróttamenn einstakra greina, sem nefndir og ráð tilnefndu eru á einum stað hér framfar í ársskýrslunni á bls. 12-13.

Almenningsíþróttanefnd

Bláskógaskokkið

Bláskógaskokk HSK var haldið 23. júní 2018. 19 hlauparar tóku þátt í hlaupinu. Að loknu hlaupi bauð Fontana keppendum í gufu og er fyrirtækinu þakkaður stuðningurinn. Hlaupið var frá Gjábakka, austan Þingvallavatns eftir gamla Gjábakkavegi til Laugarvatns, samtals 10 mílna leið. Andrea Kolbeinsdóttir sigraði í kvennaflokki á tímanum 1:08,07 klst. og Arnar Pétursson vann í karlaflokki, hljóp á 1:08,24 klst.

Blásið til sóknar

Nefndarmenn og framkvæmdastjóri HSK funduðu með fulltrúum ferðaþjónustufyrirtækisins Exploring Iceland í nóvember 2018, en fulltrúar fyrirtækisins óskuðu eftir að hitta fulltrúa HSK vegna komu um 170 hlaupara frá Bandaríkjunum næsta sumar.

Niðurstaðan er sú að umræddur hlaupahópur mun taka þátt í Bláskógaskokkinu sunnudaginn 16. júní 2019. Ákveðið hefur verið að bæta við 5 mílna hlaupi. Þá mun þjónusta við hlaupara verða aukin, en boðið verður upp á rútuferð fyrir keppendur, drykkjarstöðvum verður fjölgað og tekin verður svokallaður flögutími af öllum keppendum.

Badmintonnefnd

Innan vébanda HSK var badminton iðkað sem keppnisíþrótt hjá þremur félögum árið 2018 en þau voru Dímon, Hamar og Umf Þór. Iðkendafjöldinn var misjafn milli félaga sem og fjöldi æfinga á viku en iðkendafjöldinn hélt svipaður þetta árið.

Einn leikmaður var valinn í úrtakshóp unglíngalandsliðs Íslands í badminton, hún Margrét Guangbing Hu, U15 ára, úr Hamri. Margrét mætti á landsliðsæfingar í nokkur skipti þetta árið en náði ekki að vera í keppnishópi fyrir Íslands hönd. Margrét á framtíðina fyrir sér í badminton og er hún meðal annars í öðru sæti á styrkleikalista í sínum flokki. Það verður gaman að fylgjast með henni sem og öðrum iðkendum í framtíðinni.

Badmintonnefnd HSK sér til þess að haldin séu tvö mót á ári undir nafni HSK en þau eru Unglingamót HSK og Meistaramót HSK. Badmintonnefnd HSK sér um fjármögnun og skipulag mótanna. Auk þess voru haldin tvenn stór barna- og unglíngamót innan vébanda HSK á árinu.

Í febrúar hélt Umf Þór sitt árlega Þórsmót sem er mót fyrir börn og unglíng. Þetta mót er svokallað



Bláskógaskokk 2018.

byrjendamót þar sem þeir bestu á landinu eru ekki gjaldgengir á mótið, en það teljast allir þeir sem unnið hafa til verðlauna á mótum yfir veturinn. Þátttakendur voru um 80 talsins. Þátttakendur komu alls staðar að af landinu, alls frá 7 félögum. Mótið gekk mjög vel fyrir sig þrátt fyrir mikinn fjölda keppenda og náðist að ljúka mótinu á tilsettum tíma.

Í apríl var Meistaramót HSK haldið í Þorlákshöfn. Keppendur voru 73 talsins frá þremur félögum; Dímon, Hamri og Umf Þór. HSK-meistara titillinn hlaut Hamar, fór með sigur úr þytum með 82 stig, Umf Þór var í öðru sæti með 47 stig og Dímon var í þriðja með 17 stig.

Í nóvember hélt Hamar Kjörismót Hamars sem er mót fyrir börn og unglíng. Það var byrjendamót líkt og Þórsmótið og voru þeir bestu á landinu því ekki gjaldgengir á Kjörismótið heldur. Þátttakendur voru 85 talsins frá 6 félögum, alls staðar að af landinu. Mótið gekk vel fyrir sig þrátt fyrir mikinn fjölda keppenda. Við fögnum því að haldin séu tvenn stór unglíngamót á ári innan vébanda HSK og verður það eflaust til þess að efla badmintoniðkun á svæðinu enn frekar.

Í desember var Unglingamót HSK haldið í Þorlákshöfn. Keppendur voru 45 talsins frá þremur félögum; Dímon, Hamri og Umf Þór. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og fóru allir ánægðir heim. HSK-meistara titillinn hlaut Hamar, sem fór með sigur úr þytum með

43 stig, Umf Þór var í öðru sæti með 37 stig og Dímon í því þriðja með 5 stig.

Blaknefnd

Starf Blaknefndar HSK var með hefðbundnum hætti á árinu 2018 með héraðs- og hraðmótum.

Héraðsmót HSK 2017-18

Keppt var í tveimur hlutum í karla- og kvennaflokki og eitt mót var í unglíngaflokki drengja og stúlkna.

Í karlaflokki voru sex lið skráð til leiks. Fyrri hlutinn var spilaður að Laugarvatni 7. desember 2017 og seinni hlutinn í Hveragerði 12. apríl 2018 og urðu úrslit þessi:

- Héraðsmeistarar - Hrunamenn með 14 stig
- Hamar A með 13 stig
- Hamar 1 með 8 stig
- UMFL 1 með 7 stig
- Dímon með 3 stig
- UMFL 2 með 3 stig

Í kvennaflokki voru 7 lið skráð til leiks fyrri hlutinn var spilaður á Hvalsveili 27. nóvember og seinni hlutinn á Flúðum 10. apríl og urðu úrslit þessi:

- Héraðsmeistarar Hamar 1 með 16 stig
- Dímon/Hekla 1 með 14 stig
- Hrunamenn 2 með 11 stig
- Dímon Hekla 2 með 11 stig
- UMFL með 7 stig
- Hrunamenn 1 með 4 stig
- Hamar 2 með 0 stig

HSK mót í unglíngaflokki var haldið á Hellu 2. mars 2018. Það mættu til leiks lið frá tveimur félögum Dímon og Heklu, þrjú stúlkalið og þrjú drengjalið. Hekla tók þátt í fyrsta skipti.

Stúlkur úrslit

1. sæti Héraðsmeistarar Hekla 4 hrinur
2. sæti Dímon A 2 hrinur
3. sæti Dímon B 0 hrinur

Drengir

1. sæti Héraðsmeistarar Hekla 4 hrinur
2. sæti Dímon A 2 hrinur
3. sæti Dímon B 1 hrinur

Hraðmót HSK 2018

Hraðmót ársins voru spiluð 1. nóvember, karlamótið í Hveragerði og kvennamótið á Hellu. Að þessu sinni spiluðu karlar 2 hrinur upp í 25 stig en konurnar spiluðu tvær hrinur á tíma.



Sigurlið Hamars á héraðsmóti HSK í badminton 2018.

Úrslitin á hraðmóti karla:

- Hraðmótsmeistarar – Hamar
- Hrunamenn
- Laugdælir 1
- Laugdælir 2
- Dímon

Úrslitin á hraðmóti kvenna:

- Hraðmótsmeistarar – Hamar 1
 - UMFL
 - Dímon-Hekla 2
- Önnur lið sem tóku þátt voru:
 Dímon-Hekla
 Dímon-Hekla 1
 Hamar 2
 Hrunakonur 1
 Hrunakonur 2

Íslands- og bikarmót 2017-2018

Mörg lið innan HSK tóku þátt í Íslands og bikarmótum veturinn 2017-18 bæði í karla og kvennaflokki og stóðu sig með þryði.

Önnur mót

HSK liðin tóku að vanda þátt í fjölmörgum smærri mótum að ógleymdu öldungamótinu einum stærsta íþróttaviðburði á Íslandi sem haldið var á Akureyri síðastliðið vor þar sem fjölmörg félög innan vébanda HSK sendu lið til keppni auk annarra liða sem eiga sterka tengingu við suðurlandið.

Blakkveðjur,

Össur Björnsson, formaður blaknefndar HSK

Borðtennisnefnd

Héraðsmót

Héraðsmót HSK í borðtennis var haldið á Hvolsvelli 4. maí 2018.

Keppendur komu frá fjórum félögum á HSK svæðinu, þ.e. Garpi, Heklu, Selfoss og Dímon. Til leiks voru skráðir 46 keppendur á aldrinum 7 - 57 ára. Fjórir komu frá Heklu, einn frá bæði Selfoss og Garpi og restin frá Dímon.

Dímon vann stigakeppnina örugglega með 149 stig, Hekla varð í öðru sæti með 16 stig, Garpur í þriðja með 2 stig og Selfoss í fjórða án stiga.

Úrslit í einstökum flokkum má sjá á www.hsk.is.

Briddsnefnd

Tvímenningur HSK 2018

HSK tvímenningurinn í briddsfór fram í Selinu á Selfossi 4. janúar 2018 með þátttöku 17 para.

Spiluð voru 40 spil og eftir þessi 40 spil stóðu uppi sem sigurvegarar þeir Kristján Már Gunnarsson og Gunnlaugur Sævarsson með 333 stig. Jafnir í öðru og þriðja sæti með 330 stig voru svo sveitarfélögarnir Helgi Hermannsson og Brynjólfur Gestsson og Sigurður Skagfjörð og Þorgils Torfi Jónsson. Brynjólfur og Helgi unnu innibyrðis viðureign þeirra og lenda því öðru sæti.

Lokastöðuna má sjá á www.hsk.is.

HSK-mótið í sveitakeppni

HSK-mótið í sveitakeppni í bridge var spilað á Flúðum 24. mars 2018 með þátttöku átta sveita og spiluðu allir við alla. HSK-meistarar urðu sveit MS. Meistararnir heita Eypör Jónsson, Björn Dúason, Vilhjámur Pálsson og Höskuldur Gunnarsson. Í öðru sæti varð sveit TM og sveit Garðars Garðarssonar í þriðja.

Frjálsíþróttaráð

Aðalfundur ráðsins var haldinn 9. apríl 2018. Silja Dögg Jensdóttir og Tómas Karl Guðsteinsson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Í þeirra stað komu ný inn í stjórn Sigurður Kristinn



Þátttökuliðin á héraðsmóti drengja í blaki 2018.



Verðlaunahafar í flokki 14 - 15 ára stráka á héraðsmótinu í borðtennis 2018.

Guðbjörnsson Umf. Heklu og Tinna Björnsdóttir Umf. Selfoss. Haustfundur ráðsins var svo haldinn 3. desember. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu en samskipti ráðsins fóru yfirleitt fram á facebook og svo á hliðarlínunni á íþróttavellinum.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn á Selfossi dagana 12-16. júní og var þetta 10. starfsár skólans á HSK svæðinu. Alls voru 44 krakkar sem kláruðu skólann en það var heldur færra en síðustu ár. Umsjónarmenn hans voru líkt áður Ágústa Tryggvadóttir og Fjóra Signý Hannesdóttir en þær nutu aðstoðar fleiri þjálfara og starfsmanna á meðan á skólann stóð. Að þessu sinni voru krakkarnir í Frjálsíþróttaskólanum á aldrinum 11 til 14 ára og komu flest af HSK svæðinu en sum annarsstaðar frá. Dagskrá skólans var að venju fjölbreytt og gott að halda hann við frábærar aðstæður á Selfossi þar sem stutt er í alla aðstöðu sem nota þarf, til að mynda gistaðstöðuna, frjálsíþróttavöllinn og sundlaugina. Sveitarfélaginu Árborg og Umf. Selfoss er þökkúð velvilð í garð skólans. Frjálsíþróttaskólanum lauk með velheppnuðu frjálsíþróttamóti og grillveislu.

Haldið var áfram að keppa undir merkjum HSK/ Selfoss á meistaramótum og áttum við mjög góðu gengi að fagna á þeim öllum. Við sigruðum MÍ 11-14 ára innanhúss með rúmlega helmings forskot. Sömu sögu var að segja á MÍ 11-14 ára utanhúss. HSK/Selfoss tókst að sigra MÍ Unglinga innanhúss í fyrsta sinn í langan tíma en varð í öðru sæti á því móti utanhúss eftir harða baráttu við lið ÍR. Lið HSK/ Selfoss varð einnig bikarmeistari á Bikarkeppni 15 ára

og yngri innan og utanhúss líkt og síðstu ár. Í þessum aldursflokki voru bæði A og B lið skráð til leiks bæði innan og utanhúss. Ágætlega gekk að koma saman bikarliðum innan og utanhúss í flokki fullorðinna en þorri liðsins var mjög ungur. Því miður er enn talsvert brottfall á iðkendum þegar þeir eru komnir á sín bestu ár í fullorðinsflokkum og liðið þess vegna ekki mjög sterkt í bikarkeppnum fullorðinna og MÍ fullorðinna.

Úrslit HSK/Selfoss á meistaramótum og bikarkeppnum á árinu:

- MÍ 11-14 ára innanhúss**
1. sæti 14 Íslandsmeistaratitlar
- MÍ Aðalhluti innanhúss**
5. sæti 1 Íslandsmeistaratitlar
- MÍ Unglinga innanhúss**
1. sæti 15 Íslandsmeistaratitlar
- MÍ öldunga innanhúss**
2. sæti 8 Íslandsmeistaratitlar
- Bikarkeppni innanhúss**
5. sæti 1 bikarmeistaratitlar
- Bikarkeppni 15 ára og yngri innanhúss**
1. sæti 5 bikarmeistaratitlar
- MÍ 11-14 ára utanhúss**
1. sæti 23 Íslandsmeistaratitlar
- Bikarkeppni fullorðinna utanhúss**
4. sæti 0 bikarmeistaratitill
- MÍ aðalhluti utanhúss**
7. sæti 1 Íslandsmeistaratitlar
- Bikarkeppni 15 ára og yngri utanhúss**
1. sæti 6 bikarmeistaratitlar
- MÍ ungingla utanhúss**
2. sæti 25 Íslandsmeistaratitlar
- MÍ öldunga utanhúss**
2. sæti 17 Íslandsmeistaratitlar

Keppendur HSK kepptu á nokkrum mótum á erlendri grundu á árinu, sumir á eigin vegum en einnig með landsliði Íslands. Kristinn Þór Kristinnsson Umf. Selfoss hélt sæti sínu í landsliði Íslands í frjálsum íþróttum árið 2018. Hann keppti með því á Smáþjóðameistaramótinu í Lectenstine í 800m hlaupi auk þess sem hann keppti á öðrum mótum erlendis á eigin vegum. Guðrún Hulda Sigurjónsdóttir lþrf. Suðra keppti fyrir Íslands hönd á EM fatlaðra í frjálsum íþróttum sem fram fór í Berlín og hafnaði í 7. sæti. Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss keppti í hástökki á norðurlandamóti ungingla 19 ára og yngri í byrjun



Keppendur á héraðsleikum utanhúss í lok mótis.



Þátttakendur á dómaramámskeiði frjálsíþróttaráðs.

ágúst í Danmörku og varð í 8. sæti. Dagur Fannar Einarsson Umf. Selfoss keppti á sama móti í 400m grindahlaupi þar sem hann varð í 8. sæti og í 4x400m hlaupi. Sindri Freyr Seim Sigurðsson keppti European Festival of Sprint U16 í Rieti á Ítalíu en einum pilti og einni stúlkun frá Íslandi var boðið á mótið. Á mótinu stóð Sindri sig mjög vel og komst í úrslit. Þess má einnig til gamans geta geta að stór hópur frá HSK fór á Gautaborgarleikana og átti þar mjög góða ferð.

HSK á sex einstaklinga í úrvalshópi unglunga hjá FRÍ en valið var gefið út í desember 2018. Þetta er fækkun um helming í hópnum miðað við það sem var á síðasta ári en þeir sem voru áður á listanum eru annað hvort hættir að iðka íþróttina eða fluttir af svæðinu. Ekki bættust nein ný nöfn á listann. Þeir sem voru valdir í úrvalshópinum 2018-2019 eru: Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss, Hildur Helga Einarisdóttir Umf. Selfoss, Ragnheiður Guðjónsdóttir Umf. Hrunamanna, Sindri Freyr Seim Sigurðsson Umf. Heklu, Dagur Fannar Einarsson Umf. Selfoss og Viktor Karl Halldórsson Umf. Þór. Þess má geta að flest þessara ungmenna komust í úrvalshópin fyrir árangur í fleiri en einni grein.

Frjálsíþróttamaður ársins 2018 var valinn af Frjálsíþróttaráði Kristinn Þór Kristinsson úr Umf. Selfoss en hann heldur enn sínu sæti sem besti millivegalengdahlaupari landsins og á fast sæti í

landslíði Íslands. Kristinn Þór varð Íslandsmeistari í 800m hlaupi utanhúss en náði ekki að keppa í 800 og 1500m hlaupum innanhúss vegna meiðsla. Þess í stað varð hann Íslandsmeistari í 3000m hlaupi og bikarmeistari í 1500m hlaupi innanhúss. Kristinn Þór keppti sem fyrr segir með landsliðinu á Smáþjóðameistaramótinu í Liechtenstein og stóð sig vel. Kristinn Þór er burðarás í keppnislíði HSK í frjálsum íþróttum og er yngri iðkendum góð fyrirmynd.

Guðrún Hulda Sigurjónsdóttir Íþrf. Suðra er frjálsíþróttakona HSK 2018. Árið 2018 var mjög gott hjá Guðrúnu Huldu en hennar aðal grein er kúluvarp. Hún sigraði Íslandsmót fatlaðra í kúluvarpi bæði utan og innanhúss og kringlukasti utanhúss auk þess sem hún keppti á fjölda annara móta með góðum árangri. Hún setti tvö Íslandsmet í sleggjukasti á árinu en hún hefur í gegnum tíðina verið iðin við að bæta Íslandsmet. Hún keppti á tveimur mótum á eigin vegum á erlendri grundu, Opna ítalska móti fatlaðra þar sem hún lennti í 3. sæti og Opna þýska meistaramóti fatlaðra þar sem hún sigraði. Hápunktur ársins varð þó þegar hún keppti á EM fatlaðra í frjálsum íþróttum í Berlín þar sem hún endaði í 7. sæti í kúluvarpi. Á mótinu var hún fyrirliði Íslenska hópsins og stóð sig með sóma í því hlutverki. Guðrún Hulda æfir vel og hefur skýr markmið í íþróttinni sem á vonandi eftir að koma henni enn lengra.

Árið 2018 líkt og undanfarin ár hefur framkvæmdastjóri HSK uppfært metaskrár HSK í frjálsíþróttum í öllum flokkum frá 11 ára aldri, bæði innan- og utanhúss. Einnig var afrekaskrá fyrir fatlaðra uppfærð. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja voru samtals 165 HSK met sett á síðasta ári. Fatlaðir settu eitt met, keppendur 11 – 22 ára settu 108 met, keppendur í karla- og kvennaflokkum settu 15 met og keppendur í öldungaflokkum settu 41 met. Nokkur þessara meta eru einnig landsmet í viðkomandi flokki. Sindri Freyr Seim Sigurðsson úr Umf. Heklu og keppandi í 15 ára flokki setti flest HSK met á árinu. Hann setti 30 einstaklings HSK met á árinu og setti auk þess sjö boðhlaupsmet með félögum sínum, eða samtals 37 met. Dagur Fannar Einarsson Selfossi, keppandi í 16-17 ára flokki, kom næstur með 30 met. Hann setti 19 einstaklings HSK met og setti auk þess 11 boðhlaupsmet með félögum sínum. Eva María Baldursdóttir Selfossi, sem keppti í 15 ára flokki, setti samtals 14 HSK met á árinu. Thelma Björk Einarisdóttir Selfossi, keppandi í 20 – 22 ára flokki, setti flest HSK met í fullorðensflokki, en hún setti fimm met í kvennaflokki og níu met að auki í sínum aldursflokki.

Sigmundur Stefánsson, keppandi Þjótanda, setti flest met í öldungaflokkum, en hann setti 11 met á árinu í flokki 70-74 ára. Næstur kom Yngvi Karl Jónsson Garpi með 10 met í flokki 55 - 59 ára.

Hulda Sigurjónsdóttir Suðra var sú eina sem setti HSK met í flokkum fatlaðra á árinu, en hún bætti metið í sleggjukasti í flokki F20.

HSK átti 12 þingfulltrúa á Frjálsíþróttapingi sem var haldið í Kópavogi í mars. Nokkrir félagar í HSK voru heiðraðir á þinginu en bronsmerki FRÍ fengu Guðbjörg Viðarsdóttir, Ingvar Garðarsson, Ólafur Elí Magnússon. Valgerður Auðunsdóttir Umf. Skeiðamanna var svo kjörin heiðursfélagi Frjálsíþróttasambands Íslands og er hún vel að þeirri nafnbót komin. Fjóra Signý Hannesdóttir Umf. Selfoss var kosin í aðalstjórn sambandsins og Helgi Sigurður Haraldsson Umf. Selfoss gaf áfram kost á sér í varastjórn.

Frjálsíþróttaráð stóð fyrir tveggja kvölda dómaramámskeiði á Selfossi í aðdraganda Unglingalandsmótsins í Þorlákshöfn. Í lok námskeiðs hlutu 17 manns héraðsdómaraméttindi í frjálsum íþróttum, sumir í fyrsta sinn en aðrir voru að endurnýja réttindin sín. Samkvæmt nýjum reglum gilda héraðsdómaraméttindi aðeins í fimm ár svo nú er nauðsynlegt að sækja námskeið af þessu tagi öðru hvoru til að halda réttindum sínum.

Á Uppskeruhátíð FRÍ sem fram fór í nóvember voru Unglingaþjálfarar HSK heiðraðir fyrir að hafa náð að byggja upp öflugt starf hjá aldurshópum 19 ára og yngri. Þjálfaramir okkar eru vel að þessari viðurkenningu komnir og alltaf gaman þegar eftir starfinu er tekið.

Stærsta hlutverk Frjálsíþróttaráðs er mótahald og stóð ráðið fyrir 10 mótum á árinu. Haldið var áfram að halda innanhússmót HSK í Kaplakrika í góðu samstarfi við frjálsíþróttadeild FH. Aldursflokkmót, Unglingamót- og Héraðsmót HSK voru haldin samhliða á stórum frjálsíþróttadegi í Kaplakrika í annað sinn og tókst vel. Eini gallinn við þetta fyrirkomulag er fáir þátttakendur í flokki fullorðinna. Áhorfendur fylltu stúkuna þennan dag og auðvelt var að fá starfsfólk til starfa. Við kunnum vinum okkar hjá frjálsíþróttadeild FH bestu þakkir fyrir alla aðstoð á HSK mótonum í Kaplakrika. Engin Íslandsmeistaramót voru haldin á svæðinu á vegum ráðsins sumarið 2018 en HSK hélt Unglingalandsmót í Þorlákshöfn sem félögin sendu starfsmenn á.

Mót á vegum HSK 2018

Aldursflokkamót HSK 11-14 ára innanhúss

Aldursflokkamót HSK í frjálsum íþróttum fór fram í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakríka sunnudaginn 14. janúar. Á mótið voru skráðir 109 keppendur en sá fjöldi er á pari miðað við seinustu ár ef horft er framhjá metárinu 2017 þegar 140 keppendur voru skráðir. Umf. Selfoss sigraði stigakeppni mótsins með 405 stigum, í öðru sæti varð umf. Hrunamanna með 185 stig og Umf. Þjótandi í þriðja sæti með 129 stig.

Unglingamót HSK 15-17 ára innanhúss.

Unglingamót HSK fór fram 14. janúar, samhliða Aldursflokka- og Héraðsmóti. Á Unglingamótið voru 30 keppendur skráðir frá níu félögum en það er örlítil fækkun frá á síðasta ári en skýrist af því að aldursflokkum mótsins var fækkað og aðeins keppt í 15 ára flokki annarsvegar og 16-17 ára hinsvegar. 18 ára og eldri voru allir látnir keppa á Héraðsmóti fullorðinna. Umf. Selfoss sigraði heildarstigakeppni mótsins með 174 stig og í öðru sæti varð umf. Þjótandi með 72 stig. Umf. Hekla varð svo í þriðja sæti með 34 stig.

Héraðsmót HSK fullorðinna innanhúss

Héraðsmót HSK fullorðinna var frekar fámennst eins og síðustu ár en það skýrist helst af því að aðeins 18 ára og eldri gátu keppt á mótinu vegna þess að það var haldið á sama tíma og hin mótin tvö. Heildarstigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 77 stig, Umf. Þjótandi var í öðru sæti með 27 stig og Umf. Þór var í þriðja sæti með 26 stig.

Héraðsleikar HSK innanhúss

Héraðsleikar HSK í frjálsíþróttum fóru fram í Íþróttahúsinu að Laugarvatni sunnudaginn 17. mars. 80 keppendur voru skráðir til leiks en það er talsverð fækkun frá fyrra ári. Keppendur 8 ára og yngri kepptu í þrautabraut en 9-10 ára öttu kappi í hefðbundnum greinum. Að móti loknu fengu svo allir þátttakendur verðlaunapening fyrir þátttökuna. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og gaman að halda aftur mót á Laugarvatni eftir langt hlé.

Vormót HSK

Vormót HSK fór fram á Selfossvelli miðvikudagskvöldið 30. maí. Fresta þurfti mótinu um einn dag vegna illviðris en betra þótti að bíða bætingaveðurs. Þátttakendum fjölgaði um tæplega 50 millí ára og það segir okkur að það hafi verið rétt ákvörðun að halda mótið að kvöldi í miðri viku í stað þess að halda það á laugardegi eins og undanfarin ár. Á mótinu var keppt í fullorðinsflokkum og það var opið fyrir keppendur úr öllum félögum. Lið HSK lét ekki sitt eftir liggja á mótinu og okkar fólk vann þrenn gullverðlaun.

Aldursflokkamót HSK 11-14 ára utanhúss

Aldursflokkamót HSK var haldið í Þorlákshöfn 10. júní. Átta félög sendu keppendur til leiks og keppendur voru tæplega 80 talsins. Stigakeppni félaga fór þannig að Umf. Selfoss sigraði mótið með yfirburðum og náði í 493,5 stig. Næstir á eftir þeim kom Umf. Hrunamanna með 239,5 stig og í þriðja sæti var Umf. Hekla með 101 stig.

Héraðsleikar HSK utanhúss

Um 35 krakkar á aldrinum fjögurra til tíu ára komu saman á Héraðsleikum HSK í frjálsíþróttum 10. júní, samhliða Aldursflokkamóti HSK. Þetta er umtalsverð fækkun á þátttakendum. Krakkarnir stóðu sig mjög vel á mótinu og allir fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna.

Héraðsmót HSK utanhúss



Sigurlið HSK í bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri utanhúss.

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum fór fram á Selfossi dagana 19.-20. júní. Á mótinu voru 64 þátttakendur og þar af nokkrir gestakeppendur. Stigakeppni félaga fór þannig að Umf. Selfoss vann stórsigur með 255 stig. Umf. Þjótandi var í öðru sæti stigakeppninnar með 61 stig og í þriðja sæti var svo Umf. Þór með 45 stig. Að venju voru afhent verðlaun til stigahæstu keppenda mótsins en Fjola Signý Hannesdóttir Umf. Selfoss var stigahæsta konan með 33 stig og karlamegin deildu Dagur Fannar Einarsson Umf. Selfoss og Stefán Narfi Bjarnason Umf. Þjótanda verðlauninum með 27 stig. Jónshlaupið sigraði að þessu sinni Máni Snær Benediktsson Umf. Hrunamanna.

Héraðsmót fatlaðra

Samhliða Héraðsmóti fullorðinna var haldið Héraðsmót fatlaðra í frjálsum en þar mættu þrjú keppendur til leiks, allir í kvennaflokki. Keppnisgreinar á mótinu voru 200m hlaup, langstökk, kúluvarp og kringlukast. Engir keppendur skráðu sig í hlaupið og stökkgreinina.

Unglingamót HSK utanhúss

Unglingamót HSK í frjálsíþróttum fór fram í þriðjudaginn 14. ágúst á Selfossvelli. Á mótinu voru 32 keppendur skráðir til leiks frá sjö aðildarfélögum HSK. Keppendur Umf. Selfoss stóðu fyrir sínu að vanda og sigruðu mótið með 222 stig. Í öðru sæti varð Umf. Þór með 64 stig og í þriðja sæti var Umf. Þjótandi með 42 stig.

Öll úrslit af mótum ársins má finna á mótaforritinu Þór sem haldið er úti af Frjálsíþróttasambandinu. Á öllum mótunum sem við höldum hjálpuðust félögin innan ráðsins að við að útvega starfsmenn og gekk það í flestum tilfellum vel. Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum félaga, sjálfboðaliðum, þjálfurum og iðkendum kærlega fyrir samstarfið á árinu með von um mörg og merkileg afrek á árinu 2019.

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður

Glimuráð HSK

Glimuráð HSK hélt merkjum glímunnar á lofti innan vébanda HSK árið 2018 líkt og endranær. Ráðið stóð fyrir þremur mótum á héraðsvisu auk þess sem keppendur úr röðum HSK tóku þátt í mótum

Glimusambandsins sem og utanferðum á vegum GLÍ til keppni í þjóðlegum fangbrögðum annara Evrópuþjóða.

Alls iðkuðu 193 glímu á HSK svæðinu samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ árið 2018. Af þeim hóp tóku 74 þátt í keppni og þar af tóku 11 þátt í keppni á mótum Glimusambandsins.

Aðalfundur glímuráðs HSK var haldinn í Selinu 26. september. Á fundinum var farið yfir starf ráðsins árið 2017 og línurnar lagðar fyrir starfið framundan. Fjárhagur ráðsins er traustur og var stjórn glímuráðsins endurkosin óbreytt.

Ólafur Oddur Sigurðsson Umf. Laugdælum lét af formennsku og framkvæmdastjórn Glimusambandsins á ársþingi þess í mars eftir farsælt starf. Ólafur Oddur situr þó enn sem formaður Keltneska fangbragðasambandsins. Kjartan Lárusson var endurkjörin formaður Glimudómarafélags Íslands á ársfundi þess.

Glimusýningar

Jana Lind Ellertsdóttir kynnti glímu fyrir dönskum íþrótafrömuðum á Hótel Geysi 24. nóvember sem voru þar í kynnisferð á vegum HSK og Umf. Selfoss.

Erlend samskipti

Íslenskt glímufólk hélt í fjórar keppnisferðir árið 2018 og eina kynnisferð út fyrir landsteinana og atti kappi við skota, englendingar, frakka og fleiri evrópuþjóðir í keltneskum fangbrögðum. Jana Lind Ellertsdóttir úr Garpi fór með í tvær þessara ferða sem voru skipulagðar af Utanríkis- og landsliðsnefnd GLÍ.

Jana Lind Ellertsdóttir tók þátt í Evrópumeistaramóti unglunga í keltneskum fangbrögðum í Penrith í Englandi í apríl þar sem hún náði fjórða sæti í backhold og því fimmta í gouden í -60 kg flokki. Í ágústlok hélt hópur frá Glimusambandinu til Skotlands þar sem keppt var í backhold á nokkrum mótum. Jana Lind keppti á tveimur þessara móta og hennar besti árangur var fjórða sæti í opnum flokki á hálandaleikum í Cowal.

Mót á vegum HSK

Grunnskólamót HSK 2018

Grunnskólamót HSK 2018 fór fram miðvikudaginn 7. febrúar í Íþróttahúsinu í Reykholti Bláskógabyggð. Keppni hófst kl. 11:00 og til leiks mættu 44



Verðlaunaafhending í flokki 11 ára og yngri á héraðsmótinu í glímu 2018.

Þátttakendur frá fjórum grunnskólum á sambandsvæði HSK. Glímt var á tveimur dýnulögðum völlum samtímis. Mótsstjóri var Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og dómarmar og annað starfsfólk mótsins kom úr röðum HSK.

5. bekkur stelpna

- 1. Stefanía Maren Jóhannsdóttir, Bláskógaskóla

5. bekkur stráka

- 1. Ingvar Jökull Sölvason, Bláskógaskóla

6. bekkur stelpna

- 1. Hanna Birna Hafsteinsdóttir, Hvolsskóla

6. bekkur stráka

- 1. Bjarni Þorvaldsson, Hvolsskóla

7. bekkur stúlkna

- 1. Ísabella Ósk Svansdóttir, Hvolsskóla

7. bekkur stráka

- 1. Ísak Guðnason, Hvolsskóla

8. bekkur stúlkna

- 1. Thelma Rún Jóhannsdóttir, Bláskógaskóla

8. bekkur stráka

- 1. Sindri Sigurjónsson, Hvolsskóla

9. bekkur stúlkna

- 1. Sunna Lind Sigurjónsdóttir, Hvolsskóla

9. bekkur drengja

- 1. Sigurður Sævar Ásberg Sigurjónsson, Bláskógaskóla

10. bekkur stúlkna

- 1. Birgitta Saga Jónasdóttir, Hvolsskóla

10. bekkur drengja

- 1. Kristján Bjarni Indriðason, Hvolsskóla

Stigakeppni skóla

Stigakeppni skóla er í fjórum flokkum og er veittur bikar fyrir sigur í hverjum flokki.

5. - 7. bekkur stráka stig

- 1. Bláskógaskóli 20,5
- 2. Hvolsskóli 19,5
- 3. Flóaskóli 3

5. - 7. bekkur stelpna stig

- 1. Hvolsskóli 20
- 2. Flóaskóli 15
- 3. Bláskógaskóli 11

8. -10. b. drengja stig

- 1. Hvolsskóli 22
- 2. Bláskógaskóli 16

8. - 10. b. stúlkna stig

- 1. Hvolsskóli 22
- 2. Bláskógaskóli 6
- 3. Vallaskóli 5

Héraðsmót HSK í glímu 2018

Héraðsglíma HSK í flokkum drengja 11 ára og yngri til 20 ára og stúlkna 11 ára og yngri til 16 ára fór fram í íþróttahúsinu á Hvolsvelli laugardaginn 14. apríl og hófst keppni kl 12:00. 36 keppendur komu til leik frá fimm félögum á HSK svæðinu.

Unglingar 17-20 ára

- 1. Jón Gunnþór Þorsteinsson, Þjótanda

16 ára drengir

- 1. Aron Sigurjónsson, Dímon

14-15 ára stúlkur

- 1. Sunna Lind Sigurjónsdóttir, Dímon

14 ára drengir

- 1. Sindri Sigurjónsson, Dímon

13 ára drengir

- 1. Matthías Jens Ármann, Bisk.

13 ára stúlkur

- 1. Hrefna Dögg Ingvarsdóttir, Dímon

12 ára strákar

- 1. Rúnar Þorvaldsson, Dímon



Stefán og Jana Lind skjaldarhafar í glímu 2018.

12 ára stelpur

- 1. Guðrún Margrét Sveinsdóttir, Dímon

11 ára og yngri strákar

- 1. Óskar Freyr Sigurðsson, Þjótanda

11 ára og yngri stelpur

- 1. Svandís Aitken Sævarsdóttir, Þjótanda

Stigakeppnin:

- Drengir 20 ára og yngri:
- 1. Dímon 62 stig
 - 2. Umf. Þjótandi 17
 - 3. Umf. Bisk. 14

Stúlkur 16 ára og yngri:

- 1. Dímon 40 stig
- 2. Umf. Þjótandi 14
- 3. Garpur 9
- 4. Umf. Laugdæla 5

Fjórðungsglíma Suðurlands 2018 - Skjaldarglímur Bergþóru og Skarphéðins

Fjórðungsglíma Suðurlands fór fram að Laugarvatni í Bláskógabyggð fimmtudaginn 9. nóvember og hófst keppni kl. 18:00. Keppt var á tveimur dýnulögðum völlum í fimm flokkum stúlkna og drengja auk fullorðinsflokka. Alls sendu fimm félög 52 keppendur til leiks en rétt til þátttöku í Fjórðungsglímu eiga allir félagar íþrótta- og ungmennafélaga á svæðinu frá Skeiðará að Hvalfjarðarbotni að Reykjavík undanskilinni.

Að lokinni Fjórðungsglímunnni voru glímdar 17. Skjaldarglíma Bergþóru og 94. Skjaldarglíma Skarphéðins en þær eru hluti héraðsmóts HSK í glímu. Úrslit fóru á þá leið að Stefán Geirsson Umf. Þjótanda sigraði glímuna um Skarphéðinsskjöldinn í 14. sinn en hann glímdi fyrst um skjöldin 1999. Jana Lind Ellertsdóttir Garpi sigraði glímuna um Bergþóruskjöldin þriðja árið í röð. Þess má geta að Kristinn Guðnason tók þátt í skjaldarglímunnni eftir nokkuð hlé en fjórutíu ár eru á þessu ári liðin síðan hann keppti fyrst um Skarphéðinsskjöldinn.

Skjaldarglíma Skarphéðins

- 1. Stefán Geirsson, Þjótanda

Skjaldarglíma Bergþóru

- 1. Jana Lind Ellertsdóttir, Garpi

Fjórðungsglíma - Úrslit

Karlar 16 ára og eldri

- 1. Stefán Geirsson, Þjótanda

Konur 16 ára og eldri

- 1. Jana Lind Ellertsdóttir, Garpi

Strákar 14 ára

- 1. Sindri Sigurjónsson, Dímon

Stúlkur 14 ára

- 1. María Sif Indriðadóttir, Dímon

Strákar 13 ára

- 1. Bjarki Páll Eymundsson, Dímon

Stelpur 13 ára

- 1. Ísabella Ósk Svansdóttir, Dímon

Strákar 12 ára

- 1.-2. Rúnar Þorvaldsson, Dímon

- 1.-2. Bjarni Þorvaldsson, Dímon

Stúlkur 12 ára

- 1. Melkorka Álfðís Hjartardóttir, Þjótanda

Strákar 11 ára

- 1. Kári Danielsson, Laugdælum

Stelpur 11 ára

- 1. Svandís Aitken Sævarsdóttir, Þjótanda

Strákar 10 ára og yngri

- 1. Sæþór Leó Helgason, Þjótanda

Stúlkur 10 ára og yngri

- 1. Arna Daniélsdóttir, Laugdælum

Árangur Skarphéðismanna á mótum GLÍ

Bikarglíma Íslands 2018

46. Bikarglíma Íslands fór fram 12. janúar í íþróttahúsi Kennaraskólans í Reykjavík.

Konur -60 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur opinn flokkur

1. Jana Lind Ellertsdóttir

3. umferð í Meistarmótaröð GLÍ 2017-2018

Fór fram í Reykjavík 24. febrúar 2018.

Unglingar kvenna +70 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur opinn flokkur

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Úrslit í Meistarmótaröð GLÍ 2017-2018

Unglingar +80 kg

2.-3. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Unglingar kvenna +70 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur opinn flokkur

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Karlar opinn flokkur

5. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Grunnskólámót GLÍ 2018

Grunnskólámót GLÍ fór fram í Njarðvík 10 mars 2018.

Grunnskólameistarar úr röðum HSK urðu:

8. bekkur stúlkna

1. Aldís Freyja Kristjánsdóttir, Vallaskóla

6. bekkur stráka

1. Fróði Larsen, Bláskógaskóla

10. bekkur stráka

1. Kristján Bjarni Indriðason, Hvolsskóla

Íslandsglíman 2018

Hundraðasta og áttunda Íslandsglíman fór fram í íþróttahúsi Kennerháskólans 24. mars. Jón Gunnþór Þorsteinsson Umf. Þjótanda hafnaði í fjórða sæti af fimm keppendum í sinni annari Íslandsglímu. Ásmundur Hálfán Ásmundsson UÍA hampaði beltinu í þriðja sinn. Átta konur glímu um Freyjumenið og hafnaði Jana Lind Ellertsdóttir þar í öðru sæti á eftir Kristínu Emblu Guðjónsdóttur UÍA sem sigraði Íslandsglímu kvenna í fyrsta sinn. Jana Lind hlaut hins vegar fegurðarverðlaun kvenna sem veitt eru af sérstakri dómnefnd.

1. umferð í meistarmótaröð GLÍ 2018-2019

Haldið á Reyðarfirði 20. október 2018.

Konur +65 kg

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

Konur opinn flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

4. Jana Lind Ellertsdóttir

Íslandsmeistaramót 15 ára og yngri

Haldið á Reyðarfirði 20. október 2018.

Verðlaunahafar úr röðum HSK urðu eftirfarandi.

Stúlkur 11 ára

3. Svandís Aitken Sævarsdóttir

Stúlkur 12 ára stærri

3. Melkorka Álfís Hjartardóttir

Stúlkur 13 ára

2. Erlín Katla Hansdóttir

Stúlkur 14 ára

1. Aldís Freyja Kristjánsdóttir

2. Thelma Rún Jóhannsdóttir

Strákar 11 ára

2. Óskar Freyr Sigurðsson

Unglingalandsmót UMFÍ 2018

ULM 2018 fór fram í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina og var keppt á grasvelli við ráðhúsið.



Frá keppni á héraðsglímu 2018.

Unglingalandsmótsmeistarar úr röðum HSK urðu:

Drengir 11-12 ára

1. Fróði Larsen Bentsson

Drengir 15-16 ára

1. Ólafur Magni Jónsson

Staða HSK fólks á styrkleikalista glímumanna 31. desember 2018

Konur

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Lokaorð

Hér hefur verið farið yfir það helsta úr starfi Glímuráðs HSK árið 2018. Nánari úrslit móta er að finna á heimasíðu GLÍ og HSK sem og í árbók Glímusambandsins sem er einnig aðgengileg á heimasíðu Glímusambandsins.

Fyrir hönd Glímuráðs HSK vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við starf ráðsins á árinu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir.

Stefán Geirsson, formaður.

Íþróttanefnd fatlaðra

Það helsta sem gert var á þessu ári var að halda héraðsmót í nokkrum þeirra íþróttagreinna sem boðið er upp á fyrir fatlað fólk á svæði HSK. Keppendur á þessum mótum voru úr íþróttafélögum Gný og Suðra. Mótin tókust vel og voru eftirfarandi:

GOLF

Héraðsmót HSK í golfi fatlaðra var haldið annað árið í röð á golfvællinum við Ljósafosstöð í Grímsnesi þann 29. ágúst s.l. Keppendur voru 8 og höfðu þeir æft golf sl. sumar undir stjórn Gyfja Sigurjónssonar.

Úrslit voru eftirfarandi:

Karlar:

- Bjarni Ófeiggson
- Eðvald H. Hólmarsson
- Reynir Ingólfsson

Konur:

- María Sigurjónsdóttir
- Sigríður E. Kristinsdóttir
- Telma Þöll Þorbjörnsdóttir

Starfsfólk Ljósafosstöðvar tók vel á móti keppendum og var þeim boðið í pizzahlaðborð og á orkusýningu stöðvarinnar að loknu móti.

BOCCIA

Héraðsmót HSK í boccia fatlaðra var haldið þann 1. des. í Vallaskóla. Keppendur voru 24 frá íþróttafélögum Gný og Suðra. Keppni var hörð og vann Suðri bikarinn sem stigahæsta félag annað árið í röð.

Keppendur gáfu liðum sínum nöfn og voru úrslit eftirfarandi:

1. sæti Suðri - Jólástjörnur, Sigríður Erna Kristinsdóttir, Arna Kristjánsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir.
2. sæti Suðri - Aðventan: Reynir Ingólfsson, María Sigurjónsdóttir og Kristján Gíslason.
3. sæti Gnýr - Hjartað: Leifur Ragnarsson, Erla Björk Sigmundsdóttir og Dísá Sigurðardóttir.

LYFTINGAR

Héraðsmót HSK, Guðmundarmót, í réttstöðulyftu hjá iðkendum Suðra fór fram í Crossfit Selfoss þann 1. des. sl. Mótið var tileinkað Guðmundi Ásbjörnssyni sem lést fyrir tæpu ári síðan. Hann æfði lyftingar með Suðra, var sannur vinur og mikill keppismaður.

Keppendur voru á mótinu voru fimm og bættu flestir árangur sinn töluvert.

Úrslit voru eftirfarandi:

Konur:

1. sæti - Valdis Hrönn Jónsdóttir 130 kg
2. sæti - María Sigurjónsdóttir 110 kg

Karlar:

1. sæti - Ólafur Aron Einarsson 170 kg
2. sæti - Reynir Ingólfsson 150 kg
3. sæti - Jón Ingi Guðfinnsson 110 kg

Auk ofangreindra móta kepptu systurnar Hulda Sigurjónsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir á vormóti HSK og Héraðsmóti HSK í kúluvarpi og kringlukasti.

Íþróttanefnd fatlaðra hjá HSK vinnur að íþróttamálum fyrir fólk með fötlun sem æfir íþróttir í Árnes- og Rangárvallasýslu. Áhugi er hjá nefndarfólki að ná til allra fatlaðra barna og unglunga sem hafa áhuga á að æfa íþróttir. Mjög margir möguleikar eru til æfinga og keppni og samkvæmt rannsóknnum á þátttöku fatlaðs fólks í íþróttum efla þær mjög líkamlega getu, félagslega stöðu og sjálfstraust. Við erum tilbúin til að veita nánari upplýsingar um þessi mál.

Þorbjörg Vilhjálmisdóttir



Hluti keppenda á héraðsmóti HSK í boccia.

Skáknefnd

Héraðsmót HSK í skák

Héraðsmót HSK í sveitakeppni í skák var haldið í Selinu á Selfossi 27. nóvember 2018. Sex sveitir mættu til leiks, sem er betri mæting en undanfarin ár. Tefldar voru atskákir og skipuðu fjórir einstaklingar hverja sveit, óháð aldri eða kyni. Sveit Umf. Þórs stóð uppi sem sigurvegari eftir að hafa teft við allar hinar sveitirnar. Þór hlaut 17 vinninga af 20 mögulegum. Umf. Selfoss varð í öðru sæti með 15 vinninga og Umf. Gnúpverja tryggði sér bronsið með 11,5 vinninga. Umf. Hekla hlaut 10 vinninga, Dímon A og Dímon B komu svo þar á eftir.

Starfsíþróttanefnd

Nefndin hélt skemmtilegt héraðsmót í Grunnskólanum á Hellu laugardaginn 18. ágúst. Keppendur voru í þremur greinum og var þátttaka góð, en

mótið var hluti af hátíðardagskrá Töðugjalda sem fram fóru þessa helgi.

Keppendur voru í fuglagreiningu í opnum flokki þar sem keppendur áttu að greina fugla af myndum. Eftir jafna keppni urðu verðlaunahafar þessir:

- | | |
|-------------------------------|------------|
| 1. Eiríkur Vilhelm Sigurðsson | Umf. Heklu |
| 2. Ómar Helgason | Umf. Heklu |
| 3. Sævar Jónsson | Umf. Heklu |

Í stafsetningu voru 9 keppendur sem tóku þátt. Lesinn var texti og keppendur áttu að fylla í eyður. Verðlaunahafar urðu þessir:

- | | |
|---------------------------------------|---------------------|
| 1. Sigríður Arndís Þórðardóttir Garpi | 2 villur |
| 2. Kjartan Hjálmarsson | Umf. Self 4 villur |
| 3. Rósa Hlín Óskarsdóttir | Umf. Heklu 5 villur |

Keppendur voru fyrsta sinn í kókuskreytingum á HSK móti. Keppnin var fyrir 16 ára og yngri og máttu krakkarnir keppa sem einstaklingar eða saman í liði. Margar stórglæsilegar skreytingar litu dagsins ljós í keppninni sem var hin skemmtilegasta, og var erfitt val hjá dómurunum að velja sigurvegara. En verðlaunahafar urðu þessir:

1. Eyrún Eva Guðjónsdóttir og Sigurður Bergmann Guðjónsson, Umf. Selfoss
2. Andrea Líf Ívarsdóttir og Stella Dís Jóhannesdóttir, Umf. Heklu
3. Ásberg Ævarr Björgvinsson og Þorbjörg Helga Björgvinsdóttir, Umf. Heklu

Í stigakeppni félaga unnu heimamenn í Umf. Heklu afgerandi sigur:

- | | |
|-------------------|---------|
| 1. Umf. Hekla | 39 stig |
| 2. Umf. Selfoss | 11 stig |
| 3. Umf. Garpur | 10 stig |
| 4. Umf. Þjóntandi | 3 stig |

Fleira var ekki á dagskrá nefndarinnar á árinu, en héraðsmótið var vel heppnað og verður vonandi haldið aftur næsta sumar.

**F.h. starfsíþróttanefndar HSK
Fanney Ólafsdóttir**

Sundnefnd

Aldursflokkamót HSK í sundi

Aldursflokkamót HSK í sundi var haldið á Hvolsvelli 28. apríl 2018 og sendu þrjú félög keppendur til leiks. Keppendur voru í aldursflokkum 10 ára og yngri, 11 – 12 ára, 13 – 14 ára og 15 – 18 ára. Í flokkum 10 ára og yngri fengu allir jafna viðurkenningu, en í eldri flokkum var keppendur um gull, silfur og brons.

Keppendur Selfoss unnu samtals 13 HSK meistaratitla, Hamar vann fjóra titla og Dímon þrjá.

Selfyssingar unnu stigakeppnina örugglega, hlutu samtals 134 stig, Hamar varð í öðru sæti með 48 stig og Dímon var með 21 stig.

Heildarúrslit mótsins má sjá á www.hsk.is.

Héraðsmót HSK í sundi

Þrjú félög sendu keppendur til leiks á héraðsmót HSK í sundi sem haldið var í sundlauginni í Laugaskarði í Hveragerði 5. júní 2018.



Setið að tafli á héraðsmóti HSK 2018.



Ungir þátttakendur á héraðsmóti HSK í sundi í Hveragerði.

Selfoss vann stigakeppni félaga með 82 stig, Hamar varð í öðru sæti með 54 stig og Suðri í því þriðja með 14 stig.

Selfyssingar tryggðu sér fimm HSK meistaratitla, en Sara Ægisdóttir vann þrjár greinar og Sigurleif Sigurðardóttir og Hallgerður Höskuldóttir einn titil hvor. Hamarskeppendur unnu einnig fimm titla. Guðjón Ernst Dagbjartsson vann þrjár greinar og María Clausen vann tvær. Suðrakeppandinn Skúli Bárðarsson tryggði svo sínu félagi einn titil.

Heildarútslit og fleiri myndir eru á www.hsk.is.

Unglingamót HSK í sundi

Unglingamót HSK í sundi fór fram í Sundhöll Selfoss 25. nóvember 2018. Þrjú félög sendu keppendur til leiks. Óvenjugóð þátttaka var í flokkum 10 ára og yngri, en 35 krakkar tóku þátt. Í þeim aldersflokkki fengu allir jafna viðurkenningu, en í flokkum 11 ára og eldri var keppt um gull, silfur og brons.

Umf. Selfoss hafði mikla yfirburði í stigakeppni félaga og hlaut samtals 132 stig. Hamar varð í öðru sæti með 25 stig og Dímon varð í því þriðja með 5 stig.

Sem fyrr var veittur svokallaður bætingabikar, en hann hlýtur sá keppandi sem bætir sig mest frá síðasta unglingamóti. Sóldís Ósk Baldvinsdóttir Umf. Selfoss fékk bikarinn, en hún synti 50 metra baksund á 1;26,22 mín og bætti sig um 34,6 sek.

Heildarútslit og myndir á www.hsk.is.

Sögu- og minjanefnd

Með nefndinni starfar Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og er framlag hans mjög mikilvægt.

Nefndin kom alls saman á átta bókaða fundi og vinnufundi á starfsárinu. Eins og undanfarin ár gerði nefndin tillögu til stjórnar HSK um val á öðlingi ársins. Lagði nefndin til að Marteinn Sigurgeirsson yrði útnefndur öðlingur ársins 2018.

Eitt af verkefnum nefndarinnar var að aðstoða við gerð heimildarmyndar Marteins Sigurgeirssonar um landsmót UMFÍ, sem haldin hafa verið á sambandssvæði HSK. Var útgáfu myndarinnar fagnað með útgáfuhófi á Geysi 17. nóv. sl.

Til margra ára hefur greining mynda úr myndasafni HSK verið á verkefnaskrá nefndarinnar. Verkið sóttist seint og fyrirsjáanlegt að ekki tækist að greina eldri hluta safnsins á meðan enn væru til örugglaðir samtímamenn myndanna með einhverja sjón. Í lok síðasta starfsárs var gerður samstarfs-samningur við Héraðsskjalasafn Árnessýslu um að Héraðsskjalasafnið tæki myndasafn HSK til varðveislu og skönnunar. Auk þess myndi Héraðsskjalasafnið stjórna "greiningarfundum" þar sem skönnuðum myndum væri varpað á tjald og menn reyndu að finna út hvar og hvenær myndirnar væru teknar og hverjir væru á þeim.

Guðmunda Ólafsdóttir sérfræðingur á Héraðsskjalasafninu kom á fimm greiningarfundi með nefndinni á starfsárinu. Kallaði nefndin sér til aðstoðar við greininguna Guðmund Kr. Jónsson heiðursformann HSK, Ólaf Einarsson frá Hurðarbaki og Bjarna Einarsson frá Hæli. Vil ég fyrir hönd nefndarinnar þakka Guðmundu fyrir samstarfið og þeim Guðmundi, Ólafi og Bjarna fyrir ómetanlega aðstoð.

Það verður að segjast, að þessi greiningaraðferð á myndunum er mikil framför frá fyrri aðferðum nefndarinnar og miklu skemmtilegri.

Staðan á verkefninu er nú þannig að skönnun eldri mynda er langt komin og greining komin vel á veg. Myndirnar má sjá á vefslóðinni www.myndasetur.is (leitarorðið er HSK).

Þorgeir Vigfússon



Eiríkur Vilhelm Sigurðsson sigræði í fuglagreiningu á héraðsmótinu í starfsíþróttum.



Frá keppni á héraðsmóti fatlaðra í golfi.



Guðríður Aadnegard heldur ræðu á útgáfuhófi heimildarmyndar um landsmót UMFÍ á sambandssvæði HSK.



Sundhöll Selfossi

Tryggvagata 15, Selfossi
Sími: 480 1960

OPNUNARTÍMI:

Virka daga frá 06:30 til 21:30
Helgar 09:00 til 19:00

Komdu í sund á Selfossi og á Stokkseyri



Tilboð
handklæði,
sundföt
og sund
1.650 kr.

Gjaldskrá

Fullorðnir (18–66 ára)

Stakt skipti: 1.000 kr.

10 skipta kort: 4.100 kr.

30 skipta kort: 8.400 kr.

Árskort: 29.500 kr.

FRÍTT fyrir öll börn að 10 ára
aldri (miðast við 1. júní)

Börn (10–18 ára)

Stakt skipti: 150 kr.*

10 skipti: 1.200 kr.

30 skipti: 3.400 kr.

*Börn búsett í Árborg fá gefins árskort.



Sundlaug Stokkseyran

Stjörnusteinum 1a, Stokkseyri
Sími: 480 3260

OPNUNARTÍMI:

Vetraropnun: miðjan ágúst–31. maí

Mánudaga–föstudaga 16:30 til 20:30

Laugardaga 10:00 til 15:00

Sunnudaga lokað

Sumaropnun: 1. júní–miðjan ágúst

Mánudaga–föstudaga 13:00 til 21:00

Laugardaga–sunnudaga 10:00 til 17:00

67 ára og eldri búsettir í Árborg fá frían aðgang.
200 kr. fyrir 67 ára og eldri búsettir utan Árborgar.
Öryrkjar fá frían aðgang en verða að framvísa korti.

Skýrslur aðildarfélaga HSK:

Akstursíþróttafélag Hreppakappa



Á aðalfundi félagsins árið 2017 var ákveðið að setja á fastan æfingatíma einu sinni í viku þar sem félagsmenn af öllum aldri myndu hittast og keyra mótörhjól. Dagurinn var heilt yfir haldinn heilagur fyrir hluta sumars þó að mætingin hafi ekki verið í samræmi við væntingar. Sumarið fyllist hratt af verkefnum hjá öllum en það er alltaf gaman þegar gripið er í mótörhjól.

Sigurjón formaður og Páll Orri Prastarson fóru að gamla "torfærusvæðinu" við Hellsu síðasta sunnudag apríl mánaðar og hjálpuðu Vélhjólaiþróttaklúbbum við lagningu keppnisbrautar í enduro. Laugardaginn 5. maí var fyrsta umferðin í Íslandsmóttinu í enduro svo haldin þar. Sigurjón var eini keppandinn frá Hreppaköppum sem mætti þar til leiks. Þennan dag voru keyrðar tvær umferðir og virkar það þannig að brautin er keyrð í sitt hvora áttina í sitt hvorri umferðinni. Í lok fyrri umferðar voru keppendur úti í braut að taka á sig snjókomu og haglé. Það var vissulega sérstakt í byrjun máí. Sigurjón náði svo ekki seinni umferð keppinnar þar sem tjaldið sem hann var með á "pit-svæðinu" fauk í veðrinu og fór tíminn hjá honum í að taka dótið saman.

Hreppakappar létu sjá sig í nokkrum umferðum í Íslandsmóttinu í motocrossi. Sú eftirminnlegasta er klárlega keppnin á Selfossi sem haldin var 23. júní 2018. Þar rigndi eldi og brennisteini síðustu daga fyrir keppni og á keppnisdag. Veðrið setti heldur betur svip sinn á keppnina þar sem margir þurftu að hætta vegna aðstæðna. Engu að síður náði Heimir Sigurðsson 2. sæti í MX2 flokk og Sigurjón Snær náði 3. sæti í MX open flokk. Myndin sem fylgir skýrslunni er einmitt tekin í þessari keppni.

Aðalfundur félagsins var svo haldinn 20. desember 2018 þar sem engar breytingar urðu á stjórn félagsins.

Golfklúbbur Ásatúns



Árið hefur verið með hefðbundnum hætti, sendar skýrslur til HSK, ársreikningar, skýrsla stjórnar og þess háttar. Mesta vinna stjórnar, hefur farið í utnumhald félaga golfklúbbsins, sem eru 233 talsins og hefur sú vinna mest lent á gjaldkera. Stjórnarmenn hafa verið með braut 16 í fóstri, og gerði það að tillögu sinni að styrkja framkvæmdir við framrægingu um 300 þúsund, og var það verk unnið á haustmánuðum.

Einnig reynum við að styðja við önnur verkefni sem til falla.



Kampakátir sigurvegarar í Áramóttinu sem haldið var á Selsvelli á Gamlársdag.



Sigurjón Snær Jónsson MX á Selfossi – Mynd frá Sverri Jónssyni – www.motosport.is.

Talsvert af félagsmönnum GÁS hafa notfært sér frían hring á Selsvelli, en einn hringur er innifalinn í félagsgjaldi hjá Golfklúbbi Ásatúns, en félagsgjald var 9400 kr. fyrir árið 2018. Heimavöllur klúbbsins er Selsvöllur við Flúðir.

Eftirtaldir voru kosnir í stjórn: Formaður: Sigurjón Harðarson. Aðrir í stjórn: Eiríkur Stefánsson, Guðbjörg Jóhannsdóttir, Árni Sófússon og Gylfi Jóhannesson. Varamenn: Grímur Guðmundsson og Valgerður Jana Jensdóttir.

Golfklúbburinn Dalbúi



Stjórn Golfklúbbsins Dalbúa: Bryndís Scheving, formaður, Böðvar Schram, varaformaður, Eiríkur Þorláksson, gjaldkeri, Ásbjörn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi og Hafsteinn Daniélsson, meðstjórnandi. Varamenn: Ragnar Þórisson og Hafþór B. Guðmundsson.

Síðasti aðalfundur Golfklúbbsins Dalbúa (GD) var haldinn 29. nóvember 2018.

Félagsmönnum hefur fækkað eitthvað milli ára, en í dag eru um 70 félagar í klúbbum.

Á síðasta aðalfundi var samþykkt lagabreyting þess efnis að stjórnarmönnum var fækkað úr sjö í fimm, en varamenn eru eftir sem áður tveir.

Rekstrarform golfklúbbsins var með öðrum hætti í sumar en verið hefur síðustu ár. Klúbburinn auglýsti eftir rekstraraðila í ýmsum miðlum síðastliðinn vetur en þær auglýsingar skiluðu ekki árangri. Það varð því úr að formaður tók að sér rekstur skálans og gerður var samningur við Anthony Karl Flores til þess að sjá um sláttinn. Anthony býr í Miðdal ásamt fjölskyldu sinni.

Ýmsar framkvæmdir hafa átt sér stað á liðnu ári. Fyrst ber að nefna að allar sláttuvélar klúbbsins voru sendar í viðgerð hjá vélaverkstæði í Laugarásnum og í kjölfarið voru allir hnifar á vélunum sendir í brýningu. Þetta var nokkuð mikill kostnaður fyrir klúbbinn en afar nauðsynlegur, eins og sást vel í mun betri slætti á vellinum eftir þessa yfirhalingu. Það hjálpaði mikið við þetta verkefni að klúbburinn fékk veglegan styrk úr Íþróttasjóði vegna þessa verkefnis, sem annars hefði verið klúbbum ofviða. Þá var keyptur sanddreifari sem mun auðvelda söndun á flötum í framtíðinni.

Hár kargi milli brauta (t.d. milli 5. og 6. brautar-, 6. og 7. brauta o.s.frv.) var í haust sleginn niður, rúllaður og pakkaður í plast. Þessi svæði verða næsta sumar slegin sem venjulegur kargi, en við það verður vonandi auðveldara að spila völlinn og sennilega

auðveldara að finna boltann sinn. Þess má geta að nær 300 boltar komu í leitirnar við þennan slátt!

Í sumar gátu félagsmenn og gestir vallarins tekið þátt í könnun þar sem þeir gátu gefið ástandi og gæðum vallarins stig eftir að hafa spilað á vellinum. Þessi könnun mæltist vel fyrir og var um leið gott mælitæki fyrir sláttumennina, en fundað var reglulega með þeim eftir að lesið var úr niðurstöðunum. Völlurinn varð betri eftir því sem leið á sumarið enda mikil og góð vinna hjá sláttumönnum við að hafa völlinn sem bestan, og e.t.v. hefur könnunin eitthvað hjálpað til.

Á vordögum gengu stjórnarmenn um sumarmúsahverfi í nágrenni golfvallarins með dreifibréf í þeirri von að fá fleiri gesti á völlinn. Ekki var hægt að greina umtalsverðan árangur af þessari tilraun.

Fyrri vinnudagur sumarsins var haldinn laugardaginn 19. maí. Veðrið lék ekki alveg við mannskapinn þennan daginn, en vaskir menn og konur létu það ekki á sig fá. Þeir félagsmenn sem mættu höfðu alveg nóg fyrir stafni því það er eitt og annað sem þarf að gera á vellinum í byrjun sumars má þar nefna; að sópa flatirnar, sá og sanda flatir, setja út sorptunnur, teigmerkingar og margt fleira. Þess má geta að um kvöldmatarleytið þetta kvöld snjóaði í dalnum.

Seinni vinnudagurinn var haldinn þann 6. október, þegar nokkir atorkusamir félagsmenn mættu og tóku til hendinni við að ganga frá öllu fyrir veturinn. Á þessum vinnudegi var verkefnið að koma öllum lausmunum í skjól inn í skemmu, raða útihúsgögnum upp við húsvegg, skrúfa fyrir vatn bæði á vellinum og klúbbhúsinu og sitthvað fleira.



Í 2. sæti á Styrktarmóti Símans og GD voru Bragi Þór og Sigurður Orri Hafþórssynir en á milli þeirra stendur Hafsteinn Daniélsson.

Nokkrir félagsmenn hafa komið á öðrum tíma en vinnudögum og unnið gott og óeigingjarnt starf fyrir klúbbinn. Í sumar var þannig borið á pallinn og handriðið í kringum húsið málað. Lítið fór fyrir sumarblómum þetta sumarið en vonandi verður hægt að bæta úr því næsta sumar sem verður stórt ár fyrir golfklúbbinn Dalbúa, en þá fagnar klúbburinn 30 ára afmæli sínu.

- Hjá GD voru haldin sex golfmót árið 2018:
- 23.06.18 Jónsmessumót
- 14.07.18 Opna Laugarvatn Fontana mótið
- 28.07.18 Meistaramót Dalbúa
- 11.08.18 Lavera Kvennamót Dalbúa
- 25.08.18 Styrktarmót Símans og GD
- 15.09.18 Lokamót Golfklúbbsins Dalbúa

Golfklúbburinn Flúðir

Alls voru skráðir félagar í GF 184 á árinu 2018 (192 árið á undan) og hafði fækkað um 8 frá árinu 2017 (fjölgun



2016/2017 = 14). Talsvert fleiri eru þó fullborgandi meðlimir eða alls 253 (272) og hefur fækkað um 19 frá fyrra ári. Mismunurinn á skráðum félögum og fullgreiddandi er sú að um 70 einstaklingar eru með aðra klúbba sem aðalklúbb, en GF sem aukaklúbb.

Umferð um völlinn var um 17% minni en á árinu 2017 og hefur ekki verið minni í nokkum tíma. Félagar í GF eru með um 44% af skráðum rástímum, en spil þeirra dregst saman um 19% milli ára. Gestakomum á völlinn fækkaði einnig milli ára, en minna eða um 15% frá árinu 2017. Þátttaka í mótum dróst þó einungis saman um 5%. Þetta er á skjón við þróun síðustu ára og er okkur vissulega vonbrigði, en ástæðuna fyrir þessu má að okkar álit annars vegar rekja til slæms veðurfars og hins vegar til þess að völlurinn kom illa undan vetri og var ástand hans óviðunandi fram í ágúst. Sýnir þetta okkur hve háð við erum veðrinu, en einnig höfum við dregið lærdóm af reynslunni og erum nú betur undirbúin en áður til að mæta krefjandi aðstæðum.

Á árinu var haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð var 2017 að auka félagsstarfið. Ástráður Sigurðsson golfkennari sinni kennslu unglinga auk þess að bjóða upp á kennslu fyrir félagsmenn þrjár helgar á síðasta sumri, sem er fjölgun um eina helgi. Þá virðist sú ákvörðun okkar að leggja meira í Vordaginn, Meistaramótið og Réttarmótið, sem dreifast jafnt yfir golfvertiðina, vera að festa sig í sessi og mælast vel fyrir.

Aðsókn að mótum var nokkuð góð, sérstaklega ef tekið er mið af veðurfarinu síðasta sumar, en í heild tóku 584 þátt í 8 mótum samanborið við 616 árið 2017, auk þess sem minni mót voru haldin á vordaginn og áramótið í lok árs. Meistaramót GF var haldið 20.-21. júlí, leika átti 36 holur og var keppt í högggleik með og án forgjafar í 9 flokkum. Vegna veðurs varð að hætta keppni á síðstudegi og var 2. umferð mótsins látin telja til úrslita. Þátttakendur voru 53 miðað við 71 árið 2017 og er þetta önnur mesta þátttaka í meistaramóti GF frá upphafi. Klúbbmeistari kvenna var Jónína Birna Sigmarsdóttir og klúbbmeistari karla Elías Kristjánsson. Punktameistarar GF voru einnig kynndir í fyrsta sinn, þau Guðný Káradóttir og Þorleifur Jónasson, fyrir flesta punkta í mótinu í heild.

Kvennanefndin stóð fyrir opnu kvennagolfmóti, Eyvindarmóti, 10. júní og mættu 69 konur til leiks. Mikið var lagt í alla umgjörð og var Björgunarfélagið Eyvindur styrkt um 100 þúsund krónur en 1.000 krónur af mótsgjaldi fór í að styrkja björgunarfélagið og GF lagði til 30 þúsund að auki. Var mótið í alla staði mjög vel heppnað.

GF sendi karlasveit til þátttöku í Íslandsmóti karla í 4. deild sem haldið var í Sandgerði dagana 10.-12. ágúst. Sveit GF varð í 5. sæti af 8 liðum. GF sendi sveit



Frá "vor"degi GF, en þá komu félagsmenn saman og unnu einn dag í vellinum.

í sveitakeppni öldunga í 3. deild í Borgarnesi dagana 17.-19. ágúst. Lenti deildin í 3. sæti af 5 liðum. GF fyrir hönd GSÍ annaðist Sveitakeppni drengja 15 ára og yngri, sem fram fór dagana 17.-19. ágúst. Alls tóku 13 keppnisveitir þátt frá 10 golfklúbbum og tókst framkvæmd mótsins í allar staði mjög vel.

Miklar framkvæmdir voru á vellinum þrátt fyrir erfitt veðurfar. 6. braut var lagfærð, vegur var gerður upp á 7. teig, lagður gerviefni og lagfært í kring, 7. braut var sléttuð og tyrð og útbúin sandgryfja við flötina, lokið var við að grisja tré á 8. og 3. braut, lagðir voru stígar með gerviefni á 1. braut, á 4. og 5. braut og stígar lengdir á 14. og 15. braut. Nýr teigur var gerður á 3. braut og umhverfi teigs lagfært, lagðar voru gervimottur á 5. 9. 11. og 14. teig, sandgryfja við 15. flöt var lagfærð, lagt gerviefni á þvottaaðstöðu við klúbbhús og 18. og 16. brautir sléttaðar framan við flatir. Eftir að leik lauk í haust var ráðist í undirbúning að frekari stígalagningu og 16. braut drenuð. Á síðustu árum hefur verið gert mikið átak í að endurnýja vélakost klúbbsins sem var orðinn mjög gamall og úr sér genginn. Lauk þessu átaki á árinu 2018 með því að keypt var ný götunarvél sem nýttist bæði til þess að gata völlinn og brjóta klaka af flötum. Þá var einnig keypt nýleg flatarláttuvél, auk þjónustubifreiðu og minni tækja eins og heytinslúvél og loftþessur. Samtals nam fjárfesting í framkvæmdum á velli, vélum og tækjum á árinu 6,7 milljónum og um 4,6 milljónum árið 2017, eða samtals 11,3 milljónum króna á þessum tveimur árum.

Stjórnin lagði fram hugmynd um að taka umhverfismál fastari tókum og koma þeim málum í skipulegri farveg með stofnun sérstakrar umhverfisnefndar. Aflað var upplýsinga frá Umhverfisstofnun, ráðuneyti og GSÍ um hvernig best væri að standa að stefnumótun og samþykkt að taka upp samstarf við Hrunamannahrepp um að tengja golfsvæðið og byggðir betur saman.

Formaður gerði grein fyrir þeim samtökum sem GF er aðili að og helstu samningum sem starfsemi klúbbsins byggist á. Pakkaði hann að lokum öllum sjálfboðaliðum fyrir ómælt starf og vallareigendum gott samstarf.

Golfklúbbur Hellu

Aðalfundur Golfklúbbs Hellu var haldinn 30. október. Sautján mættu á fundinn. Fundarstjóri var Heimir Hafsteinsson og ritari Bjarni Jóhannsson.



Andri Már á Íslandsmótinu í Eyjum.

Óskar Pálsson var endurkjörinn formaður í 19. sinn. Breytingar urðu í stjórn, Gísli Jafetsson sem var meðstjórnandi gaf ekki kost á sér áfram í hans stað kom Guðný Rósa Tómasdóttir sem var varamaður og Gunnlaugur Karl Skúlason kom inn sem varamaður Guðjón Guðmundsson kom inn sem varamaður í nefnd skoðunarmanna. Í aganefnd urðu þær breytingar að Þorsteinn Ragnarsson lést á árinu og kom engin inn í hans stað

Formaður las skýrslu stjórnar og fór yfir það helsta sem gerst hafði á árinu, þakkaði starfsfólki, stjórn og nefndarmönnum fyrir vel unnin störf á árinu.

Stjórnina skipa Óskar Pálsson, formaður, Einar Long, varaformaður, Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir, gjaldkeri, Bjarni Jóhannsson, ritari og Guðný Rósa Tómasdóttir, meðstjórnandi. Varamenn eru Loftur Þór Pétursson og Gunnlaugur Karl Skúlason.

Félagar í klúbbnum eru 125 sem er 1 fleiri en í fyrra, 12 gengu í klúbbinn á árinu og 11 gengu úr klúbbnum.

Háttvísibikarinn hlaut Særún Sæmundsdóttir og framfaraverðlaun hlaut Friðrik Sölvi Þórarinnsson.

Einn félagi okkar Þorsteinn Ragnarsson lést á golftímabilinu eða þann 4. des sl. Steini eins og hann var ávallt kallaður var einn af elstu félögum GHR eftir endurreisn hans. Steini stundaði golfið að miklu kappi á meðan heilsan leyfði hann var í stjórn og nefndum og vann mikið og óeigingjarnt starf fyrir klúbbinn hvort sem heldur var að gróðursetja tré mála, smíða eða hvað sem var. Steini var okkar AÐAL ræsir það

voru örfá mótin sem hann gat ekki unnið við en hann var manna fyrstur til að bjóða fram aðstoð sína þegar eitthvað var um að vera. Steini var til að mynda ávallt veislustjóri hjá okkur enda orðheppinn og hrókur alls fagnaðar. Þorsteini voru þökkuð vel unnin störf í þágu klúbbsins og minntumst við hans með 1 mínútu þögn á aðalfundinum.

Innanfélagsmótin voru heldur fá þetta árið M-móta- og Haustmótaröðin stóðu fyrir sínu, Vorkoman var fyrsta mót sumarsins, aflýsa þurfti Hvítasunnunóti, Jónsmessunóti og Flaggakeppni, og spilaði þar inn í slæmt veður og fáir keppendur. Bændaglíman var með besta móti þetta árið með 20 keppendur sem var mjög gott. Meistaramótið var haldið dagana 4. til 7. júlí, í ár voru keppendur 24, klúbbsmeistarar 2018 eru þau Andri Már Óskarsson og Hafdís Alda Jóhannsdóttir. Þann 1. maí var fyrsta opna mót sumarsins, Sláturfélag Suðurlands styrkti mótið að þessu sinni fresta þurfi mótinu þar sem mikill snjór lá yfir um morguninn þegar hefja átti leik, reynt var aftur 5. maí en því var aflýst vegna veðurs. Sett var á annað mót 13. maí SS-opið og voru keppendur þar 27. Lancome-mótið fór einnig illa með 29 keppendur eins og sjá má á þessu fór sumarið ekki vel af stað og er það töluverður skellur að verða af þessum tekjum. Við héldum 1 GSÍ mót, 1. mótið í Íslandsbankamótaröðinni dagana 25.–27. maí þar voru 129 skráðir til leiks.

Tímamót urðu í sumar þegar GHR sendi ekki sveit í Íslandsmót-golfklúbba sem hefur verið árlegur viðburður. Ekki tókst að manna sveitina svo vel væri og svo veikindi sem komu uppá. En vonandi tekst okkur að senda sveit sem fyrst aftur.

Andra Má gekk nokkuð vel í sumar, spilað fanta vel fyrstu 2 dagana á Íslandsmótinu í högggleik en náði sér svo ekki á strik seinni 2 dagana og endaði 6 yfir í 24 sæti, hann komst í 4 manna úrslitin á Íslandsmótinu í holukeppni, Andri Már er í 4. sæti á stigalista GSÍ.

Golfkennsla var í sumar að venju 2x sinnum í viku kennari var Gylfi Birgir Sigurjónsson eins og sl. ár það voru allt upp í 15 börn og unglingar sem mættu á þessar æfingar.

Þann 18. ágúst boðuðum við til vinnudags þar sem glompur voru hreinsaðar og snyrtar mæting var alveg ótrúlega góð og var þetta reglulega skemmtilegt verkefni, á eftir voru grillaðar pylsur fyrir mannskapinn.

Golfklúbbur Hveragerðis

Á síðasta aðalfundi komu þrír nýir félagsmenn inn í stjórn. Eftirtaldir skipuðu stjórnina: Össur E. Friðgeirsson, formaður og formaður vallarnefndar, Hafsteinn Bjarnason, varaformaður og formaður húsnefndar, Sveinn Ingvarsson, gjaldkeri og formaður barna- og unglínganefndar, Vignir Demusson, ritari og formaður mótanefndar, Gylfi Kristinsson, meðstjórnandi og formaður útbreiðslunefndar, Hulda Bergrós Stefánsdóttir, meðstjórnandi og formaður kvennanefndar, Ólafur Ragnarsson, meðstjórnandi, formaður forgjafar- og laganeftndar og afreksnefndar, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, varamaður og formaður skemmtinefndar Arnar Geir Helgason, varamaður og Ásgeir Andrason, varamaður.

Eins og árið áður var skipuð þriggja manna framkvæmdastjórn sem í sátu formaður, varaformaður og gjaldkeri auk rekstrarstjóra.

Störf vegna reksturs klúbbsins voru eins og áður annars vegar unnin af launuðu starfsfólki og hins vegar af sjálfboðliðum. Vegna umfangs starfseminnar er okkur nauðsyn að ráða til okkar



Ungir iðkendur í GHG.

launaða starfsmenn. Steinn Guðmundur Ólafsson er vallarstjóri Gufudalsvallar.

Starfi rekstrarstjóra GHG gegndi, Einar Lyng PGA golfkennari eins og síðasta ár og fórst honum starfið vel úr hendi, þrátt fyrir erfiðar aðstæður því veðurfaríð í sumar hafði mikil áhrif, eins og td. var mjög mikið um að hópar væru að afboða sig eða breyta tímarpöntunum sínum. Þátttaka í mótum var mjög léleg hjá okkur framan af eins og hjá öllum klúbbum á suðvestur horni landsins. Fjöldi félagsmanna stóð nánast í stað þrátt fyrir það að fólk er kannski ekki mikið að spá í að ganga í golfklúbb þegar það rignir stöðugt allt sumarið. Helstu markmið og störf rekstrarstjóra eru auk þess að sjá um daglegan rekstur skálans og samskipti við gesti okkar, að efla barna og unglíngastarf, leita leiða til að fjölga félögum í klúbbum, efla félagsandann og finna nýja styrktar og samstarfsaðila meðal fyrirtækja, vinahópa eða félaga.

Rekstur klúbbsins gekk betur á árinu en við þorðum að vona í júlí eftir að það rigndi nær stöðugt í maí - júní og aðsókn að vellinum var mjög lítil en í ágúst og byrjun september birti til og við fórum að fá til okkar hópa sem keyptu líka þjónustu í skála. Á þeim tíma héldum við líka mót sem heppnuðust mjög vel eins og td. Vita-golf mótið, en það er eftir því sem best er vitað fjölmennasta mót sem haldið hefur verið á Gufudalsvelli en þátttakendur í því voru alls 174, þrátt fyrir að um 60 manns hafi afbókað sig á síðustu stundu, aðallega vegna þess að veðurspáin rétt fyrir mótið var ekkert sérstök, en þá var löngu fullbókað í mótið og margir á biðlista. Eins og fram kemur í ársreikningi þá var hagnaður af hefðbundnum rekstri ársins 3,5 millj. kr. sem er 2,3 millj. kr. betri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir.

Eignfærðar framkvæmdir við skálann námu um 4,0 millj. kr. en það var töluvert minna en áætlunin gerði ráð fyrir, en þegar sumarið fór svona illa af stað var það meðvitund ákvörðun að draga úr framkvæmdum við húsakost klúbbsins. Handbært fé klúbbsins í lok október nam 3,9 millj. kr.

Talsverð vinna var unnin á vegum húsnefndar. Vinnudagar voru haldnir í byrjun vors og var góð mæting félagsmanna, þar sem vinna við að eingra og koma nýju járn á þakið á skálanum komst vel á veg með samstilltu átaki félagsmanna. Ljóst er að vinnudagar sem þessir eru klúbbum gríðarlega mikilvægir

Eins og áður var talsvert umfangsmikið mótahald á vegum klúbbsins í sumar og bar mótanefnd og starfsfólk klúbbsins hitann og þungan af þeim hluta starfsins.

Halda átti eitt GSÍ mót í sumar en varð að fella það niður vegna veðurs. 2 önnur mót þurfti að fella niður

einnig vegna veðurs en eitt nýtt mót var haldið og var það Vitagolf open þar sem leiknar voru 9 holur og tókst það mjög vel.

Miðvikudagsmótaröðin var á sínum stað í sumar og aftur voru það KFC og Skalli sem voru styrktaraðilar og veittu verðlaun bæði í kvenna og karlaflokki. Minni þátttaka var í opnum mótum en á síðasta ári og ber að skoða hvað það er sem veldur. Meistaramóti GHG fór fram 4. – 7. júlí.

Á vegum kvennanefndar var mikið og gott starf unnið á þessu ári. Það var boðið upp á 2 æfingar á viku í allt sumar fyrir börn og unglíng. Þátttaka var ágæt. Héldum við nokkra viðburði til að fá krakka til að koma og prufa og tókst það ágætlega. Kynning á golfi var í grunnskólanum og svo voru haldin sumarnámskeið og voru þau vel sótt.

Karlalið GHG tók þátt í 4. deild í Íslandsmóti golfklúbba, keppnin fór fram í Sandgerði og stóðu okkar menn sinn frábærlega og endaði liðið í 1. sæti, og mun leika í 3. deild að ári.

Í sumar tók kvennaliðið okkar þátt aftur í Íslandsmóti golfklúbba og keppti í 2. deild og fór keppnin fram í Vestmannaeyjum, GHG og GP sendu sameiginlegt lið í þessa keppni og vonum við að framhald verði á því samstarfi.

Eins og undanfarin ár stóð Fannar Ingi sig vel og er það mikils virði fyrir okkur að eiga keppanda á mótum þeirra bestu á Íslandi og geta fylgjumst við með honum þar með miklu stolti og var árangur hans eftirfarandi. 8. sæti á Síamótinu, komst í 8 manna úrslit á Íslandsmótinu í holukeppni, 10. sæti í Íslandsmótinu í högggleik og svo 4. sæti á Securitas-mótinu sem verður að teljast frábær árangur.

Golfklúbbur Kiðjabelgs

Í ár var stjórn Golfklúbbs Kiðjabelgs skipuð eftirtöldum: Þórhalli Einarsson, formaður, Brynhildur Sigursteinsdóttir, gjaldkeri, Jónas Kristinsson, ritari og meðstjórnendurni Gunnar Þorláksson og Magnús Þór Haraldsson. Varamenn eru Ágúst Friðgeirsson og Börkur Arnviðarson.

Fjöldi spilaðra hringja á vellinum samkvæmt golf. is var um 9.300 samanborið við 10.472 árið 2017 sem er um 11 % færri hringir 2018. Spilaðir hringir klúbbsfélaga voru 2.833 sem var 40 færri enn 2017, spilaðir hringir gesta voru 5.710 sem er 975 færri en 2017, þátttaka í mótum 693 sem er 218 færri en 2018. Þetta segir okkur að félagsmenn hafa verið duglegir að sækja völlinn, enn gestum og þátttaka í mótum dálítið lakari enn áður.

Síðast liðin vetur var nokkuð harður komið frost í nóvember sem stóð fram eftir vetri. Vorum við satt





Klúbbmeistarar Golfklúbbs Kiðjabeigs 2018, þau Margrét Geirsdóttir og Haraldur Þórðarson.

að segja famir að vera nokkuð uggandi um hvernig völlurinn kæmi undan, nokkrir erfiðir frost pollar voru til staðar, svo sem á fyrstu og milli 11. og 17. holu og fleiri stöðum þessir flekkir jöfnuðu sig ótrúlega fljótt þrátt fyrir að vorið væri ekki hagstætt til golf iðkunar. Svo til ekkert var spilað í maí og lítið fram eftir júní sökum veðurs.

Félagar í klúbbnum telja nú 366 sem er fjölgun um átta frá síðast liðnu ári. Alltaf er einhver hreyfing inn og út úr klúbbnum eins og gengur geta verið margvíslegar ástæður fyrir því allar mjög eðlilegar.

Meistaramót klúbbsins var haldið 11.-14. júlí að venju 4 daga mót, og öldunga, unglunga og opin flokkur 2 daga. Klúbbmeistarar voru í karla flokki Haraldur Þórðarson og í kvennaflokki Margrét Geirsdóttir. Þátttakendur voru 52 og skiptust jafnt milli móta. Ekki var góð veður spá í upphafi móts dró það úr þátttöku þetta árið.

Í lokahófi meistaramóts GKB var afhentur í fimmta sinn Háttvísibíkar GSÍ sem klúbbnum var færður í tilefni af 20 ára afmæli klúbbsins 2013. Í ár var það Pálmi Þór Palmason sem var þess heiðurs aðnjótandi að fá þennan bíkar til vaðveislu fram að næsta meistaramóti

GKB átti sveitir í þremur flokkum í Íslandsmóti golfklúbba, 2. deild karla sem leikin var hjá GS á Leiruni. Stóð sveitin sig með ágætum náði 3. sæti, Bronsverðlaun. Sveitin var skipuð Haraldur Þórðarsyni, Rúnari Óla Einarssyni, Sturlu Ómarsyni, Andra Jóni Sigurbjörnsyni, Sveini Snorra Sverrissyni, Tryggva Péturssyni, Pétri Frey Péturssyni og Bjarka Péturssyni liðsstjóri var Snorri Hjaltason. Kvennasveit eldri kylfinga spilaði í 2. deild hjá GA á Akureyri hlaut líka bronsverðlaun og var mjög nálægt því að fara upp í 1. deild. Konurnar mjög sáttar. Sveitina skipuðu Brynhildur Sigursteinsdóttir sem einnig var liðsstjóri, Regína Sveinsdóttir, Unnur Jónsdóttir, Þuríður Ingólfssdóttir, Stella Hafsteinsdóttir og Áslaug Sigurðardóttir. Karlasveit eldri kylfinga spilaði í 2. deild hjá GB í Borgarnesi, náðu sér ekki á strik og enduðu í 5. sæti, héldu sér í deildinni. Sveitina skipuðu Börkur Arnviðarson jafnframt liðsstjóri, Gunnar Guðjónsson, Magnús Þór Haraldsson, Ómar Helgi Björnsson, Snorri Hjaltason, Snæbjörn Guðmundsson, Sæmundur Pálsson, Sævar Pétursson og Ögmundur Máni Ögmundsson.

Golfklúbbur Selfoss

Stjórn GOS á tímabilinu skipuðu: Ástfríður Sigurðardóttir formaður, Helena Guðmundsdóttir gjaldkeri, Svanur Bjarnason ritari, Halldór Morthens, Páll Sveinsson, Bjarki Már Magnússon og Vignir Egill



Stjórn Golfklúbbs Selfoss 2018.

Vígfússon meðstjórnendur.

Stjórnarfundir voru 7 á árinu og samfélagsmiðlar og tölvusamskipti jafnframt nýtt vel til miðlunar upplýsingamiðlunar og ákvörðunartöku.

Félagafjöldi GOS er 502 og er það mesti fjöldi sem verið hefur í klúbbnum frá stofnun hans. Þar af eru 183 í gegnum samning við golfklúbb Íslandsbanka (GOSÍ). Nýir meðlimir voru 74 en 47 hættu á milli ára og hafa þeir sem hafa hætt iðkun hjá GOS sjaldan verið færri á síðustu árum.

Inniástaða var opnuð á haustmánuðum 2017 og var vel nýtt að vanda til leiks og æfinga af fjölbreytilegum hópi iðkenda. Nýting á hermi var ágæt en mætti þó efla enn frekar enda nokkuð dýr búnaður. Nú hefur búnaðurinn verið uppfærður enn frekar og ýmsar breytingar til bóta verið gerðar á inniástöðu. Stjórnin hvetur alla til að notfæra sér alla þá kosti sem slíkur golfhermir býður uppá til leiks og ekki síður æfinga.

Þúttmót og fleiri uppakomur voru vel sóttar og til mikillar eflingar á félagsstarfi klúbbsins. Félag eldri borgara á Selfossi hefur einnig nýtt aðstöðuna til vikulegra æfinga og verður vonandi framhald á því samstarfi.

Í maí var ein stærsta stund í sögu Golfklúbbs Selfoss þegar undirritaður var samningur við Sveitarfélagið Árborg sem tryggir GOS aðsetur á Svarfhólsvelli til langs tíma og gerir slíkt allan rekstur, áætlanagerð og framkvæmdir mun auðveldari. Golfklúbburinn kann Sveitarfélaginu miklar þakkir fyrir þetta stórhuga framfaraskref ásamt því að tryggja klúbbnum bætur fyrir það land sem við munum afhenda Vegagerðinni, skv. samningi, í september 2022.

Meðal helstu verkefna stjórnar á árinu fyrir utan rekstur klúbbsins og vallarmannvirkja var aðkoma að gerð samnings við Vegagerðina vegna lagningu nýrrar brúar yfir Ölfusá og þær eignarnámsbætur sem af því hljóta. Við samningagerðina naut klúbburinn aðstoðar Óskars Sigurðssonar lögmanns og stuðnings Edwin Roald golfvallahönnuðar. Við þökkum þeim fyrir þeirra framlag í þessu starfi.

Um leið og lokið var við samning við Vegagerðina hófust framkvæmdir við þrjár nýjar brautir af fullum krafti og samtímis var gerður samningur við Sveitarfélagið um móttöku á jarðvegsefnum vegna margvíslegra framkvæmda á þeirra vegum. Það hefur ekki farið framhjá neinum sem kemur inná svæði GOS að efnið nýst vel í mótun brauta sem og mana

í kringum nýtt en þó tímabundið æfingasvæði. Farið var í flutning á æfingasvæði á haustmánuðum og bráðabirgðaskýli reist af dugmiklum starfsmönnum með góðri aðstoð félagsmanna. Það er von stjórnar að félagsmenn mun ekki liggja á liði sínu í sjálfböðastarfi í þeirri miklu uppbyggingu og breytingum sem hafnar eru hjá okkur.

Á starfsárinu voru fjárfestingar í nýjum búnaði og tækjum ekki ýkja miklar en keypt var ný kerra og notaður sturtuvagn.

Veðurfarslega var sumarið okkur ekki sérlega hagstætt framan af vori og sumri og því krefjandi aðstæður fyrir vallarstarfsmenn að koma vellingum í gott horf. Þeir stóðu sig frábærlega í því verkefni eins og endranær. Á árinu voru leiknir alls 10.170 hringir samanborið við 11.565 hringi árið áður. Það má teljast nokkuð gott miðað við veðurfar og skýrist einna helst af því hve vel kylfingar stunduðu völlinn seinni hluta sumars. Félagsmenn áttu 4321 hringi og gestir 5019. Leiknir hringir í mótum hjá klúbbnum voru 830.

Að lokum þakkar stjórn GOS öllum kylfingum fyrir ánægjulegt samstarf og samveru á liðnu golftímabili, framkvæmdastjóra fyrir hans störf sem og öðrum starfsmönnum og öllum nefndarmönnum fyrir þeirra framlag til starfsins.

Golfklúbburinn Tuddi

Aðalfundur var haldinn 11. janúar. Umræðu efni skv. dagskrá fundarins voru: Starfsemin í heild sinni árið 2018 og smærri þættir hennar, viðburðir og viðfangsefni ss. herrakvöld GOT, mótaskrá þar sem mest var rætt um meistaramót GOT og Bikarkeppnina ásamt öllum hinum hittingunum sem eru nauðsynlegir í starfi allra golfklúbba. Einnig voru rædd og áætluð smærri mót búningamál og fundir.

Er stjórn GOT óbreytt og er skipuð eftirfarandi mönnum; Bjarni Magnússon, forseti, Bogi Pétursson, varaforseti, Magnús Már Þórðarson, gjaldkeri, Marteinn Þorkelsson, ritari og meðstjórnendurnir Hilmar Hólmgeirsson, Óli Öder Magnússon og Júlíus Hallgrímsson.

Herrakvöld GOT var haldið föstudaginn 17. febrúar í Laugardalshöll. Var þetta í 8. skipti sem klúbburinn heldur slíkt herrakvöld og að venju var uppselt. Undirbúningur og framkvæmd kvöldsins





Bjarni Magnússon í ferð Golfklúbbsins Tudda til Alcaidesa á Spáni sl haust.



Sett var upp hreinsunaraðstaða fyrir 25 ára afmælimót GÚ.

tókst með miklum ágætum og var ánægja gesta og félagsmanna sjálfur augljós þegar fyrir fram ákveðinni dagskrá var slitið. Öll framkvæmd herrakvöldsins tókst með miklum ágætum og vill stjórnin þakka öllum sem að komu að og tóku þátt.

Stærstu verkefni í sumarstarfinu var undirbúningur og þátttaka í bikar- og meistaramóti GOT. Að venju lét klúbburinn gott af sér leiða og styrkti góð málefni, má þar meðal annars nefna Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna. Lítið fór annars fyrir öðrum fyrir skipulögðum viðfangsefnum mótanefndar þó einhverjir félagar klúbbsins hafi verið að hittast á golfvöllum landsins við og við. Hvetur stjórnin klúbbfélaga til virkara félagsstarfs.

Meistaramót GOT var haldið 9.- 14. september. Mótið var nú haldið erlendis, Alcaidesa á Spáni. Það sem vakti mesta furðu leikmanna var færni innfæddra á þýska tungu. Mótið var haldið með hefðbundnu sniði. Keppni tveggja liða. Rauðra og Svartra. Undirbúningur, setning mótsins og keppnisfyrirkomulag eins og oft áður. Svarta liðið sigraði að þessu sinni, óvænt, með yfirburðum. Klúbbmeistari ársins 2018 er Þorsteinn Hallgrímsson.

Jólahlaðborð GOT var haldið þann 15. desember Nýjungar í ár voru töluverðar hjá matarnefndinni og er það álit stjórnar að það hafi heppnast með miklum ágætum. Öll framkvæmd jólahlaðborðsins tókst með miklum ágætum og vill stjórnin þakka öllum sem að komu að og tóku þátt.

Ljóst er að árið 2018 var gott ár í ljósi aðstæðna. Mörg viðfangsefni fengu jákvæða niðurstöðu umfram væntingar og örfá aðeins undir, sem bætt verður úr 2019. Virk jákvæð þátttaka félagsmanna er lykilinn að velferð starfsmanna og ávöxtum viðfangsefna.

Öll framkvæmd ársins 2018 tókst með miklum ágætum og vill stjórnin þakka öllum sem að komu að og tóku þátt.

Golfklúbburinn Úthlíð

Nú er árinu 2018 að ljúka. Það var í senn erfitt og gefandi fyrir Golfklúbbinn í Úthlíð.



Það var erfitt að því leytir að tíðarfarar var óvenju slæmt en á hin bóginn gerðist margt jákvætt og félagsstarfið var með miklum ágætum.

Veturinn 2017-2018 var óvenju erfður fyrir okkur. Strax í nóvember kom mikið frost og veðuraðstæður

þannig að þykk klakabrynja lagðist yfir stóran hluta vallarins. Ljóst var að þetta var mjög hættulegt svona snemma vetrar þar sem gras þolir að öllu jöfnu ekki meira en 2-3 mánuði undir klaka áður en það fer að myndast kal. Við bundum vonir við að ísinn tæki fljótlega upp en það varð ekki. Strax eftir ármót fóru nokkrir vaskir klúbbfélagar með Guðmund Leifsson í broddi fylkingar í að fjarlægja ís af þeim flötum þar sem hann var mestur. Það var gert með því að brjóta ísinn og einnig var hann bræddur af með hitablásurum sem settir voru undir grind með segli ofaná. Þetta gerði tvímælalaust mikið gagn og bjargaði því að ekki fór verr. Einnig var snjó mokað af flötum með traktor þegar von var á hláku þannig að ísinn náði að taka fyrr upp. Á 9. flöt var hægt að bræða klaka með vatni. Engu að síður var verulegt kal í vellinum í upphafi sumars þannig að það hefur sjaldan eða aldrei verið meira. Þrátt fyrir mikla verticutun og sáningu náði kalið ekki að jafna sig að fullu og þar spilaði einnig inn í óvenju kalt og rigningasamt sumar lengst af.

Félagafjöldi klúbbsins stóð nokkurn veginn í stað. Nokkrir nýir félagar bætust við en álíka margir hættu eða féllu frá. Meðalaldur félaga er nokkuð hár þannig að einhverjir hætta orðið vegna aldurs flest ár. Félagar með GÚ sem aðal- eða aukaklúbb eru í lok árs 208. Þarf af uru 80 aukafélagar, þ.e. þeir sem eru með GSÍ aðild í gegn um klúbbinn en ekki spilarétt á vellinum. Til framtíðar lítið væri æskilegt að fjölga virkum félögum með kynningarstarfi eða öðrum leiðum.

Fjöldi félagasamtaka og fyrirtækja sem kaupa frikort og auglýsingar á völlum er svipaður og áður eins og sést í ársreikningi. Flest starfsmannafélög og stéttarfélög sem eiga bústaði í Úthlíð kaupa kort á völlum og styrkja starfið. Einnig nokkur félög í nágrennabyggðum.

Vallarstarfsmenn sumarið 2018 voru Jón Þórðarson og Þráinn Hauksson sem sáu um flatarslátt, Jón þó meira. Marcin Piškiewicz sá um brautarslátt og aðra hirðingu ásamt formanni og fleirum. Ferðapjónustan keypti nýja flatarslátturvél í upphafi sumars og um mitt sumar var keypt alhlíða slátturvél til að slá opin svæði og röff. Þessar vélar gjörbreyta hirðingu vallarins og hefur hún líklega aldrei gengið jafn vel. Vegna þessara fjárfestinga samþykkti stjórn klúbbsins að ráðstafa uppsöfnuðum hagnaði síðustu ára til Ferðapjónustunnar og er því bókhaldslegt tap á rekstri klúbbsins á þessu ári en eiginfjárstaðan er að sjálfsgöðu jákvæð.

Vormót klúbbsins var haldið í byrjun júní. Þau Gummi Leifs og Kristrún ásamt Bödda og Þorgerði og Presti og Möllu sáu um mótið af myndarskap og tókst það mjög vel.

Hápunktur sumarsins var 25 ára afmælimót klúbbsins. Þar mættu yfir 100 keppendur þrátt fyrir að veðrið hefði mátt vera betra. Fulltrúar Golf sambands Íslands mættu á mótið og heiðruðu nokkra féлага. Við þökkum Rúnari, Hirti, Unu Mariú og öðrum sem sáu um þetta mót með glæsibrag.

Meistaramótið var á sinum stað um miðjan júlí og meistara klúbbsins urðu Bjarki Þór Davíðsson og Dýrleif Arna Guðmundsdóttir. Geirs goða mótið var helgina eftir verslunarmannahelgi og gekk vel. Sumrinu lauk 15. september með bændaglímu. Bændur voru Helgi Birgisson og Jóhann Sigþórsson. Er skemmst frá því að segja að regnbogalið Jóhanns sigraði í jafnri og spennandi keppni. Þorsteinn og Dísá unnu hjóna- og parakeppnina. Í sumar voru spilaðar 5 umferðir og það þar sem var með bestan árangur í 3 mótum stóð upp sem sigurvegari. Síðasta mótið gildir alltaf tvöfalt til að viðhalda spennunni og nutu sigurvegjar þessa árs göðs af því.

Þá eru alltaf nokkrir hópar og félög sem halda einkamót á vellinum, yfirleitt eru það 9 holur og stundum er endað á veislu. Meðal hópa í sumar vor Oddfellow reglan Þorfinnur Karlsefni, konur úr golfklúbbum Oddi, Áltak og fleiri. Við reynum að koma því þannig fyrir að svona hópar loki ekki vellinum fyrir almennum félögum t.d. með því að hafa svona mót á föstudögum eða síðdegis á laugardögum.

Þökkum að lokum félögum og stjórnarmönnum fyrir gott starf á árinu. Sérstaklega þeim sem vinna fyrir okkur verulegt sjálfbæðisstarf eins og við mótahald og viðhald vallarins. Þá þökkum við fyrirtækjum og félagasamtökum sem styðja við klúbbinn með ýmsum hætti.

Golfklúbbur Þorlákshafnar

Stjórn Golfklúbbs Þorlákshafnar starfsárið 2018 var þannig skipuð. Guðmundur Baldursson, formaður, Magnús Ingvason, varaformaður, Ingvar Jónsson, ritari, Magnús Joachim Guðmundsson, gjaldkeri og Óskar Logi Sigurðsson, meðstjórnandi. Varamenn eru Ásta Júlía Jónsdóttir og Óskar Gíslason.





Séð yfir Þorláksvöll 10. janúar.

Árið 2018 var hefðbundið að mörgu leiti fyrir okkur og okkar starf. Veðrið og/eða tíðarfarið var ekkert sérstakt, oft mikil rigning og rok samhliða því. Starf sumarsins á golfvöllinum helgaðist mikið eins og undanfarin sumur, af þeim framkvæmdum og breytingum sem unnið er að á vellinum. Breytingum miðar hægt en örugglega áfram og farið að sjá fyrir endann á þeim. Vonandi verður hægt að ljúka þeim sem mest á næstu tveimur árum. Áformað er að taka þær breytingar sem unnið hefur verið við síðustu tvö ár í notkun á haustmánuðum.

Aðsókn að vellinum var talsvert meiri en árið á undan eða fjölgun spilaðra hringja um 25%. Sú fjölgun spilaðra hringja má m.a. rekja til þeirra breytinga á vellinum sem búið er að taka í notkun. Völlurinn er orðinn betri og skemmtilegri. Þorláksvöllur er sá völlur sem lengst er opin árlega. Þetta er nánast eini völlur landsins sem er með opið inn á sumargreen allt árið. Allt fer þetta reyndar eftir veðurfari, en samt getum við verið nokkuð örugg með að hér er hægt að leika golf minnst 8-9 mánuði á ári.

Félagar golfklúbbsins eru um 280 og hefur þeim fækkað örlítið frá fyrra ári. Barna- og unglingastarf klúbbsins var mjög öflugt og sóttu 46 börn og unglingar á aldrinum 5 til 16 ára golfnámskeið síðasta sumar. Vonast er til að þar fari framtíðarkyflingar klúbbsins. Þátttakan og áhuginn í sumar var það mikill að gera má ráð fyrir að lengja æfingatímabilið næsta sumar og horfum við til þess að komast í innanhús aðstöðu eins fljótt og hægt er til að geta haldið úti æfingum yfir vetrartímann.

Annar þáttur sem tókst einnig mjög vel var kvennastarfið, en konurnar voru með fastan tíma einu sinni í viku og var veðrið konunum yfirleitt hliðhollt. Það var góður hópur kvenna sem spilaði reglulega saman. Þær fóru saman eina ferð á golfvöllinn í Hveragerði og var það mjög ánægjuleg ferð. Ákveðið var að heimsækja fleiri velli sumarið 2019.

Fjölmeiri mót voru haldin á vegum klúbbsins og tókust þau yfirleitt mjög vel. Innanfélagsmót voru átta talsins og voru þau með svipuðu sniði og árið áður. Sæmileg þátttaka var í þessum mótum. Meistaramótið var haldið í lok júní. Keppt var í þremur flokkum karla og í tveimur flokkum kvenna. Óskar Gíslason varð klúbbsmeistari karla og Ásta Júlía Jónsdóttir klúbbsmeistari kvenna.

Golfsveit GP tók þátt í Íslandsmóti golfklúbba 4. deild karla sem fram fór á Kirkjubólsvelli Sandgerði. Þeir stóðu sig vel strákarnir, lentu í þriðja sæti af átta mögulegum. Þá keppti Dagbjört Hannesdóttir

fyrir okkar hönd með sameiginlegri sveit GHG/GP í Íslandsmóti golfklúbba 2. deild kvenna sem haldið var á Vestmanneyjavelli. Stóðu þær sig nokkuð vel og vonandi var þetta byrjun á meira samstarfi kvenna hjá þessum klúbbum.

Aðalfundi GP er nýlokið og var fjárhagsleg afkoma á árinu í takt við þær væntingar sem gerðar voru. Afkoma eftir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð eða um 1.200 þús. kr. hagnaður. Að teknu tilliti til aðstæðna þá má segja að við getum verið þokkalega sátt. Á aðalfundinum var Friðrik Guðmundsson gerður að heiðursfélaga klúbbsins fyrir frábær og óeigingjörn störf í þágu golfklúbbsins við stofnun og rekstur hans. Öll stjórn golfklúbbsins var endurkjörin.

Stjórn GP þakkar starfsfólki og félögum öllum fyrir ánægjulegt starfsár.

Golfklúbbur Öndverðarness

Haldin voru um 12 mót á vellinum í sumar á vegum klúbbsins og töldu félagsmenn í klúbbum um það bil 530. Spilaðir voru 20% færri hringir á

Öndverðarnessvelli en árið áður og er ástæða þess rakin til mikilla rigninga, kulda og leiðinda veðurs fram yfir miðjan júlí.

Aðalfundur GÖ var haldinn 8. desember. Góð mæting var á fundinn en um 50 félagar mættu. Velta klúbbsins lækkaði um 2 milljónir milli ára og var rúmlega 46 milljónir. Hagnaður af rekstri klúbbsins var 2,4 milljónir.

Knútur G. Hauksson var kosinn formaður klúbbsins en sitjandi formaður, Aðalsteinn Steinþórsson gaf ekki kost á sér áfram. Aðrir í stjórn eru Brynjar Stefánsson, Guðlaug Þorgeirsdóttir, Guðmundur Pálmason og Hannes Björnsson. Í varastjórn eru Þórhalla Arnardóttir og Aðalsteinn Steinþórsson.



Hestamannafélagið Geysir

Starfsárið 2018 var nokkuð með hefðbundnu sniði. Vetrarstarfið hófst á Uppskeruhátíð Æskunnar hjá Geysi þar sem öll börn sem fengu viðurkenningaspjald fyrir þátttöku sína í starfi Geysis. Vetrarmótin voru á sínum stað í jan, feb, mars. Reiðnámskeið fóru af stað í lok janúar og stóðu til maí byrjun. Suðurlandsdeildin var á sínum stað. Svo var farin fjölskyldu reiðtúr í maí þar sem var riðið niður í fjöru frá Miðkoti í Landeyjum.

Viðburðir fræðslunefndar voru nokkrir og fjölbreyttir þannig að allir fengu eitthvað fyrir sig. Fjölmennat var á þá alla og mikil ánægja með það starf.

Landsmótsúrtaka fór fram í byrjun júní þar sem fulltrúar Geysis unnu sér þátttökurétt á Landsmótinu sem haldið var í Viðidal í Reykjavík. Einnig var haldið punktamót í tölti ásamt kappreiðum fyrir þá sem vildu reyna að ná einkunn til að komast inná Landsmót. Önnur mót eins og Áhugamannamót Íslands og Suðurlandsmótin voru á sínum og svo var eitt gæðingamót haldið í ágúst. Mikil þátttaka var í öllum þessum mótum.

Aðalfundur Geysis var haldin 12. mars á Stracta á Hellu. Þar voru endurkosnir Davíð Jónsson



Ólafur Dór Steindórsson slær upphafshögg á 15. holu á Öndverðarnessvelli.



Frábær þátttaka í æskulýðssýningu Geysis á degi Íslenska hestsins 1. maí.

varaformaður og Magnús Lárusson meðstjórnandi í aðalstjórn og svo í vara stjórn Hjörvar Ágústsson og Sigvaldi Lárus Guðmundsson. Aðrir í stjórn eru Ólafur Þórisson formaður, Alma Gulla Matthíasdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir. Þar voru samþykktar nokkrar lagabreytingar til að uppfæra löginn. Þar var einnig samþykkt að láta skrifa 70 ára sögu Geysis en Hestamannafélagið Geysis verður 70 ára í nóvember á árinu 2019.

Í lok árs 2017 var skrifað undir tímamóta samstarfssamninga við sveitarfélögin Þrjú, Ásahrepp, Rangárþing ytra og Rangárþing eystra, þar sem Geysir fær peningastyrk til að efla æskulýðsstarfið í Geysi ásamt því að efla og laga sína aðstöðu til að geta iðkað hestaíþróttina bæði innandyra sem utan. Geysir hefur lagt mikið fjármagn í uppbyggingu og lagfærinu á Rangárhöllinni á Hellu sem og Skeiðvangi á Hvolsvelli. Sem og aðstöðunni á Rangárbökkum.

Lögð var vinna í að yfirfara félagatalið hjá Geysi í upphafi árs sem og á vinna lögð í að bæta efni inná heimasíðu Geysis þar sem nú má finna allar upplýsingar um nefndir, lög félagsins ásamt fleiru.

Það sem var fyrirferðamest á árinu 2018 var hvað Geysir setti mikinn kraft í æskulýðsmál og starfandi æskulýðsnefnd var mjög öflug. Er það meðal annars ástæðan fyrir því að reiðnámskeiðin voru með mjög fjölbreyttu sniði og stóðu yfir í allan vetur og fram á vor. Það var boðið uppá Landsmótshóp þar sem börn, unglingar og ungmenni fengu reiðkennslu, fyrirlestra með félagsfræðingum um hugarfarir í íþróttum, dómurum um hvernig þeir horfa á keppnina og dæma, og margt fleira. Hestahópur þar sem þeir krakkar sem ekki hafa áhuga á keppni hittust og gerðu margt skemmtilegt ásamt fræðslu um hestinn og hestamennsku. Hefðbundin reiðnámskeið þar sem bæði var áseta og gangskiptingar æfðar ásamt leik. Þetta ævintýri endaði svo með frábæri Æskulýðssýningu Geysis þann 1. maí sem er alþjóðlegur dagur íslenska hestsins. Þar tóku þátt tæp 80 börn, unglingar og ungmenni í sýningunni einungis af félagssvæði Geysis. Einnig voru nokkrir hittingar hjá æskulýðsnefndinni svo sem hestaföndur og bingó ásamt óvissuferð.

Landsmót fór fram í Viðidalnum í Reykjavík og fór nánast fullmannað lið frá Geysi. Allir knapar Geysis stóðu sig með þryði og átti Geysir þónokkra knapa og hesta í úrslitum í flestum flokkum. Geysir átti líka þónokkra fulltrúa á Íslandsmótunum í sumar þar sem margir gerðu góða hluti þó svo að enginn Íslandsmeistartitla. En á Áhugamannamóti Íslands sem er sterkasta íþróttamót áhugamanna í hestaíþróttum var það Geysisfélaginn Katrín Sigurðardóttir sem vann 3 greinar en það var tölt, gæðingaskeið og flugskeið.

Uppskeruhátíð Geysis var svo haldin í nóvember. Geysir heldur svo sér uppskeruhátíð Æskunnar og mun sú hátíð vera haldin í janúar 2019.

Hestamannafélagið Logi

Aðalfundur var haldin 11. apríl á Skjólí. Það urðu engar breytingar á stjórninni þetta árið. Árið 2018 var stjórn félagsins þannig skipuð: Freydis Örlygsdóttir formaður, Trausti Hjálmarsson varaformaður, Helga María Jónsdóttir gjaldkeri, Sjöfn Sóley Kolbeins ritari og Gústaf Loftsson meðstjórnandi.

Starf Hestamannafélagsins Loga var með nokkuð hefðbundnu sniði árið 2018. Á sumardaginn fyrsta 19. apríl var haldið vetrar/sumarmót á Kjóstöðum 3 og er þetta í fyrsta sinn sem þetta mót er haldið. Haldið voru reiðnámskeið í reiðhöllinni á Flúðum í samstarfi við Hestamannafélagið Smára og voru þau vel sótt.

Reiðnámskeiðið í Hrísholti var á sínum stað í júní og í framhaldi var haldin firmakeppni á mótssvæði Logamanna í Hrísholti. Á undanförunum árum hefur samstarf hestamannafélaganna í uppsveitum aukist mikið og hélt það áfram 2018. Sameiginleg Uppsveitadeild fullorðinna og æskunnar voru haldin yfir vetrarmánuðina. Allir þessir viðburðir hafa vakið athygli og hleypt miklu lífi hestamennsku í uppsveitunum.

Sameiginlegt gæðingamót Loga og Smára var haldið í annað sinn daganna 27. til 29. júlí á mótssvæði Smáramanna. Hægt var að halda mótið með glæsibrag þar sem Landsstólpi var aðalstyrktaraðillinn og þökkum við þeim vel fyrir. Að þessu sinni var metþátttaka og voru yfir 200 skráningar og var mikið álag á mótshöldurum og mótssvæði en allt tókst þetta mjög vel og þökkum við öllum þeim sem komu að þessu móti fyrir hjálpinu.

Reiðhöllin á Flúðum hefur sannað sig á undanförunum árum sem mikilvægur hlekkur í starfi félaga í hestamannafélagunum og vel nýtt yfir vetrarmánuðina.

Föstudaginn 15. júní var svo kvennareidútrinn með Traustakonum. Að þessu sinni héldu Logakonur reiðútrinn og hittust konurnar upp í Hrísholti félagssvæði Logafélaga og endaði reiðútrinn í Einiholti þar grillað var og haft gaman. Það er gaman að sjá að það fjólgar alltaf konunum sem mæta í þennan reiðútr.

Úrtaka fyrir landsmót var haldin á Hellu 8. til 10. júní og áttu við fulltrúa í flestum flokkum.

Árið 2018 var landsmótaár og átti hestamannafélagið Logi keppendur þar sem allir stóðu sig með stakri þryði.



Haustfundur Loga var svo haldin 20. september á Kaffi Mika. Þar var vetrarstarfið kynnt og Magnús Einarsson í Kjarnholtum tók á móti verðlaunum fyrir hæst dæmda kynbótahross í eigu félagsmanns.

Hestamannafélagið Sleipnir

Hestamannafélagið Sleipnir hélt aðalfund sinn 24. janúar 2018 í Hliðskjálfi með hefðbundnum dagskrárliðum aðalfunda. Í stjórn eru: Aðalstjórn; Magnús Ólason formaður, Gísli Guðjónsson varaformaður, Sigurvaldi R Hafsteinnsson ritari, Steindór Guðmundsson gjaldkeri, Anna Rúnarsdóttir meðstjórnandi. Varastjórn; Óðinn Örn Jóhannesson og Anna Björg Nielsdóttir. Félagar í Sleipni eru 557 talsins.

Starfsárið hófst í byrjun janúar með námskeiðahaldi fyrir yngri kynslóðina sem og þá eldri. Árleg þorrareið var farin þar sem mættu á annað hundrað manns í hópreið. Þá voru haldin vetrarmót, firmakeppnir og íþróttamót. Haldið var hið árlega hestafjör þar sem börnin komu fram og sýndu afrakstur vetrarins við þjálfun hesta sinna og var húsflýllir í höllinni okkar. Haldin var úrtaka fyrir Landsmót um leið og Gæðingamótið var á Brávöllum. Knapi og hestur frá Sleipni vann B-flokk gæðinga sem og í unglingaflokk, auk góðs árangurs annarra knapa. Það voru Sleipnisknappar í flestum úrslitum Landsmóts, sterk sveit Sleipnisfólks þar á ferð. Farið var í fjölmenna 3 daga félagssferð á Löngufjöru sem lukkaðist vel. Félagið stóð fyrir síðsumarreiðtúr upp með Hvítá auk annarra smærri viðburða, enduðum síðan starfsárið með veglegri árhátíð og uppskeruhátíð í Hvíta húsinu 20. okt. með hefðbundnum dagskrárliðum. Í ræðu formanns kom fram að Hestamannafélagið Sleipnir er mjög öflugt um þessar mundir, félagsstarf mjög virkt sem kallar á aukna uppbyggingu á félagssvæðinu með tilkomu hestabrautar og annarrar aukinnar starfsemi á svæðinu. Fjárhagur er í bata og margir að nýta Sleipnishöllina sem byggð var í sjálfböðavinnu, sér í lagi unga fólk. Það er að þakka öflugum félagsmönnum sem hafa unnið félaginu gríðarlega mikið gagn undanfarin ár og fá þannig vinnuframlag sitt til baka að sjá hvað það er að gera fyrir starfið í dag. Stefnt er að ca. 250 m2 viðbyggingu við austanverða Sleipnishöll á næsta ári. Stefnun svo á enn frekari uppbyggingu á svæðinu á næstu árum, með bætrri lýsingu og uppbyggingu reiðleiða um hverfið og nágrenni. Við erum enn að vaxa sem félag félagatalið að nalgast 600 féлага sem er ríflega 6 % allra íbúa á félagssvæði Sleipnis.





Fánaberar Sleipnis á setningu Landsmóts hestamanna í Viðidal 2018.

Hestamannafélagið Smári



Aðalfundur Smára var haldinn á Hestakránni 28. janúar 2018, mæting var nokkuð góð. En keppendur Uppsveitadeildarinnar voru einnig boðaðir áður en aðalfundurinn hófst til að setja í lið og fara yfir mótin. Breytingar urðu þessar á stjórnarskipan. Ingvar Hjálmarsson formaður sagði af sér formennsku eftir mörg góð ár í stjórn. Bjarni Mátsson hætti einnig í stjórn. Elín Moqvist kemur inn sem stjórnarmaður, Hulda Hrönn Stefánsdóttir varaformaður tekur við formennskusætinu og Rósa Birna Þorvaldsdóttir úr varastjórn kemur inn í stjórn. Svanhildur Pétursdóttir gjaldkeri og Aðalheiður Einarsdóttir ritari halda áfram stjórnarsetu.

Ákveðið var að reyna að hittast sem fyrst eftir aðalfund, hittust stjórn, æskulýðnefnd og mótanefnd eina kvöldstund og fóru yfir komandi ár. Hvað væri á döfinni og hvernig bæta mætti starf félagsins en betur.

En í æskulýðsnefnd 2018 sátu Helgi Kjartansson, Elín Moqvist, Unnur Lisa Schram, Linda Karlsson og Janis Schwenke. Við þökkum þeim fyrir gott starf í æskulýðsmálum félagsins. Félagin í uppsveitunum hafa starfað vel saman í æskulýðsmálum síðustu ár, er það styrkur fyrir starfið og hafa æskulýðsnefndirnar ásamt stjórnunum ákveðið að halda því starfi áfram.

Í mótanefnd 2018 sátu Ragnheiður Hallgrímsdóttir, Kristín Magnúsdóttir, Erna Óðinsdóttir og Helgi Valdimar Sigurðsson. Við þökkum þeim fyrir þeirra starf í mótanefnd.

Í reiðveganefnd tók Ingvar Hjálmarsson við af Árna Svavarssyni sem hefur starfað í mörg ár í reiðveganefnd, við þökkum honum fyrir hans starf.

Uppsveitadeildin hófst 16. febrúar og voru liðin aðeins fimm en vanalega eru þau 7. Deildin var samt sem áður hin glæsilegasta og voru knapar og áhorfendur ánægðir með veturinn.

Uppsveitadeild æskunnar var einnig á sínum stað. En hún hefur verið frábær vettvangur fyrir yngri kynslóðina til að byrja sín fyrstu skref í keppni og fá reynslu í ýmsum greinum fyrir komandi keppnisár. Því miður er þátttakan orðin minni og áhorfendur því

færri, var því farið í viðræður við nágrannafélög okkar um að stofna deild fyrir þennan hóp keppanda. Úr verður Æska Suðurlands.

Firmakeppnin var haldin 1. maí að venju, þátttakan var ágæt en gaman hefði verið að sjá fleiri félaga mæta og taka þátt. Það söfnuðust 110 firnar og þökkum við þeim sem keyptu firma kærlega fyrir þeirra framlag. Við þökkum því góða fólki sem hjálpaði okkur með að safna firmum og undirbúa mótið fyrir þeirra aðstoð.

Félagin Þrjú Smári, Logi og Trausti keyptu ásamt reiðhöllinni 1 tölva og 3 spjaldtölvur sem nýta má á alla viðburði á vegum félagsins og reiðhóllarinnar. En oft var vandamál með tölvur sem starfsmenn voru að koma með sér að heiman. Núna er allt í þessum tölvum sem þarf og allt á að geta gengið gallalaust öllum til ánægju.

Gott gerði var sett upp við Reiðhöllina í samvinnu við Þórarinn í Gröfutaekni og nokkrum vöskum félögum, kom þetta til að Þórarinn var að fara halda upp á afmælið sitt í Reiðhöllinni og fannst vanta gott gerði fyrir gesti sem komu ríðandi. Hann skaffaði tæki og félagið keypti efnið hjá Landstólpa. Þar er hægt að geyma hross bæði þegar viðburðir eru í höllinni eða á vellinum, eða þegar hópar eru á ferðinni og vantar stoppistað á leið sinni um svæðið.

Reiðvegaskilti voru sett upp við Flúðahverfið í samvinnu með sveitafélagið, það var mikil þörf fyrir þau því einhverjir ruglast á því hvort reiðvegurinn sé líka fyrir ökutæki. Einnig kom sú tillaga hvort það þyrfti að þrengja reiðvegina á nokkrum stöðum með grjóti til þess að afmarka þá betur. Það voru nokkrir félagsmenn og hestamenn sem tóku verkið að sér og þökkum við þeim fyrir þeirra starf.

Úrtaka fyrir Landsmót var haldið á Rangárbökkum á Hellu 8.-10. júní.

Hestamannafélagið Smári sendi 12 keppendur á Landsmót hestamanna í Reykjavík. Hans Þór Hilmarsson sá um að halda utan um keppendur í yngri flokkum og veita þeim tilsögn. Hestamannafélagið Smári greiddi fyrir vinnu Hans Þórs og var það styrkur til keppenda yngri flokka. Við þökkum Hans Þór kærlega fyrir vel unnin störf.

Opið Gæðingamót Landstólpa Smára, Loga og Trausta var haldið í Torfdal 28.-29. júlí. Þau Arnar, Berglind og fjölskylda í Landstólpa voru aðalstyrktaraðilar mótsins en þau voru líka aðalstyrktaraðilar mótsins árið á undan. Það er mikill styrkur fyrir okkur sem höldum svona stórt mót að hafa gott bakland. Þau styrktu mótið með 100.000 kr. í verðlaun fyrir 1. sætið í tölvi og Joséra farandbikarinn sem efsti knapi hlýtur í tölvi. Einnig fengu allir sem lentu í fyrstu 3 sætum í öllum flokkum fóðurpoka frá þeim Landstólpi hefur hjálpað okkur með þeirra framlagi að halda þetta glæsilega mót, mótið hefur fengið góða umfjöllun og allir sem að því komu bæði knapar, áhorfendur og starfsfólk ánægðir með mótið. Félagið þakkar þeim á Landstólpa kærlega fyrir þeirra framlag og vonandi höldum við áfram þessu góða samstarfi áfram, en gaman er að fyrirtæki á okkar svæði styrki mótið.

Landsþing LH var haldið á Akureyri 12.-13. október, fjórir fulltrúar Smára sóttu þingið. Líttismenn stóðu vel að þinginu og eiga þeir hrós skilið fyrir það. Ýmsar nefndir eru skipaðar á þinginu og sátu Smára félagar í reiðvega- og umhverfisnefnd, æskulýðsdeild, kjördeild og keppnisdeild. Rósa Birna Þorvaldsdóttir Smárafélagi var kosin inn í varastjórn LH á þinginu.

Farið er að huga að Landsmótinu á Hellu 2020 og er komin verkefnastjórn LH 2020, þeir hafa þegar hist og eru farnir að skipuleggja viðburðinn. Mikilvægt er að við og öll félagin á þessu svæði taki þátt í þessari vinnu og hjálpi við undirbúning.

Hestamannafélagið Trausti



Aðalfundur var haldinn 28. febrúar. Í stjórn voru kjörin: Guðmundur Birkir Þorkelsson formaður, Birgir Leó Ólafsson ritari, Ragnheiður Bjarnadóttir gjaldkeri, Kristinn Gunnar Vilmundarson og Ragnheiður Eggertsdóttir meðstjórnendur. Til vara: Sigrún Jóna Jónsdóttir og Eva Kristborgardóttir. Haldnir voru þrjár stjórnarfundir á starfsárinu auk samskipta í síma og á facebooksíðu stjórnarinnar.

Gæðingamót Trausta var í þetta sinn sameiginlegt með hestamannafélagunum Loga og Smára og haldið á Flúðum laugardaginn 29. júlí. Þátttaka knapa og hrossa var almennt góð enda um opið mót að ræða en nú brá svo við að aðeins einn keppandi tók þátt fyrir hönd Trausta í A-flokki gæðinga en það var Hnokki frá Þóróddsstöðum, knapi Bjarni Bjarnason og varð hann því handhafi gæðingabikars Trausta.

Trausti tók annars þátt í hefðbundnu samstarfi nágrannafélaga og framkvæmd uppsveitadeildarinnar. Haldið var sameiginlegt tölvmót Trausta, Loga og Smára og þrjú mót fóru fram í Uppsveitadeildinni.

Vallamótið, með tilheyrandi æskulýðsvíku, reiðnámskeiði, reiðtúr og gistingu í Kringlumýri, fór fram vikuna 12.-18. ágúst. Á þriðja tug barna tók þátt

Keppendur frá Trausta tóku þátt í keppni utan félags og þá sérstaklega þeir Matthías Leó Matthíasson og Bjarni Bjarnason. Stjórn Trausta útnefndi Matthías Leó knapa ársins 2018. Hann er búsettur í Grímsnes- og Grafningshreppi. Bjarni Bjarnason var kjörinn íþróttamaður ársins í Bláskógabyggð árið 2018 en þann titil hlaut hann einnig 2014, 2016 og 2017.

Æskulýðsstarfið er sá þáttur félagsstarfsins sem mestu skiptir og sannarlega getum við verið stolt yfir frábæru starfi sem þar hefur verið unnið á undanförunum árum undir öruggri stjórn Auðar Gunnarsdóttur og Guðnýjar Tómasdóttur sem ber að þakka sérstaklega. Auk vinnu allra þeirra sem skipa nefndir félagsins vil ég sérstaklega geta framlags þeirra Benedikts Gústavssonar og Eiríks Steinssonar við undirbúning og framkvæmd Vallamótsins. Framlag þeirra er ómetanlegt.

Á næsta aðalfundi 2019 mun nýr formaður taka við keflinu því núverandi formaður gefur ekki kost á sér eftir 6 ára formennsku sem hefur verið nánast áfallalaus og ánægjuleg. Nýjum formanni og stjórninni allri óska ég alls hins besta í glímunni við nýjar áskoranir á tímum hraðra breytinga mannlífsins.



Matthías Leó Matthíasson, knapi ársins hjá Trausta.

Íþróttafélagið Dímon



Aðalfundur félagsins var haldinn 25. febrúar 2018. Þar voru veittar viðurkenningar til iðkenda og félagið bauð upp á kaffi og kökur. Stjórn félagsins eftir aðalfund er þannig skipuð; formaður: Arnheiður Dögg Einarsdóttir, gjaldkeri: Ásta Laufey Sigurðardóttir, ritari: Inga Birna Baldursdóttir, meðstjórnendur: Kristín Jóhannsdóttir og Georgina Anne Christie. Til vara: Magnús Ragnarsson, þróstur Freyr Sigfússon og Anna Runólfsdóttir. Formenn deilda: Blakdeild: María Rósa Einarsdóttir. Borðtennisdeild: Guðmann Óskar Magnússon. Fimleikadeild: Bóel Þórisdóttir. Frjálsíþróttadeild: Eyrún María Guðmundsdóttir. Glímu deild: Ólafur Elí Magnússon. Sunddeild: Harpa Kjartansdóttir.

Starfsemi félagsins hefur verið með líku sniði og síðustu ár. Félagið er í samstarfi við Rangárpíng eystra og Hvolsskóla um samfellu skóla og íþróttæfinga fyrir heimakstur skólabíla. Þannig hefur verið hægt að bjóða uppá æfingar fyrr að deginum og auðvelda öllum börnum á grunnskólaaldri í sveitarfélaginu óháð búsetu að taka þátt í starfi félagsins. Hefur þetta fyrirkomulag reynst vel og er almenn ánægja með það í sveitarfélaginu. Félagið nýtur þess að hafa góða og öfluga þjálfara og er mikil uppbygging er innan deilda, ekki síst fimleikadeildar sem hélt í fyrsta sinn LAVA mótíð síðastliðið vor. Öflug sameiginleg kvennablaðlið Dímonar og Heklu æfa af kappi og hafa notið góðs gengis á mótum.

Vetrarstarfið var kraftmikið og iðkaðar voru að staðaldrí 8 íþróttgreinar: Blak (þjálfarar í krakkablaði eru Ólafur Elí Magnússon og María Rósa Einarsdóttir), borðtennis (þjálfarar Ólafur Elí og Reynir Björgvinsson), badminton (þjálfari Ólafur Elí), fimleikar (þjálfarar Aníta Tryggvadóttir og Ásdis Kristinsdóttir), frjálsar (þjálfarar Eyrún María Guðmundsdóttir, Lárus Viðar Stefánsson og Ólafur Elí), glíma (þjálfari Ólafur Elí), sund (þjálfarar Anna Rún Einarsdóttir og Tinna Erlingsdóttir) og taekwondo (þjálfarar Daniél Jens Pétursson og Þorsteinn Ragnar Guðnason) auk styrktaræfinga fyrir 5.-10. bekk þvert á greinar (þjálfarar Ólafur Elí og Eyrún María). Auk þess hafa margar hendur lagt hönd á plóg og aðstoðarþjálfarar eru þó nokkrir.

Á vordögum voru svo teknar nokkrar ringó æfingar í blönduðum hópi iðkenda. Íþróttaskóli fyrir fjögurra til sex ára börn var starfræktur eins og undanfarin ár í umsjón Ólafs Elí og Önnu Rúnar. Yfir sumartímamann var starfrækt leikjánaðmskeið á vegum frjálsíþróttardeilda fyrir sex til tólf ára börn ásamt sundþjálfun fram eftir sumri. Einnig var haldið úti frjálsíþróttæfingum. Ekki er hægt að láta árið líða án þess að taka þátt í einhverjum mótum og voru iðkendur duglegir að sækja mót undir handleiðslu þjálfara sinna og með aðstoð foreldra. Iðkendur Dímonar tóku meðal annars þátt í Héraðsmótum Skarphéðins og Íslandsmótum s.s. í blaki, glímu, borðtennis, sundi, fimleikum, frjálsíþróttum og taekwondo og auðvitað skipaði félagið sveitir á skákmót.

Helstu fjáraflanir félagsins hafa verið auk félagsgjalda, æfingagjöld, dósasöfnun og páskabingó. SS styrkir félagið með auglýsingum sem nýtast til niðurgreiðslu búninga kaupa og bauðst iðkendum að panta nýja búninga á árinu. Auk þess safnar félagið rúlluhólkum fyrir Torf túnþökuvinnslu sem á mótí styrkir félagið. Rangárpíng eystra stýður einnig myndarlega við félagið og foreldrar, iðkendur og þjálfarar inna auk þess mörg handtökin af hendi í þágu félagsins. Þetta allt gerir okkur kleift að halda uppí þróttmiklu starfi félagsins.



Keppendur Dímonar voru sigursælir á héraðsmótinu í glímu.

Íþróttafélagið Garpur

Aðalfundur Garps var haldinn 20. mars að Laugalandi í Holtum. Þær breytingar urðu á stjórn félagsins að Erlingur Jenson lét af störfum og gekk Árni Pálsson inn í hans stað. Stjórn Garps skipa Jóhanna Hliðversdóttir formaður, Friðgerður Guðnadóttir gjaldkeri og Árni Pálsson ritari. Aðrir meðlimir stjórnar eru Birgir Örn Hauksson varamaður og Guðný Salvör Hannesdóttir sem fulltrúi yngri iðkenda.

Starfsemi Garps var með svipuðu sniði og síðastliðin ár. Boðið var upp á æfingar í frjálsum íþróttum, glímu, körfubolta, borðtennis, almennum íþróttum og sundi. Þjálfarar Garps eru Haraldur Gíslí Kristjánsson og Birgir Örn Hauksson í frjálsum íþróttum, Sóley Margeirsdóttir með almennar íþróttir og sund, Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson með körfubolta og borðtennis og Kristinn Guðnason með



glímu. Æfingar í frjálsum íþróttum voru haldnar á Brúarlundi yfir sumarið og var þátttakan góð.

Árangur iðkendanna á mótum hefur verið prýðilegur og sjáum við bætingar nánast á hverju íþróttamóti og er metnaðurinn hjá þjálfurum og iðkendum til fyrirmyndar.

Útkeyslupjónusta félagsins á aðfangadag var vel nýtt þetta árið sem endranær og gekk vel. Félagsmenn Garps tóku að sér að slá kirkjugarðana í Kálfholti og Ási til styrkar félaginu. Guðni Guðmundsson á Þverlæk hélt uppteknum hætti við dósasöfnun til styrktar félaginu og eru honum færðar innilegar þakkir fyrir framlag sitt.

Við hjá Íþróttafélaginu Garpi erum stolt af krökkunum okkar og gerum okkar besta við að veita þeim gott veganesti til framtíðar.

Íþróttafélagið Gnýr



Aðalfundur Íþróttafélagsins Gnýs á Sólheimum var 27. desember 2018. Stjórn Íþróttafélagsins Gnýs skipa: Formaður María K. Jacobsen, varaformaður Eyþór Jóhannsson, gjaldkeri Valgeir F. Backman, ritari Guðrún Rósálfinn Jóhannsdóttir, varamaður Leifur Þór Ragnarsson.

Allt íþróttastarf á Sólheimum er undir stjórn Íþróttafélagsins Gnýs, stofnað 1983, ávallt er stefnt að því að hafa starfið sem fjölbreytilegast svo að flestir íbúar sem er blandaður hópur einstaklinga fatlaðra og ófatlaðra, geti tekið þátt í því sem þeir hafa áhuga á og gaman af. Þjálfari íþróttar- og bocciaæfingum er Valgeir Fridolf Backman um 16 manna hópur æfir Boccia reglulega 1-2 sinnum í viku. Íslandsmót liðakeppni var í 14-15 apríl í Laugardalshöll og sendi Gnýr 4 lið, Gíslí, Gulla og Ingólfur náðu 3.sæti sínum flokki. Íslandsmót ÍF og Boccia deilda Íþróttafélagsins Ægis í einliðaleik Haldið í Vestmanneyjum 5-7 okt. 2018 Sex keppendur Íþróttafélagsins Gnýs með 2 fylgdarmönnum fóru á þetta stóra og vel skipulagða, skemmtilega mót.

Héraðsmót Íþróttasambands fatlaðra HSK var 1. des 2018 í Vallaskóla og það var mikið gaman.

Menningarveisla Sólheima var í allt sumar og fengum við fjölmarga gesti til okkar.

Að venju voru listsýningar alla daga, tónleikar allar helgar og skemmtilegar uppákomur eins og fyrirlestrar um umhverfismál, vistmenningu og hnattræna hlýnun. Menningarveislan endaði að



Stjórn Garps 2018.



Keppendur Gnýs og fylgdarmenn á Íslandsmóti ÍF í boccia.

venju á Lífræna deginum á stórtónleikum Ragnars Bjarnasonar og Þorgeirs Ástvaldssonar.

Hestabætur, reiðnámskeið er í samstarfi við Vorsabæ II á Skeiðum hjá þeim Bjössa og Stefaníu, en þau reka hestabúgarð með reiðhöll, Elin Moqvist reiðkennari leiðbeindi. Námskeiðin hófust í september 2018 farið er tvisvar í viku og fjóra tíma á dag í 4 vikur. Fullbókað hefur verið á öll námskeiðin.

Árlegt skyndihjálparnámskeið var haldið í Sesseljuhúsi og er skyldumæting allra starfsmanna. Fræðslunet Suðurlands var svo með námskeið fyrir fatlaða og gera það mjög vel sem hluti af þeirra námi.

Tækjasalur Íþróttaleikhússins er mikið notaður og í íþróttasal er spilað badminton og körfubolti. Hefð er fyrir morgunleikfimi rásar 1 alla daga í Ingustofu. Sundlaug hefur verið lokað tímabundið vegna breytinga.

Sólheimahlaupið „Frískir Flóamenn“ Þetta var skemmtilegur dagur, sumir hlupu aðrir hjóluðu og einn gekk hratt. Allir komu í mark og boðið var uppá grænmeti og vatn í Grænu könnunni og Frískir Flóamenn afhentu bikarinn góða.

Framfarabikar Frískra Flóamanna 2018-2019 Í ár var hörð keppni milli margra góðra kandidata um að hljóta þessa eftirsóttu viðurkenningu frá Frískum Flóamönnum. Leifur Þór Ragnarsson hlaut Framfarabikarinn 2018

Svartapétursmótið flott verðlaun frá Íslandsbanka og nafn sitt ritað á Svartapéturs styttuna góðu. Þetta

var hörkumót og spennan svakaleg. 1. sæti Sigurður Thomsen, 2. Haraldur Rúnarsson og 3. Arna María Andrésdóttir

Skátafélag Sólheima 1985-2018 33 ára telst til íþróttastarfs á Sólheimum og voru kvöldvökur og samverustundir þó nokkrar á árinu, í tilefni Baden Powels var skátamessa og skátakórinn í Sólheimakirkju 25. febrúar. Héldum afmælisdag skátafélags Sólheima 29. október. Það komu magrir góðir gestir þá skal helst nefna Guðmund Pálsson, annar stofnenda Skátafélags Sólheima, sem stjórnaði það er ávallt mikill heiður fyrir alla skáta.

17. október fórum á stóra kvöldvöku hjá Fossbúum Selfossi sem haldin var í Sunnlækjaskóla, mikið fjör.

Leikfélagsstarfið telst einnig til Íþróttastarfs á Sólheimum og flestir íbúar Sólheima taka þátt í sýningunni á árinu. Leikritið " Úlfar Ævintýranna" var sett upp, spennandi og krefjandi verkefni sem Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson leikstýrði en hann sá einnig um leikræna tjáningu jan-feb sem var undanfari leikæfinga mars-apríl. Mjög spennandi og leikritið gekk ljómandi vel og fengum til liðs við okkur mörg börn úr sveitafélaginu. Þórsmerkurferð íbúa, dagsferð 29. ágúst gengið um í Básum, útileikir, grill og sungið.

Um 30 manna hópur frá Sólheimum stundar nám hjá Fræðsluneti Suðurlands á hverri önn enda fjölmörg og mjög fjölbreytt námskeið þar í

boði. Farið er á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum á Selfoss og tvö til þrjú námskeið voru á vegum Fræðslunets Suðurlands fyrir utan hið árlega skyndihjálparnámskeið.

Kvennahlaup Sjóvá / Sólheima var 2. júní verður fjölmennara með hverju ári. Það er stiklað á stóru fyrir árið 2018 og að venju margt ónefnt.

Íþróttafélagið Hamar

Aðalstjórn 2018-2019 skipa Hallgrímur Óskarsson, formaður, Svala Ásgeirsdóttir, gjaldkeri, Hrund Guðmundsdóttir, meðstjórnandi, Ágúst Örlaugur Magnússon, meðstjórnandi og Dagrún Ösp Össurardóttir, ritari.



Knattspyrnudeild

Knattspyrnudeild Hamars hefur verið í góðum vexti undanfarin ár. Meistaraflokkur félagsins lék í 4. deild á s.l. sumri. Liðið endaði í 4. sæti síns riðils og komst áfram í aðra umferð í bikarkeppni KSÍ. Leikmannahópurinn var samsettur af ungum og efnilegum Hvergerðingum í bland við unga stráka úr Reykjavík. Yngri flokkar félagsins dafna vel við frábærar aðstæður til knattspyrnuíðunnar í Hveragerði. S.l. sumar fóru allir flokkar á stærstu mót landsins og stóðu sig með þryði.

Í nóvember var haldinn aðalfundur knattspyrnudeilda. Á fundinum lá fyrir að nokkrir stjórnarmeðlimir ætluðu að stíga til hliðar. Þorsteinn T. Ragnarsson formaður og Matthías Þórisson gjaldkeri létu af störfum eftir margra ára störf. Ný stjórn var kosin á fundinum og var einnig samþykkt að gera breytingar á skipulagi deildarinnar. Deildinni var skipt upp í tvö ráð. Meistaraflokksráð og yngri flokka ráð auk sjö manna stjórnar deildarinnar. Kosið var í bæði ráðin á fundinum.

Meistaraflokkur félagsins hóf svo undirbúnings-tímabil í nóvember af miklum krafti og var Jóhann Bjarnason ráðin þjálfari liðsins.

Blakdeild

Hamar sendi 3 lið til keppni á Íslandsmóti í blaki. Tvö kvennalið, sem spiluðu í 5. og 1. deild og karlalið sem spilaði í 1. deild. Einnig tóku bæði karla- og kvennalið þátt í bikarkeppni BLÍ, Kjörisbikarnum og félagið átti einnig keppendur í karla og kvennaflokki á Íslandsmótinu í strandblaki. Árangurinn ársins var að meðaltali finni. Karlaliðið hafnaði í 2. sæti deildarinnar og var í framhaldinu boðið sæti í efstu deild sem liðið afþakkaði. Kvennaliðið í 1. deild var í botnbaráttunni frá fyrsta leik og fór að lokum svo að liðið féll í 2. deild en 5. deildar liðið var hinsvegar í toppbaráttunni og var hársbreidd frá því að fara upp um deild.

Bæði karla og kvennaliðið féllu út úr bikarnum í 8-liða úrslitum. Deildin hélt úti krakkablaki á starfsárinu en þátttaka í því er undir væntingum og þarf átak til að fjölga iðkendum í greininni.

Sunddeild

Starf sunddeilda Hamars hefur gengið vel á liðnu ári. Það fjölgaði þónokkuð í deildinni nú í haust og hafa krakkar á aldrinum 6-18 ára verið dugleg að mæta á æfingar. Magnús Tryggvason sér eins og áður um þjálfun í deildinni sem er tvískipt, eldri og yngri deild. Gott samstarf er á milli sunddeildanna í Hveragerði og á Selfossi og fá eldri iðkendur að nýta sér æfingarnar á hvorum stað fyrir sig eftir því sem hentar. Leiðindarástand skapaðist í sundlauginni á árinu þegar gufulöggnin gaf sig sem varð til þess að ekki var hægt að nýta hana til æfinga í þónokkurn tíma. Heilsustofnun NLFÍ reyndist okkur gríðarlega vel á þessum tíma og fékk sunddeildin þar inni með



Hannes S. Jónsson, formaður Körfuknattleikssambands Íslands, sæmði Hamarsmennina Lárus Inga Friðfinns-son gullmerki KKÍ og Birgi S. Birgisson silfurmerki sambandsins.

æfingar. Eru þeim færðar kærar þakkir fyrir, enda ómetanlegt að eiga þau að þegar á reynir hjá okkur.

Körfuknattleiksdeild

Á vegum körfuknattleiksdeildar Hamars er rekið öflugt starf. Starfræktir eru meistaraflokkar bæði í karla- og kvennaflokki auk þess sem yngri iðkendur er boðið upp á æfingar frá 6 ára aldri að 18 ára aldri. Æfingar barna á grunnskólaaldri eru í Hveragerði og er reynt að senda flokka til keppni á Íslandsmótum í öllum aldurshópum. Ef ekki eru nægur fjöldi til að senda lið til keppni á Íslandsmóti er sent sameiginlegt lið með nágranafélögum. Iðkendur á framhaldsskólaaldri standa til boða æfingar í Fsu og er sent sameiginlegt lið undir merkjum Fsu til keppni á Íslandsmóti. Iðkendur sem teljast til yngri flokka eru á milli 80-100 börn. Bæði karla og kvennalið Hamars keppa í næstefstu deild, 1. deild, og er stefnan þar ávallt að reyna að komast í efstu deild þó ekki hafi það gengið undanfarin ár.

Badmintondeild

Badmintondeild Hamars sá töluverða aukningu í iðkendum 2018 eins og undanfarin ár. Deildin býður iðkendum frá sex ára aldri æfingar alla virka daga, yngri iðkendur æfa allt að þrisvar í viku í þrískiptum hópum og fullorðnir æfa einnig 3svar í viku.

Við fengum frábæra viðbót við þjálfarateymið okkar hana Erlu Kristínu Hansen sem sér um yngstu iðkendurna og innleiddi m.a. Technika æfingakerfi sem við fengum frá Danmörku og er mikil ánægja með það meðal krakkana.

Þrjú keppendur í fullorðinsflokki urðu Íslandsmeistarar í deildakeppni BSÍ í febrúar sl. í A og B deild. Margrét Guangbing Hu var aftur valin í unglíngalandsliðshóp Tinnu Helgadóttur landsliðsþjálfara og mætir hún reglulega á æfingar með unglíngalandsliðinu og A- landsliðinu í TBR. Margrét var líka kosin Íþróttamaður Hamars 2018 okkur til mikils sóma þar sem hún fékk sílfur á Íslandsmóti unglínga ásamt því að vinna HSK titil og fleiri titla á árinu.

Hamar vann HSK bikarinn enn einu sinni í vor og var gaman að sjá hvað konur og karlar voru til í að vera með eftir góðan undirbúning í kvöldtímum okkar um veturinn.

Fimleikadeild

Árið hjá Fimleikadeild Hamars byrjaði vel. Nýársýningin var haldin í íþróttahúsinu við Skólamörk þar sem iðkendur sýndu listir sínar. Öllu var til tjaldað og heppnaðist mjög vel. Þemað að þessu sinni var Disney myndin Moana.

Á vorönninni voru rúmlega 200 iðkendur hjá deildinni og má með sanni segja að fimleikastarfið í Hveragerði blómstri.

Í febrúar buðum við upp á námskeið í samstarfi við Mjölni, MMA námskeið og þátttaka var með ágætum. Þar sem iðkendur af báðum kynjum tóku þátt og skemmtu sér vel.

Í febrúar 2018 fékk deildin foreldrararfsbikarinn á HSK þinginu þetta árið, en mikið og gott foreldrarstaf var unnið á árinu 2017. Vorum við þakklát fyrir þá viðurkenningu og hefur foreldrarstafið bara eflst ef eitthvað er.

Í mars sendum við nokkur lið á Bikarmót FSÍ þar sem við uppskárum ríkulega og eignuðumst Bikarmeistara í 3. flokki MIX og einnig bikarmeistara í 3. flokki C deild. Í apríl sendum við svo nokkur lið á LAVA mótið sem haldið var á Hellu, þar sem yngri iðkendur fengu tækifæri til að spreya sig og hófu sín fyrstu skref í keppni. Í apríl var svo komið að Íslandsmótinu í stökkfimi þar sem fleiri titlar komu í hús. Íslandsmeistarar 3. flokkur MIX og Íslandsmeistarar 3. flokkur C deild.



Úr bikarleik Mílanunnar gegn Þrótti R.

Við lukum svo vorönninni með vinamóti þar sem Þorlákshöfn, Stokkseyri, Dímon og Hekla komu til okkar, allir keppendur fengu verðlaun fyrir sitt besta áhald og Stigahæsta félagið fékk bikar eftir daginn. Hamar fékk bikarinn að þessu sinni.

Í júlí fór svo 22 manna hópur til Belgíu og tók þátt á EUROGYM. Heppnaðist sú ferð vel í alla staði. Um sumarið bættist aldeilis í tækjakost deildarinnar. Stórt æfinga trampólín, trampólín track og stór færánlega kubbagryfja.

Við vorum stolt af Heklu Björt Birkisdóttur sem var valin í landsliðið til að keppa fyrir Íslands hönd á Evrópumótinu í hópfirmleikum sem fram fór í Portúgal í október. Hekla stóð sig vel ásamt liðinu sínu.

Íþróttafélagið Mílan

Stjórn IF Mílan skipuðu árið 2018: Birgir Örn Harðarson, formaður, Eyþór Jónsson, gjaldkeri, Sigurþór Þórssón, ritari og Örn Þrastarson, varaformaður.



Aðalfundur félagsins var haldinn 11. maí. Sitjandi stjórn gaf kost á sér aftur og var skálað fyrir henni.

IF Mílan lauk sínu fjórða tímabili í Grill 66 deildinni (fyrstu deild) 27. mars og endaði liðið 9. sæti með sjö stig. Tímabilið gekk aðeins betur en árið áður.

Samstarfið með 3. flokk Selfoss gekk vel og fengum við nokkra leikmenn frá þeim sem spiluðu með okkur. Þeir stóðu sig mjög vel og lærðu helmikið á því að spila með eldri og reyndari leikmönnum. Lokahófi Mílan var haldið 11. maí og þar voru leikmenn verðlaunaðir fyrir góðan árangur á tímabilinu.

Páll Dagur Bergsson var markahæstur og leikmaður ársins.

Haustið 2018 var ákveðið að breyta til hjá Mílan vegna þess að leikmannahópurinn var orðinn ansi þunnur. Sumir leikmenn leituðu á önnur mið og aðrir hættu. Einnig ákvað Umf. Selfoss að vera með U-lið og þar með missti Mílan 3. flokks strákana. Því var ákveðið að fara í utandeild HSÍ og taka þátt í Coca cola bikarnum. Gamán að geta þess að Mílan komst í 16 liða úrslit í bikarnum í fyrsta skipti. Liðið sat hjá í fyrstu umferð og fór þannig beint í 16 liða úrslit. Þar mættum við Þrótt og tapaðist sá leikur naumlega 31-22. Gleðin var samt við völd og var þjálfari liðsins í þeim leik, Þórir Ólafsson ánægður með flest allt nema úrslitin.

Utandeildin gengur þokkalega og hafa margir nýir leikmenn fengið spreya sig með Mílan í vetur og það er mjög gott. Hvað verður gert á næsta tímabili veit enginn. Allavegana er víst að Mílan lifir áfram og hugsanlegt er að einn daginn verði endurkoma í deildarkeppni HSÍ.



Frá bekkjarmóti Mímis í fótbolta.

Íþróttafélagið Mímir

Aðalfundur félagsins var haldinn 12. febrúar 2018. Stjórnendur félagsins eru Orri Bjarnason og Þorfinnur Freyr Þórarinnsson. Í ML standa íþróttastjórnendur Mímis fyrir fjölbreyttum íþróttatímum fjórum sinnum í viku, klukkutíma í senn. Einnig eru haldin bekkjarmót þar sem bekkirnir keppa á móti hvorum öðrum í allskonar íþróttagreinum (stundum mynda kennarar ML lið og keppa á móti nemendum sínum). Á vorin er haldin kraftakeppni þar sem nemendur keppa gegn hvorum öðrum í allskonar þrautum. Þessi keppni kallast „ML tröllid og skessan“ og er keppninni skipt í karla og kvennaflokk.



Íþróttafélagið Suðri

Aðalfundur félagsins var haldinn 17. apríl. Harpa Dís Harðardóttir gekk úr stjórn og Aðalbjörg Skúladóttir bauð sig fram og var hún kosin sem gjaldkeri. Aðrir gáfu áfram kost á sér og var klappað fyrir þeim. Þórdís Bjarnadóttir, formaður, Aðalbjörg Skúladóttir gjaldkeri, Katrín Ýr Friðgeirsdóttir ritari, María Sigurjónsdóttir meðstjórnandi og Sigrún Elfa Reynisdóttir meðstjórnandi.



Verðlaun voru veitt fyrir framúrskarandi árangur. Guðrún Hulda Sigurjónsdóttir var kjörin íþróttakona Suðra 2017 og Birgir Örn Viðarson var kjörinn íþróttamaður Suðra 2017.

SUND

Þjálfari í sundi 2018 var Magnús Tryggvason og voru æfingar samhliða sunddeild UMFS. Æfingar voru tvisvar sinnum í viku á mánudögum og miðvikudögum. Ekki var farið á mörg mót innanlands fyrir utan Nýársundmót barna og unglunga. Keppandi frá Suðra keppti á Malmö Open í Svíþjóð, keppti í 6 greinum og kom heim með 6 gull og 1 silfur. Einnig átti Suðri keppanda á Íslandsmóti í 50m laug og á Berlín Open í júní. Þessi sami keppandi var í afreksþópi ÍF og tók þátt í æfingum á vegum þeirra þar til hún tók sér frí frá sundi og skipti yfir í frjálsar íþróttir.

BOCCIA

Boccia er langvinsælasta íþróttagrein félagsins. Farið var á öll stærstu mót ársins, t.d. Íslandsmótið í sveitakeppni, Hængsmótið á Akureyri og Íslandsmót í einstaklingskeppni sem var haldið í Vestmannaeyjum þetta árið og var frábær árangur á því móti. HSK mót var einnig haldið á haustönn undir stjórn Þorbjargar Vilhjálmssdóttur. Þjálfarar í boccia; Ófeigur Ágúst Leifsson, María Sigurjónsdóttir og Jónína Ósk Ingólfssdóttir.

GOLF

Ellefta árið í röð var haldið golfnámskeið á Svarfhólsvelli í samstarfi við Gylfa Sigurjónsson hjá Golfklúbbi Selfoss. Nokkrir félagar tóku þátt í því og bættu sig í íþróttinni. Haldið var HSK mót á golfvöllinum við Ljósafossstöð í Grímsnesi. 9 keppendur tóku þátt.

LYFTINGAR

Aðsókn í lyftingar 2018 var eins og síðustu ár. Aðsóknin mjög góð og var allt fullt strax í upphafi haustanna 2018. Kapparnir okkar bæði kven- og karlkyn tóku þátt á Íslandsmóti ÍF og þar var slegið Íslandsmet. HSK mót var svo haldið á haustönn. Þjálfari er Örvar Arnarson. Tvær konur úr Suðra voru



Keppendur og þjálfari Suðra á nýársundmóti barna og unglunga.

valdar til að keppa á Special Olympic leikum í Abu Dabi í mars 2019.

TAEKWONDO

Haustið 2017 byrjuðum við samstarf við taekwondo-deild UMFS. Sigurjón Bergur Eiríksson (3-Dan) tók að sér að skipuleggja og þjálfa fólk frá okkur. Það hefur gengið mjög vel og voru þau 7 sem æfðu fyrir áramótin. Við munum pottþétt halda þessu samstarfi áfram á með áhugi er. Æfingum var fjölgað í 2 á viku þetta árið.

FRJÁLSTAR

Keppandi frá Suðra hefur nú á haustdögum stundað æfingar tvisvar í viku hjá Kára Jónssyni og æft með Ármanni en keppir fyrir hönd Suðra. Einnig er hún komin í afreksþóp ÍF í frjálsum og hefur tekið þátt í æfingum á þeirra vegum í haust.

SAMSTARF OG STUÐNINGUR

Margir hafa stutt við okkur í Suðra á árinu. Róðaryklúbbur Selfoss og Lionsklúbburinn styrku félagið og færur við þeim okkar bestu þakkir fyrir það.

Gott samstarf við önnur félög og deildir innan UMFS eru okkur mikilvæg. Stuðningur frá Sveitarfélaginu Árborg er okkur mikils virði og gerir okkur auðveldara fyrir að reka félagið sem er í góðri fjárhagsstöðu.



Úr leik hjá Árborg í 4. deild Íslandsmótsins.

Félagar sem iðka íþróttir hjá Suðra eru orðnir um 45 talsins og enn er að fjölga, íþróttagreinarnar eru 6-7 á ári.

Eins og alltaf þá viljum við hvetja fólk til að kynna sér starfsemi Suðra. Þar eru engin aldurstakmörk og ljóst er að auk þess að efla hreyfifærni sína hafa margir okkar féлага aukið sjálfstraust sitt og félagsfærni með æfingum og keppni við jafningja. Með tilkomu Taekwondoæfinga hafa ungum iðkendum fjölgað. Vonandi eru það iðkendur sem munu halda áfram með okkur í framtíðinni. Okkur vantar flott fólk til að vinna í stjórn og aðstoða við að halda utan um þessa mikilvægu starfsemi sem fram fer.

Knattspyrnufélag Árborgar

Aðalfundur félagsins fór fram þann 18. janúar. Engar breytingar urðu á stjórn Árborgar á milli ára. Eftirtaldir skipa stjórn Knattspyrnufélagsins Árborgar: Hafþór Theodorsson forseti, Guðjón Bjarni Hálfðánarson framkvæmdastjóri, Sigurður Sigurðsson og Eiríkur Sigmarsson.



Stjórn Árborgar ætlar að leggja áherslu á að halda áfram uppbyggingu í kringum unga leikmenn á Suðurlandi og viðhalda þeirri umgjörð sem hefur einkennt félagið síðustu ár. Aðstaða félagsins fer sífellt batnandi þótt nokkurra úrbóta sé þórf.

Fyrir tímabilið 2018 var ráðinn nýr þjálfari og aðstoðarþjálfari. Þá kom Guðjón Bjarni Hálfðánarson aftur sem aðalþjálfari og Helgi Bárðarson fyrrverandi leikmaður Árborgar kom inn sem aðstoðarþjálfari.

Hugrún Vignisdóttir var áfram sálfræðingur félagsins og þá var Stefán Magni Árnason áfram sjúkraþjálfari liðsins.

Árborg tók þátt í öllum þeim mótum sem boðið var uppá á vegum KSÍ á árinu í karlaflokki. Fyrsta mót ársins var Lengjubikarinn þar sem Árborg lék í C-deild. Félagið sigraði í sínum riðli og komst alla leið í úrslit þar sem liðið laut í lægra haldi fyrir Ými.

Í 1. umferð Borgunarbikarsins mætti liðið Hamri frá Hveragerði og tapaði þar mjög óvænt 0-1.

Árborg fór mjög vel af stað í Íslandsmótinu þar sem við náðum í sjö sigra í fyrstu níu leikjunum. En þrátt fyrir það var við ramman reip að draga síðasta þriðjung tímabilsins. Það fór svo að við lentum í þriðja sæti og komust þar af leiðandi ekki í úrslitakeppni í fyrsta skipti síðustu þriggja ára.

Knattspyrnufélag Rangæinga

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 14. mars og fór hann fram samkvæmt venjulegum aðalfundarstörfum.



Í stjórn félagsins sitja nú: Formaður: Jón Þorberg Steindórsson, formaður, Sigríður Viðarsdóttir, gjaldkeri, Hulda Dóra Eysteinsdóttir, ritari og meðstjórnendurnir Jónas Bergmann Magnússon og Tinna Erlingsdóttir. Í varastjórn eru Tómas B. Magnússon og Finnur Bjarki Tryggvason.

KFR heldur úti meistaraflokki ásamt yngri flokkum og margir þjálfara koma að starfi félagsins.

Þjálfarar síðasta árs voru Ólafur Oddsson, Lárus Viðar Stefánsson, Ellert Ingvason, Guðrún Bára Sverrisdóttir, Helgi Hlíðdal, Fanney Úlfarsdóttir, Gunnlaugur Friðberg Margrétarson og Viktor Steingrímsson.

Þjálfari meistaraflokks var Viktor Steingrímsson.

Mikil gróska hefur verið í starfi félagsins og hefur iðkendafjöldi aldrei verið meiri. Keppt var í öllum yngri flokkum 7.-2. flokki á mörgum mótum. Keppt var á Íslandsmóti, Faxaflóamóti, Pollamóti, Hnátumóti, Orkumóti í Vestmannaeyjum, Þæjumóti TM í Vestmannaeyjum, Síamóti Breiðabliks í Kópavogi, N1 móti á Akureyri, Norðurálmóti á Akranesi, Olismóti á Selfossi, Vís móti í Reykjavík og á fleiri minni mótum.

Haustið 2017 hófst samstarf við Selfoss/Hamar/Ægi í elstu flokkum félagsins og hefur það tekist vel, samstarfið nær yfir 2. og 3. flokk félagsins í kkk og kvk.

Meistaraflokkur KFR spilar í fjórðu deild.

Uppskeruhátíð yngri flokkanna fór fram í íþróttahúsinu á Hellu, 25. september sl. og var þar rífað upp liðið knattspyrnutímabil yfir pizzuveislu og kaffiveitingum. Þjálfarar afhentu öllum iðkendum í 7. og 6. flokki viðurkenningu fyrir að hafa stundað íþróttina. Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir bestu framfarir og ástundun í eldri flokkum og valdir bestu leikmennirnir í elstu flokkum. Á hátíðina mættu rúmlega 150 manns.

Knattspyrnufélagið Ægir

Aðalfundur félagsins var haldinn sunnudaginn 5. nóvember 2018. Nýja aðalstjórn félagsins skipa eftirtaldir: Guðbjartur Örn Einarsson formaður/gjaldkeri, Sigríður Lára Ásbergisdóttir meðstjórnandi, Anna Berglind Júlísdóttir/Hólfríður Þorvaldsdóttir, ritari, Lárus Arnar Guðmundsson, meðstjórnandi og Jón Reynir Sveinsson, meðstjórnandi. Yfirþjálfari félagsins er Sveinbjörn Jón Ásgrímsson.



6. flokks lið KFR á Orkumóti í Vestmannaeyjum.



Ungir iðkendur á æfingu hjá Ægi.

Knattspyrnuárið 2018 var viðburðarríkt og skemmtilegt á fótboltavellinum og er við hæfi að líta til baka og fara yfir það helsta sem gerðist á tímabilinu.

Starfsemi barna- og unglíngaráðs var með hefðbundnum hætti sl. tímabil og var gróskumikið starf í verkefnum flokkanna. Hólfríður Þorvaldsdóttir kom ný inn í ráðið í stað Ottó Halldórssonar sem hætti í ráðinu. Gengið var frá ráðningu á yfirþjálfara Sveinbirni Ásgrímssyni skömmu fyrir sl. tímabil auk þess sem ráðnir voru þjálfararnir Lárus Á Guðmundsson, Hólfríður Smáradóttir og Torfi H. Björnsson. Hólfríður hætti þjálfun á tímabilinu. Afleysingarþjálfari hefur verið Pálmi Þór Ásbergsson.

Verkefni barna- og unglíngaráðs fólust einkum í árlegum verkefnum svo sem sumarkaffi Ægis, sem tókst mjög vel, umsjón með lokahófi yngri flokka og fjárfloflunum.

Auk þess tók Barna- og unglíngaráðið virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið var hér í Þorlákshöfn og var framlag þess og foreldra sem unnu í nafni Ægis tekjuöflun í þágu félagsins.

Barna- og unglíngaráð hefur lagt áherslu á það í sínu starfi að þjálfun yngri flokka Ægis feli í sér uppeldislegt gildi. Rík áhersla er lögð á að iðkendur vinni saman sem ein heild utan sem innan vallar og sýni félögum sínum umburðarlyndi og samstöðu. Til að styðja við þetta markmið eru m.a. veittar

viðurkenningar til þeirra iðkenda sem þykja hafa verið frábærir liðsfélagar og eru þær veittar á lokahófi yngri flokka.

Lögð er áhersla á að þjálfarar fari á þau námskeið sem í boði eru og styrkti ráðið yfirþjálfara til að fara í ferð knattspyrnuþjálfara frá Norðurlöndunum til Manchester í mars 2018.

Barna- og unglíngaráð hefur reynt að stilla æfingagjöldum í hóf og voru þau ekki hækkuð á tímabilinu. Frítt var fyrir yngstu iðkendum, þ.e. 8. fl. og eins og fyrir ár þá var sækja- og skilabjónusta fyrir leikskólabörn sem vildu æfa fótbolta. Iðkendafjöldi var svipaður og á síðasta tímabili en það er eitt af meginmarkmiðum barna- og unglíngaráðs að fjölga iðkendum samhliða því sem lögð er áhersla á að hafa vel menntaða og góða þjálfara. Annað meginmarkmið ráðsins er að stuðla að því að sveitarfélagið ráðist í að bæta til muna aðstöðu til knattspyrnuíðkunar, m.a. með byggingu fjölnota íþróttaknattþúss og mun verða sérstök áhersla lögð á það markmið á næstu misserum.

Allir flokkar frá 8. fl. upp í 3. fl. æfðu á tímabilinu, bæði úti og inni og er óhætt að segja að starfsemi flokkanna að vetri til er verulega háð veðráttu og tíðarfari. Tímabilið hófst formlega í annarri viku september og lauk í enda sl. sumars. Yfir sumartímann er mesti annatímann í keppnum og mótum vítt og breytt um landið. Í sumar var enn fremur rekstur á fótboltaskólanum, smíðavellinum

og leikjanámskeiðinu og nutum við liðsinnis þar m.a. Evu Lindar og iðkenda í 3. og 4. fl. Ægis.

Samstarfsfélögin okkar eru: Hamar í 7. 6. og 5. flokki. En Hamar og Selfoss í 2. 3. 4. flokki. Samstarfið hefur gengið nokkuð vel og telur barna- og unglingaráð brýnt að byggja það áfram upp. Ráðið leggur enn fremur áherslu á virka þátttöku okkar þjálfara á æfingum og á mótum þegar um samstarf er að ræða.

Staðan hjá okkur er sú að við erum með 55 - 60 krakka sem eru að æfa í yngri flokkunum. Markmiðið í yngra flokka starfinu er að geta boðið einstaklingsmiðaða þjálfun og að bæta tækni- og leikskilning iðkenda þar sem áhersla er lögð á þolinmæði, ástundun og endurteknir. Það er eitthvað sem við sjáum að breytist. Krakkar í dag þurfa að geta verið í fleiri en einni grein í dag þar sem fjöldinn sem við höfum úr að spila í þær 5-6 íþróttagreinir sem æðar eru í Þorlákshöfn er ekki nógur. Það er orðið löngu tímabært að skoða hvaða leiðir við getum farið til að allir uni sáttir við. Það módel sem við vinnum eftir hefur líklega verið eins síðastliðna 2 - 3 áratugi. Koma þarf á meira samstarfi milli deilda og greina. Aðstaða til fótþoltaæfinga myndi einnig þola hraustlega uppfærslu, miðað við aðgengi okkar að íþróttasalnum og veðráttuna að vetri til.

Meistaraflokkur Ægis lék í 3. deild annað árið í röð eftir að hafa fallið niður úr 2. deild árið 2016. En eins oft gerist þegar halla fer undan fæti reynist oft erfitt að snúa blaðinu við og árangur á tímabilinu 2018 var ekki eins og vonir stóðu til og var niðurstaðan fall í 4. deild í lok tímabilsins. Ráðinn var nýr þjálfari fyrir tímabilið, en ásamt starfi yfirþjálfara tók Sveinbjörn Jón Ásgrímsson að sér það verkefni. Ljóst er að nú tekur við vinna að snúa gengi meistaraflokks Ægis á rétta braut sem verður vonandi upp á við á næstu misserum.

Við hjá Ægi viljum nota tækifærið hér og þakka öllum fyrir sem komu að starfi félagsins á árinu 2018.

Körfuknattleiksfélag Selfoss

Aðalfundur félagsins 2018 var haldinn 5. apríl og eftirtaldir kjörnir í stjórn: Gylfi Þorkelsson, formaður, Eyþór Frímannsson, gjaldkeri og Blaka Hreggviðsdóttir, ritari. Sigríður Elín Sveinsdóttir tók við af Blöku sem ritari á miðju ári.



Meðstjórnendur eru Auður Rafnsdóttir, Ólafur Valdín Halldórsson og Jóhanna Hallbjörnsdóttir.

Fyrir aðalfundi lá tillaga um nafnbreytingu á félaginu og breytingar á lögum þess. Fundurinn samþykkti að breyta nafninu í Körfuknattleiksfélag Selfoss, gælunafn Selfoss-Karfa og voru samþykktar lagabreytingar í samræmi við það, auk annarra smávægilegra breytinga á lögum.

Eitt af fyrstu verkum nýrrar stjórnar var að leita eftir endurnýjun samninga við helstu styrktaraðila þess og gekk það vonum framar, allir þeir stærstu gerðu nýja samninga við félagið. Eru þeim færðar þakkir fyrir ómetanlegan stuðning. Þetta eru eftirtaldir: Sveitarfélagið Árborg, JÁVERK, Set ehf., Kaffi krús, Hótel Selfoss, Yellow, Bílaleiga Akureyrar, Vélsmiðja Suðurlands og Byggingafélagið Hamar ehf. Fjöldi annarra fyrirtækja styrkir félagið.

Á aðalfundi var samþykkt nýtt merki félagsins, unnið upp úr gamla merkinu, af höfundinum Elíasi Jónssyni. Starfsemi félagsins er í meginráttum þrískipt:

- Meistaraflokkur karla
- Körfuboltaakademía FSU
- Barna- og unglingastarf



7. flokkur drengja eftir vel heppnað fjölliðamót í Gjálni haustið 2018.

Meistaraflokkur karla

Keppnistímabilið 2017-18 gekk brösulega. Miklar breytingar urðu á þjálfarateyminu en Karl Ágúst Hannibalsson stýrði liðinu síðasta spölinn fram í mars 2018. Fyrir jólin 2017 var samningi við erlendan leikmann sagt upp og ráðinn nýr Bandaríkjamaður í staðinn, Antowine Lamb, sem lék með liðinu til loka tímabils.

Á lokahófi liðsins tilkynnti þjálfari hvaða leikmenn fengju sérstakar viðurkenningar:

- Besti leikmaður: Hlynur Hreinsson
- Besti varnarmaður: Ari Gylfason
- Besti sóknarmaður: Florian Jovanov
- Mestu framfarir: Sveinn Hafsteinn Gunnarsson

Ari Gylfason var valinn Körfuknattleiksmaður ársins og var í kjöri til Íþróttamanns Árborgar 2018.

Strax að loknu keppnistímabili var hafist handa við undirbúning þess næsta. Ráðinn var sem aðalþjálfari Christopher Caird, fyrrum leikmaður liðsins og körfuboltaakademíunnar. Hann hófst þegar handa við að kanna leikmannamarkaðinn og fékk til liðsins nokkra unga stráka, m.a. frá Sauðárkróki og Njarðvíkum. Einnig samdi Hvergerðingurinn Björn Ásgeir Ásgeirsson, sem leikið hafði með Vestra, við Selfoss. Florian Jovanov fór til Hamars og Hlynur Hreinsson ákvað að söðla um og samdi við úrvalsdældarlið Grindavíkur. Aðrir heimamenn voru um kyrrt hjá liðinu.

Stjórn KKÍ ákvað að fella úr gildi sk. 4+1 reglu og leyfa ótakmarkaðan fjölda erlendra leikmanna af EES svæðinu, en áfram er í gildi bann við fleiri en einum leikmanni utan EES. Fyrirséð var að þessi reglugerðarbreyting myndi hafa gríðarleg áhrif á liðin og keppnisfyrirkomulagið. Selfoss lenti í ótrúlegu harki á leikmannamarkaði því hver á fætur öðrum stóð alls ekki undir væntingum. Í lok árs voru komnir til liðsins erlendir leikmenn nr. 6 og 7, Bandaríkjamaður og Hollendingur sem vonir standa til að ljúki keppnistímabilinu með liðinu.

Mótið byrjaði því illa, upplausn í leikmannahópnum eins og fram hefur komið, og fyrstu fjórir leikirnir töpuðust að ósekju, með litlum mun flestir. Liðið náði svo að klóra sig áleiðis upp á við og í lok árs var staðan orðin það góð að sæti í úrslitakeppni var orðið raunhæfur möguleiki.

Körfuboltaakademían

Körfuboltaakademían sem félagið rekur í samstarfi við fjölbrautaskólann er hjartað í starfsemi félagsins. Á vordögum 2018 var Karl Ágúst Hannibalsson

ráðinn aðalkennari og stórnanndi akademíunnar. Á svipuðum tíma var undirritaður samstarfssamningur milli Selfoss-Körfu, Þórs Þorlákshöfn, Hamars og Umf. Hrunamanna um rekstur sameiginlegra keppnisliða í drengja- og stúlknaflokki í akademíunni. Aðsókn var ágæt, vel á þriðja tug nemenda, og í fyrsta sinn tefldi akademían fram kvennaliði, sem hefur staðið sig með miklum ágætum. Í drengjaflokki sendi akademían fram tvö lið, A og B lið.

Barna- og unglingastarf

Stöðugur vöxtur er í barna- og unglingastarfinu. Karl Ágúst Hannibalsson hefur eins og undanfarin ár veg og vanda af þjálfun og stefnumótun yngriflokkanna. Fjöldi iðkenda er enn mestur í yngstu árgöngunum, krakka á minniboltaaldri en 7. flokkur drengja er öflugur og í eldri flokkum er samstarf við nágrannafélögin um keppnislið, þannig að allt stefnir í rétta átt. Hlynur Freyr Einarsson, Björn Ásgeir Ásgeirsson og Stefán Magni Árnason þjálfar með Karli Ágústi.

Fullyrða má að yngriflokkastarf félagsins er til mikillar fyrirmyndar og framtíðin björt. Áherslur í þjálfun eru faglegar og skipulagðar í samræmi við aldur og þroska skv. sérstakri námskrá sem tíunduð er í gæðahandbók Selfoss-Körfu.

Nýr heimavöllur

Félagið flutti starfsemi sína á vordögum úr lðu. Vegna stórkostlegra tafa á framkvæmdum komst það þó ekki inn í ný heimkynni sín í íþróttahúsi Vallaskóla fyrir en seint og um síðir. Að lokum náðist þó að flytja inn og er nýja aðstaðan öll til fyrirmyndar í Gjálni, sem er gælunafnið á heimavelli Selfoss.

Lyftingafélagið Hengill

Núverandi stjórn félagsins var kosin á aðalfundi þess þann 20. mars 2018 og hana skipa: Einar Alexander Haraldsson, formaður, Tinna Rán Sólvaldóttir, varaformaður, Kristján Óðinn Gunnarsson, ritari, Ellý Jóhannsdóttir, gjaldkeri, María Rún Þorsteinsdóttir og Heiðar Ingi Heiðarsson vararamenn.

Félagið réðst í sitt stærsta verkefni hingað til þegar það tók að sér að vera mótshaldari fyrir Norðurlandamót fullorðinna í ólympískum lyftingum. Mótið fór fram í íþróttahúsinu í Hveragerði dagana 29. og 30. september. Þar öttu kappi 50





Rakel á Norðurlandamótinu.

keppendur, 30 konur og 20 karlar. í kvennaflokki sigraði Patricía Strenius frá Svíþjóð og í karlaflokki Tim Kring frá Danmörku. Lyftingafélagið Hengill átti einn keppenda á mótinu, Rakel Hlynsdóttur, en hún stóð sig með stakri þryði. Að öðru leiti var starfssemi Lyftingafélagsins Hengils með hefðbundnu sniði þetta árið. Æfingar á vegum félagsins voru haldnar á sunnudagsmorgnum og vel var mætt á þær.

Skotiþróttafélagið Skyttur



Aðalfundur félagsins var haldinn 20.02.2018. Kosin stjórn var eftirfarandi: Magnús Ragnarsson, formaður, Bjarki Eiríksson, gjaldkeri, Erlingur Snær Loftsson, ritari, Haraldur Gunnar Helgason, varaformaður, Kristinn Valur Harðarson, meðstjórnandi og varamennirnir Guðmar Jón Tómasson og Jón Þorsteinsson.

Starfsemin í ár var nokkuð góð hjá félaginu. Voru haldin nokkur mót og má þar helst nefna fyrsta mótið í 50BR skotfimi en félagsmót var haldið í sumar og þar var góð mæting. Einnig var árlega Gætaskyttumótið haldið, en það er innanfélagsmót byggt á skeet íþróttinni. Fjárfest var í tvíhleypu fyrir félagið þannig að hægt verður að bjóða uppá unglingskottfimi hjá félaginu í Skeet. Var fjárfest í skotmörkum fyrir silhouettu skotfimi, eða tveimur settum af stálskotmörkum og völlum gerður fyrir tvær brautir. Stefnt er að mótahaldi í þessari grein árið 2019. Var aðstaða á skammbyssuvelli bætt til muna en þó er nóg eftir að gera þar.

Árið 2019 verður afmælisár hjá félaginu en stofnfundur félagsins var haldin 12.02.2009 og því verður félagið 10 ára og má búast við einhverjum viðburðum því tengdu. Á árinu er stefnt að því að byrja á nýju ríffilhúsi og á að fara í viðgerð og uppbyggingu vegar að svæðinu en þessi tvö verkefni munu bæta aðstöðuna og aðgengi allan ársins hring til muna.

Skotiþróttafélag Suðurlands



Aðalfundur var haldinn 12. apríl 2018 og er stjórn félagsins þannig: Ólafur Árni Másson - formaður, Bjarni I. Halldórsson - varaformaður, Margrét Ósk Jónasdóttir - gjaldkeri, Hákon Þór Svavarsson - ritari og Guðmundur Gestur Þórisson - meðstjórnandi.



Frá BR50 móti hjá Skotfélaginu Skyttum.



Loftmynd af skotsvæði SFS.

Með vorinu voru keyptar fjórar nýjar kastvélar og settur upp völlum fyrir svokallað Campak sporting en það er ein tegund haglabysugreina. Í lok árs voru að auki keyptar fjórar kastvélar til viðbótar og er ætlunin að búa til löglegan Compak-völl með átta kastvélum. Lokið var við að steypa borð í rífflaðstöðuna sem gerði nýju rífflaðstöðuna enn betri og er völlurinn óspart notaður allan ársins hring.

Annars var starfið með hefðbundnu sniði. Haldið var eitt skeet mót í mótarið STÍ ásamt nokkrum innanfélagsmótum og voru þau sérstaklega vel sótt. Mikil aðsókn var í skotpróf vegna hreindýraveiða í samstarfi við Umhverfisstofnun og skotin voru fleiri próf en áður.

Helstu verkefni næsta árs verða að stækka félagsaðstöðuna og koma upp Compak sporting vellinum.

Torfærurklúbbur Suðurlands



Stjórn torfærurklúbbsins starfsárið 2018 var eftirfarandi: Helga Katrín Stefánsdóttir, formaður, Gísli Rúnar Björnsson, varaformaður, Sigfús Þór Sigurðsson, gjaldkeri, Kristján Finnur Sæmundsson, ritari og Steinþór Frank Michelsen, meðstjórnandi.

Aðalfundur var haldinn 28. febrúar 2018. Starfsár 2018 hjá Torfærurklúbbum var viðburðaríkt. Klúbburinn var duglegur að kynna starfsemi sína og kynna sportið fyrir almenningi. Keppendum fjölgaði sem kepptu fyrir hönd klúbbsins í öllum mótorsport greinum. Mikill barátta var um Íslandsmeistararitilinn þetta árið og það voru keppendur frá klúbbum í topp þremur. Einnig eignaðist klúbburinn NEZ meistara. Klúbburinn hélt sína fyrstu tveggja daga keppni í torfæru um miðjan júlí á Akranesi og það gekk vonum fram. Í heildina voru 20 keppendur sem tóku þátt í keppninni og úrslitin komu öllum á óvart. Það voru einstaklingar sem voru að landa sínum fyrsta sigri, eftir frekar skemmtilega upptöku að báðir aðilar voru jafnir í báðum flokkum sem hefur aldrei gerst í sögu torfærunnar.

UBH



Aðalfundur félagsins var haldinn í Njálsgarði 14 á Hvolsvelli 27. des. 2018. Í stjórn voru kosin: Guðmann Óskar Magnússon, formaður, María Rósa Einarsdóttir, gjaldkeri, Ólafur Elí Magnússon, ritari og varamennirnir Helgi Jens Hlíðdal og Jón Gísli Harðarson.

Félagið hefur ekki nein sérstök verkefni síðan að íþf. Dímon tók yfir íþróttastarfsemi á svæðinu, en er stuðningsaðili Dímonar.



Atli Jamil Nez meistari á Thunderbolt.



Hildur María Hilmarsdóttir, Hjalti Gunnarsson, Íris Blandon og Kristinn Bjarnason í hlutverkum sínum í leikritinu „Sálir Jónanna ganga aftur.“ sem leikdeildin setti upp í Aratungu á vorönn.

Umf. Biskupstungna

Aðalfundur Ungmennafélags Biskupstungna var haldinn í Aratungu þann 9. maí 2018. Eins og undanfarin ár funduðu allar deildir félagsins sama kvöld. Byrjað var á fundi aðaldeildar, þá leikdeildar og loks íþróttadeildar.



Elfa Björk Kristjánsdóttir gaf ekki kost á sér áfram sem gjaldkeri félagsins. Þökkum við henni fyrir alla þá vinnu sem hún hefur unnið fyrir félagið. Í hennar stað kom Svava Theodórsdóttir.

Leikdeild Ungmennafélagsins setti á svið í Aratungu á vorönn leikritið *Sálir Jónanna ganga aftur* eftir Ingibjörgu Hjartardóttur, Sigrúnu Óskarsdóttir og Unni Guttormsdóttur í leikstjórn Gunnars Björns Guðmundssonar. Leikritið er það þrítugasta sem leikdeildin setur upp. Fjórtán leikarar tóku þátt ásamt aðstoðarfólki sem saman stóð af blönduðum hóp af nýliðum og reynsluboltum. Var það samdóma álit þátttakenda að andinn í hópnum hafi verið sérlega góður. Mæting hefði mátt vera örliðið betri en slæmt veður gerði oftar en einu sinni strík í reikninginn.

Aðaldeild ákvað að gefa öllum börnum og unglingum á grunnskólaaldri sem vildu íþróttabúning merktan felaginu. Vel gekk að fá fyrirtæki til þess að styrkja þetta með okkur og um leið var boðið uppá að kaupa buxur og peysur með.

til reynslu uppá rútuferðir á Laugarvatn til þess að halda sameiginlegar fótboltaefingar. Tókst sú tilraun ágætlega og vonandi að framhald verði á og jafnvel fyrir aðrar íþróttagreinar. Gefur það færi bæði á fleiri æfingum fyrir þá sem vilja ásamt auknum möguleikum á þátttöku á mótum.

Að lokum vill stjórn félagsins þakka öllum þeim aðilum sem komu að starfi félagsins með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir samstarfið.

Umf. Dagsbrún

Aðalfundur Ungmennafélagsins Dagsbrúnar var haldinn 3. maí 2018. Starfssemi félagsins var að mestu með hefðbundnu sniði þetta árið utan að félagið stóð ekki fyrir skötuveislu á Þorláksmessu að þessu sinni. Haldið var þorablót í Gunnarshólma 20. janúar og sömuleiðis jólaball að venju 27. desember sem var vel sótt. Einnig stóð Dagsbrún fyrir leikjavöldum á túninu við Gunnarshólma yfir sumarið þar sem mörkin sem félagið fékk til afnota frá Rangárþingi eystra í lok síðasta sumars komu sér mjög vel auk þess sem margir ungir sem aldnir sýndu snilldartakta í blaki.



Breyting varð á stjórn félagsins þar sem Hlín Albertsdóttir gjaldkeri gekk úr stjórn eftir 9 ára óeigingjarnt starf í þágu félagsins og við gjaldkeraembættinu tók Þórdís Ósk Björnsdóttir. Formaður er Konráð Helgi Haraldsson og ritari Arnheiður Dögg Einarsdóttir.

Umf. Eyfellingur

Umf. Eyfellingur er að mestu hætt að sjá um utanumhald um íþróttir ungmenna á svæðinu. Flestir félagsmenn sem taka þátt í íþróttum gera það undir merkjum Dímonar. Helstu verkefni sem félagið sinnir eru viðhald og þríf á Seljavallasundlaug sem er orðin afar fjölsótt af ferðamönnum. Svo mjög að ef vel ætti að vera þyrfti að losa lauginu einu sinni í viku og skrubba hana. Eins er erfitt að fá fólk til að taka burt með sér rusl, handklæði og fleira og er af þessu töluverður sóðaskapur. Í ár var laugin hreinsuð nokkrum sinnum og farið með fjölmarga svarta ruslapoka af svæðinu. Önnur bygging í eigu og umsjá félagsins er félagsheimilið Dagsbrún en ekki hefur verið unnt að ljúka við að gera það upp eins og til stendur.



Formaður félagsins er Ármann Fannar Magnússon. Aðalfundur félagsins var haldinn 18. mars 2018.



Jólaball Umf. Dagsbrúnar.

Umf. Eyrarbakka

Stjórn: Helga Kristín Böðvardsdóttir, formaður, Elín Birna Bjarnfinnsdóttir, gjaldkeri, Halla Emilsdóttir, ritari og Jessica Dahlgren, meðstjórnandi.



Aðalfundur 2018 var haldinn 23. apríl í samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka. Engar nýjungar voru á þessu ári. Við höldum Hópshlaupið við góðar undirtektir og er það orðið fastur liður hjá mörgum. Verðlaunaafhengingin fór fram á 17. júní hátíðarhöldunum sem Kvenfélag Eyrarbakka stendur fyrir. Tókum þátt í Jónsmessuhátíðinni. Stóðum fyrir jólatrúskemmtun fyrsta sunnudag í adventu. Kveikt var á jólatrénu sem sveitarfélagið setur upp. Söngur, jólasveinar og nammi.



Jólasveinar og gleði á Eyrarbakka.

Umf. Framtíðin

Formaður: Lilja Guðnadóttir, ritari: Helgi Ármannsson, gjaldkeri: Brynja Rúnarsdóttir, meðstjórnendur: Glódís Margrét Guðmundsdóttir og Bergrún Anna Birkisdóttir.



Aðalfundur félagsins var haldinn 17. janúar í íþróttahúsinu í Þykkvabæ. Yfir vetrartímam hittast iðkendur vikulega í íþróttahúsinu í Þykkvabæ á boltakvöldi, umsjón hafa í vetur Glódís Margrét Guðmundsdóttir og Lilja Guðnadóttir.

Anna Lilja Valgeirsdóttir sá um fjölskylduyoga síðastliðinn vetur og nú í haust, auk stakra tíma í krakkayoga og yoga fyrir stíra stráka. Júlía Óttarsdóttir og Kamilla Ingibergsdóttir yogakennarar komu til okkar og voru með Hjarta Opnandi Kakó Seremoníu og Kakó. Þetta eru viðburðir sem auka sífellt við vinsældir sínar og oftast taka krakkar þátt.

Félagið var á menningarlegu nútunum síðastliðið ár. Iðkendur fóru á leiksýningu að Laugarvatni í vor sem heitir „Stöngin inn“. Í haust fylltum við skólalíb og fórum í menningarferð sem byrjaði á leiksýningu hjá Leikfélagi Selfoss þar sem við horfðum á „Á vit ævintýranna“. Þaðan lá leið okkar til Reykjavíkur þar sem við fórum í keilu og höfðum gaman.

Fjárflun félagsins byggist á blómasölu fyrir konudaginn, dósasöfnun og ruslatínslu. Við tókum þátt í hreyfiviku UMFÍ og voru 5 viðburðir skipulagðir að þessu sinni:

- zumba undir leiðsögn Bjarnveigar B. Birkisdóttur.
- 2 útiyogatímar sem Anna Lilja sá um.
- ruslatínsla

- gengið var niður að sjó og iðkað yoga undir berum himni við hafið. Brynja Rúnarsdóttir spilaði á Gong í slökun í lokin.

Félagið hélt 17. júní hátíðlegan með pompi og prakt eins og undanfarin ár og stóð fyrir skyndihjálparnámskeiði.

Umf. Gnúpverja

Starfið árið 2018 var venjubundið líkt og undanfarin ár. Helstu helstu viðburði má telja hér eftir.

Aðalfundur Ungmennafélags Gnúpverja var haldinn í Árnesi 12. apríl 2018. Á fundinum var stjórnin endurkjörin og er hún eftirfarandi:

Jón Hákonarson, formaður, Ingvar Þrándarson, gjaldkeri, Hafdís Hafsteinsdóttir, ritari, Anna Sigríður Valdimarsdóttir, Gunnar Sigfús Jónsson og Hjördís Ólafsdóttir, varamenn.

Að venju var félagið með sumaræfingar fyrir yngri krakkana. Voru æfingarnar í Árnesi og var vel mætt á æfingarnar. Þjálfari var Þorsteinn Hauksson. Sú nýjung varð að félagið hélt borðtennis kynningu



Yoga í Þykkvabæjarfjöru.

fyrir 1.-7. bekk Þjórsárskóla. Kynningin var haldin í samráði við Borðtennissamband Íslands. Fengum við þá bræður Skúla og Gest Gunnarssyni sem eru leikmenn og þjálfarar í KR til að fara yfir leikreglur og svo var spilað borðtennis af fullum krafti. Vakti þetta áhuga hjá börnunum og þótti takast mjög vel.

Fimmta árið í röð var Brokk og skokk haldið í júní, keppnin er samstarf Hestamannafélagsins Smára og Ungmennafélagsins. Keppt er í tveimur flokkum, fjölskylduhring og keppnishring. Nánar má lesa um þá keppni á facebook, „Brokk og skokk“.

Félagið ásamt Ungmennafélagi Skeiðamanna stendur fyrir hvatningarverðlaunum Skeiða og Gnúpverjahrepps. Hvatningarverðlaunin eru veitt þeim ungmennum sem þykja skara fram úr að einhverju leiti og sýna gott fordæmi. Verðlaunin eru afhent við hátíðlega athöfn á 17. júní. Að þessu sinni voru það þau Bryndís Einarsdóttir, Hæli og Haukur Arnarsson, Gunnbjarnarholti sem hlutu þau. Vaskur hópur barna keppti á Héraðsleikum HSK í Þorlákshöfn.

Á Þorláksmessu fóru svo þrjár jólasveinar á vegum félagsins á milli bæja að gleða börn og fullorðna með glaðning og söng.

Umf. Hekla

Aðalfundur Umf. Heklu var haldinn 22. maí 2018 í Grunnskólanum á Hellu. Á fundinn mætti fjöldi fólks. Verðlaunaðir voru iðkendur fyrir mætingu og framfarir í hverri íþróttgrein sem æfð er hjá félaginu. Fjárhagsleg staða félagsins er ágæt og var rekstur ársins með smá afgang. Inn í stjórnina kom Agnes Ólöf Óskarsdóttir Thorarensen í staðinn fyrir Halldóru Guðlaugu Helgadóttur. Stjórn Umf. Heklu er skipuð eftirfarandi



Mikil uppsveifla er í fimleikum á Hellu og myndin er af iðkendum Umf. Heklu.

aðilum: Guðmundur Jónasson, formaður, Sigurður Kristinn Guðbjörnsson, varaformaður, Hulda Karlsdóttir, gjaldkeri, Ólöf Árnadóttir, ritari, Agnes Ólöf Óskarsdóttir Thorarensen, meðstjórnandi. Varamenn eru Erna Sigurðardóttir og Gunnar Þorgilsson.

Körfubolti: 15-20 krakkar á grunnskólaaldri æfðu körfubolta tvisvar til þrisvar sinnum í viku. Í vor tók félagið þátt í Íslandsmóti í körfubolta með lið í 10. flokki drengja. Þjálfari er Þorsteinn Darri Sigurgeirsson.

Tómstundanámskeið fyrir börn á aldrinum 6-14 ára var haldið í sumar, í samvinnu við sveitarfélagið Rangárþing ytra. Námskeiðið stóð yfir í 3 vikur í júní. Þátttakendur voru rúmlega 40 talsins. Umsjónarmenn námskeiðsins voru Þórunn Inga Guðnadóttir og Aníta Tryggvadóttir. Lagði sveitarfélagið til aðstoðarfólk úr unglingsvinnu.

Frjálssar íþróttir: Um 25 iðkendur á aldrinum 11-15 ára æfðu 1-2 í viku frjálssar íþróttir fram á vor undir leiðsögn Rúnars Hjálmarssonar. Í sumar voru æfingar utandyra á íþróttavellinum á Hellu undir leiðsögn Sindra Seim Sigurðssonar. Ekki tókst að fá frjálssaríþróttþjálfara þegar hauststarfið hófst og er það miður. Iðkendur á vegum félagsins tóku m.a. þátt í Aldursflokkmóti HSK 11-14 ára í Kaplakrikuhöllinni og í héraðsmóti utanhúss. Sindri Seim Sigurðsson vann til fjölda verðlauna á öllum mótum sem hann tók þátt í og setti 37 héraðsmet á árinu og varð m.a. 7 faldur Íslandsmeistari utanhúss. Kristófer Árni Jónsson fór mikinn í sínum flokki og varð m.a. þrefaldur Íslandsmeistari utanhúss.

Blak: Um 15 iðkendur á aldrinum 12-16 ára æfðu blak einu sinni í viku. Þjálfarar voru Ingibjörg Heiðardóttir og Aníta Tryggvadóttir. Félagið varð héraðsmeistari bæði í flokki stráka og stelpna. Meistaraflokkslið kvenna undir merkjum Heklu og Dímonar var starfandi á árinu og tóku þær þátt í fjölda móta. Kvinnaliðið stóð fyrir Kvinnahlaupi ÍSÍ í sumar og var þátttakan þokkaleg.

Skák: Félagið sendi sveit á héraðsmót fullorðinna og varð sveitin í 4 sæti. Á Héraðsþingi HSK var Björgvin Guðmundsson valinn skákmaður HSK.

Borðtennis: Sex iðkendur tóku þátt í Héraðsmóti HSK sem haldið var á Hvolsvelli í maí og þar urðu þeir Aron Birkir Guðmundsson, Hekla Steinarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir héraðsmeistarar og varð félagið í öðru sæti stigakeppninnar.

Samfella skóla- og íþróttastarfs: Umf. Hekla kom að skipulagningu á samfelli skóla- og íþróttastarfs tvisvar í viku í vetur milli kl. 15-17 fyrir nemendur í 5.-10. bekk Grunnskólans á Hellu. Í haust tók félagið einnig að sér samfelli barna í 1.-4. bekk. Í samfelliunni bauð félagið upp á æfingar í körfubolta, frjálsum íþróttum, hreysti og fimleikum. Þátttakendur voru um 70 talsins.

Taekwondo: Tvisvar í viku æfðu iðkendur frá félaginu Taekwondo í íþróttahúsinu á Hellu en þær æfingar voru haldnar í samvinnu við Taekwondodeild Umf. Selfoss. Æfingarnar voru aldurskiptar fyrir 10 ára og yngri og 11 ára og eldri. Þátttakendur voru tæplega 20, bæði börn og fullorðnir. Margir iðkendur fóru í beltapróf á árinu og farið var á jólamót. Kennarar hafa aðallega verið Daníel Jens Pétursson 1. Dan og Bjarnheiður Ástgeirsdóttir.

Fimleikar: Um 45 iðkendur á aldrinum 6-15 ára æfðu fimleika á vegum félagsins 1-3 sinnum í viku. Krökkunum var skipt niður í 4 hópa eftir aldri og getu. Um 50 iðkendur á leikskólaaldri æfðu krílafimleika einu sinni í viku og var þeim skipt upp í tvo hópa. Haldnar voru tvær fimleikasýningar á árinu þar sem fjölmargir áhorfendur komu. Farið var á fimleikamót í Hveragerði og fóru elstu iðkendur okkar á sitt fyrsta stökkfímismót á vegum Fimleikasambands Íslands. Þjálfarar voru Erla Sigríður Sigurðardóttir, Aníta Tryggvadóttir, Birna Sólveig Kristófersdóttir og



Frá 110 ára afmælishátíð UMFH 13. desember 2018.

aðstoðarþjálfarar Jóna Kristín Þórhallsdóttir, Svandís Ósk Þórhallsdóttir, Svala Norðdal, Helga Melsteð og Sindri Seim.

Línuskautar: Um 30 iðkendur á aldrinum 6-12 ára sóttu línuskautæfingar einu sinni í viku í vetur. Hópnum var aldurskipt í tvo hópa. Þjálfari er Diego Pinero Pinera.

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram í Þorlákshöfn í sumar og kepptu þar 9 iðkendur frá félaginu.

Akstursíþróttadeild er starfandi innan félagsins og er þeirra stærsta verkefni að standa fyrir Hellu-torfærinni í maí þar sem um 5.000 manns mættu til að horfa og 20 manns til að keppa. Tókst keppnin mjög vel í góðu veðri. Einnig stóð nefndin fyrir torfærukeppni á Flúðum um verslunarmannahelgina þar sem 10.000 manns mættu og tókst framkvæmdin vel. Nefndin sinni á árinu fundum á vegum Akstursíþróttasambands Íslands, bæði ársþingi og formannafundi. Áttum sæti í torfæruáði sem stýrir reglubreytingum og fleiru sem við kemur torfærinni. 25 manns eru nú í nefndinni og 7 kepptu í akstursíþróttgreinum á þessu ári.

Helstu fjáraflanir félagsins eru lottótækjur, félagsgjöld, dósasafnanir og sala á áburði. Keyptar voru nýjar dýnur og áhöld til fimleikaiðkunar. Eins og undanfarin ár gaf félagið, í samstarfi við fyrirtækið Þjótanda ehf, nemendum 1. bekkjar Grunnskólans á Hellu boli merka félaginu.

Félagsmenn í Umf. Heklu eru 664 talsins. Félagsgjald er 1500 kr. fyrir 18 ára og eldri.

Árþing HSK: Þrjú félagsmenn mættu á HSK þingið fyrir hönd Umf. Heklu í Hveragerði um miðjan mars. Það voru þau Hulda Karlsdóttir, Guðmundur Jónasson og Ólöf Árnadóttir.

Umf. Hrunamanna

Aðalfundur félagsins var haldinn 25. apríl 2018. Stjórnin er þannig skipuð: Jóhanna Bríet Helgadóttir, formaður, Sigurjón Snær, gjaldkeri, Dúna Rut Karlsdóttir, ritari, Sigurður Sigurjónsson og Helgi Valdimar Sigurðsson, meðstjórnendur.

Starfið innan félagsins gekk vel og erum við stolt af því að eiga Íslandsmeistara, bikarmeistara og landsliðsfólk innan okkar raða. Hér verður stiklað á stóru yfir það helsta:

Fimleikadeildin hélt áfram með flott starf í ársbyrjun og voru 20 iðkendur hjá deildinni. Þjálfarar voru Hrafnhildur Sædis og Jónína Sif. Krakkarnir sýndu miklar framfarir og enduðu önnina á vorsýningu, eða

opinni æfingu þar sem þau sýndu afrakstur vetrarins. Allir sem vildu fengu síðan að taka þátt í æfingunni. Starfið lagðist niður haustið 2018 þar sem ekki gekk að manna þjálfarstöðuna.

Blakdeildin hélt áfram að vera líflæg og voru 16-20 konur sem tóku þátt í æfingum 2x í viku. Farið var á nokkur mót yfir árið þar á meðal Íslandsmótið og enduðu Hrunakonur í öðru sæti í sinni deild og unnu sig þar með upp í 4. deild. Tvö kvinnalið tóku þátt í Hraðmóti HSK og á Héraðsmóti HSK þar sem yngri liðið krækti sér í brons. Vetrinum var síðan lokað með þátttöku á Öldungu en þar kepptu tvö lið frá Hrunakonum sem stóðu sig með þrýði og margir sigar unnir innan sem utan vallar. Deildin sá einnig um að halda eina umferð á Flúðum sem heppnaðist mjög vel.

Starf knattspyrnudeildarinnar fór vel af stað undir stjórn Helga Valdimars Sigurðssonar. Lítið og skemmtilegt fótballamót með iðkendum frá Biskupstungum og Laugdælum var haldið í Reykholti. Sumaræfingar voru í boði þar sem Hrunamenn ásamt ungmennafélögum Biskupstungna og Laugdæla tóku höndum saman. Boðið var uppá tvær æfingar í viku á Flúðum, eina í Reykholti og eina á Laugarvatni. Guðni Sighvatsson og Gústaf Sæland sáu um æfingarnar. Tekið var þátt í tveimur mjög lærdómsríkum og skemmtilegum mótum. Það voru ÓB mótið á Selfossi fyrir 5. flokk þar sem spilað var sem lið ÍBU, Íþróttabandalag Uppsveita, í fyrsta sinn. Svo var það Weetos mótið í Mosfellsbæ fyrir 6. og 7. flokk. Vetraræfingum hófust strax að loknum sumaræfingum í ágúst og sér Jón Hermann Vignisson um þær.

Starf frjálssíþróttadeildarinnar hélt áfram að blómstra á árinu undir stjórn Guðbjargar Viðarsdóttur og Önnu Þórnýjar. Iðkendur voru um 35 talsins og sóttu þau fjölmörg mót á árinu, meðal annars Héraðsmót HSK, Aldursflokkmót HSK, Stórmót ÍR, Meistaramót Íslands innan og utanhúss, Unglingalandsmót UMFÍ, Heimsleika unglinga, Bikarkeppni FRÍ, Gaflarann og Silfurleika. Ragnheiður, Máni Snær, Jana Kolbrún, Guðný Vala, Haukur, Ólafur Magni, Eyrún, Rebekka G, Ásdís Mjöll og Þórhildur hlutu öll Íslandsmeistararitil á árinu. Tvö innanfélagsmót voru haldin á árinu en það eru páskamótið og jólamótið. Páskamótið var haldið eins og síðustu 50 ár, laugardaginn fyrir páska. Góð þátttaka var á mótinu og fengu allir viðurkenningarskjal með skráðum árangri. Haukur Arnarsson og Ingibjörg Bára Pálsdóttir fengu sérverðlaun fyrir stigahæsta afrek mótsins samkvæmt stigatöflu FRÍ. Á síðustu æfingunni fyrir júl var

haldið árlegt jólamót sem var opið öllum iðkendum félagsins. Mjög góð þátttaka var á mótinu og mikill og góður árangur náðist, mikið var um persónulegar bætingar. Margir skutu sér upp á topp 10 í sínum aldursflokki fyrir árið 2018. Deildin veitti svo öllum þátttakendum verðlaunapening fyrir þátttökuna.

Körfuknattleiksdeildin hélt áfram á sömu braut. Fjölmörg lið í yngri flokkum tóku þátt í Íslandsmótum ásamt fleiri mótum sem haldin eru af hinum og þessum félögum. Deildin er í samstarfi við önnur félög á Suðurlandi til þess að halda úti öflugu starfi í mörgum flokkum. Í byrjun janúar eignuðust Hrunamenn sína fyrstu bikarmeistara í karlaflokki þegar að 9. flokkur félagsins í samstarfi með Þórsurum vann titilinn í Laugardalshöll eftir sigur á Keflavík í úrslitaleik. Meistaraflokkur karla var settur aftur á laggirnar fyrir tímabilið 2018-2019 og er það að mestu skipað ungum og efnilegum heimamönnum. Aron Ernir Ragnarsson, Eyþór Orri Árnason og Una Bóel Jónsdóttir voru öll valin í U-15 ára landslið Íslands, en að auki voru þónokkuð margir iðkendur deildarinnar boðaðir á úrvals- og afreksbúðir KKÍ sem er undanfari yngri landsliða Íslands. Árlegir viðburðir á borð við firmakeppni í kringum jólahátíðina og körfuboltaþúðimar í júlí voru á sínum stað og var hvoru tveggja vel sótt.

Umf. Hvöt

Í stjórn eru: Guðrún Ása Kristleifsdóttir, formaður, Ingólfur Örn Jónsson, gjaldkeri og Guðný Tómasdóttir, ritari.



Árið hófst að venju með okkar árlega þorrablóti sem var haldið 26. janúar. Aðalfundurinn var haldinn sunnudaginn 11. mars og var góð mæting, þar var kosinn nýr formaður og ritari, Guðrún Ása og Guðný. Í beinu framhaldi af fundinum var farið í páskaeggjaleit sem vakti mikla lukku hjá börnunum. Eftir aðalfundinn var ákveðið að byrja aftur með íþróttaskólann á laugardagsmorgnum og vera svo með opin fjölskyldutíma strax í kjölfarið. Haldið var sumarnámskeið dagana 18. – 29. júní og var það vel sótt. Sundnámskeið var haldið 9. júlí til 20. júlí, um námskeiðið sá Guðrún Ása Kristleifsdóttir íþróttakennari. Um haustið byrjuðum við svo með íþróttastarf fyrir börn frá elsta árgangi í leikskóla og upp í 6. bekk. Þeim bjóðast nú íþróttir 3 sinnum í viku, fótþolti, frjálsar íþróttir og krakkablað. Til að byrja með var einnig boðið upp á íþróttir fyrir unglinga en þær féllu niður vegna þátttökuleysis. Auk þessara íþróttar fyrir yngri iðkendur eru einnig körfuboltaæfingar 2 sinnum í viku fyrir fullorðna. Á aðfangadag fengum við svo tvo jólasveina til að heimsækja börn og afhenta þeim smá pakkka.

Umf. Ingólfur

Umf. Ingólfur hélt aðalfund 29. apríl heima hjá formanni og var fámenn. Ekki urðu neinar byltingar og stjórn því sama og áður: Þröstur Guðnason, formaður, Kristinn Guðnason, gjaldkeri og Þórhalla Gísladóttir, ritari. Varamenn eru Daníel Magnússon, Jóna Sveinsdóttir og Ragnheiður Jónsdóttir.



Þröstur mætti sem fulltrúi félagsins á 96. Héraðsþing Skarphéðins í Þorlákshöfn 10. mars.

Umf. Ingólfur í Holtum varð 110 ára 2. ágúst 2018. Af því tilefni var efnt til afmælisgönguferðar í sumar og tóku 25 manns þátt í göngunni. Gangan hófst á Laugalandi, nánar tiltekið frá þeim stað þar sem sundlaugar félagsins stóðu, önnur byggð árið 1910, en hin 1936. Gengin var stíkuð gönguleið í skógrættarreit félagsins í landi Nefsholts, en hjónin



Fráfarandi og núverandi stjórn Umf. Hvatar á aðalfundi 2018.

Benedikt Guðjónsson og Ingibjörg Guðnadóttir gáfu félaginu reitinn á 50 ára afmæli félagsins árið 1958. Í skógarreitnum var svo boðið upp á veitingar í boði félagsins. Þess má geta að búið er að bæta aðgengi að reitnum, en umhverfissjóður UMFÍ veitti félaginu styrk í verkefnið á sínum tíma. Í sumar voru settar upp þrjár þrilur (tröppur yfir girðingar) á umræddri gönguleið.

Að lokum þökkum við gott samstarf við HSK.

Umf. Laugdæla

Aðalfundur UMFL var haldinn miðvikudaginn 18. apríl 2018 í Bláskógaskóla á Laugarvatni. Eva Hálfðánardóttir hélt áfram sem gjaldkeri en Daníel Pálsson tók við sem formaður og Freyja Rós Haraldsdóttir sem ritari. Innan félagsins eru nokkrar deildir eða nefndir, t.d. körfuboltadeild, fótþoltadeild, blakdeild, skákdeild, frjálsíþróttadeild o.fl. Öflugir formenn deildanna stuðla að metnaðarfullu starfi í hverri grein. Til stendur að stofna klifurdeild á næsta aðalfundi.



Vorið 2018 hélt UMFL úti æfingum í blaki, fimleikum, frjálsum, körfubolta, fangbrögðum, fótþolta, leikskólaíþróttum og þreki. Um sumarið var haldið vel sótt leikjanámskeið. Fótþoltaæfingar voru í samstarfi við UMFH og Umf. Bisk, til skiptis á Laugarvatni, í Reykholti og á Flúðum. Haustið 2018 voru æfingar í blaki, dansi, fimleikum, frjálsum, fangbrögðum, fótþolta, klifri, körfubolta og leikskólaíþróttum. Samfella er á milli æfinga yngstu

barnanna og frístundaskólans í grunnskólanum. Börnunum er fylgt úr skólanum á æfingarnar. Þetta er verðmætt og starfsfólki skólans færðar bestu þakkir fyrir samstarfið. Í september var boðið upp á sex vikna byrjendanámskeið í blaki, fyrir fullorðna. Þátttökugjald gekk upp í æfingagjaldið fyrir þau sem héldu áfram. UMFL hefur á árinu átt keppendur á hinum ýmsu mótum, svo sem Íslandsmótinu í blaki, frjálsíþróttamótum, klifurmótum, glímumótum, Nettó-mótinu í körfubolta og Weetos-mótinu í fótþolta.

Þegar Íþróttaskor Háskóla Íslands fluttist frá Laugarvatni varð erfiðara fyrir UMFL að fá þjálfara. Þó hefur tekist að halda úti fjölbreyttum æfingum, en það er ekki sjálfgefið að það takist að hafa allar þær greinar sem vilji stendur til. Fámenni í hópi iðkenda getur líka spilað inn í. Þá getur verið akkur í samstarfi við nærsveitunga. Fyrirnefnt samstarf í fótþoltanum í sumar og gott samstarf í körfuboltanum eru dæmi um slíkt. Vonir standa til að samstarf geti aukist en því fylgir skipulagning og stundum aukið flækjustig. Á móti kemur hagræðing og kostir þess að æfa fleiri saman.

Skemmtinefnd UMFL skipulagði þorrablótið að venju. Hinn árlegi ruslatínsludagur var haldinn í maí. Þá er íbúum stefnt saman til að fegra okkar einstaka umhverfi í Laugardalnum. Valgerður Sævarsdóttir og Halldór Páll Halldórsson buðu þátttakendum í pylsugrill á eftir og einnig stóð til boða að fara í Laugarvatn Fontana. Á 17. júní stóð skemmtinefndin fyrir uppsetningu hoppukastala, sápuennibraut og bátaferðum á vatninu.



Frá 110 ára afmælisgöngu Umf. Ingólfs.



Nýir búningar voru teknir inn á árinu og ungr iðkendur fengu gefins bol frá UMFL.

Hefð er fyrir því að ljúka haustönninni á jólasýningu um miðjan desember. Börnin stíga á stokk með atriði sem tengjast þeirra greinum auk þess sem foreldrar eru skoraðir á hólmi í ymsum þrautum. Í kjölfarið er sett upp veisluborð þar sem foreldrar koma með góðgæti á borðið en UMFL sér um drykkina. Þetta er alltaf mikið fjör og gaman að sprella saman.

Kærar þakkir til allra sem komið hafa að starfsemi félagsins undanfarrið ár, þjálfurum, iðkendum, sjálfboðaliðum og sveitarfélaginu Bláskógabyggð.

Umf. Merkihvoll



Lítið fór fyrir aðalfundi UMF Merkihvolls á árinu 2018. Stjórn félagsins skipa Jóhanna Hlökkversdóttir sem formaður, Sigurður Einar Guðmundsson sem gjaldkeri og Anna Björg Stefánsdóttir sem ritari félagsins.

Starfssemi félagsins var með svipuðu sniði og undanfarin ár en sá það um hátíðarhöld á 17. júní þar sem sveitungar og gestir koma saman. Uppbygging Brúarlunds heldur ótraud áfram. Meðal annars var sett upp varmaðela og húsnæðið málað að innan. Segja má að hollvinir Brúarlundar hafi staðið sig vel í öllum þeim verkefnum sem þeir hafa tekið sér fyrir hendur.

Umf. Selfoss



Breytingar urðu á framkvæmdastjórn Umf. Selfoss á aðalfundi félagsins sem haldinn var í félagsheimilinu Tíbrá þann 22. mars. Viktor S. Pálsson tók við sem formaður af Guðmundi Kr. Jónssyni, sem vék úr stjórn, en auk hans sitja áfram í framkvæmdastjórn Hjalti Þorvarðarson, gjaldkeri, og Sverrir Einarsson, meðstjórnandi.

Dýrfinna Sigurjónsdóttir kom inn í stjórn, og tók við embætti ritara, ásamt Sigrúnu Hreiðarsdóttur, nýjum meðstjórnanda. Jóhann Helgi Konráðsson gekk úr stjórn. Ásamt framkvæmdastjórn skipa þau Ingibjörg Garðarsdóttir, formaður fimleikadeildar, Helgi S. Haraldsson, formaður frjálsíþróttadeildar, Þórir Haraldsson, nýr formaður handknattleiksdeildar, Birgir Júlíus Sigursteinsson, nýr formaður júdódeildar, Jón Steindór Sveinsson, formaður knattspyrnu deildar, Guðmundur Guðafsson, formaður mótókrossdeildar, Guðmundur Pálsson, formaður sunddeildar, og Ófeigur Ágúst Leifsson, formaður taekwondodeildar, þrettán manna aðalstjórn félagsins.

Hjá aðalstjórn félagsins starfa Gissur Jónsson framkvæmdastjóri í fullu stöðugildi auk Aðalbjargar Skúladóttur bókara félagsins í hálfu stöðugildi.

Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir tók við starfi framkvæmdastjóra fimleikadeildar í hálfu stöðugildi í upphafi árs ásamt því að Tanja Birgisdóttir starfar sem yfirþjálfari deildarinnar í hálfu stöðugildi. Sveinbjörn Másson er sem fyrr framkvæmdastjóri knattspyrnu deildar og vallerstjóri á Selfossvelli. Starfsmenn á Selfossvelli í lok árs 2018 voru Þórdís Rakel Hansen og nýliðinn Einar Örn Einarsson. Þá er knattspyrnu deild með þrjú starfsmenn í fullu stöðugildi þ.e. Gunnar Rafn Borgþórsson sem yfirþjálfari knattspyrnu deildar og þjálfari, Alfreð Elías Jóhannsson sem þjálfari meistaraflokks kvenna, afreksþjálfari og þjálfari yngri flokka ásamt því að sjá um þjálfun fyrir knattspyrnuakademíu og Ingi Rafn Ingibergsson er starfsmaður knattspyrnu deildar og þjálfari. Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson var á miðju ári ráðinn framkvæmdastjóri handknattleiksdeildar í hálfu stöðugildi. Þá er Sigríður Anna Guðjónsdóttir í hlutastarfi sem yfirþjálfari og starfsmaður frjálsíþróttadeildar. Flestar aðrar deildir félagsins eru með starfandi yfirþjálfara og/eða verkefnastjóra í mismunandi stöðuhlutfalli.

Innan Umf. Selfoss eru starfandi átta virkar deildir þ.e. fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, júdódeild, knattspyrnu deild, mótókrossdeild, sunddeild og taekwondodeild. Innan handknattleiks- og knattspyrnu deildar starfa unglingaráð með sjálfstæðan fjárhag. Auk þess starfar fjöldi foreldraráða innan deilda félagsins. Frjálsíþrótt- og handknattleiksdeild reka akademíur í samstarfi við Fjölbrotaskóla Suðurlands. Knattspyrnu deild á einnig gott samstarf við Knattspyrnuakademíu



Svo skemmtilega vildi til að sex tvíburar þæfðu knattspyrnu með 5. flokki Selfoss árið 2018. Þetta eru f.v. Arnar Freyr (fyrir aftan) og Alexander Þór Jónssynir, Þórhildur Sara og Þorsteinn Dagur Jónasarbörn, Jóhanna Elín og Halldór Halldórsbörn, Oddur Olav (fyrir aftan) og Auðunn Ingi Davíðssynir, Jónas Karl (fyrir aftan) og Sverrir Steinn Gunnlaugssynir og Elsa Katrín og Guðmundur Stefánsbörn. Þá æfðu tvíburarnir Birkir Óli Gunnarsson og Þorvaldur Gauti Hafsteinnsson einnig með 5. flokki en ekki systur þeirra.

Íslands á Suðurlandi. Þá starfa innan félagsins sérstök vallerstjórn, jólasveinanefnd og minjaverndarnefnd.

Í gildi er þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Umf. Selfoss sem og samningur um rekstur íþróttavallarsvæðisins sem gilda til loka árs 2022. Eins og undanfarin ár sér knattspyrnu deild um rekstur íþróttavallarsvæðisins en það er íþróttavallarnefnd sem hefur yfirumsjón með rekstri vallarsvæðisins. Á árinu var gengið frá nýjum samningi við taekwondodeild um þríf og utanumhald á æfingasal deildarinnar á annari hæð í Baulu, íþróttahúsi Sunnulaekjarskóla. Mótókrossdeild sá áfram um rekstur og uppbyggingu mótókrossbrautar og júdódeild sá um rekstur íþróttahúss Sandvíkurskóla. Sunddeildin er með sína starfsemi í glæsilegri aðstöðu í Sundhöll Selfoss. Síðastliðið sumar flutti handknattleiksdeild starfsemi sína yfir Engjavegin og er nú með alla sína aðstöðu í lðu, íþróttahúsi Fjölbrotaskóla Suðurlands. Fimleikadeild er sem fyrr með alla sína starfsemi í Baulu. Þá rekur félagið þjónustumiðstöð, sem opin er allt árið, í félagsheimilinu Tíbrá við Engjaveg 50.

Á hverju ári standa deildir félagsins fyrir ákveðnum mótum og viðburðum sem sum hver eiga sér orðið langa sögu. Fimleikadeild hélt Nettómótið og Minningarmót auk árlegrar jólasýningar í desember. Frjálsíþróttadeild hélt 49. Grýlupottahlaupið á vordögum og Brúarhlaupið í byrjun ágúst. Handknattleiksdeild hélt tvö Landsbankamót á vordögum og Ragnarsmótið, á haustdögum. Júdódeild, sunddeild og taekwondodeild héldu HSK-mót. Knattspyrnu deild hélt Guðjónsmótið í apríl, í upphafi júní fóru fram þrjú mót þ.e. Lindex-mótið, Selfoss-mótið og Set-mótið og í ágúst fór ÓB-mótið fram í fjórtanda sinn. Mótókrossdeild hélt bikarmót á vegum MSÍ.

Getraunastarf skipar fastan sess í starfi félagsins þar sem hópur fólks hittist vikulega í félagsheimilinu Tíbrá og tippar yfir kaffibolla og góðu meðlæti frá Guðna bakara, einnig eru stuðningsmannaklúbbar starfræktir í handknattleiks- og knattspyrnu deild.

Aðalfundur Umf. Selfoss var haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 22. mars 2018. Í ársskýrslu félagsins kom m.a. fram að heildartekjur þess árið 2017 voru tæpar 308 milljónir og ólíkt undanförnum árum varð tap af rekstri félagsins. Handknattleiksdeildin hlaut UMFL bikarinn sem deild ársins fyrir öflugt starf og góðan árangur á Íslandsmótum og Guðrún Tryggvadóttir fékk afhentan Björns Blöndals bikarinn fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins.

Líkt og undanfarin ár sá félagið um rekstur íþrótt- og útivistarklúbbsins sem er fyrir börn á aldrinum

6-10 ára og er liður í þjónustusamningi félagsins við Sveitarfélagið Árborg. Haldin voru fimm tveggja vikna námskeið frá 11. júní til 17. ágúst. Einstakar deildir stóðu fyrir sumarnámskeiðum, knattspyrnu deild starfrækti fótboltaskólann, fimleikadeildin var með sumaræfingar og handknattleiksdeildin stóð fyrir handboltaskóla. Íþróttaskóli barnanna var starfræktur á vegum fimleikadeildarinnar í tíu vikur tvisvar á árinu fyrir yngstu börnin. Þá hóf ungbarnasund, Guggusund, á vegum sunddeildar sitt 27. starfsár.

Íþróttastarf félagsins er umfangsmikið og hefur þróast jafnt og þétt undanfarin ár. Fjöldi keppnisliða úr öllum íþróttagreinum, sem stundaðar eru innan félagsins, tekur þátt í Íslandsmótum, bæði í einstaklingskeppnum og liðakeppnum. Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu hélt sæti sínu í Pepsi-deildinni nokkuð örugglega en meistaraflokkur karla varð að bíta í það súra epli að falla úr Inkasso-deildinni. Meistaraflokkur kvenna í handknattleik náði sínum besta árangri frá upphafi þegar liðið varð í sjötta sæti Olís-deildarinnar á sama tíma og meistaraflokkur karla sótti enn upp á við með því að ná öðru sæti í Olís-deildinni og liðið féll úr leik eftir spennandi leiki í undanúrslitum í úrslitakeppni Íslandsmótsins og í bikarkeppninni. Í einstaklingsíþróttum vannst fjöldi Íslands- og bikarmeistarátitla, samstarf HSK/Selfoss í frjálsum skilaði liðinu upp á við en þar er unnið eftirtektarvert uppbyggingarstarf auk þess sem akademían festir sig í sessi. Júdomenn og tækwondofólk vann til fjölda Íslandsmeistarátitla á árinu og Gyða Dögg Heiðarsdóttir var valin akstursíþróttakona ársins hjá MSÍ. Eins og fyrir á var fjöldi einstaklinga innan deilda Umf. Selfoss kallaðir til ymissa landsliðsverkefna bæði hjá yngri og eldri iðkendum á vegum sérsambanda ÍSÍ. 28 einstaklingar kepptu með landsliðum Íslands, yngri og eldri, á Norðurlandamótum og í undankeppnum EM og HM. Auk þess var fjöldi einstaklinga valdir á landsliðsæfingar og í úrvalshópa. Fjöldi ungmennta úr Umf. Selfoss tók þátt í unglingslandsmóti UMFÍ sem haldið var í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina.

Á héraðsþingi HSK sem haldið var í Þorlákshöfn 10. mars var Guðmundur Kr. Jónsson, þáverandi formaður Umf. Selfoss, kjörinn heiðursformaður HSK. Örn Guðnason var sæmdur gullmerki ÍSÍ við sama tækifæri. Vegna anna hjá afreksfólki Umf. Selfoss varð að fresta verðlaunahátíð Umf. Selfoss yfir áramót. Á uppskeruhátíð ÍTÁ sem haldin var 27. desember voru handknattleiksfólkið Elvar Örn Jónsson og Perla Ruth Albertsdóttir útnefnd íþróttakarla og íþróttakona Árborgar 2018.

Framkvæmdastjórn félagsins hélt sjö fundi á árinu og aðalstjórn fundaði fimm sinnum. Stjórnir deilda og ráða héldu fundi að jafnaði einu sinni í mánuði og stóru deildirnar vikulega á keppnistímabilum sínum. Framkvæmdastjóri situr í forvarnarhópi Sv. Árborgar sem fundar mánaðarlega og í starfshóp um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu. Þá sátu framkvæmdastjóri og formaður ýmsa fundi með fulltrúum Árborgar, ÍSÍ, UMFÍ, HSK og fleiri aðila. Auk þess er gríðarmikið sjálfbóðaliðastarf unnið innan Umf. Selfoss sem m.a. kemur fram í fjölda stjórna, nefnda og ekki síst foreldraráða.

Umf. Skeiðamanna

Í stjórn eru: Lára Bergljót Jónsdóttir, formaður, Ágúst Guðmundsson, gjaldkeri og Sigríður Ósk Jónsdóttir, ritari.

Aðalfundur var haldinn þann 16. maí. Kosið var í spilanefnd, skemmtinefnd og íþróttanefnd.

Í febrúar voru haldin 3 spilakvöld í Brautarholti, spiluhúsi félagsvistar þar sem heildarstigum var safnað



Frá leikjanámskeiði Umf. Skeiðamanna í sumar.



Hluti þátttakenda slakar á í lok dags á sundnámskeiði Ungmennafélags Stokkseyrar.

fyrir öll kvöldin. Veitt voru verðlaun fyrir hvert kvöld og síðan fyrir heildarstig. Góð mæting. Hjónaball var haldið í mars og var vel sótt.

Leikjanámskeið var haldið í júní fyrir 6-12 ára. Anna Þórný Sigfúsdóttir og Eyþór Stefánsson sáu um námskeiðið. Allir voru velkomnir og þátttakan var mjög góð. Íþróttæfingar hafa verið í boði hjá félaginu í Brautarholti, bæði fyrir 2 elstu árganga leikskólans og yngsta stig grunnskólans. Matthías Bjarnason sá um æfingarnar á vorönn. Á haustönn var salurinn lokaður vegna viðgerða.

Umf. Stokkseyrar

Aðalfundur var haldinn 30. maí 2018. Hefðbundin fundarstörf og ný stjórn félagsins kosin. Í henni sitja: Ólafur Már Ólafsson, formaður, Agnes Lind Jónsdóttir, gjaldkeri, Örvur Hugason, ritari, Jónas Höskuldsson, varamaður og Jason Orri Jakobsson, varamaður.

Við hjá ungmennafélaginu höldum úti fimleikum, knattspyrnu og kraftlyftingardeild. Yfirþjálfari fimleika er Anna Lind Friðriksdóttir og fimleika æfa um 50 börn. Sú breyting varð á knattspyrnu að meistaraflokkur var lagður niður og byrjuðum með yngri flokka starf. Formaður þeirrar nefndar er Gunnar Valberg Pétursson en þar æfa um 30 börn. Kraftlyftingardeildin hefur sér stjórn, en þar er formaður Unnar Már Hjaltason og Gunnhildur Hjaltadóttir, gjaldkeri. Iðkendur í þeirri deild eru



um 70. Í júní var haldið sundnámskeið fyrir börn í samstarfi við sundþjálfara frá Selfossi. Einnig sá félagið um framkvæmd Kvennahlaupsins á Stokkseyri þann 2. júní.

Að öðru leyti var starfsemi félagsins hefðbundin. Strandahlaup var í maí þar sem fólk á öllum aldri mætti og hljóp 800 metra en á þessu ári tóku 70 manns þátt. Að hlaupunum loknum var haldin viðurkenninga- og uppskeruhátíð. Í desember sáum við um að kveikja á jólatré bæjarbúa. Þar söng barnakór skólans, kakó og piparkökur voru á boðstólum og jólsveinar komu með göðgæti fyrir börnin. Skótuveisla var haldin á Þorláksmessu, þar mættu um 180 manns. Á aðfangadag aðstoðuðum við jólasveina við að koma pökkum til barna bæjarins.

Á árinu voru haldnir mánaðarlegir stjórnarfundir, ásamt öðrum fundum með kraftlyftingardeild, fimleikajálfurum og umsjónarmanni knattspyrnu. Að lokum viljum við þakka styrktaraðilum okkar og sjálfbóðaliðum starfið á árinu.

Umf. Trausti

Núverandi stjórn er þannig skipuð: Bjarki Freyr Sigurjónsson, formaður, Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir, gjaldkeri, Guðmundur Jón Viðarsson, ritari.

Árið 2018. Þrettándabrennan var haldin að þessu sinni við Seljalandsfoss og var það í okkar hlutverki að skipuleggja hana og fengum við aðstoð frá





17. júní var haldinn aftur í Einbúa eftir nokkurra ára hlé.

Björgunarsveitinni Dagrenningu á Hvolsvelli með flugeldasýningu sem alltaf þykir glæsileg. Næst rann mars upp og þann 22. héldum við okkar árlega ársfund félagsins. 7. apríl tókum við höndum saman og gengum með öllum þjóðvegnum í okkar umdæmi þ.e. gömlu hreppamörkin Vestur og Austur Eyjafjöll og tindum rusl. Gerðum þetta í samstarfi við félag okkar í Umf. Eyfelling. Þetta var nýjung ársins sem við reiknum með að halda áfram með. 17. júní var svo haldinn hátíðlegur á heimavelli okkar, Heimalandi, ásamt kvenfélaginu Eygló. Enduðum svo árið á því að keyra nokkra jólasveina á milli bæja á Þoráksmessu.

Umf. Þjótandi

Aðalfundur félagsins var haldinn 28. janúar í Þingborg. Engar breytingar urðu á aðalstjórn félagsins og hana skipa: Guðmunda Ólafsdóttir, formaður, Magnús St. Magnússon, ritari og Lilja Ómarsdóttir, gjaldkeri.



Á aðalfundinum voru veitt verðlaun fyrir íþróttamann ársins en þau hlaut Stefán Nafri Bjarnason frjálssíþróttamaður. Baldur Gauti Tryggvason var kjörinn félagi ársins. Stjórnarfundir voru haldnir í lok hvers mánaðar og auk stjórnar voru nefndarformenn og varastjórn boðuð á fundina.

Okkar árvissu viðburðir héldu sínu striki en það eru Flóahlaupið, þrettándagleðin, Þorrablót í Þingborg, viðvangshlaupið, reiðtúr, Eftirréttaballið í Félagslundu, Flóamótið, skótuveisla og jólasveinaheimsóknir auk aðkomu að Fjör í Flóa og 17. júní hátíðarhöldum. Nokkrir þessara viðburða gengu ekki vel árið 2017 en með smávægilegum breytingum náðist að snúa því við og voru allir viðburðir vel sóttir og skemmtilegir á þessu ári.

Tvær stórar nýjungar voru í starfinu á árinu. Annars vegar var haldið vel sótt dansnámskeið fyrir þorrablótin í hreppnum og hins vegar var það útivistarverkefni félagsins sem sló rækilega í gegn. Komið var fyrir póstkössum á sex stöðum í Flóahreppi og almenningur hvattur til þess að ganga að kössunum og rita nafn sitt í gestabækur sem þar voru. Verkefnið átti að stuðla að samveru fjölskyldunnar og heilsuefingu og má segja að það hafi tekist þar sem 287 einstaklingar á öllum aldri tóku þátt í verkefninu. Þeir einstaklingar sem rituðu nafn sitt í póstkassa á fimm af sex stöðum lentu í potti og gátu unnið útdráttarverðlaun frá LAVA setrinu á Hvolsvelli.

Íþróttæfingar félagsins héldu áfram að vera gjaldfrjálssar en boðið var uppá almennar

íþróttæfingar með áherslu á frjálssar íþróttir allt árið auk glímuaefinga. Yfir sumartímann bættust við leikjaæfingar fyrir unglunga sem eru sívinsælar. Félagið stóð einnig fyrir leikjanámskeiði í júní sem var vel sótt.

Keppnisfólk Umf. Þjótanda fór á mörg íþróttamót og keppti undir nafni félagsins og fyrir HSK. Framkvæmdum við útivistarsvæðið í Einbúa var fram haldið á árinu og salernisaðstöðu komið í gagnið. Í lok árs var svo farið að vinna í ýmissi stefnumótun fyrir félagið en útbúnar hafa verið siðareglur fyrir félagið ásamt jafnréttisáætlun eftir stöðlum frá ÍSÍ. Einnig er verið að vinna í innleiðingu nýju persónuverndarlagana.

Að lokum viljum við þakka öllum sjálfböðaliðum fyrir samstarfið á árinu og hlökkum til að takast á við ný verkefni á nýju ári.

Umf. Þór

Aðalfundur Þórs var haldin 11. apríl 2018 stjórnin hélt sér síðan í fyrra. Formaður er Hjörtur Sigurður Ragnarsson, gjaldkeri Hólmfríður Fjóra Zoega Smáradóttir og ritari Rannveig Júlíusdóttir.

Árlegt HSK þing var haldið í Þorlákshöfn laugardaginn 10. mars síðastliðinn þar sem Umf. Þór tók þátt í að halda þingið.

Unglingalandsmótið var haldið í Þorlákshöfn helgina 2.-5. ágúst og gekk það meiriháttar vel. Deildirnar komu að öllu mótinu bæði með sjoppu á svæðunum og framkvæmd á mótum.

Fimleikadeild Umf. Þórs

Vorönn: Iðkendur deildarinnar voru um 99 talsins. Litli íþróttaskólinn var 12 skipti. Yfirþjálfari var Linda Ósk Þorvaldsdóttir en auk hennar störfuðu 9 þjálfarar við deildina. Farið var á 4 mót á vorönninni og var árangur góður á þeim. Mix hópurinn náði fyrsta sæti í sínum flokki á sínum mótum og T1 hópurinn náði 5. sæti í sínum mótum. Farið var til Hveragerðis á vináttumót og stóðu okkar krakkar sig vel. Haustönn: 102 iðkendur. Litli íþróttaskólinn var í 10 skipti. Yfirþjálfari Arna Björg og auk hennar störfuðu 7 þjálfarar við deildina.

Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs

Starf körfuknattleiksdeildar Þórs hefur gengið vel á árinu og hefur meistaraflokkur Þórs fest sig í sessi í úrvalsdeild KKÍ. Árangur liðsins hefur verið reglulega í fréttamiðlum landans og um leið auglýst bæjarfélagið.

Um 100 krakkar 4-18 ára eru að æfa hjá deildinni. Við erum með stelpu- og strákalíð í minniboltamótum og í 7.-10. flokki í Íslandsmótum KKÍ í vetur. Nokkrir flokkar eru í samstarfi við Hrunamenn. Sameiginlegt lið Hrunamanna og Þórs varð bikarmeistari KKÍ í 9. flokki síðastliðið vor. Það er sérlega ánægjulegt að stelpuflokkarnir eru vaxandi og hefur þeim gengið vel á mótum. Þórsarar fóru í samstarf með Hamri, Hrunamönnum og Selfossi í tengslum við akademíu FSu síðastliðið haust í drengja- og stúlknaflökki og keppa þau í Íslands- og Bikarkeppni KKÍ. Tveir leikmenn Þórs hafa keppt með yngri landsliðum KKÍ en í ár keppti Styrmir Prastarson með U18 ára liði Íslands á Norðurlanda- og Evrópumóti og Ísak Júlíus Perdue með U15 ára liði Íslands á alþjóðlegu móti í Danmörku.

Badmintondeild Umf. Þórs

Starf Badmintondeildar Þórs gekk mjög vel fyrir sig á árinu. Iðkendum fækkaði örlítið í upphafi árs en fjölgaði hins vegar til muna með haustinu. Hið árlega Þórmót var haldið í febrúar en þangað mættu keppendur alls staðar að af landinu. Þá var Meistaramót HSK haldið í Þorlákshöfn í apríl þar sem bæði var keppt í unglunga- og fullorðinsflokkum. Í desember var svo Unglingamót HSK haldið hér í Þorlákshöfn og voru heimamenn sigursælir á öllum þessum mótum.

Frjálssíþróttadeild Umf. Þórs

Árið 2018 gekk vel hjá Frjálssíþróttadeild Þórs. Ný stjórn var kosin á aðalfundi í upphafi árs og Rúnar Hjálmarsson ráðinn þjálfari fram á sumar. Þá sagði hann starfinu lausu og Marta María Bozovic ráðin í hans stað.

Iðkendafjöldi var 25-35 krakkar, breytilegt eftir árstímum. Stór hópur eldri iðkenda hefur að auki æft með Umf. Selfossi þar sem þau eru í frjálssíþróttakademíunni á Selfossi. Á mótum ársins náðist ágætis árangur einkum á HSK mótum. Átta iðkendur og þrjár foreldrar fóru á Gautaborgarleika og einnig tóku flestir iðkendur þátt á Unglingalandsmóti UMFI sem haldið var á okkar heimavelli í Þorlákshöfn. Þar lögðu foreldrar og iðkendur mikla vinnu af mörkum við framkvæmd mótsins sem tókst afar vel. Frjálssíþróttadeild Þórs hélt eitt innanfélagsmót á árinu auk aðkomu að þeim HSK mótum sem haldin voru hér í Þorlákshöfn, á Selfossi, Laugardalshöll og í Kaplákrika.

Vélfjóladeild Þórs 2018

Starfsárið 2018 var nokkuð viðburðaríkt með tilheyrandi undirbúningi fyrir unglíngalandsmótið. Brautin fékk yfirhalingu sem og aðstaðan okkar í Þorlákshöfn, húsið var málað innan sem utan, pallur smíðaður og töluvert af efni bætt í brautina. Þetta gekk mjög vel þrátt fyrir fámenna deild. Gyða Dögg Heiðarsdóttir átti flott tímabil þetta árið, varð Íslandsmeistari í opnum kvennaflokki í motocrossi í 3. sinn á ferlinum. Hún tók líka þátt í enduro í fýsta sinn og varð einnig Íslandsmeistari þar í kvennaflokki. Á lokahófi MSÍ var hún svo valin akstursíþróttakona ársins. Stjórn félagsins skipa Heiðar Örn Sverrisson formaður, Helga Helgadóttir gjaldkeri og Gyða Dögg Heiðarsdóttir.

Félag sem ekki skiluðu ársskýrslu:

- Golfklúbburinn Geysir
- Golfkl. Þverá
- Hestamannafélagið Háfesti
- Hestamannafélagið Ljúfur
- Karatefélag Suðurlands
- Umf. Þórsmörk

Svipmyndir úr starfinu



Ólafur Oddur Sigurðsson hætti sem formaður GLÍ og Svana Hrönn Jóhannsdóttir tók við.



Frá ljósmyndagöngu í hreyfivíkinni.



Skarphéðinsfólk á Vorfundi UMFÍ, þau Guðríður Aadnegard, Örn Guðnason og Guðrún Tryggvadóttir.



Gnúpverjar héldu borðtennis kynningu fyrir 1.-7. bekk. Farið var yfir leikreglur og helstu atriði í æfingum og leik.



Sindri Seim setti 30 HSK-einstaklingsmet í frjálsum íþróttum og átti þátt í 7 boðhlaupsmetum á árinu.



Sölvi Örn Heiðarsson, Umf. Þór, varð Íslandsmeistari í kúluvarpi 13 ára pílta á MÍ innanhúss. Selifyssingarnir Rúrik Bragin og Tómas Þorsteinsson urðu í 2. og 3. sæti.



Sigurlíð HSK í ringó á landsmóti á Sauðárkróki.



Sveit HSK varð Íslandsmeistari í 4x100 m boðhlaupi 12 ára stúlkna á MÍ 11-14 ára á Egilsstöðum.

Fjölbreytt og skemmtileg keppni á daginn.
Afbreyting og rosalegir tónleikar á kvöldin.



UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

Höfn í Hornafirði 1. – 4. ágúst 2019


Vímulaus fjölskylduhátíð fyrir keppendur 11-18 ára
Opnað fyrir skráningu 1. júlí.



Nánari upplýsingar á www.ulm.is

UMFÍ

Nú geta allir notað besta bankaappið*



*Skv. MMR 2018

arionbanki.is

Arion appið er nú opið öllum, hvort sem þú ert í reglulegum viðskiptum við Arion banka eða ekki. Það tekur innan við mínútu að sækja það og um leið getur þú:

stofnað reikninga
sótt um debet- og kreditkort
byrjað reglulegan sparnað

sótt um Núlán
nýtt þér kosti Einkalúbbsins
og margt fleira

Það eina sem þú þarft eru snjalltæki og rafræn skilríki.

Þægilegri bankajónusta fyrir alla